
SAGA SÖGU AKRANESS

Í þessu pdf-skjali eru samanlímdar blogg færslur sem birtust í samnefndum færsluflokki á blogg-inu mínu, <http://harpa.blogg.is>, frá apríllokum fram yfir miðjan júlí 2011. Einnig fylgja töflur unnar úr fundargerðum ritnefndar um sögu Akraness.

Harpa Hreinsdóttir

Vallholti 19

Akranesi

harpa@fva.is

<http://harpa.blogg.is>

<http://harpahreins.com>

<http://www.fva.is/harpa>

Efnisyfirlit

I Á Skaganum „hafa aldrei búið neinir fyrirtaksmenn hvorki í orði né verki“	1
Hallgrímur hreppstjóri og fyrirlestur hans	1
Héraðssaga Borgarfjarðar	2
Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I og II.....	2
Áform bæjarstjórnar um að gefa út framhald af sögu Ólafs B. Björnssonar	3
Áhrif Háskólans í Lundi og „Safn til sögu Akraness“	4
II „Framtakssemi og frumskógalögmál“	8
Pólitík að tjaldabaki	8
Jón Böðvarsson	10
Samningurinn við Jón Böðvarsson um ritun sögu Akraness	11
III Nefndarmenn lýstu skoðun sinni	13
Ritnefnd um sögu Akraness	13
Samstarf Jóns Böðvarssonar og Ritnefndar um sögu Akraness	14
Starfslokasamningur Jóns, greiðslur og kostnaður við útgáfu <i>Akranes. Frá landnámi til 1885</i>	18
Bókin <i>Akranes. Frá landnámi til 1885</i>	19
IV Er margritað brot úr byggðasögu 120 milljóna króna virði?	21
Gunnlaugur Haraldsson	22
V Leggur ekki nafn sitt við bókartötur sem rumpað er saman á skömmum tíma	26
Samningurinn fyrsti	27
Samskipti við ritnefnd og vinnulag Gunnlaugs í sagnarituninni	29
VI Gunnlaugur Haraldsson ætlar að ... og hyggst nú	33
Fyrsti viðaukasamningurinn	33
Vinna Gunnlaugs og Ritnefnd um sögu Akraness	34
Kostnaður af þessari samningslotu Akraneskaupstaðar við Gunnlaug	35

VII Hvers virði saga Akraness er verður hver og einn að gera upp við sig	37
Vinna Gunnlaugs á tímabilinu og starf Ritnefndarinnar	38
Greiðslur Akraneskaupstaðar til Gunnlaugs Haraldssonar í þessari lotu	40
Kurr í bæjarbúum	41
VIII Ja sko mér er alveg sama og mætti sleppa þessu bókaveseni allveg	46
IX ... einvörðungu markmið þessa samnings að framlengja verktíma, skilgreina verklok og kveða á um greiðslur til sagnaritara	49
Greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar og annar kostnaður Akraneskaupstaðar	51
Efndir samningsins	51
X Ljóst er að hér er að verða til glæsilegt rit	54
Upprifjun	54
Samningar um umbrot og myndvinnslu	55
Samningur um kortagerð	55
Pólítískar hræringar í bænum	56
Framgangur verksins	56
XI glæsilegasta byggðarit og rit um sögu byggðarlags sem búið hefur verið til	60
Persónur og leikendur fyrir utan sagnaritarann sjálfan	60
Aðalkarlarnir Sveinn, Gunnar og Guðmundur Páll	60
Ritnefndin og orð aðkallanna	61
Karen reynist óþægur ljár í þúfu	64
Nýr samningur Akraneskaupstaðar og Gunnlaugs Haraldssonar.....	65
XII mikið hefði ég fagnað hverjum fimm mínútum sem mér hefðu gefist	68
XIII Goðsagnir um glæsileika; „Stórasta“ bók í heimi?	71
XIV Verður tilbúið næsta sumar. Ég hef alveg þokkalega samvisku	77

XV Nýjar hugmyndir sem varða sögu þjóðarinnar allrar	83
Greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar og kostnaður Akraneskaupstaðar	85
Er Gunnlaugur Haraldsson fræðimaður?	85
Sagan öll?	89
Ég held að skýringarnar séu eitthvað á þessa leið	92
Á hvað minnir Saga Sögu Akraness?	95
Og hvað gerist svo?	95
Fjórðungsdómur um 18 marka bók	96
Meðferð heimilda er mjög ábótavant	97
Myndir, myndastuldur, ónákvæm skráning mynda og myndaval	98
Örnefnaupptalning, hnýtt í fyrri sagnaritara og beinn ritstuldur	100
Konunglegur og suðureyskur uppruni hinna einu sönnu kristnu landnámsmanna Akraness, hugmyndastuldur og þvælingur heimilda	103
Körlunum svarað	110
Nú skaltu rökstyðja eða biðjast afsökunar!	119
Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness frá upphafi til starfsloka Jóns Böðvarssonar sagnaritara	120
Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness frá líklegri ráðningu Gunnlaugs Haraldssonar sagnaritara til júníbyrjunar 2011	127

Á Skaganum „hafa aldrei búið neinir fyrirtaksmenn hvorki í orði né verki“

Saga Sögu Akraness I

30. apríl 2011 kl. 13.36

Undanfarna viku hef ég reynt að setja mig inn í **söguna sískrifuðu**, þ.e.a.s. reynt að átta mig á hvers vegna bæjarfélagið mitt hefur eytt ómældu fé í að láta endurskrifa sama hluta sögu Akraness aftur og aftur. Þetta er flókin saga sem ég reyni að gera skil í nokkrum blogg-færslum. Enn eru ekki öll kurl komin til grafar í heimildaöflun en ég reikna með að geta skrifað færslurnar smám saman ... ekki á sautján árum heldur á næstu vikum. En byrja auðvitað á byrjuninni. Þessum færslum er safnað í sérstakan færsluflokk, sem sjá má á flokkalista hér til hægri. Fyrirsögn þessarar fyrstu færslu er að hluta tilvitnun í fyrirlestur Hallgríms hreppstjóra Jónssonar.



Það er upphaf þessa máls að Ketill og Þormóður Bresasynir námu land í kringum Akrafjall og af frændum þeirra, fylgdarliði og afkomendum fer nokkrum sögum en næsta fáum af þeim sjálfum. [Myndin sýnir landnám þeirra bræðra, sem afmarkaðist af Urriðaá og Kalmansá. Rauða brotalínan sýnir hvernig þeir skiptu landinu milli sín.] Mætti með góðum vilja kalla sumt af þessum fornu sögum „sögu

Akraness“ því nessins og nánasta umhverfis er getið á stöku stað.

Það er ekki þó efni þessarar umfjöllunar að tína saman brot úr fornritum. Sömu leiðis sleppi ég yfirleitt að geta einstakra greina og þátta sem hafa verið skrifuð um sögu Akraness en tek fram að margt af slíku efni er ljómandi gott og vel unnið. Hugmyndir um að skrifa sérstaka sögu bæjarins Akraness og svæðisins í kring koma ekki fram fyrr en talsvert er liðið á síðustu öld.

Hallgrímur hreppstjóri og fyrirlestur hans

Þó virðist nokkur hefð komin á að telja fyrirlestur Hallgríms hreppstjóra Jónssonar, fluttan 1889, um lífið á Skaganum síðastliðin 100 ár, sem fyrsta innlegg í sögu Akraness. [Myndin er af Hallgrími hreppstjóra.] Þar sagði Hallgrímur m.a. um sagnafátækt af þessu útnesi: „**Þetta frásöguleysi er líka eðlilegt, því hér hafa aldrei búið neinir fyrirtaksmenn hvorki í orði né verki - en einstakir menn og þjóðirnar hefja bæina og löndin. Sem sagt, hafa aldrei á Skaganum verið fram yfir miðja þessa öld, neinir menn, sem kveðið hefur að. Enginn lærður maður, hvorki til munns né handa, enginn embættismaður búið**




þar, ekki svo mikið sem presturinn, ekkert skáld, sem plássið hefði getað borið minjar um í bæjarrímu eða formannavísu, eða nokkrar ritsmíðar sem getandi sé.”¹

Kannski er öll síðari tíma vinna við ritun sögu Akraness í og með til að hrekja þessa kenningu Hallgríms hreppstjóra?

Héraðssaga Borgarfjarðar

Í kringum 1935 var unnið að ritun Héraðssögu Borgarfjarðar af miklum metnaði. Út komu tvö bindi með ýmsum þáttum eftir marga höfunda og hið þriðja fjallaði um skólann á Hvanneyri. Áformað var að fjalla sérstaklega um sögu Akraness, „Sögu Akraness og væntanlega utan Skarðsheiðar er nú verið að safna til og skrá, og eru líkur til, að hún, komi á sínum tíma út sem sjálfstætt bindi héraðssögunnar.“ ([Kristinn Stefánsson í Tímanum 7. maí 1936](#)) eða verði a.m.k. „langur þáttur og fróðlegur“ ([Kr. Þ., væntanlega Kristleifur Þorsteinsson, í Lögbergi 31. des. 1936](#)). Ekkert virðist hins vegar hafa orðið úr þessari ætlan.

Ólafur B. Björnsson: Saga Akraness I og II



Ólafur B. Björnsson (1895-1959) fæddist á Akranesi og bjó hér alla tíð. Hann gaf sjálfur út tímaritið *Akranes* í 17 ár, þar sem birtust margir þættir, frásagnir og viðtöl sem vörðuðu lífið á Skaganum og sögu plássins og safnaði Ólafur miklu efni um þetta. Svo réðst hann í útgáfu á *Sögu Akraness*, sem átti að verða í fimm bindum. Einungis *Saga Akraness I* og *II* komu út (1957 og 1959) því Ólafur lést áður en verkið var fullunnið, var þá langt kominn með þriðja bindið. Þessu virðist hann að mestu hafa áorkað á eigin spýtur og í hjáverkum með öðrum störfum. Bæjarstjórnin styrkti hann þó í upphafi með 10.000 kr. framlagi. (Væri gaman að vita hvað sú upphæð 1957 er há á núvirði.)

Efnisþættirnir sem Ólafur náði að gera skil í þessum tveimur ritum eru: Saga fyrstu jarða á Skaga, saga sjávarútvegs og saga verslunar á Skaganum. Eg hef oft gluggað í þessar bækur og finnst þær mjög skemmtilegar, ekki hvað síst af því Ólafi er persónusaga hugleikin sem og lýsingar á mannlífinu á ýmsum tímum og mér finnst hann segja vel

¹ Tilv. í Hallgrím er fengin úr formála Ólafs B. Björnssonar að *Sögu Akraness I*, s. 6-7, útg. 1957. Fyrirlestur Hallgríms hét „Lífið í Skaganum síðastliðin 100 ár“ og var fluttur í nýreistu barnaskólahúsi hér í bæ þann 13. janúar 1889. Hallgrímur hóf sögu sína 1789 þegar Ólafur Stephensen stiftamaður bjó á Innra-Hólmi og átti Skagann. Þá bjuggu hér 67 manns í 10 moldarbæjum og þrem tómtúsbúðum. Árið sem Hallgrímur flutti fyrirlesturinn hafði íbúum Akraness fjölgað upp í tæplega 600 manns sem bjuggu í 16 bæjum, 36 timbur- og múrhúsum og 34 tómtúsbúðum. Um fyrirlestur Hallgríms má fræðast í þeim tveimur sögum Akraness sem út hafa verið gefnar og væntanlega einnig í þeirri þriðju sem kemur út 19. maí næstkomandi. Einnig má benda á „[Frá Akranesi 24. marz](#):“ í *Ísafold* 17. marz 1889.

Af því Hallgrími lá talsvert illt orð til Stefánunga í þessum fyrirlestri hafa sumir hampað honum sem sérstökum vini alþýðunnar. En Hallgrímur var ódauðlegur gerður í heimildaskáldsögu Þorsteins frá Hamri, *Hallgrímur smali og húsfreyjan á Bjargi: söguþáttur úr Borgarfirði*, sem kom út hjá Iðunni árið 1990. Þar kemur nokkuð vel fram að Hallgrímur hreppstjóri var ekki sérstakur vinur alþýðunnar.

frá. (Hef þó séð þess getið að honum hafi verið stírt um skrif en hef ekki tekið eftir því sjálf.) Bækurnar eru myndskreyttar en auðvitað eru myndirnar svarthvítar. Sömuleiðis má í þeim finna kort (yfir bæjarstæði, mið og fleira), töflur (yfir hundradatal jarða, aflamagn o.fl.) og ég sé ekki betur en hann vísi í fjölbreyttar heimildir; prentaðar, munnlegar og óprentuð skjöl.

Því miður auðnaðist Ólafi ekki að fjalla um nema afmarkaða þætti en það væri gaman að vita hvað varð um allt það efni sem hann hafði safnað til ritunar *Sögu Akraness*. Það efni er tíundað í „bréfabindatali“ í viðtalinu sem ég vísa í hér að neðan. Sennilega er það upphaf þeirrar hefðar að lýsa vinnu við ritun sögu Akraness í bréfabinda- og blaðsíðutali gagna fremur en afrakstri eða afköstum. Innbundin eintök af tímaritinu *Akranesi* og *Sögu Akraness I* og *II* er hins vegar auðvelt að nálgast á bókasafni bæjarins og bera myndarskap og elju Ólafs gott vitni.

Um ritunarstörf frumkvöðulsins Ólafs B. Björnssonar má m.a. lesa í viðtalinu „[Ekkert gerir sig sjálf](#)“ í *Þjóðviljanum* 27. ágúst 1958 og [um ævi feril hans í minningargrein](#) sem Ásmundur Ólafsson skrifaði um hann á hundrað ára fæðingarafmæli hans, í *Morgunblaðinu* 6. júlí 1995.

Áform bæjarstjórnar um að gefa út framhald af sögu Ólafs B. Björnssonar

[**Viðbót 16. maí 2011:** Í lítilli frétt í *Tímanum* 19. apríl 1978, „[Flytur þætti úr sögu Akraness](#)“, er sagt frá smáblaðinu *Umbroti* sem kom út á Akranesi á þeim tíma. Í grein sem Þorsteinn Jónsson skrifaði í þá nýútkomið *Umbrot*, 4. tbl., er „birt samþykkt sem gerð var af bæjarstjórn Akraness 1964, þar sem samþykkt var að láta semja og gefa út framhald af sögu Akraness, sem Ólafur B. Björnsson hóf útgáfu á árið 1957, og skildi [svo] fé varið úr bæjarsjóði til útgáfunnar. Nefnd var skipuð og fjárveiting fékkst en ekkert var gert í málinu.“]

Næsta skref í söguritun Akraness var að bæjarstjórn Akraness samþykkti um mitt ár 1967 að láta gera tvennt í tilefni þess að 100 ár voru liðin frá því að Akranes fékk verslunarréttindi: Annað var að gera afsteypu af höggmynd Marteins Guðmundssonar, *Sjómaður*, og komst það í verk; sú stytta stendur niðri á Akratorgi og er oftast kölluð *Sjómaðurinn*. Hitt var að „**láta semja og gefa út framhald af Sögu Akraness, sem Ólafur B. Björnsson hóf útgáfu á árið 1957. Ráðinn verði ritstjóri að verkinu í samráði við eigendur höfundarréttarins og fé varið út bæjarsjóði til útgáfunnar.**“ (Sjá „[Minnismerki sjómanna á Akranesi](#)“, frétt dags. 16 júní 1964 í *Alþýðublaðinu* 17. júní 1964.)

Mér finnst áhugavert að árið 1967 hafi bæjarstjórnin haft sinnu á að huga að höfundarrétti. E.t.v. var hún eingöngu með rétt á titlinum í huga, líklegar þó með aðgang að því efni sem Ólafur hafði þegar safnað og handritið að III. bindinu í huga. Ekki er ljóst hvort átti að ráða einhvern einn söguritara eða einungis ritstjóra sem byggði þá væntanlega á því sem til var fyrir og sæi um að verkið yrði klárað (gæti þess vegna hafa átt að fá marga höfunda til að skrifa einstaka þætti).

En af hverju varð ekkert úr því að framhaldið væri skrifað? Eins og stór hluti íbúa Akraness er ég aðflutt, á ekki ættir að rekja til Skagans, er ekki innmikluð í fótboltann og veit ekki hvers vegna **ekkert gerðist í söguritun áformaðri 1967**. Var ráðinn ritstjóri? Eða var ráðinn sögu-ritari sem engu skilaði af sér? Eða tímdi bærinn aldrei að eyða fé í framhaldið af *Sögu Akraness I og II*? Víst er að hefðu þessi loforð eða samþykkt bæjarstjórnar Akraness árið 1967 haldið hefði miklu öngþveiti og fjáraustri sem síðar tók við í sagnaritun Akurnesinga verið forðað. Kannski getur einhver lesandi upplýst málið?

Áhrif Háskólans í Lundi og „Safn til sögu Akraness“

Hér er ekki lýst ákveðinni atrennu að skrásetningu á sögu Akraness heldur einhvers konar undirbúningsvinnu sem átti að leiða til einhvers konar niðurstöðu sem ætti að vera hægt að nota í einhvers konar tilgangi, e.t.v. skrásetningu sögu byggðarlagsins. Þetta skiptir þó máli því vinnan hefði átt að skila góðum grunni fyrir framtíðarsöguritarara. Sjálf tel ég að **hugmyndafræðin sem tiltölulega fámennur hópur aðhylltist, eigandi það sammerkt að hafa stundað nám í Háskólanum í Lundi laust fyrir 1980** (og e.t.v. loddi stefnan eitthvað lengur), **hafi haft sitt að segja síðar meir þegar hið rándýra ævintýri um söguna sískrifuðu hófst og hélt áfram í meir en tvo áratugi**. Þess vegna get ég þessa hér.



Árið 1975 stofnuðu íslenskir nemar við Háskólann í Lundi „Félag þjóð- og fornleifafræðinema“. Félagið samdi plagg, „Hugmynd að þjóðminjastofnun á Íslandi“ sem var sent ýmsum stofnunum og söfnum hérlendis og virtust þessir nemar í upphafi hafa hug á samstarfi við þau. En samstarfið gekk ekki, sem kemur reyndar ekkert á óvart þegar yfirlýsingar hluta þessara námsmanna í fjölmiðlum 1976-78 eru lesnar. Þeir vissu nefnilega allt miklu betur en aðrir og gáfu hikstalaust í skyn að þeir sem til þessa hefðu staðið að þjóðháttasöfnun, fornleifauppgreftri, skráningu hvers konar o.þ.h. á Íslandi hefðu verið illa menntaðir fúskarar.²

Strax vorið 1976 hóf lítill hópur störf við „réttframkvæmdar“ svæðisrannsóknir eða mannlífsrannsóknir, að sögn að frumkvæði námsmanna í Lundi. Fyrir valinu varð svæðið sunnan Skarðsheiðar. Eitt af mörgu sem rannsaka átti sérstaklega var útgerðarsaga Akraness „sem lítt hefur verið könnuð þjóðfræðilega, þótt margt hafi verið um hana

² Hér og í næstu efnigreinum er endurorðað og samantekið úr ýmsum greinum í fjölmiðlum enda var hópurinn ákaflega yfirlýsingaglaður í fyrstu. Sjá:

„Svæðisrannsókn á byggð sunnan Skarðsheiðar - yfirgripsmikil rannsókn á sögu heils byggðarlags“. *Alþýðublaðið* 3. júlí 1976, s. 4

„Fundu íslenska spunavél í haughúsinu“. *Morgunblaðið* 20. ágúst 1976

„Athugun af nýjum sjónarhóli: Byggðasaga sveita sunnan Skarðsheiðar“. *Tíminn* 4. júlí 1976, s. 39

„Svæðisrannsókn á byggðinni sunnan Skarðsheiðar“. *Þjóðviljinn* 4. júlí 1976, s. 24

„Stúdentar á rannsóknarferð um landið. Svæðisrannsókn“. *Studentablaðið* 28. júlí 1976, s. 5

„Nýstárlegar rannsóknir: Mannlíf sunnan Skarðsheiðar“. *Dagblaðið* 2. júlí 1976

ritað frá öðrum sjónarmiðum“ svo sem lýst er yfir í „Athugun af nýjum sjónarhóli: Byggðasaga sveita sunnan Skarðsheiðar“ í *Tímanum* 4. júlí 1976, s. 39.

Vinnan 1976 fólst einkum í frumsöfnun ritaðra heimilda og skipulagðri skráningu þeirra; að fara gegnum örnefnaskrár og fara í viku könnunarleiðangur þar sem aflað var upplýsinga um fornar minjar og aðrar sögulegar leifar. Var þess vænst að með því móti fengist nokkur mynd af menningarsögu þjóðarinnar.

Í þessum sex manna hópi voru: Þorsteinn Jónsson, nemandi í þjóðháttum og fornleifafræðum við Háskólann í Lundi, og Þorlákur Helgason, útskrifaður í hagfræði og mannfræði (þessi tveir voru einkum í forsvari fyrir hópnum), Inga Dóra Björnsdóttir, Guðmundur Hálfðánarson, Margrét Hermannsdóttir og Eiríkur Guðmundsson. Sagt var að þetta væru nemar og fullnemar (svo) í fornleifafræði, þjóðhátta- og þjóðfræðum, þjóðfélagsfræðum og sagnfræði.

Til verkefnisins fékkst myndarlegur styrkur úr Vísindasjóði þrjú ár í röð, 1976, 1977 og 1978, og líklega einhverjir fleiri styrkir.³

Er skemmst frá því að segja að engin merki um hina miklu söfnun hópsins sjást við leit í gagnasöfnum á Vefnum (en hafi mér yfirsést merkisplögg frá þessum hópi bið ég lesendur vinsamlegast að benda mér á það í athugasemdum). Þetta fólk snéri sér flest skömmu síðar að öðrum viðfangsefnum og engin ritverk, t.d. skýrslur, greinar eða annað sem varðar þessar merku mannlífsrannsóknir sunnan Skarðsheiðar eru skráð eftir þau í *Gegni*, með einni undantekningu. Í *Akranes. Fornleifa-skrá*, sem Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson unnu fyrir Fornleifastofnun Íslands og var gefin út 1999 er einskis frá þessum hópi getið í heimildarskrá utan þessarar einu undantekningar. Auðvitað er hugsanlegt að djúpt í iðrum þjóðskjalasafns sé að finna einhvern afrakstur þessa þriggja sumra verkefnis en það svo vel varðveitt að þess sjáist ekki spor á Vefnum.

Þann 8. maí 2011 staðfesti Þorlákur Helgason staðfesti í símtali að ekkert hefði komið út úr þriggja sumra svæðisrannsókn á byggð sunnan Skarðsheiðar. Engum gögnum hefði verið skilað neins staðar, hugsanlega hefði verið skilað einhverjum skýrslum um verkefnið [það hlýtur að hafa verið gert því ella hefði tæplega fengist styrkur þrjú ár í röð frá Vísindasjóði, auk annarra styrkja] og hefði verið til eitthvert handrit um eitthvað af þessari vinnu væri það löngu glatað.

Undantekningin er framtak Þorsteins Jónssonar. Hann setti árið 1978 upp sýningu í Bókhöðunni sem nefndist „Akranes gamla tímans“ og hafði safnað til hennar gömlum ljósmyndum af Skaga allt frá aldamótum

³ Sjá nmgr. 2 og einnig:

Frétt í Morgunblaðinu 25. júní 1977 um úthlutun Vísindasjóðs

Frétt í Morgunblaðinu 25. júní 1978 um úthlutun Vísindasjóðs

„Um milljónafélag stúdenta“ eftir Árna Björnsson. *Alþýðublaðið* 30. júní 1978

„Um „prófhroka“ og „milljónafélag stúdenta“ Athugasemd frá Margréti Hermannsdóttur“. *Morgunblaðið* 4. júlí 1978.

„Athugasemd frá skrifstofu þjóðminjasafns Íslands“ og „Tvö úr hópi „þjóðháttafarnara 1976“ skrifa: Heiður þeim sem heiður ber“. *Þjóðviljinn* 7. júlí 1978, s. 9.

1900. Þorsteinn segist í viðtali hafa „unnið að undirbúningi verkefna um menningarsögu Akraness í „Safn til sögu Akraness“ einkum byggðapróun Akraness. Hefur hann skilað skýrslu um timburhús á Akranesi fyrir aldamót. Þegar að þeim þætti verkefnisins kom að safna á einn stað ljósmyndum, uppdráttum og teikningum varð honum ljóst að frá Akranesi var miklu meira af myndefni en hann hafði grunað. Varð það tilefnið til sýningarinnar. Að baki hennar liggur tveggja mánaða sjálfboðavinna Þorsteins og hefur hann því gripið til þess ráðs að hafa ljósmyndirnar til sölu ...“⁴

Þorsteinn Jónsson upplýsti í símtali mánudaginn 2. maí 2011 að hann hefði notað tækifærið á þessari sýningu sem sagt er frá hér að ofan til að safna gömlum myndum af Akranesi og skrá upplýsingar um nokkur hundruð óskráðar myndir af fólki sem til voru á Byggðasafninu í Görðum. (Hið sama kemur fram í viðtali við Þorstein, „Akranes gamla tímans“ í *Vesturlandsblaðinu*. *Málgagnir Alþýðubandalagsins á Vesturlandi* 1. tbl. 3. árg. 16. jan. 1979, s. 5.) Það sem skiptir þó öllu meira máli er að á meðan á sýningunni stóð skráði Þorsteinn örnefni eftir upplýsingum sem eldri safngestir gáfu. Alls sóttu um 6000 gestir þessa sýningu og komu sumir, aðallega eldra fólk, dag eftir dag.

Jón Allansson, forstöðumaður Byggðasafns Akraness og nærsveita, staðfesti í samtali í maíbyrjun 2011 að örnefnakortið af Akranesi 1901 er geymt uppi á Byggðasafni og ljósmyndirnar sem bærinn keypti á sínum tíma eru líka þar. E.t.v. hefur Jón Allansson þó verið að hugsa um kort sem Gunnlaugur Haraldsson teiknaði upp seinna, líklega eftir korti Þorsteins, og hangir uppi á Byggðasafninu.

Engar frekari upplýsingar um „Safn til sögu Akraness“ finnast í leit á Vefnum og óvíst hvort það verk hafi átt að birtast á prenti eða einhverju öðru formi eða geymast í kössum. Ég man ekki til þess að hafa séð nein „verkefni um menningarsögu Akraness“ en ef einhver veit meira um þetta eru upplýsingar vel þagnar. E.t.v. hefur Þorsteinn hugsað sér að skrifa eitthvað um sögu Akraness. En það gerði hann ekki - hins vegar skrifaði hann sögur nokkurra annarra byggðarlaga ásamt fjölda ættfræðiriti, nokkurra stéttartala og rita annars eðlis.⁵

Ástæðan fyrir því að ég get sérstaklega þessarar skrýtnu vinnu í rannsóknunum á byggðarsögu sveita sunnan Skarðsheiðar (skrýtnu að því leyt-

⁴ „Akranes gamla tímans“. *Þjóðviljinn* 20. desember 1978.

Eftir Þorstein Jónsson liggur *Hús og býli á Akranesi* sem virðist eingöngu aðgengilegt í Bókasafni Akraness. Verkið er 147 síður og í því eru myndir, teikningar og uppdrættir. Þetta er óprentað handrit árssett 1978.

Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson telja í heimildaskrá við *Akranes. Fornleifaskrá*, útg. 1999: Þorsteinn Jónsson. „Þættir úr sögu Akraness. Húsheiti á Akranesi, fyrri hluti, 2 þáttur“ (Ópr.) og segir Adolf Friðriksson það vera óprentað handrit sem til sé á Byggðasafni Akraness og nærsveita.

⁵ Byggðasögur Þorsteins Jónssonar eru skráðar í ritröð sem kallast *Íslendingar, ættir, byggðir og bú*, nema sú elsta. Hann virðist standa einn að þessari ritröð og hafa ritað sögurnar að beiðni og fyrir tilstyrk viðkomandi sveitarfélaga. Af bókfræðiupplýsingum í *Gegni* er óljóst hversu mikið Þorsteinn hefur ritað þessar bækur sjálfar eða hversu mikið verið ritstjóri yfir ritun annarra. Byggðasögurnar eru: *Eylenda: mannlíf í Flateyjarhreppi á Breiðafirði* (útg. 1996), *Kjalnesingar: ábúendur og saga Kjalarneshrepps frá 1890* (útg. 1998); *Hrunamenn: ábúendur og saga Hrunamannahrepps frá 1890* (útg. 1999); *Eyja- og Miklaholtshreppur: ábúendur og saga Eyja- og Miklaholtshrepps frá 1900* (útg. 2000) og *Kolbeinsstaðahreppur: ábúendur og saga Kolbeinsstaðahrepps frá 1900* (útg. 2000).

inu að hún virðist eftir á séð ekki hafa skilað neinu en hafa verið ákaflega auglýst og uppblásin á sínum tíma, af aðstandendum) er að mig grunar að hugmyndafræðin frá Lundi hafi haft sín áhrif löngu seinna. Ekki hvað síst sú skoðun þarmentaðra að þeir einir kynnu réttar aðferðir við rannsóknir og skráningu á sögu byggðarlaga.

„Framtakssemi og frumskógalögmál“

Saga Sögu Akraness II

8. maí 2011 kl. 20.08

Titill þessarar færslu er bein tilvitnun í titil greinar Gunnlaugs Haraldssonar sem birtist í *Dögun* í des. 1980, sjá nánar í tilvitnanaskrá hér að neðan. Þetta er að mörgu leyti lýsandi titill fyrir þá sögu sem hér er að hefjast en á þó hugsanlega betur við síðari færslur. Ég þekki Gunnlaug Haraldsson ekki neitt en sé að hann hefur verið framsýnn maður.

Pólitík að tjaldabaki

Þegar ég fór að grúska í upphafi að ritun sögu Akraness hinn nýrri komu í ljós alls konar þræðir sem lágu í ýmsar áttir og krulluðust saman hér og þar og augljóst að hægt væri að skrifa langa sögu um þá. Það geri ég ekki en finnst nauðsynlegt að geta nokkurra atriða og persóna sem kunna að hafa haft áhrif á gang sögunnar. Eitt sem skiptir talsverðu máli þegar ritun sögu Akraness hefst er hvernig menn röðuðust í pólitískar fylkingar og létu pólitík stjórna skoðun sinni á mönnum og málefnum.



Upp úr 1980 virðist Alþýðubandalaginu hér í bæ hafa vaxið mjög fiskur um hrygg. Ég fletti gegnum bunka af *Dögun*, blaði Alþýðubandalagsins á Akranesi, og *Vesturlandsblaðinu*, málgagni Alþýðubandalagsins á Vesturlandi, frá því laust fyrir 1980 og svolítið fram yfir 1990. Kosturinn við þessi blöð var einkum að þau komu sjaldan út á ári og ég hafði mjög gaman af því að skoða myndirnar af fólkinu, sama fólkið er nefnilega símyndað í blöðunum tveimur og skemmtilega hárrúðir margir á þessum tíma. Umfjöllunin var yfirleitt of hið sama far og í þeim *Þjóðvilja* sem ég ólst upp við.

Fólkið sem einna mest er myndað og talað við í þessum blöðum, líklega framvarðasveit Alþýðubandalagsmanna hér í bæ, hefur sumt snúið sér að öðru en sumt er enn í pólitík. En merkilegt er hve fáar persónur koma fyrir aftur og aftur. Þeir karlar sem virtust einna mest áberandi voru: Guðbjartur Hannesson, Jóhann Ársælsson, Engilbert Guðmundsson, Sveinn Kristinsson og Gunnlaugur Haraldsson. Nokkrar konur komu einnig talsvert oft fyrir í blöðunum, einkum Ragnheiður Þorgrímsdóttir, Guðrún Geirsdóttir og Ingunn Jónasdóttir. Síðastnefndi karlinn, sem er aðalpersóna þessarar sögu, Gunnlaugur Haraldsson, var ritstjóri *Dögunar* 1979-87 og ritstjóri *Vesturlandsblaðsins* 1982-87, auk þess að vera formaður Alþýðubandalagsfélags Akraness og nágrennis árin 1980-82.

Mér fannst líka merkilegt að sjá hvernig þeir sem oftast komu við sögu í þessum blöðum röðuðu sér nánast kerfisbundið í hvers konar störf sem tengdust skólum, menntun, söfnum eða annarri menningu hér í bæ, annað hvort í nefndir eða innan stofnananna sjálfra, helst í stjórnunar-

stöður, fyrir utan það auðvitað að reyna að komast til valda í bæjarstjórn.

Þeir Engilbert Guðmundsson og Gunnlaugur Haraldsson virðast hafa verið miklir samherjar laust upp úr 1980. A.m.k. eyðir Engilbert vel rúmlega heilli síðu (af takmörkuðum síðufjölda) í að verja Gunnlaug eftir að sá fyrrnefndi hafði í *Dögun* veist annars vegar að tannlækni bæjarins fyrir að byggja of stórt hús (að mati stéttvísra Alþýðubandalagsmanna þeirra tíma) og hins vegar að nýráðnum forstöðumanni dvalarheimilis aldraðra fyrir að vera af alkunnri íhaldsætt. Vörn Engilberts byggist aðallega á því að þá sem gagnrýndu Gunnlaug skorti húmor og fer hann um það mörgum orðum. Sjálfur hafði Gunnlaug skrifað álíka langa grein til að bera af sér sömu sakir ári áður (blaðið kom sjaldan út) og segir þar m.a.: „Það er allavega augljóst mál, að launþegarhópar búa við mismunandi aðstöðu til að semja um kaup sitt og kjör. Tannlæknar eru aðeins hluti þess hóps, sem greinilegra forréttinda nýtur við verðlagningu á þjónustu sinni við neytendur. Gæti t.d. ekki verið að svo horfi víðar í heilbrigðiskerfinu, dómskerfinu og öðru opinberu kerfi? Og að ekki sé nú minnst á þá aðila sem sjálfstætt starfa og óþarft er að telja upp hér.“⁶

Ingimundur Sigurpálsson var ráðinn bæjarstjóri Akraneskaupstaðar árið 1982, einkum með fulltingi sjálfstæðismanna í bæjarstjórn. Ráðning hans dró dilk á eftir sér því [fulltrúi Alþýðubandalagsins, Engilbert Guðmundsson, sleit þess vegna meirihlutasamstarfi við Sjálfstæðismenn og Alþýðuflokk](#). Bæjarstjórnin hélt eigi að síður velli og Ingimundur var bæjarstjóri næstu fjögur árin. Þegar nýr meirihluti Alþýðubandalags og Framsóknarflokks tók við völdum vorið 1986 [samþykktu Alþýðubandalagsmenn áframhaldandi ráðningu hans](#), hugsanlega til að geta myndað meirihluta með Framsóknarflokki. Fulltrúar Alþýðubandalagsins í meirihlutabæjarstjórn 1986 voru Guðbjartur Hannesson og Jóhann Ársælsson og varafulltrúi var Gunnlaugur Haraldsson. [Engilbert Guðmundsson hóf störf við alþjóðleg þróunarmál](#) um líkt leyti og hætti afskiptum af stjórn málum.

Virtist [Ingimundur reikna með að starfa áfram sem bæjarstjóri](#), a.m.k. var hann þess sinnis seint í september 1986, en vorið eftir réði hann sig sem bæjarstjóra í Garðabæ. Þrír umsækjendur sóttu um auglýsta stöðu bæjarstjóra á Akranesi, óskuðu allir nafnleyndar. Þann fyrsta september 1987 var [Gísli Gíslason ráðinn sem nýr bæjarstjóri](#) en hann hafði áður starfað sem bæjarritari á Akranesi um tveggja ára skeið.

Sinn síðasta dag í embætti skrifaði Ingimundur undir samning við Jón Böðvarsson þar sem Jóni var falið að rita sögu Akraness.

⁶ Gunnlaugur Haraldsson. 1980. „Framtakssemi og frumskógalögmál - Síðbúin fréttaskýring“. *Dögun* 3. árg. 5. tbl. 22. des. 1980, s. 4 og s. 10. Engilbert Guðmundsson. 1981. „Af útúrsnúningameisturum.“ *Dögun* 4. árg., 7. tbl. 18. des. 1981, s. 7 og s. 10.

Jón Böðvarsson



Jón Böðvarsson (1930-2010) fæddist í Reykjavík en báðir foreldrar hans voru úr Innri-Akraneshreppi. Jón var á hverju sumri í sveit hjá afa sínum í Gerði í Innri-Akraneshreppi til 16 ára aldurs. Hann þekkti því mætavel til á þessum slóðum. Jón var cand.mag. í íslenskum fræðum og einnig menntaður í sögu. Hann var löngu landsþekktur árið 1987, hafði getið sér afar gott orð sem kennari, landvörður og leiðsögumaður, var einn af frumkvöðlum í stofnun áfangaskóla og fjölbrautaskóla, var skólameistari FS, fyrsti heiðursfélagi Skólameistarafélags Íslands og margt fleira. Árið

1987 starfaði Jón sem ritstjóri *Safns til Iðnsögu Íslendinga*. Sá bóka-flokkur var hans eigin hugmynd, hann fékk leyfi frá skólameistarastörfum í FS 1985 til að hrinda hugmyndinni í framkvæmd og kom fyrsta bókin út 1986, sú næsta 1988 og alls urðu þær 12 talsins. Þegar litið er yfir æviferil Jóns Böðvarssonar virðist hann hafa verið maður sem átti nokkuð gott með að vinna með öðrum, vera góður leiðtogi og afar hugmyndaríkur. Hann hafði trausta menntun í íslensku og sögu og feikilega reynslu af ferðum um landið og utan lands. Á yngri árum var Jón virkur í Fylkingunni og Sósíalístaflokknum en hafði þegar hér var komið sögu hætt afskiptum af pólitík.

Á hinn bóginn hafði Jón ekki mikið skrifað sjálfur þegar hann var ráðinn til að skrifa sögu Akraness. Hann hafði séð um útgáfu á ýmsum ritum, var lunkinn við að ritstýra öðrum og drífa áfram iðnsöguverkefnið en hafði einungis gefið út ljóðabók og leiðsögubók auk verka sem tengdust íslenskukennslu eða hans íslenskunámi. Það gekk meira að segja þjóðsaga um hversu stirt honum væri um skrif og sjálfur sagði hann löngu seinna: „Þannig er að setji ég tvær setningar á blað er ég varla búinn að því þegar ég fer að breyta þeim og aldrei verð ég ánægður.“⁷

Ingimundur bæjarstjóri hefur því varla ráðið Jón Böðvarsson til verksins af því hann hefði afkastað svo miklu í riti áður heldur væntanlega vegna annarra kosta hans (sem voru raktir að nokkru hér að ofan).

⁷ Upplýsingar um Jón Böðvarsson eru fengnar úr Guðrún Guðlaugsdóttir. 2009. *Sá á skjöld hvítan. Viðtalsbók við Jón Böðvarsson*. Bókaútgáfan Hólar. Bein tilvitnun í Jón Böðvarsson er á s. 9.

Athyglisvert er að Jón minnst ekki einu orði á ritum sögu Akraness í þessari viðtalsbók. Rit hans, *Akranes. Frá landnámi til 1885*, er talið upp í ritaskrá og í bókinni er ein mynd af því þegar forseta Íslands, frú Vigdísí Finn-bogadóttur, var afhent fyrsta eintakið af bókinni [ranglega nefnt *Saga Akraness frá landnámi til 1885*]. Á myndinni eru Indriði Valdimarsson, Jón, Steinunn Ólafsdóttir, Vigdís og Gísli Gíslason. Jón talar um ýmislegt í ævi sinni í þessari bók, jákvætt og neikvætt, sigra og vonbrigði og er ekkert alltaf sáttur, en liggur þó ekki illt orð til nokkurs manns, fremur að hann segi kost og löst í Íslendingasagnastíl um andstæðinga sína. Um samskipti við Ritnefnd um sögu Akraness og þá vinnu sem hann innti af hendi fyrir Akraneskaupstað kys hann að þegja.

Samningurinn við Jón Böðvarsson um ritun sögu Akraness

Samningurinn sem Ingimundur Sigurpálsson, bæjarstjóri á Akranesi, og Jón Böðvarsson undirrituðu þann 31. ágúst 1987 var í stórum dráttum þannig:

Í 1. gr. kemur fram að Jóni er falið að rita þrjú bindi um sögu Akraness, „alls um 900 blaðsíður í Skírnisbroti“ sem komi út 1992. Bindin skuli skiptast þannig:

- I. bindi fjalli um tímabilið frá landnámi til einokunar.
- II. bindi fjalli um tímabilið frá 1602 til 1942.
- III. bindi fjalli um sögu Akraneskaupstaðar.

Í samningum er síðan kveðið nánar á um 10 verkþætti í sögurituninni. Fram kemur að Jóni er í sjálfsvald sett í hvaða röð hann skilar einstökum verkþáttum. (2. gr.) Verkið hefjist 1. sept. 1987 og skuli lokið fyrir árslok 1992. Skráningu og öflun allra heimilda skal þó lokið fyrir 1. apríl 1990 og ritun I. bindis á að vera lokið fyrir 1. apríl 1991 enda stefnt að því að gefa það út 1. janúar 1992. (3. gr.) Jóni ber að lesa prófarkir án endurgjalds (5. gr.), leggja til alla vinnuaðstöðu utan Akraness og standa straum af öllum kostnaði vegna verksins, þ.m.t. ferðkostnaði, ljósritun, ljósmyndun og öðrum eðlilegum kostnaði sem Jón telur nauðsynlegan (7. gr.). Jón skal halda eða láta halda allt að sex opinbera fyrirlestra á Akranesi um söguritunina í samráði við „þá sem verkkaupi [Akraneskaupstaður] setur til umsjónar með verkinu.“ (6. gr.)

Akraneskaupstaður velur aðila sem „meta hvern verkþátt og skila álitni eigi síðar en sex vikum eftir afhendingu. Telji þeir verkið fullunnið skal greiða verktaka ... Meti þeir verkþátt ófullnægjandi skulu þeir tilgreina á hvern hátt honum er áfátt og skilgreina hvernig úr skuli bæta. ... Rísi ágreiningur milli samningsaðila um gæði verkþáttar, sem ekki tekst að leysa, skal ágreiningur lagður undir mat tveggja sagnfræðinga sem verkkaupi [Akraneskaupstaður] og verksali [Jón Böðvarsson] velja og skuldbinda samningsaðilar sig til að hlíta úrskurði þeirra.“ (2. gr.)

Í samningnum er skýrt kveðið á um að standist ekki skil sé heimilt að segja honum upp: „Hafi handritið ekki verið afhent fyrir umsaminn tíma ... getur verkkaupi gefið verksala frest í minnst 30 daga og síðan rift samningnum hafi handriti ekki verið skilað að fresti liðnum.“

Jafnframt er kveðið á um að „frumhandrit“ sé „eign verksala“ en verður ekki öðru vísi skilið en það eigi við „fullgert handrit“ (4. gr.) og að „Allar safnaðar heimildir verða eign verkkaupa jafnskjótt og verkþáttur er greiddur eða vinna stöðvast af öðrum orsökum“ (9. gr.)

Greiðslur eru tíundaðar í 8. gr. samningsins. Fyrir allt verkið á Akraneskaupstaður að greiða 5.540.000 kr. (miðað v. 1. júlí 1987 en í undirgreinum kemur fram að upphæðin er verðtryggð, þ.e. tengd ákv. launaflokkki BHMR).

Við undirritun greiðir Akraneskaupstaður Jóni 10% samningsupphæðar, þ.e. 554.000 kr., en síðan 9% við skil hvers verkþáttar. Til að tryggja að Jón uppfylli skyldur sínar leggur hann fram tryggingarvixil fyrir sömu

upphæð og hann fékk við undirritun, 554.000 kr. Í hvert sinn sem Jón fær greitt fyrir unninn verkþátt á að endurnýja tryggingarvígilinn og hækka upphæðina í samræmi við sömu verðtryggingu og launin, þ.e. upphæðin skal tengd sama launaflokki BHMR.⁸

Það er afar áhugavert að bera þennan samning saman við vinnubrögðin sem beitt var eftir að Ritnefnd um Sögu Akraness tók að starfa með söguritara. En ritnefndin, ritun sögunnar, efndir samningsins, greiðslur til Jóns, útgáfa og viðtökur bókarinnar verða að bíða næstu færslu.

⁸ Upphafsgreiðslan til Jóns við undirritun samnings, 554.000 kr. árið 1987, er rúmlega tvær milljónir króna á núvirði. Heildargreiðslan, um fimm og hálf milljón 1987, væru tæp tuttugu og ein milljón á núvirði. Því fer fjarri að Jóni hafi verið greidd sú upphæð. En nánari grein fyrir launum Jóns og kostnaði við ritun og útgáfu sögunnar verður gerð síðar. Það er alltaf mjög erfitt, nánast ógerlegt, að bera saman launakjör milli margra áratuga en til samanburðar má nefna að [mánaðarlaun skólameistara í mars 2010 voru tæp 660.000 kr.](#), árs-laun slíkra því tæpar 8 milljónir (en árið 1987 var Jón í leyfi úr skólameistarastöðu FS). Miðað við þennan samanburð, sé haft í huga að samningstíminn var rúm 5 ár og innifalinn í greiðslum til Jóns var kostnaður sem hlaust af vinnu verksins, sést að Jón var langt í frá í fullu starfi við ritun sögu Akraness. En ítrekað er að samanburðinum ber að taka með fyrirvara, hann er einungis til að gefa lesendum einhverja hugmynd um hvað þessar tölur í samningnum þýða.

Nefndarmenn lýstu skoðun sinni

Saga Sögu Akraness III

12. maí 2011 kl. 0.49

Ritnefnd um sögu Akraness

Fyrsti fundur Ritnefndar um sögu Akraness var haldinn 14. október 1987. Líklega hefur þá engan órað fyrir að þessi nefnd ætti eftir að starfa næstu 24 árin að verkefninu og hún starfar enn, fundaði síðast 7. júní 2011 (miðað við birtar fundargerðir á vef Akraneskaupstaðar 25. júlí 2011).

Í fyrstu ritnefndinni sátu: [Gísli Gíslason](#), bæjarstjóri og formaður nefndarinnar, [Gunnlaugur Haraldsson](#) (f. Alþýðubandalagið), Hrönn Ríkarðsdóttir (f. Alþýðuflokkinn), [Halldór Jörgensson](#) (f. Framsóknarflokkinn) og [Valdimar Indriðason](#) (f. Sjálfstæðisflokkinn).

Þótt ritnefndin hafi verið pólitískt skipuð frá upphafi var hún merkilega stöðug næstu árin og jafnvel áratugina. Frá upphafi heyrði nefndin beint undir bæjarstjórnina og þrátt fyrir ýmsar stjórnsýslubreytingar Akraneskaupstaðar er svo enn. Allar aðrar nefndir hafa verið sameinaðar og felldar undir svið og stofur kaupstaðarins en Ritnefnd um sögu Akraness hefur lifað af allar slíkar breytingar. Hana hefur dagað uppi í kerfinu eins og hvert annað nátttröll, þótt hún hafi (kannski því miður) ævinlega verið með lífsmarki og sé enn.



Við fyrstu sýn virðist ritnefndin hafa verið prýðilega skipuð, þ.e. hana skipuðu fulltrúar jafnt meiri- sem minnihlutans í bæjarstjórn og formaðurinn var ópólitískur bæjarstjóri. En það borgar sig að skoða hana frá fleiri sjónarhornum. Hið fyrsta sem stingur í augu er aldursskiptingin. Annars vegar voru tveir eldri menn, Valdimar á sjötugsaldri og Halldór kominn hátt á áttræðisaldur, og hins vegar þriggja manna yngri hópur; Gísli, Gunnlaugur og Hrönn, öll á fertugsaldri.

Halldór Jörgensson var útfararstjóri bæjarins, þótti vandaður maður og sögufróður.⁹ Valdimar Indriðason var áhrifamaður í bænum, hafði setið á þingi og var tengdasonur Ólafs B. Björnssonar, sem skrifaði Sögu Akraness I og II á sjötta áratugnum og stofnaði Prentverk Akraness. Valdimar átti hlut í þessari prentsmiðju bæjarins og þegar 1. bindi af sögu Jóns Böðvarssonar var prentað þar var sonur Valdimars framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar. Þekking Valdimars á sögu Akraness á tuttugustu öld var óumdeild.

Gísli er lögfræðingur að mennt, Gunnlaugur þjóðháttufræðingur og Hrönn menntuð í sögu og spænsku. En þessi þriggja manna yngri blokk í nefndinni tengdist ýmsum böndum, hafði líklega svipaða lífssýn og tengdist öll vinstri mönnum í bænum, þáverandi Alþýðubandalagi (en

⁹ 1 Halldór Jörgensen lést snemma vors 1988 og sæti hans tók [Ólafur J. Þórðarson](#).

seinna gengu forkólfar þess margir í Samfylkinguna), ýmist beint eða fjölskyldutengslum.¹⁰

Eftir bæjarstjórnarkosningar 1990 tók Leó Jóhannesson sæti Gunnlaugs og hefur setið manna lengst í Ritnefnd um sögu Akraness, situr þar enn.¹¹

Ritnefndin hefur aldrei fengið erindisbréf þrátt fyrir að hafa starfað í 24 ár.¹² En formaður nefndarinnar, Gísli Gíslason, sagði þremur vikum eftir að nefndin hafði haldið sinn fyrsta fund að hlutverk nefndarinnar yrði „að afla gagna og fara yfir þau og fylgja verkinu eftir“.

Samstarf Jóns Böðvarssonar og Ritnefndar um sögu Akraness

Í meginmáli þessarar færslu er sagan rakin í aðalatriðum en nánari upplýsingar er að finna í neðanmálsgreinum.

Fyrsti fundur ritnefndarinnar og Jóns var haldinn um miðjan október 1987 og virtist samstarfið ganga nokkuð snurðulaust fyrsta kastið. Að vísu kom fljótlega í ljós að ritnefndin afkastaði ekki þeim fáu verkefnum sem hún tók að sér. T.d. var Gunnlaugi Haraldssyni forstöðumanni Byggðasafns Akraness og nærsveita í Görðum á Akranesi falið að taka saman lista yfir þær skriflegu heimildir sem til væru á Byggðasafninu en á næsta fundi þremur vikum síðar sagðist hann ekki hafa haft tækifæri til þess og var samþykkt að þeir Jón ynnu verkið sameiginlega síðar. Óljóst er hvort þessi listi var einhvern tíma gerður. Annað smotteri sem nefndin tók að sér í upphafi var að útbúa skrá yfir félög og félagasamtök í bænum sem kynnu að geta veitt upplýsingar, útbúinn var spurningalisti fyrir slíkt en hálfu ári síðar tilkynnt að Jón yrði að taka þetta verk að sér.

Jón gerði lista yfir háskólaritgerðir sem gætu nýst við söguritunina (um 70 talsins), stakk upp á að taka infrarauða loftmynd af Akranesi (sem hann lét gera með fjárhagsstuðningi Landsbanka Íslands og sýndi sú mynd vel merkileg ummerki fornar akuryrkju undir Akrafjalli en engin viðbrögð nefndarinnar eru bókuð þegar hann sýndi þeim myndina), gerði nefndinni grein fyrir vinnuáætlun sinni o.s.fr.

Næsta lítið og óskipulega er bókað um verk Jóns. En sumarið 1989 vill nefndin breyta vinnutilhögun hans af því vinnan í heimildaöflun gengur hraðar en áætlað var og fer svo að skipta sér af fyrirhuguðum efnistöku í ritun: „Sýndist mönnum sitt hvað í því efni, en ákveðið var að ræða þau mál mun ítarlegar þegar nær dregur að ritun hefjist.“ (6.

¹⁰ Kona Gísla og Hrönn eru systradætur. Tengslin milli Hrannar og Gunnlaugs eru ekki augljós. En þau áttu það þó sameiginlegt að hafa numið sín fræði í Lundi í Svíþjóð, líklega þó ekki á sama tíma. Fjölskyldutengsl við alþýðubandalagið verða ekki rakin hér.

¹¹ Leó er mágur Gísla Gíslasonar og þau Leó og Hrönn eru systrabörn. Tengslin í yngri blokkinni ritnefndarinnar (sem voru Gísli, Leó og Hrönn) urðu því enn nánari 1990 og virtist engum þykja neitt athugavert við það. Þau tengsl voru lengi því Gísli Gíslason bæjarstjóri var formaður Ritnefndar um sögu Akraness til 2006. Þá hvarf hann jafnt úr ritnefnd sem bæjarstjórstóli. Hrönn Ríkarðsdóttir hvarf úr ritnefndinni árið 2002. Hún varð formaður Menningarmála- og safnanefndar bæjarins í vetrarbyrjun 2003 og hefur setið í bæjarstjórn fyrir Samfylkinguna frá 2006 til dagsins í dag. Leó Jóhannesson situr enn í ritnefndinni.

¹² Munnleg heimild: Leó Jóhannesson 6. maí 2011.

fundur 23. júní 1989.) Árið eftir tekur nefndin sér það bessaleyfi að breyta efnisskiptingu frá því sem kveðið var á í samningnum við Jón. Breytingin fólst í því að lengja umfjöllunartíma 1. bindis um 283 ár. Rökin fyrir þessari breytingu sjást ekki, nema ef vera skyldi að „gagnaöflun gengur betur en í upphafi var áætlað“ (5. fundur 10. okt. 1988). Eftir þessa breytingu á efnisskiptingu herðir nefndin æ meir tókin á Jóni. Nefndin virtist álíta sig verkstjóra yfir verkinu og fór að umgangast Jón Böðvarsson eins og starfsmann nefndarinnar en ekki sjálfstæðan sagnaritara.¹³

Frá því í októberlok 1990 þar til seint í ágúst 1991 var enginn fundur haldinn og er enga skýringu á því að finna. Fundargerðir eru ruglingslegar og óljósar og því ekki ljóst hve miklu Jón skilaði fyrir desemberbyrjun 1990 eða hvers vegna nefndin hélt ekki fund í mars 1991 þegar handrit fyrsta bindis átti að liggja fyrir.

Í ágúst 1991 gerði Jón grein fyrir hvernig bókin skiptist, var gagnrýndur fyrir efnistöð og sagt að láta duga að ljósrita myndir sem honum litist á „svo nefndin viti til hvers á að taka afstöðu“. Á næstu fundum er ljóst að Jón er alltaf öðru hvoru að senda eitthvert efni eða leggja fram, óljóst er í fundargerðum hve mikið þetta efni var en má vel skiljast að nefndin var hundóánægð með það.

Eftir að ritnefndin hafði ákveðið að lengja sögutíma fyrsta bindis um rúm 280 ár frá því sem samningur kvað á um var farið að panta ákveðin umfjöllunarefni og vildi nefndin ráða hvernig umfjöllun væri. Miðað við fundargerðir settu nefndarmenn fram álit sitt munnlega á fundum og er erfitt að sjá að vinnubrögð þeirra falli að 2. gr. samnings Akraneskaupstaðar við Jón Böðvarsson þar sem sagt var um hlutverk fulltrúa bæjarins: „... meti þeir verkþátt ófullnægjandi skulu þeir **tilgreina** á hvern hátt honum er áfátt og **skilgreina** hvernig skuli úr bæta“ (feit-letrun mín).¹⁴

¹³ Á 7. fundi, 23. ágúst 1990 „**varð nefndin sammála um** [feit-letrun mín] að ganga út frá eftirfarandi skiptingu:

- a) Fyrsta bindi: frá landnámi til 1885.
- b) Annað bindi: frá 1885 - 1941
- c) Þriðja bindi: frá 1941.“

Það er augljóst að Ritnefnd um sögu Akraness hafði ekkert umboð til að fara að ritstýra verkinu á þennan hátt eða hefja sjálfa sig á stall yfir söguritara miðað við samninginn sem Akraneskaupstaður og Jón Böðvarsson höfðu gert með sér. Hlutverk ritnefndar var „umsjón með verkinu“ og að „meta verkþætti“ skv. samningi en ekki ritstjórn og fyrirskipanir.

Á næsta fundi er bókað: „Nefndin var sammála um framhald vinnu við **verkefni sitt** [feit-letrun mín]:

- a) Jóni Böðvarssyni var falið að hefja ritun fyrsta bindis með það sem markmið að ritun þess verði lokið í marsmánuði 1991.
- b) Stefnt verði að útgáfu 1. bindis í janúar 1992.
- c) Ritun annars bindis hefjist á árinu 1991.
- d) Stefnt verði að útgáfu annars bindis árið 1992.“

Tímasetningar eru í samræmi við samninginn sem var gerður við Jón en nú er verkið orðið verk ritnefndarinnar. Jóni er sett fyrir að senda fundarmönnum fyrstu kaflana til yfirlestrar fyrir desemberbyrjun. (8. fundur, 30. okt. 1990)

Svo kemur dularfull þögn um verkið í tæpt ár.

¹⁴ Sumar athugasemdir og spurningar eru beinlínis hlægilegar og sýna kannski fyrst og fremst fáfræði nefndarmanna. Á fundi 20. ágúst 1991 (9. fundi) gagnrýndi Valdimar Indriðason að hlutur fornra heimilda sé of viðamikill og spurði „hvort fjalla eigi um sögu Akraness sem landnámsbæjar eða Akranes sem bæ. Einnig vildi hann vita hvernig Jón hygðist byrja söguna.“ Þetta er undarleg spurning í ljósi þess að verið var að ræða fyrsta bindið, tímabilið frá landnámi til 1885. Varla hefur Valdimar talið að „bærinn Akranes“ hafi staðið um aldir eða verið í upphafi „landnámsbær“? „Leó spurði um kaflaskipti og hve margar blaðsíður væru í hverjum kafla.“ Jón

Undir lok ágúst 1992 er verkið loksins nokkurn veginn tilbúið til útgáfu. Nefndarmenn velja titilinn, AKRANES, undirtitill skyldi síðan að vera í samræmi við efni hvers bindis. Ekki er þess getið að Jón hafi átt þátt í

nafngiftinni. Hörpuútgáfan hafði gefið málið frá sér og samþykkti nefndin að mæla með drögum að samningi við Prentverk Akraness. „Valdimar Indriðason tók ekki þátt í lokafgreiðslu málsins“ segir í fundargerð enda var hann nátengdur prentsmiðjurekstrinum. (18. fundur.) Nefndin fundaði tvisvar í september og ákvað að taka tilboði Magnúsar H. Ólafssonar (arkitekts á Akranesi) í hönnun kápu og kjalar. Jón var ekki boðaður á þá fundi en hugmyndir Magnúsar voru ræddar á næsta fundi, 9. okt. 1992, sem Jón var viðstaddur. Fljótlega eftir það fór bókin í prentun og kom út í 27. nóvember 1992.



Til að gera langa sögu stutta má segja að samskipti Ritnefndar um sögu Akraness og Jóns Böðvarssonar einkennist eftir þetta af nöldri, rexi og hótunum af hálfu nefndarinnar vegna þess að Jón skili efni seint og illa. Hann fékk heldur ekki greidda krónu eftir 1992 (raunar líklega ekkert eftir 1991) en ritnefndin þáði að sjálfsögðu áfram sín nefndarlaun fyrir fundina sem hún hélt, ýmist með sjálfri sér eða Jóni.¹⁵

gerði á þessum fundi grein fyrir skipulaginu, svarar því „að í bókinni yrðu um 10 kaflar sem yrðu að meðaltali 15-30 bls. hver“ og andmælti Valdimari með því að hamra á heimildagildi fornra rita og að þáttur þeirra væri síst of stór.

Byrjað var að ræða útgáfumál á sama fundi. Bragi Þórðarson eigandi Hörpuútgáfunnar mætti á fundinn og Gísli sagði að nefndin þyrfti næsta hluta handritsins hið bráðasta.

Nefndin fundar síðan nokkuð ört, ræðir um textann með og án Jóns Böðvarssonar og ákveður hvernig mynd-efni eigi að vera, án samráðs við hann. (Sjá 11. fund, 16. sept. 1991.) Í október sama ár er rætt um efni og útgáfumál 1. bindis, án Jóns, og bókað „Enn vantar heildarsýn yfir verkið.“ 18. nóvember er ljóst að Jón hefur sent drög að handriti og „Nefndarmenn greindu frá afstöðu sinni til þeirrar vinnu sem þegar hefur verið innt af hendi og fannst verkið ganga of hægt. Ljóst væri að útgáfudagur í janúar væri úr sögunni og væri það slæmt. Einnig var þess getið að nauðsynlegt væri að hafa í 1. bindi kafla um útgerð Brynjólfs biskups og um skiptingu Akraneshreppanna. Ákveðið var að Jón myndi bæta tveimur framan nefndum köflum við og ljúka vinnu við handritið fyrir jól. Nauðsynlegt er að stytta ýmsa kafla verulega og lagfæra aðra kafla til þess að nefndin geti síðan farið yfir heildstætt handrit.“ (13. fundur nefndarinnar, 1991.)

Snemma í janúar 1992 var fundað um „framlagt handrit I bindis“, án Jóns. Ekki kemur fram hvenær handritinu var að fullu skilað en ljóst er að nefndarmenn hafa þá ekki farið yfir það. Tæpum hálfum mánuði seinna var fundað með Jóni, nefndarmenn komu á framfæri athugasemdum og hin sígilda umræða nefndarinnar um efni og efnistöð fór fram, án þess að bókað sé hvað rætt var.

Jón virðist endurskrifa kafla ofan í nefndina af stöku jafnaðargeði en alltaf er samt eitthvað að. Þann 13. mars 1992 var enn „farið yfir ýmis atriði í fyrirleggjandi handriti. Kaflann um Lögmansættina má stytta og kveða skýrar að orði um ýmis atriði svo sem um Akranes á upplýsingaöld, Guðnýju Böðvarsdóttur o.fl.“ Sjálfri er hér raunar óskiljanlegt hvernig „kveða má skýrar að orði um Guðnýju Böðvarsdóttur“, sem einkum er þekkt fyrir hverjum hún var gift, við hvern hún hélt og hverjir voru synir hennar en næsta fátt vitað um hana sjálfa sem persónu. Um leið og Jón gerði karlmönnum í lífi Guðnýjar (sem allir bjuggu í öðrum sveitum nema pabbi hennar) betri skil væri hann fallinn í gryfjuna „of viðamikill hlutur fornra heimilda“ sem ekki tengdist Akranesi beint, hvorki sem „bæ“ né „landnámsbæ“. Samstarf sagnaritara við nefndina hefur verið vandasamt.

¹⁵ Ritnefndin hélt 8 fundi á árunum 1993-1996. Allir ritnefndarfulltrúar fengu greitt fyrir hverja fundarsetu nema formaður nefndarinnar, þ.e. bæjarstjórinn Gísli. Í fundargerðum kemur fram að Jón skilar smám saman handriti að öðru bindi sögunnar og endurvinnur kafla í samræmi við óskir nefndarinnar en sem fyrr eru skil Jóns afar ónákvæmt bókuð í fundargerðum nefndarinnar. Þann 15.7. 1993 kemur fram að Gísli Gíslason og Valdimar Indriðason hafa fundað privat með Jóni en ekki kemur fram hvað þeim fór á milli. Á þeim fundi er bókað: „Sögunefndin lýsir yfir mikilli óánægju með framgang verksins hjá söguritara og felur formanni að gera bæjarráði grein fyrir stöðu mála ... ritnefndin leggur til að söguritara verði skrifað og það skilyrði sett að kafla-skiptingu 2. bindis og fyrsta hluta efnis verði skilað til nefndarinnar fyrir 10. september n.k. Ritnefndin getur ekki fallist á það sjónarmið söguritara að útgáfu 1. bindis verði seinkað.“ (22. fundur.) Vorið eftir er ljóst að

Það er ákaflega undarlegt hvernig nefndin hélt dauðahaldi í Jón Böðvarsson næstu þrjú árin (1993-1996) því heimild til uppsagnar samnings Akraneskaupstaðar og Jóns var skýrt og ótvírætt bundin því að Jón uppfyllti ákveðnar skyldur innan ákveðinna tímamarka og þær skyldur uppfyllti hann ekki þegar líða tók á verkið.¹⁶ Sömu leiðis er skrítið að Jón skuli ekki sjálfur hafa sagt upp samningnum. Að vísu gerði engin grein í samningnum beinlínis ráð fyrir þeim möguleika en samningnum má yfirleitt segja upp og ekkert fékk hann greitt. Það hefur þurft mikið langlundargeð til að vinna með fólki sem var orðið honum svo augsýnilega andsnúið, var það jafnvel frá upphafi. Fyrir utan það sem lesa má úr fundargerðum um hug nefndarmanna til Jóns má benda á hvernig formaður nefndarinnar, bæjarstjórinn Gísli Gíslason, notar tækifærið í minningargrein um Valdimar Indriðason til að hnýta í Jón Böðvarsson og minnst ég þess satt best að segja ekki að hafa séð á-móta dæmi.¹⁷

Þann 23. febrúar 1997 hélt ritnefndin fund þar sem formaðurinn tilkynnti að Jóni hefðu verið send samningsdrög um starfslok. (30. fundur.) Tveimur dögum síðar skrifuðu Gísli Gíslason bæjarstjóri og Jón Böðvarsson undir „Samkomulag um niðurfellingu samnings dags. 31. ágúst 1987 um ritun sögu Akraness.“ Um þetta vinnulag sagði Gísli Gíslason á [umræðuþræði Akraneskaupstaðar 23. febrúar 2005](#): „EKKI ætla ég að fara að rifja hér upp ritferil Jóns Böðvarssonar - en til að

Jón hefur skilað einhverju því talað er um að viðbótarefni vanti en jafnframt er bókað: „Saga vinnu við 2. bindi: Formaðurinn lýsti óánægju nefndarmanna með þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið. Aðrir nefndarmenn tóku undir orð formanns.“ (23. fundur.) Mánuði síðar er bókað að meginuppistaða 2. bindis sé nánast komin, í nóvember hefur Jón sent 70 blaðsíður í viðbót en Gísli Gíslasyni er falið að gera bæjarráði grein fyrir stöðunni og óska eftir heimild til að gera breytingar á samningi um ritun sögunnar. Tæpu ári síðar, 5. september 1995, fundaði ritnefndin næst og lá þá fyrir handrit að öðru bindi sem nefndin og Jón voru sammála um að væri ekki tilbúið til útgáfu og vinna þyrfti talsvert í einstökum atriðum; „nefndarmenn lýstu skoðun sinni á handritinu og einstökum atriðum. Söguritari greindi frá sinni hlið mála.“ (26. fundur) Í september 1995 fór nefndin yfir hluta 2. bindis og var Leó falið að ganga frá athugasemdum um einstök atriði. (27. fundur.) Ári síðar, í sept. 1996 er nefndin enn í sömu sporum: „Farið var yfir ýmis atriði varðandi fyrirliggjandi handrit og gerðar ýmsar athugasemdir við það.“ En á sama fundi var rætt um útgáfu og ákveðið að Jón Böðvarsson léti safna myndum í ritið. (28. fundur) Loks hefur einhver ákvörðun verið tekin á fundi nefndarinnar 10. nóv. 1996 en fundargerð er, eins og margar fyrri, á stofnanakenndu hrognamáli og erfitt að ráða í hvað raunverulega gerðist á þessum fundi. M.a. er samþykkt að fela Gísli Gíslasyni að ræða við söguritara „á grundvelli umræðanna [svo] á fundinum“ og næst skuli fundað „þegar þær viðræður hafi átt sér stað.“ Söguritari hefur ekki skilað fullbúnu handriti og ekkert verður af útgáfu 2. bindis á þessu ári. „Ítarleg umræða varð meðal nefndarmanna um stöðu mála og kom enn fram almenn óánægja með framgang mála.“

Á 30. fundi nefndarinnar, 23. febrúar 1997, gerði Gísli Gíslason grein fyrir „stöðu mála gagnvart Jóni Böðvarssyni og að honum hafi verið send samningsdrög um starfslok.“ Á þann fund mætti Gunnlaugur Haraldsson, nýr sagnaritarakandidat Ritnefndar um sögu Akraness.

¹⁶ Í 4. gr. samningsins bæjarins við Jón segir: „Hafi handritið ekki verið afhent fyrir umsaminn tíma ... getur verkkaup gefið verksala frest í minnst 30 daga og síðan rift samningnum hafi handriti ekki verið skilað að fresti liðnum.“ Þessu ákvæði hefði mátt beita fyrir útgáfu 1. bindis, en handriti að 1. bindi skyldi skilað fyrir 1. apríl 1991, skv. 3. gr. Hugsanlega hefur breytingin sem nefndin gerði sjálf á verkþáttaskipulaginu, þ.e.a.s. sú að krefjast þess að 1. bindið næði til ársins 1885 í stað ársins 1602 sem um var samið að einhverju leyti ómerkt þennan samning? En bærinn gerði aldrei nýjan samning svo það er ótrúlegt að svo hafi verið. Ég fann engar heimildir fyrir því að Jón Böðvarsson hefði haldið eða látið halda allt að 6 opinbera fyrirlestra um söguritinina hér á Akranesi (sem kveðið var á um í 6. gr. samningsins) og man ekki eftir slíkum fyrirlestrum sjálf. Það er aldrei minnst á þessa fyrirlestra í fundargerðum ritnefndar og óljóst hvort fyrirlestrahald heyrði undir hana. Hvort Akranesbær lét tryggingarvixilinn falla á Jón (eða hótaði honum því), á þeim forsendum að hann efndi ekki skyldur sínar (sbr. 8. gr. samningsins), veit ég ekki, um það segja fundargerðir ritnefndar ekkert.

¹⁷ „Fundir þessarar nefndar [Ritnefndar um sögu Akraness] verða mér alltaf minnisstæðir. Annars vegar vegna feikilegrar þekkingar Valdimars á sögu bæjarins og áhuga hans á að minna yngri samferðamenn sína á hve merkileg sú saga er og hins vegar vegna orðaskipta hans og söguritara þegar Valdimar vildi að afköst söguritara væru meir en raun ber vitni. **Nú er það okkar, sem sjáum á bak Valdimar, að knýja söguritara úr sporunum.** Af hálfu sögunefndarinnar er send kveðja og því heitið að ljúka því verki, sem Valdimar vildi að yrði skilað til bæjarbúa.“ [Minningargrein Gísli Gíslasonar bæjarstjóra um Valdimar Indriðason, Morgunblaðinu 18. janúar 1995, s. 36.](#) [Feitletun mín. Bæjarstjórinn fer undarlega með orðtakið „að knýja sporum“.]

fyrirbyggja misskilning þá óskaði hann eftir lausn frásamningi sínum og því var það ekki á hendi bæjarins að halda við þann samning.“ Ég get ekki séð af fundargerðum að Jón hafi óskað eftir lausn frá samningi sínum en aftur á móti er augljóst af því sem ofan var rakið og neðanmálgreinum að Gísli gerði sitt besta til að losna við Jón og tókst það að lokum. Líklega hefur hann haft fullan stuðning ritnefndarinnar við þá iðju.

Starfslokasamningur Jóns, greiðslur og kostnaður við útgáfu Akranes. Frá landnámi til 1885

Í samkomulaginu sem skrifað var undir var kveðið á um að „allt sem unnið hefur verið við ritun samkvæmt samningum [verður] eign Akraneskaupstaðar þ.m.t. gögn í vörslu Jóns sem hann hefur safnað vegna verkefnisins“ (2. gr.) og „Fyrirliggjandi handritsdrög að öðru bindi bókarinnar Akraness verður eign Akraneskaupstaðar samkvæmt samkomulagi þessu og hefur Akraneskaupstaður rétt á að fara með það handrit að vild í samræmi við lög um höfundarrétt. Nær heimild kaupstaðarins til þess að nota handritið allt eða hluta þess og að gefa það út án sérstakrar greiðslu til Jóns og gerir hvorugur aðila kröfur á hendur hinum vegna þess.“ (3 gr.)¹⁸


Greiðslur til Jóns Böðvarssonar fyrir vinnu við ritun sögu Akraness hef ég ekki nákvæmlega sundurliðaðar en svo virðist sem honum hafi verið greitt við undirritun samnings árið 1987, árið 1988, árið 1990 og árið 1991.¹⁹ Akraneskaupstaður skuldbatt sig til að kaupa eintök af *Akranes. Frá landnámi til 1885* af Prentverki Akraness fyrir 550.000 kr. haustið 1992. Heildarkostnaður Akraneskaupstaðar vegna ritunar og útgáfu á sögu Akraness á árunum 1987-1992 er upphæð sem uppreiknuð á núvirði er rétt rúmlega 15 milljónir og 223 þúsund krónur. Þetta er, skv. mínum upplýsingum, allur kostnaður við verkið fyrir utan ritnefndarlaun frá upphafi til ársins 1997, þegar nefndin fór að starfa með Gunnlaugi Haraldssyni, nýjum sagnaritara.

¹⁸ Af handriti Jóns, sem þarna er kallað „drög að handriti“ er það að fréttu að 4. maí 1997 sagðist Gísli Gíslason hafa „aflað söguritara [Gunnlaugi Haraldssyni] ýmissa gagna frá Jóni Böðvarssyni, þ.m.t. drög að handriti 2. bindis.“ (31. fundur Ritnefndar um Sögu Akraness). Þar sem handrit Jóns Böðvarssonar hefur ekki skilað sér til Héraðsskjalasafns Akraness reikna ég með að það sé enn í fórum Gunnlaugs.

¹⁹ Jón fékk 554.000 kr. við undirritun 1987 og 1988 fékk hann 574.000 kr. (upphæð áfangagreiðsla var verðtryggð, sjá [umfjöllun um samning Akraneskaupstaðar og Jóns í síðustu færslu](#)). 1989 var ekkert greitt. Árið 1990 er heildarkostnaður við söguritunina um 2 milljónir og níu þúsund og gengur ekki upp að það sé fjórföld greiðsla til Jóns. Þetta hljóta að vera þrjár greiðslur til hans og annar kostnaður sem ég sé ekki skv. fundargerðum hver gæti verið. Árið 1991 er heildarkostnaður við verkið 1.652.595, sem gætu verið tvöföld greiðsla til Jóns auk einhver annars kostnaðar. Árið 1992 er heildarkostnaður 841.955 kr. Þar af eru 550.000 kr. greiðslur fyrir eintök af *Akranes. Frá landnámi til 1885* sem Akraneskaupstaður skuldbatt sig til að kaupa af Prentverki Akraness. Greiðsla til Jóns getur ekki verið innifalin í því sem eftir er og hlýtur sú upphæð að hafa verið greidd fyrir annað sem tengdist útgáfunni. Af þessu dreg ég þá ályktun að Jón hafi fengið greiddar 7 greiðslur af þeim 11 sem um var samið í upphafi. Árin 1993-1996 er enginn kostnaður Akraneskaupstaðar af söguritun bókfærður. Upplýsingar um kostnað og uppreikning upphæðanna á núvirði eru fengnar frá Akraneskaupstað þann 4. maí 2011.

Bókin Akranes. Frá landnámi til 1885

Ritnefnd um sögu Akraness ákvað að samið yrði við Prentverk Akraness um útgáfu og lá mjög á svo bókin næði að koma út árið 1992 sem var afmælisár kaupstaðaréttinda bæjarins. Það hafðist og bókin kom út 27. nóvember 1992.²⁰



Mér finnst þetta óvenju ljót bók, ef ég á að segja eins og er. Kápan (smelltu á litlu myndina til hliðar til að sjá stærri) er afar óaðlaðandi. Akrafjallið er nánast „geðbillað að sjá“ eins og skáldið sagði, í æligrænum og brúnum litum og rauði liturinn á Akranes tónar einstaklega illa við hina litina. Einhverjar svarthvítar pennateikningar hafa verið límdar ofan í kápumyndina, í algeru ósamræmi við fjall, himin og haf og til að kóróna smekkleysið eru límdar illa undirlýstar ljósmyndir af Langasandi á forsíðu, og Kúttur Sigurfara í dumbungi á baksíðu.

Myndir sem skreyta textann virðast annað hvort ljósritaðar eða ljósmyndaðar úr öðrum bókum en ekki hafa verið unnið með frummyndir. Þær eru óskýrar og grófkornóttar. Tilvísanir í myndaskrá styðja þetta, t.d. „Úr Heynesbók - Skip sett fram. Mynd tekin úr Sögu Íslands IV., 144 blaðsíða“ eða „Sölvafjara. Ljósmyndari: Guðmundur Þ. Ólafsson. Úr Íslenskum sjávarháttum I., 223. blaðsíða.“ Sumt er dálítið sorglegt að sjá, t.d. mynd á s. 267 og tilvísunina „Hallgrímur Jónsson hreppstjóri. Mynd tekin úr Sögu Alþingis II, 90. blaðsíðu“ þegar nákvæmlega sama mynd er í *Akraneskirkju 1896-1996 ásamt ágrípi af sögu Garða og Garðakirkju á Akranesi* eftir Gunnlaug Haraldsson, útg. 1996, s. 87, þar sem kemur fram í myndaskrá að Byggðasafnið í Görðum á frummyndina sjálfa!

Ég nefni þessi atriði til að benda á að það sem snéri að Ritnefndinni, Akraneskaupstað og Prentverki Akraness í útgáfu bókarinnar virtist unnið af litlum metnaði, jafnvel hroðvirkni.

Gísli Gíslason skrifaði formála að bókinni og segir þar m.a.: „Nú er að nýju ráðist í ritun sögu Akraness með þeim efnistököm sem Jón Böðvarsson hefur valið og mun velja hverju hinna þriggja binda sem ætlun er að gefa út.“ (s. 8.) Eftir að hafa lesið gegnum fundargerðirnar finnst mér þessi staðhæfing um val Jóns nú hljóma eins og hver annar brandari. Í aðfaraorðum Jóns segir: „Ritnefnd hefur starfað með mér og hafa allir nefndarmenn haft áhrif á bókartexta er birtist hér. Talvert öðru vísi væri hann hefði nefndin legið á liði sínu. Skoðanir reyndust skiptar um einstök efnistökö og áherslur en samstarfsvilji slíkur að eining varð um allar niðurstöður. Ég þakka ritnefnd fyrir gagnlegar athugasemdir og ábendingar meðan ritsmíð þessi var í vinnslu.“ (s. 9). Svo þakkar Jón ýmsum utan ritnefndar fyrir yfirlestur, prófarkalestur og

²⁰ Í „Samningi um útgáfu á Sögu Akraness“, sem Akraneskaupstaður og Prentverk Akraness undirrituðu 2. september 1992, segir: „Akraneskaupstaður skal skila fullbúnu handriti, myndum, kortum og annast hönnun á kápu og kili. Ritnefnd um Sögu Akraness og söguritari annast myndasöfnun og prófarkalestur og ber Akraneskaupstaður kostnað af þeim þætti. Útgefandi greiðir annan kostnað við útgáfuna ... Uppsetning bókarinnar og útlit skal unnið í samráði við söguritara og ritnefnd um Sögu Akraness.“ (1. grein.) „Akranesbær skuldbindur sig til að kaupa eintök af hverju bindi bókarinnar ... fyrir sem nemur 550.000 kr. ...[og] heitir að dreifa ekki eintökum af bókunum fyrr en öll bindin eru komin út.“ (3. gr.) Þetta gekk vitaskuld ekki eftir, þ.e. einungis fyrsta bindið af þeim þremur sem samið var um útgáfu á kom út. Í 3. grein samningsins segir: „Upplag bókarinnar skal vera a.m.k. 1000-1500 eintök og skal við útgáfuna miðað við að brot bókarinnar og uppsetning verði með svipuðum hætti og safn til iðnsögu á Íslandi.“ [Átt er við ritröðina Safn til iðnsögu Íslendinga.]

ráðgjöf og telur loks upp hóp manna, þar á meðal Gunnlaug Haraldsson og Valdimar Indriðason, sem „sömdu nokkra myndatexta“. (s. 9-10.)

Of langt mál yrði að telja hér upp efnisþætti í þessari 336 síðna bók en bent á að þeir eru raktir í stórum dráttum í ritdómum sem vísað er í. Það væri nær að líta á efnisþættina síðar, til samanburðar, þegar bækur hins sagnaritarans, Gunnlaugs Haraldssonar, líta dagsins ljós eftir rúma viku. Kann að verða fróðlegt að bera saman textann því Gunnlaugur sá ástæðu til að skrifa um sama tímabil og Jón gerði skil (og reyndar hafði Ólafur B. Björnsson fjallað um suma þætti þess enn áður). Samanburður á vel auglýstum íburði nýju útgáfunnar, sem er kostaður af Akraneskaupstað, og þeirrar fátæklegu umgjörðar sem texta Jóns Böðvarssonar var búinn verður líka fróðlegur.

Ritdómar um *Akranes. Frá landnámi til 1885* voru fremur lofsamlegir. Sagan þótti fróðleg, vera lipurlega skrifuð, sýna yfirgripsmikla þekkingu höfundar, tengja Akranes vel við sögu þjóðarinnar o.fl. Það sem fundið var að í blaðadómum var helst að höfðingjar fengju of mikið vægi og of lítið væri fjallað um alþýðu manna eða að bókinn væri ekki nógu fræðileg.²¹

Jón Þ. Þór var einmitt sá sem fann að þessu síðarnefnda í blaðadómi og hann skrifaði seinna ritdóm um bókina í *Sögu. Tímarit Sögufélags* 1993, s. 273-275. Hann byrjar á að nefna að Jón noti nýstárlega aðferð í byggðasögurritun og á þar við að Jón skrifi söguna fremur sem safn þátta en samfellda byggðasögu. „Höfundur leggur sig lítt eftir því að rekja sögu sveitarinnar í smáatriðum á fyrri öldum ...“, segir Jón Þ. Þór og finnur síðan að því að Jón Böðvarsson hafi ekki gaumgæft frumheimildir nægilega, einkum fornbréf og annála. En hann getur þess að þetta sé „í samræmi við það sem segir í inngangi, að ritinu sé ekki ætlað að vera fræðileg úttekt, heldur eigi það aðeins að leggja grunn að sögu Ytri-Akraneshrepps og síðan Akraneskaupstaðar.“ Jón Þ. Þór er ekki sáttur við þetta markmið heldur telur að „nákvæm greining á lífi, kjörum og lífsháttum fyrri alda karla og kvenna [hefði] vafalaust verið vænlegri til að efla lesendum skilning á byggð á Akranesi nútímans en frásagnir af kænsku Þorleifs Þórðarsonar og veldi Stefánunga. Sú rannsókn hefði kostað mikla þolinmæði, ekki síst vegna þess hve óaðgengilegar margar undirstöðuheimildir sögu vorrar eru, en vafalaust skilað meiri feng.“

En Jón Þ. Þór segir síðan að kaflinn um sögu höfðingja á Görðum á Sturlungaöld sé „bráðskemmtilegur“ og að þar „setur Jón fram ný sjónarmið, túlkar sögu þess mikla róstutímabils á annan hátt en áður hefur verið gert og bregður skemmtilegri birtu yfir söguviðið. Sama máli gegnir að nokkru leyti um kaflann um afkomendur Þórðar lögmanns Guðmundssonar og um útgerð og umsvif Brynjólfs biskups.“

Niðurstaða Jóns Þ. Þór er að „rit þetta sé á margan hátt fróðlegt og á köflum bráðskemmtilegt aflestrar. Það uppfyllir hins vegar ekki ströngustu kröfur sem gera verður til fræðirita um íslenska byggðasögu.“²²

²¹ Gunnlaugur A. Jónsson. „Af höfðingjum á Skaganum“ í *DV* 17. des. 1992; Sigurjón Björnsson. „Upphaf Akranessögu“ í *Morgunblaðinu* 13. feb. 1993; Jón Þ. Þór. „Brautryðjendur og framkvæmdamenn“ í *Tímanum* 11. mars 1993 og Ólafur Ásgeirsson. „Höfðingjar sitja á Akranesi“ í *Morgunblaðinu* 5. maí 1993.

²² Á Íslenska söguþinginu í lok maí 1997 var m.a. fjallað um hvernig skyldi rita byggðasögu. Þar komst Jón Hjaltason að þveröfugri niðurstöðu um hvernig eigi að skrifa byggðasögu við Jón Þ. Þór í þessum ritdómi. Jón

Er margritað brot úr byggðasögu 120 milljóna króna virði?

Saga Sögu Akraness IV

16. maí 2011 kl. 1.23



Í næstu færslum verður reynt að komast að því hvernig stendur á því að Akraneskaupstaður hefur eytt tæpum 105 milljónum í ritun sögu Akraness eftir að atrennu með Jóni Böðvarssyni lauk.

Kostnaður við Akranes. Frá landnámi til 1885 var, eins og sagði í síðustu færslu, rétt rúmlega 15 milljónir og 223 þúsund á núvirði, fyrir utan laun ritnefndar.²³ **Heildarkostnaður Akraneskaupstaðar við ritun Sögu Akraness frá 1987 til dagsins í dag er á núvirði 120.065.065 kr.** Fyrir þessa upphæð fáum við bæjarbúar tvöfalda útgáfu af sögu svæðisins frá landnámi til 1800, þ.e. útgáfu Jóns Böðvarssonar og útgáfu Gunnlaugs Haraldssonar. Virðist ævintýrinu hvergi nærri lokið því á fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árin 2012 og 2013 er gert ráð fyrir 4,2 milljónum hvort ár í söguritunina endalaus.²⁴

En það verður að segja hverja sögu eins og hún gengur og verður aðalpersónan nú leidd fram á sjónarsviðið: Sagnaritarinn sjálfur.

Hjaltason telur að best sé að fjalla um valda einstaklinga en forðast smásmugulega upptalningu jafnvel þótt sagnfræðingar kunni að telja slíkt fræðilegt. Hann sagði: „... ber okkur að vanda málfar og textagerð langt umfram alla þá áherslu sem lögð er á tilvísanaskrár. Auðvitað er krafan um allslags skrár lítið annað en eigin-gjörn ósk okkar sagnfræðinga um að félagar okkar leggi okkur upp í hendur heimildir að eigin verkum. ... Langflestir lesenda hirta ekkert um slíkar skrár, áhugi þeirra beinist allur að kjarnatriðinu, sem er textinn sjálfur, hvort sem hann birtist í grein eða bók. Ritverkið er ekki dæmt eftir neðanmálsnótum heldur þeirri skynsemi sem höfundur sýnir, ritfærni og hvernig honum tekst að færa viðfangsefnið að veruleika lesandans. Þá á ég við þá einföldu staðreynd sem ég hef imprað á áður, að þegar skrifuð er saga þorps eða borgar, héraðs eða þjóðríkis, verður höfundurinn að átta sig á því að það voru einstaklingar er skópu þá sögu ... Ég hef stundum sagt ... að besta kaupstaðasagan væri ævisaga nokkurra vel valinna einstaklinga.“ (Jón Hjaltason. 1997. „Hvernig á að skrifa byggðasögu?“ *Íslenska söguþingið 1997. Ráðstefnurit II*. Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðingafélag Íslands, Reykjavík 1998, s. 293.)

Ég get skoðunar Jóns Hjaltasonar hér vegna þess að hann hefur sjálfur uppskorið mikið hrós fyrir *Sögu Akureyrar* sem hann hefur skrifað í mörgum bindum og vegna þess að Gunnlaugur Haraldsson nefndi einmitt hluta *Sögu Akureyrar* sem æskilega fyrirmynd þegar hann tók við sagnarituninni af Jóni Böðvarssyni árið 1997.

²³ Formaður Ritnefndar um sögu Akraness, Gísli Gíslason bæjarstjóri, þáði ekki laun fyrir fundarsetur. Upphæðir sem greiddar voru í nefndarlaun 1987-1996 liggja ekki fyrir en bent skal á núverandi nefndarlaun sem Akraneskaupstaður borgar, þ.e. að almennur nefndarmaður fær greiddar 9.269 kr. fyrir hvern fund. Ofan á þá upphæð bætast 17,35% launatengd gjöld sem bærinn borgar. Nefndin hélt 29 fundi á þessu tímabili og í henni sátu fjórir almennir nefndarmenn.

²⁴ Upplýsingar um kostnað eru fengnar frá Akraneskaupstað 4. maí 2011.

Gunnlaugur Haraldsson

Hjálmar Gunnlaugur Haraldsson er Austfirðingur en kvæntist konu af Skaganum. Hann stundaði nám í sögu og latínu við HÍ „um tíma veturinn 1973-74“ en lauk fil.kand prófi í Þjóðháttufræði og fornleifafræði við Lúndarháskóla í Svíþjóð 1978. Síðan stundaði hann framhaldsnám í miðaldaforneifafræði við sama skóla 1991-92 en heimild mín, *Æviskrár MA-stúdenta*, hermir ekki hvort hann lauk einhverri formlegri gráðu þá. [Hann skilaði „4. árs prófritgerð“, líklega svokallaðri D-ritgerð sem er hluti af sænskri fil.mag gráðu. Fil.mag er þriggja anna mastersnám, tvær annir í kúrsum og ritgerð að auki. Gráðan samsvarar því ekki íslensku meistaraþrófi, hvorki MA né gömlu cand.mag. gráðunni. Líklega hefur Gunnlaugur ekki lokið nema hluta náms til fil.mag gráðu.]

Gunnlaugur hafði fjölbreytta starfsreynslu, var m.a. kennari við Gagnfræðaskólann á Akranesi 1974-75. Eftir fil.kand próf starfaði hann sem minjavörður Austurlands og forstöðumaður Safnastofnunar Austurlands í rúmt ár en var ráðinn í 3/4 starf sem forstöðumaður Byggðasafns Akraness og nærsveita í Görðum á Akranesi [hér eftir kallað Byggðasafnið] þann 1. nóv. 1979.²⁵ Jafnframt varð hann stundakennari við Brekkubæjarskóla á Akranesi veturinn 1979-1980 og var stundakennari í Þjóðháttufræði við HÍ á árunum 1984-1989.

Gunnlaugur var afar virkur í félagsmálum og stjórnámum hér í bæ (og víðar) á árunum 1980-90. Hann hafði verið formaður Alþýðubandalagsfélags Fljótaldalshéraðs 1978-79 og varð formaður Alþýðubandalagsfélags Akraness og nágrennis 1980. Í stjórn þess félags sat hann í fjögur ár, þar af formaður í 2 ár. Hann var varafulltrúi í bæjarstjórn Akraness 1986-90 og varþingmaður Alþýðubandalagsins í Vesturlandskjördæmi 1987-91. Í *Æviskrám MA-stúdenta* segir að hann hafi setið í ritnefnd um sögu Akraness frá 1987 til júní 1991 en þar er augljóslega rangt farið með því Leó Jóhannesson tók sæti Gunnlaugs í ritnefndinni í júní 1990.²⁶

²⁵ Ráðningu Gunnlaugs Haraldssonar ber að með nokkuð undarlegum hætti miðað við bókanir í fundargerðum stjórnar Byggðasafns Akraness og nærsveita. Á s. 38. í fundargerðarbók hennar segir að fundur sé haldinn „þann október `79 [en dagsetningu vantar] Fundar menn voru eftirtalin: Þórarinn Ólafsson, Sveinn Guðmundsson, Ragnheiður Þórðardóttir, Þorsteinn Jónsson og Anton Ottesen.“

Aðalmál fundarins var hvort „tímabært væri að ráða forstöðumann að safninu.“ Kemur fram að til þessa hafi fjárhagur verið of þröngur til svo mætti verða en nú sé að rætast úr „en spurning væri hvort hér yrði um að ræða heilt eða hálf starf. ... Samþ. var að fela framkvæmdastj. að athuga fjárhagsgrundvöll fyrir að ráða starfsmann að safninu og ef sú athugun yrði jákvæði skildi [svo] auglýsa eftir þjóðháttarfræðing [svo] til starfsins.“ (s. 38-39 í fundargerðabók.)

Á síðu 39 er síðan límdur gulur miði neðan við fundargerðina. Hann er dagsettur 22.10. `79 og á honum stendur:

„Gunnlaugur Haralds ráða hann.
3/4 stöðu frá 1/11 `79.
Sveini falið að tala við hann-
laun 300.000 -
Tekjur áætlaðar `79 6,000,000 -
Ákveðið að auglýsa
eftir þjóðháttarfræðing.
Sveinn taki á móti upplýsingum.“

Fundargerðina í október ritaði Anton Ottesen og sama rithönd virðist vera á litla gula miðanum.

²⁶ Upplýsingar um Gunnlaug Haraldsson og beinar tilvitnanir eru úr *MA-stúdentar 1973. Æviskrár MA-stúdenta* V. Ritsstjóri Gunnlaugur Haraldsson. Steinholt 1994, s. 496-497.

Þegar Gunnlaugur skrifaði undir samning um sagnaritun fyrir Akraneskaupstað, þann 23. apríl 1997, voru ritverk hans fyrir utan námsritgerðir, greinar í blöð og stutta bæklinga eða texta í ljósmyndabækur um Akranes: *Æviskrár MA-stúdenta I-V*; *Lögfræðingatal 1736-1992 I-IV* og *Viðskipta-og hagfræðingatal 1877-1997 I-III* Gunnlaugur var ritstjóri þessara rita. *Æviskrár MA-stúdenta* vann hann frá grunni en stéttartölin eru öll endurskoðaðar útgáfur eldri stéttartala. Enn eitt ámóta stéttartalið í ritstjórn Gunnlaugs kom út seint á árinu 1997, þ.e. *Tannlæknatal 1854-1997* (og raunar dróst útgáfa síðasta bindis *Lögfræðingatals* sennilega þar til seint á árinu 1997).



Eina bók hafði Gunnlaugur ritað, *Akranes Kirkja 1896-1996 ásamt ágripi af sögu Garða og Garðakirkju á Akranesi*. Útgefandi var Akranes Kirkja og bókin kom út í ágúst 1996, á aldarafmæli kirkjunnar. Ég fann einungis einn ritdóm um bókina.²⁷

Tildrög þess að Gunnlaugur Haraldsson var ráðinn af sóknarnefnd Akranes Kirkju til að skrifa sögu hennar eru mér ekki kunn. Hann var í fullu starfi sem forstöðumaður Byggðasafnsins auk þess að vinna meðfram að ritstjórn stéttartala ýmiss konar, eins og áður hefur verið rakið. Um miðjan maí 1995 hafði Gunnlaugur Haraldsson ákveðið að fara í launalaust leyfi frá starfi sínu á Byggðasafninu, að sögn vegna ritstarfa fyrir sóknarnefnd Akranes Kirkju.²⁸

²⁷ Sjá: Sigurjón Björnsson. „Kristnihald á Skaga“ í Morgunblaðinu 18. september 1996. Í frétt af ráðningu Gunnlaugs sem sagnaritara, „18 milljónir í ritun sögu Akraness“, DV 28. apríl 1997, segir að Gunnlaugur hafi „til dæmis skrifað sögu Akranes Kirkju og farist það afburðavel úr hendi.“ Þar er vitnað í einhverja ónafngreinda bæjarstjórnarmenn, ekki þó fulltrúa sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn.

Saga Akranes Kirkju var síðan endurrituð í *Kirkjum Íslands* 13. bindi, sem Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd, Biskupsstofa og Borgarfjarðarprófasdæmi stóðu að og kom út 2009. Sérprentið sem ég á úr þessu bindi, *Akranes Kirkja*, er gefið út af Hinu íslenska bókmenntafélagi og höfundar eru Björk Ingimundardóttir, Sigríður Björk Jónsdóttir, Lilja Árnadóttir, Guðmundur L. Hafsteinsson og Gunnar Bollason. Þessi útgáfa er mun áreinnilegri fyrir leikmann utan Þjóðkirkju (eins og ég er) því bók Gunnlaugs er að stórum hluta saga sóknarnefnda og starfsfólks kirkjunnar, auk ítarlegrar forsögu sem ég hef reyndar lesið víðar áður, t.d. í *Akranes. Frá landnámi til 1885* Jóns Böðvarssonar. Hafi menn einungis áhuga á sögu þessarar gullfallegu kirkju og gripum hennar, en minni áhuga á smáatriðum og sóknarnefnd, er *Akranes Kirkja* ólíkt þægilegri; styttri, skorinorðari og fallegri. Það er auðvitað fráleitt að bera útlit svo misgamalla bóka saman, báðar eru reyndar prentaðar á vandaðan pappír en í nýrri sögunni er mikið af litmyndum en fáar slíkar í bók Gunnlaugs enda var litprentun eitthvað dýrari þegar sú bók kom út. Það litla sem hægt er að segja í samanburði mynda er að augljóst er að ekki hefur verið mikið lagt í myndvinnslu í bók Gunnlaugs (þótt sú tækni hafi verið sáemilega aðgengileg 1997). Það sést m.a. með því að bera saman gamlar myndir í báðum bókunum, t.d. mynd Sigfúsar Eymundssonar, merkt þjms. SEy 81. Hún er afar vel unnin á s. 18 í *Akranes Kirkju* en algerlega óunnin á s. 144 í bók Gunnlaugs.

Ritnefnd af hálfu sóknarnefndar Akranes Kirkju, sem starfaði með Gunnlaugi að *Akranes Kirkju 1896-1996 ásamt ágripi af sögu Garða og Garðakirkju á Akranesi*, var skipuð Braga Þórðarsyni, Þjóðbírní Hannessyni og Þorgils Stefánssyni. Enginn úr ritnefnd skrifar formála heldur hefst bókin á formála söguritara, Gunnlaugs Haraldssonar, ávarpsorðum eftir herra Ólaf Skúlason biskup Íslands og ávarpsorðum sr. Björns Jónssonar sóknarprests. Í þeim eina ritdómi sem ég fann og gat hér að ofan er lýsing á efni bókarrinnar.

²⁸ Sjá fundargerð Menningarmála-og safnanefndar Akraneskaupstaðar 18. maí 1995. Um þetta ber heimildum ekki alveg saman því í *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1995 segir á s. 152*: „Gunnlaugur Haraldsson safnstjóri fékk launalaust leyfi frá 1. ágúst en sagði síðan starfi sínu lausu í desember. Var Guttormi Jónssyni, sem starfað hefur lengi við safnið, falið að veita því forstöðu um sinn.“ Í fréttinni „Byggðasafn Akraness: Forstöðumaðurinn var kominn í annað starf“ í DV 15. desember 1995 segir: „Í frétt um Byggðasafn Akraness hér í blaðinu 12. desember kom fram að Gunnlaugur Haraldsson hefði sagt starfi sínu lausu frá og með 5. des. sem forstöðumaður safnsins. Gunnlaugur hefur verið í launalausum fríi hjá Byggðasafninu frá 1. september og var fyrir allnokkru búinn að taka ákvörðun um að segja upp starfi sínu sem forstöðumaður safnsins enda kominn í annað starf. Hann sagði því ekki upp starfi sínu vegna skýrslu endurskoðanda byggðasafnsins.“ (Vísað er í fréttina „Deilur um reikninga byggðasafnsins“ á baksíðu DV þann 12. des. 1995.)

Á fundi Menningarmála- og safnanefndar Akraneskaupstaðar líklega þann 5. Desember 1995 er fyrsta mál á dagskrá bréf frá Gunnlaugi Haraldssyni þar sem hann segir upp starfi sínu sem forstöðumaður safnsins. Síðar á sama fundi er bókað: „Bréf frá Endurskoðunarskrifstofu Jóns Þórs Hallssonar sem hefur yfirfarið reikninga safnsins frá jan-okt 1995. Þar er bent á að útlit sé á að verulega verði farið fram úr áætlun. Gunnlaugur Haraldsson taldi skýringu á þeim mismun sem fram kemur stafa af því hvernig færslur færu fram hjá aðalbókara.“ Síðan var samþykkt að til að fá botn í málið myndu formaður Menningarmála- og safnanefndar, Guðrún Geirsdóttir, Eirný Valsdóttir sem sat í nefndinni og Gunnlaugur Haraldsson ganga á fund aðalbókara. Ég leitaði í næstu fundargerðum Menningarmála- og safnanefndar til að reyna að finna hvort niðurstaða hefði fengist í þessu máli en fann ekkert bókað meir um það.²⁹

Gunnlaugur var því líklega í aðalstarfi við að skrifa bókina um Akranes-kirkju frá því sumarið 1995 til þess er bókin kom út seint í ágúst 1996. Eftir það vann hann að ritun nokkurra stéttartala, sem áður var getið.

Fótnóta færð úr færslunni Saga Sögu Akraness XV:

Hvers vegna ritnefnd sóknarnefndar Akraneskirkju ákvað að ráða sannfærðan og harðskeyttan Alþýðubandalagsmann, sem var ekki kunnur af neinum sagnfræðiskrifum, til verksins er nokkur ráðgáta. Sjálfur segir Gunnlaugur Haraldsson í formála þessarar bókar: „Á vordögum 1995 fór ritnefndin þess á leit við mig að ég ritaði sögu kirkjunnar. Til þess vandasama verks gekk ég þó með hálfum huga, enda alls ófróður um íslenska kirkju-sögu, svo og almennt safnaðarstarf á vegum Akraneskirkju fyrr og síðar.“ (s. 7.) Í ritnefnd sóknarnefndarinnar sátu þrjú menn, þ.á.m. Þjóðbjörn Hannesson, formaður sóknarnefndar.

Eftir því sem ég best veit fylgdi Þjóðbjörn framsóknarflokknum að málum en hann er reyndar bróðir Guðbjarts Hannessonar, núverandi velferðarráðherra en þáverandi bæjarstjórnarmanns á Akranesi, fyrir Alþýðubandalagið. Á [lista Alþýðubandalagsins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 1994](#) má sjá myndir af nokkrum persónum sem áður hafa verið nefndar í rakningu sögu *Sögu Akraness*, t.a.m. Guðbjarti Hannessyni, Sveini Kristinssyni, núverandi forseta bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, Ingunni Önnu Jónasdóttur, systur Árna Múla Jónassonar núverandi bæjarstjóra og eiginkonu Engilberts Guðmundssonar sem varði Gunnlaug dyggilega snemma á níunda áratug síðustu aldar (sjá [SSA II](#)), Guðrúnu Geirsdóttur, sem varð svo formaður Menningarmála- og safnanefndar bæjarins, auk náttúrlega Gunnlaugs sjálfs.

Eins og kom fram í færslunni [SSA IV](#) uppgötvaðist einhvers konar bókhaldsóreiða eða fjármálaóreiða í rekstri Byggðasafnsins við yfirferð reikninga safnsins frá janúar til október. Þetta kom til tals á fundi sem er ódagsettur í fundargerðarbók Menningarmála- og safnanefndar en hefur væntanlega verið haldinn 5. desember 1995: „Bréf frá Endurskoðunarskrifstofu J.Þ.H. sem hefur yfirfarið reikninga safnsins frá jan-okt. '95. Þar er bent á að útlit sé á að verulega verði farið fram úr áætlun. Gunnlaugur Haraldsson taldi skýringu á þeim mismun sem fram kemur þar, stafaði [svo] af því hvernig færslur færu fram hjá aðalbókara.“ [Líklega er þarna vitnað í bréf Gunnlaugs Haraldssonar því sjálfur var hann ekki viðstaddur fundinn, skv. undirritunum fundarmanna.] Þann 20. janúar 1996 fundaði framkvæmdastjórn Byggðasafnsins með bæjarritara. Þar var m.a. bókað: „Eigendur greiði með sérstöku framlagi á þessu ári yfirdrátt á tékkareikningi, skuld við Bæjarsjóð Akraness og viðskiptaskuldir í réttu hlutfalli við framlög eigenda til rekstrar.“ Þann 7. febrúar 1996 er bókað á fundi stjórnar Byggðasafnsins: „Eignaraðilar komi sér saman um að greiða upp skammtímaskuldir safnsins að upphæð kr. 7.710.406,00 í sömu hlutföllum og framlög þeirra hafa verið á undanförunum árum. Framlag þetta verði fært undir árinu 1995 og ársreikningur safnsins verði tekinn upp og leiðréttur í samræmi við þessa niðurstöðu.“ [7,7 milljónir árið 1995 samsvarar um 17 milljónum á núvirði miðað við vísitölu neysliverðs í maí 1995 og maí 2011.] Á sama fundi var ákveðið að semja við Akraneskaupstað „um að kaupstaðurinn tæki að sér allar fjáreiður og bókhald safnsins [...] Fastari reglur verði settar um eftirfylgni fjárhagsáætlunar á hverjum tíma, þannig að forstöðumanni verði ekki heimilt að stofna til kostnaðar umfram samþykktu fjárhagsætlun á hverjum tíma [...] Stjórn Byggðasafnsins og forstöðumanni verði óheimilt að stofna til skulda við lána-stofnanir og viðskiptaaðila í nafni safnsins ...“

Gunnlaugur Haraldsson fór í launalaust leyfi til að skrifa sögu Akraneskirkju í maí árið 1995 og sagði lausu starfi sínu sem forstöðumaður Byggðasafnsins með bréfi sem lagt var fram á sama fundi og bréfið frá endurskoðendunum var tekið fyrir, líklega þann 5. desember 1995.

Það er áhugavert að skoða tengsl fólksins sem kemur við sögu í þessari neðanmálsgrein en skv. frétt sem krækt er í úr [SSA IV](#) var ráðning Gunnlaugs sem sagnaritara kirkjunnar og uppsögn hans algerlega ótengd þessari miklu fjármálaóreiðu á Byggðasafninu árið 1995.

²⁹ Í stjórn Menningarmála- og safnanefndar sátu Guðrún Geirsdóttir, Jósef H. Þorgeirsson, Hörður Pálsson, Eirný Valsdóttir og Ástríður Andrésdóttir.

Á fundi Ritnefndar um sögu Akraness seint í febrúar 1997 (30. fundi) tilkynnti Gísli Gíslason, formaður nefndarinnar og bæjarstjóri Akraneskaupstaðar, að Jóni Böðvarssyni hefðu verið send samningsdrög um starfslok. Þá hefur þegar verið rætt við Gunnlaug Haraldsson um að taka að sér áframhaldandi vinnu við verkið því hann mætti á þennan fund, lagði fram yfirlit yfir umfang og tímасkeið átján annarra byggðasagna og „Gunnlaugur lagði einnig fram drög að efnisskrá fyrir þrjú bindi að Sögu Akraness.“ Nefndin fór yfir drög að verkáætlun fyrir verkið og ræddi um ýmsa þætti sem vörðuðu útgáfu. Gísli var falið að vinna áfram að málinu.³⁰

Þann 22. apríl 1997 samþykkti bæjarstjórn Akraness að ráða Gunnlaug Haraldsson til að ljúka ritun sögu Akraness³¹ og daginn eftir skrifuðu þeir Gísli Gíslason bæjarstjóri og Gunnlaugur Haraldsson undir „Samning um ritun Sögu Akraness“.

Um þennan samning, efndir hans og fleira verður fjallað í næstu færslu.

³⁰ Í Ritnefnd um Sögu Akraness sat sami kjarni yngra fólks og áður er getið, Gísli Gíslason, Hrönn Ríkharðsdóttir og Leó Jóhannesson. Í stað Valdimars Indriðasonar sem lést árið 1995 hafði sest Jósef H. Þorgeirsson, sem mætti á sinn fyrsta fund þann 5. sept. 1995 (26. fund ritnefndarinnar) og Ólafur J. Þórðarson sat enn í nefndinni. Í neðanmálgreinum 2 og 3 við síðustu færslu, [Nefndarmenn lýstu skoðun sinni](#), var fjallað um hversu nán fjölskyldubönd þeirra Gísla, Hrannar og Leós eru. Við þetta má bæta hversu nánir þeir Leó og Gunnlaugur Haraldsson voru:

Leó og Gunnlaugur Haraldsson eru jafngamlir, báðir fæddir 1951. Leó útskrifaðist úr MA árið 1972, Gunnlaugur árið 1973. Þeir stunduðu báðir nám við Háskólann í Lundi á árunum 1975-'78 (Leó hóf sitt nám þar 1974). Leó útskrifaðist með fil.kand próf í sagnfræði og uppeldisfræði og Gunnlaugur með fil.kand próf væntanlega í þjóðháttufræði (hann lærði þjóðháttufræði og norræna fornleifafraeði frá 1975 í Lundi) árið 1978. Sjá „MA-stúdentar 1972“ og „MA-stúdentar 1973“ í *Æviskrám MA stúdenta V*, s. 411-412 og s. 495-497. Ritstjóri Gunnlaugur Haraldsson. Steinholt 1994 og *Kenntaratal á Íslandi V*, s. 521, útg. 1988. Sænsk fil.kand gráða er lægsta háskólagráða í húmanískum greinum, samsvarar íslenskri BA gráðu. Yfirlitt ljúka menn henni á þremur árum.

Það er frekar líklegt að þessi tveir hafi tekið einhvern þátt í starfi „Félags þjóð- og fornleifafraeðinema“, sem minnst var á í fyrstu færslu um sögu Sögu Akraness, [Á Skaganum „hafa aldrei búið neinir fyrirtaksmenn hvorki í orði né verki“](#), þótt hvorugur geti þess í *Æviskrám MA-stúdenta V*. Og það er meir en líklegt að báðir hafi smitast af hugmyndum sem lágu að baki stofnun þessa félags á sínum tíma, sem m.a. voru að íslenskar sagnfræði-, þjóðfræði- og fornleifafraeðirannsóknir til þessa hefðu verið fúsk og ekki byggðar á rétttri hugmyndafræði (sjá tilvitnanir í yfirlýsingar hópsins sem vann að svæðisrannsókn sunnan Skarðsheiðar o.fl., í tilvísanaskrá við sömu færslu). Hugsanlega hefur eimt eftir af þessum hugmyndum meðal námsmanna í Lundi eitthvað áfram. Mér er ekki kunnugt um hvenær Hrönn Ríkharðsdóttir stundaði sitt nám við Lunda Háskóla (hún er fædd 1954) eða hvaða gráðu í sögu hún lauk þar og get því ekkert fullyrt um hennar söguþyn.

Leó tók á sínum tíma sæti Gunnlaugs í Ritnefnd um Sögu Akraness. Báðir sátu í nefndinni fyrir Alpýðubandalagið.

³¹ Á þessum 843. fundi bæjarstjórnar Akraness 22. apríl 1997 greiddu Guðbjartur Hannesson, Sveinn Kristinsson, Guðmundur Páll Jónsson, Gunnar Sigurðsson, Sigríður Gróa Kristjánsdóttir, Pétur Ottesen, Ingvar Ingvarsson og Bryndís Tryggvadóttir öll atkvæði með því að gera samninginn við Gunnlaug Haraldsson. Sigríður Guðmundsdóttir greiddi atkvæði á móti.

Leggur ekki nafn sitt við bókartötur sem rumpað er saman á skömmum tíma

Saga Sögu Akraness V

17. maí 2011 kl. 23.13

Titill færslunnar er óbein tilvitnun í orð Gunnlaugs Haraldssonar um eigin sagnaritun í bréfinu „[Meint ritstífla brestur](#)“ á umræðuþræði Akraneskaupstaðar 25. febrúar 2005.



Það virðist nokkuð augljóst að upp úr áramótum 1997 voru einhverjir ráðamenn í bænum búnir að ákveða að ráða Gunnlaug Haraldsson sem arftaka Jóns Böðvarssonar í sagnaritun. Á þeim tíma var Gunnlaugur atvinnulaus, einungis með einhver verkefni í stéttartalaritun og ritun *Æviskráa MA-stúdent*a. Á fyrsta fundi ritnefndar það ár, þann 23. febrúar, kemur fram að rætt hafi verið við Gunnlaug um að taka við sagnarituninni. Gunnlaugur mætti enda sjálfur á fundinn og lagði fram hugmyndir sínar og Gísli Gíslason, formaður ritnefndar, tilkynnti að Jóni Böðvarssyni hefðu verið send samningsdrög um starfslok.

Nýlega staðfesti Gunnlaugur enn og aftur sjálfur að ritnefndin hafi átt upptökin að ráðningu hans: „Árið 1997 leitaði sögunefnd Akraness til mín um að ljúka því skrefi sem stigið hafði verið með bók Jóns og þrjúna við hana samantekt mína“³² en aftur á móti hefur eitthvað skolast til hjá honum með hvaða hætti það bar: „Fyrst nokkrar sögulegar staðreyndir: Árið 1997 kom ritnefnd að máli við mig og falaðist eftir því að ég tæki að mér að halda áfram því verki sem Jón Böðvarsson cand. mag. og fyrrum skólameistari hóf 10 árum fyrr, en hafði þá nýlega sagt sig frá.“³³ Eins og margoft hefur komið fram í fyrri færslum skrifaði Jón Böðvarsson undir samkomulag um starfslok þann 24. mars 1997. Gunnlaugur mætti hins vegar galvaskur á fund Ritnefndarinnar mánuði fyrr og var þá búinn að skipuleggja sagnaritun sína í talsverðum

³² „Það þýðir ekkert hér um bil við ritun sögunnar. Spjallað við Gunnlaug Haraldsson ritara Sögu Akraness“. *Skessuhornið* 13. apríl 1997, s. 14. Jón Böðvarsson skrifaði undir samkomulag um starfslok þann 24. mars 1997. En frétt um að Jóni hefði verið sagt upp birtist talsvert fyrr, í *DV* 12. mars 1997 („[Söguritari sagt upp](#)“). Nokkur Þórðargleði skín í gegnum fyrirsögn *Skagablaðsins* tveimur dögum eftir að Jón skrifaði undir samninginn: „[Skrásetjarinn settur af](#)“ (Sjá *Dagur-Tíminn* 26. mars 1997) og má velta fyrir sér hvaðan slík gleði var ættuð. Orð Gísla Gíslasonar á [umræðuþræði Akraneskaupstaðar 23. febrúar 2005](#) eru illskiljanleg í þessu ljósi: „Ekki ætla ég að fara að rifja hér upp ritferil Jóns Böðvarssonar - en til að fyrirbyggja misskilning þá óskaði hann eftir lausn frá samningi sínum og því var það ekki á hendi bæjarins að halda við þann samning.“

Mikil hamingja virðist hafa ríkt yfir ráðningu hins nýja sagnaritara skv. fréttum. Gunnlaugur var sagður „maður öllum hnútum kunnugur ... hefði til dæmis skrifað sögu Akraneskirkju og farist það afburðavel úr hendi“ („[18 milljónir í ritun sögu Akraness](#)“. *DV* 28. apríl 1997), „... er Akurnesingum að góðu kunnur fyrir farsæl störf um árabíl við Byggðasafn Akraness og nærsveita og fyrir vandað verk við ritun sögu Akraneskirkju, svo nokkuð sé nefnt.“ („[Ritun sögu Akraness](#)“. *Morgunblaðið* 30. apríl 1997.)

³³ Gunnlaugur Haraldsson. „[Meint ritstífla brestur](#)“. Umræðuþráður Akraneskaupstaðar þann 25. febrúar 2005.

smáatriðum; lagði fram drög að efnisskrá fyrir þrjú bindi af Sögu Akraness á fundinum.

Í síðustu færslu voru rifjuð upp nán fjölskyldutengsl meirihluta ritnefndarinnar og nán tengsl eins úr þeim meirihluta við Gunnlaug Haraldsson. Sé þetta haft í huga og að Gunnlaugur var svo sem hvorki atvinnumaður í sagnaritun né vel menntaður í sagnfræði er ekki óeðlilegt að hvarfli að manni að þarna hafi meirihlutaklíkan í ritnefndinni ráðið vin sinn til starfa enda maðurinn atvinnulaus. Þótt hugdettan sé ekki óeðlileg eru svoleiðis vinnubrögð afar óeðlileg, ámælisverð og í rauninni ótrúlegt að bæjarstjórn skuli hafa samþykkt tiltækið.³⁴ Af hverju í ósköpunum auglýsti bærinn ekki starf sagnaritara og valdi úr umsóknum eftir menntun og reynslu?

Samningurinn fyrsti

Akraneskaupstaður og Hjálmar Gunnlaugur Haraldsson gerðu með sér samning um ritun sögu Akraness þann 23. apríl 1997.

Í samningum kemur fram að bærinn felur Gunnlaugi að rita þriggja binda sögu Akraness sem nái yfir tímabilið 1700-2000.³⁵ Áætlað var að hvert bindi yrði 450-500 síður „í stóru broti“ [fram kemur að átt er við A-4 stærð eða aðeins minna en það] (7. gr.).

Í ljósi þess sem síðar varð er þriðja grein samningsins kannski merki- legust og mikilvægust. **Samningurinn var tímabundinn:** „Verkið hefst þann 1. apríl 1997 og skal lokið eigi síðar en 30. september 2001.“ Í sömu grein er kveðið á um í hvers konar standi eigi að afhenda handrit og skiladagar einstakra binda eru fastsettir.³⁶ Jafnframt eru ákvæði um að **verði dráttur á skilum skuli stöðva greiðslur til söguritara.**

Riftunarákvæðið í 3. grein hlýtur að hafa gilt til loka nóvember 2006 því aðrir samningar sem voru síðar gerðir við Gunnlaug Haralds-

³⁴ Enn ótrúlegra er það aðstandandahlutverk sem Ritnefndin og bæjarstjórn léku seinna árum saman, þegar ljóst varð að sagnaritarinn skilaði litlu sem engu. Á Akranesi var ekki bleikur fíll í stofunni: Bleiki fillinn dvaldi á grænum engjum hugvísindanna!

³⁵ Þetta kemur fram í 1. gr. samningsins. Þar er einnig kveðið á um „efnisskipan í aðalatriðum“. Sú efnisskipan er það nákvæmlega tíunduð að þetta hljóta að vera tillögur Gunnlaugs sjálfs sem hann lagði fram á fundi Ritnefndar um sögu Akraness í febrúar 1997 (á 30. fundi nefndarinnar).

Í grófum dráttum var skiptingin þannig: Fyrsta bindi skyldi fjalla um byggðasögu 1700-1900, annað bindi um atvinnuhætti og hagsögu 1900-2000 og hið þriðja um félags- og menningarsögu 1900-2000. Ekki verður séð af efnisskipan af hverju þótti nauðsynlegt að endurrita um tímabilið 1700-1885, sem Jón Böðvarsson hafði gert skil í *Akranes. Frá landnámi til 1885*. En Gunnlaugur Haraldsson skrifaði í bréfinu „[Meint ritstífla brestur](#)“ á umræðuþræði Akraneskaupstaðar þann 25. febrúar 2005: „Í öðru lagi þótti mér að í bók Jóns hefði verið skautað býsna glannalega yfir fjölmarga þætti sögunnar, að því marki sem ég taldi mig þá þekkja til hennar, - einkum á 18. og 19. öld, - heimildanotkun og efnistösk einnig gjörólík því sem ég myndi sjálfur kjósa“ svo nokkuð örugglega er þessi hugmynd um endurskrif komin frá Gunnlaugi sjálfum.

Eftir tiltölulega smásmugulega upptalningu samningsins á efnisþáttum (sem líkist efnisgrind að skólaritgerðum) segir: „Framangreind efnisskrá er ekki tæmandi og mun því í meðförum höfundar og ritnefndar, sem Akraneskaupstaður skipar, taka einhverjum breytingum meðan á vinnu við söguritun stendur.“ Það er óvenjulegt að þessi klausa í 1. gr. samningsins varð að áhrinsorðum. Ath. að ekki skyldi rugla saman „efnisskrá“ og þeim bindum sem áskilið var að skyldi skilað.

³⁶ Fyrsta bindi skyldi skila eigi síðar en 1. október 1999; öðru bindi eigi síðar en 1. október 2000 og þriðja bindi eigi síðar en 1. október 2001.

son voru viðbótarsamningar við hinn upphaflega.³⁷ Í samningnum segir: „ ... ef vanefndir teljast verulegar á verktímanum er Akraneskaupstað heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja höfund um þær greiðslur, sem þegar hafa verið inntar af hendi.“³⁸ Eins og öllum er kunnugt voru vanefndir gífurlegar og raunar hefur Gunnlaugur ekki enn skilað nema brotabroti af því verki sem hann tók að sér með undirritun þessa samnings.³⁹ Hvers vegna aldrei hefur verið látið reyna á þetta ákvæði er mér ráðgáta. Núna, rúmum fjórtán árum eftir að samningurinn var gerður, er mögulegt að lögfræðingar teldu riftunarákvæðið ógilt vegna tómlætis verkkaupa (Akraneskaupstaðar) en það væri vissulega gaman að fá álit lögfróðra manna á þessu.

Vert er að geta síðasta ákvæðisins í 3. grein, einnig í ljósi sögunnar: „Höfundur mun hafa ritun sögu Akraness að meginverkefni meðan á gildistíma samningsins stendur og mun hann ekki taka að sér verkefni, sem leitt getur til þess að verkefnum samkvæmt þessum samningi verði ekki sinnt.“ Sömuleiðis get ég ekki séð að þetta ákvæði hafi fallið úr gildi. Söguritari vann seinna að mýgrút annarra verkefna meðan hann gerði hvern viðbótarsamninginn á fætur öðrum við Akraneskaupstað, eins og fjallað verður um síðar.

Greiðslur til höfundar eru tíundaðar í 4. grein. Fyrir allt verkið átti hann að fá 14,9 milljónir sem skiptust þannig: Við undirritun samnings fékk söguritari 5% upphæðarinnar, 745.000 kr. en væri síðan á föstum 206.574 kr. mánaðarlaunum í fjögur og hálf ár (54 mánuði, frá 1. apríl 1997 út september 2001). Upphæðin var verðtryggt og skyldi uppfærast einu sinni á ári. Þetta voru verktakagreiðslur, þ.e.a.s. var innifalinn í þeim kostnaður vegna launatengdra gjalda.⁴⁰ Við skil á hverju handritanna þriggja sem ritnefnd samþykkti átti Gunnlaugur síðan að fá eina milljón. Sú upphæð var einnig verðtryggt.

Gunnlaugur skyldi leggja til alla vinnuáætlun og áhöld til ritunar verksins en Akraneskaupstaður endurgreiða honum kostnað við ljósritun og ferðir innanlands. (5. gr.)

³⁷ 30. nóvember 2006 var svo skrifað undir nýjan grunnsamning Akraneskaupstaðar og Gunnlaugs Haraldssonar og í honum var einnig riftunarákvæði, sjá Sögu Sögu Akraness IX.

³⁸ Jafnframt segir í riftunarákvæði: „Akraneskaupstað er einnig heimilt að stöðva greiðslur til höfundar ef einhverjar ástæður verða til þess að höfundur verður ófær um að sinna verkinu eða að ritnefnd telur að verkáætlun samkvæmt 6. grein samningsins standist ekki í svo veigamiklum atriðum að varði annað hvort riftun samningsins eða frestun greiðslna þar til úr hefur verið bætt.“

Í verkáætlun í 6. grein samningsins er talið upp að heimildaöflun fyrir allt verkið skuli standa frá apríl 1997 til janúar 1999; ritun 1. bindis hefjist þá og verði lokið „eigi síðar en ágúst-sept. 1999“; þá hefjist ritun 2. bindis sem verði lokið í ágúst -september 2000 og loks er reiknað með að ritun 3. bindis verði lokið í ágúst-sept. 2001 svo verklok verði 1. október það ár (sbr. 3.gr.). Öll bindin komi út í einu árið 2001.

³⁹ Þann 18. janúar 2011 afhenti Gunnlaugur Haraldsson Árna Múla Jónassyni bæjarstjóra Akraneskaupstaðar fyrri tvö handritin af verki sínu. Þau komu út ekki á morgun heldur hinn, undir nöfnunum *Saga Akraness. 1. bindi. Frá landnámi til 1700* og *Saga Akraness. 1. bindi. Átjándi öldin*.

⁴⁰ Miðað við að launategnd gjöld séu um 20% voru mánaðarlaun Gunnlaugs án launatengdra gjalda um 170.000. Í apríl 1997 voru meðaldagvinnulaun framhaldsskólakennara 110.483 kr. Í þann tíð unnu framhaldsskólakennarar mikla yfirvinnu og var meðaltal heildarmánaðalauna þeirra á sama tíma 182.945 kr. Inni í þessu meðaltali eru laun stjórnenda í framhaldsskólum, annarra en skólameistara, sem kann að hækka tölur eitthvað. Sjá „BHM hópur 2 (HÍK/F)“ *Fréttabréf KOS nr. 18, júní 1998*, s. 22. Útg. Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna. Gunnlaugur hefur skv. þessu þegið meðallaun framhaldsskólakennara með talsverða yfirvinnu í 54 mánuði. Ofan á það áttu síðan að bætast veglegar árangurstengdar greiðslur.

Samskipti við ritnefnd og vinnulag Gunnlaugs í sagnarituninni

Samskipti Ritnefndar um sögu Akraness [hér eftir kölluð Ritnefndin] og Gunnlaugs Haraldssonar voru ólíkt ljúfari en samskipti sömu nefndar og Jóns Böðvarssonar höfðu verið. Á þeim tíma sem Gunnlaugur vann eftir þessum fyrsta samningi hélt nefndin fjórtán fundi. [Fundargerðir hennar eru aðgengilegar á vef Akraneskaupstaðar frá 15. febrúar 2001](#) en til hægðarauka hef ég tekið saman [aðalatriði þessara fjórtán funda í töflu](#) sem ég mæli með að áhugasamir unnendur sögu *Sögu Akraness* skoði.

Svo sem fyrr var nefnt var Ritnefndin sennilega löngu búin að ákveða að ráða Gunnlaug áður en samningur bæjarins við hann var formlega gerður. Hann byrjaði ekki með tvær hendur tómar því á fyrsta fundi eftir undirritun samnings (31. fundi, maí 1997) afhenti Gísli Gíslason honum ýmis gögn frá Jóni Böðvarssyni, þar á meðal handrit að 2. bindi sögu Jóns, sem vantaði eitthvað á og nefndin var ekki sátt við.

Gunnlaugur lagði fram heilmikið af hugmyndum, áætlunum og listum, ásamt „hugleiðingum“ sínum „um vinnu sína“, á árunum 1997-98. Árið 1999 skilaði hann loks einhverju, þ.e. drögum að efnisyfirliti fyrsta bindis, skv. fundargerð 13. október 1999 (37. fundur). Í samningnum var áskilið að hann skilaði handriti að fyrsta bindi fyrir 1. október 1999. Þessi vanskil virðast ekki valda Ritnefndinni neinum sérstökum áhyggjum, það er ekki fyrr en um mitt næsta ár, í júní 2000, sem er bókað: „Tímaáætlun er um einu ári á eftir áætlun en stefnt er að því að vinna þann tíma upp og leggja fram handritið af 1. bindi á haustdögum eða í vetrarbyrjun.“ Svo varð ekki heldur lét sagnaritari duga að leggja fram „sýnishorn af efni sem yrði í 1. bindi“ og „tillögu að framsetningu á því sem gert verður“, í lok nóvember 2000 (39. fundur). Nefndin er ekkert að böggja hann á þeim fundi heldur „... lýstu [nefndarmenn] almennt yfir jákvæðu viðhorfi til þeirrar framsetningar sem Gunnlaugur kynnti. Fram komu einnig athugasemdir um að nauðsynlegt væri að ljúka vinnu við 1. bindi sem fyrst og hefja vinnu við 2. og 3. bindi.“ Raunar átti Gunnlaugur að vera búinn að skila 2. bindi fyrir 1. október þetta ár og 1. bindi meir en ári áður.

Það er óskiljanlegt hvernig Ritnefndin bregst eftirlitshlutverki sínu gersamlega eins og rakið hefur verið. Hún virðist hafa einhverja glýju í augum þegar vinnubrögð Gunnlaugs ber á góma. E.t.v. hafa nefndarmenn trúað því í alvöru að hann bæri miklu betra skynbragð á sagnaritun en Jón Böðvarsson, þrátt fyrir að vera miklu minna menntaður og með miklu minni reynslu. Kannski voru þetta eftirhreytur af hugmyndafræði (öllu heldur sjálfsdýrkun) íslenskra námsmanna í Lundi á áttunda áratugnum, kannski tókst sagnaritaranum sjálfum svona vel að sannfæra nefndina.

Skoðanir hans sjálfs á hvernig skuli rita byggðasögu eru skýrar:

Gunnlaugur segir að í raun séu um tvær leiðir að velja við ritun héraðssögu. Önnur leiðin, og sú auðveldari, sé að einskorða hana við samantekt og úrvinnslu á því ritaða og prentaða efni sem þegar liggur fyrir. Með þeirri aðferð sé þó litlu sem engu aukið við það sem áður var vitað og því efamál hvort slík útgáfa þjóni einhverjum tilgangi. Hin leiðin sé að afla frumheimilda eins og kostur er og ráðast í metnaðarfullt og krefjandi starf, þar sem leitast er við að rifja sem best upp löngu

gleymda sögu. Gunnlaugur segir að þá þýði ekkert „hérumbil“ og fara verði alla leið í þeim efnum, reyna að víða að sér öllum þeim gögnum sem fyrirfinnast.⁴¹

þarf náttúrliga enginn að fara í grafgötur um að Gunnlaugur hefur kosið erfiðari leiðina í sinni sagnaritun. Árið 2005 orðaði hann álit sitt enn skýrar (þá orðinn 4-6 árum á eftir áætlun með verkið, eftir því hvernig á það er litið):

Þetta er því miður ekki einsdæmi sögu íslenskrar sagnaritunar, heldur öllu fremur sígild og bitur reynsla nær allra þeirra sveitarfélaga, fyrirtækja og annarra aðila sem fyrr og síðar hafa ráðist í að láta skrá lítt eða ekki rannsökuð efni eða sögu sína. Hrekkur þá skammt að mæla digurbarkalega á spjallrásum að vísa með stóryrðum í einhvern órökstuddan meðaltalstíma til „bókarskrifta á Íslandi“ ... því sérhvert tilvik ræðst miklu fremur af aðgengi og tilurð heimilda svo og þeim kröfum sem gerðar eru um úrvinnslu þeirra. Það er hægur vandi að rumpa saman bókartötri á skömmum tíma með því einu að sankna saman gagnrýnislaust samtíningi úr áður útgefnum ritum eins og ýmsir hafa látið sér sæma og mörg eru „einnota“ dæmin um í árlegu jólabókaflóði. Ég legg ekki nafn mitt við slíka iðju ...⁴²

Áfram hélt svo samkvæmisleikur Gunnlaugs og Ritnefndarinnar; Hann segir nefndinni hvað hann hafi verið að bardúsa og hvað hann hafi hugsað sér að gera og fer svo að mjatla efni í nefndina í skömmum frá febrúar árið 2001. Ritnefndin er svo sem ekkert að æsa sig, þótt aðeins sé farið að nefna að nauðsynlegt sé að ljúka vinnu við 1. bindi sem fyrst eða að æskilegt sé að ákveðin markmið, ótilgreind, náist fyrir næsta fund eða eitthvað á móta saklaust.



Þann 15. október 2001 er bókað: „Gunnlaugur gerði grein fyrir stöðu mála. Efni vegna 19. aldar er nú um 5-600 síður, en vinna þarf það efni frekar og skipta því í tvö bindi og miða við 1850. Sá tími, sem gert var ráð fyrir að færi í ritunina, er að líða og var m.a. rætt um ýmislegt því tengt.“ Þetta er merkileg bókun! Í fyrsta lagi var „sá tími sem gert var ráð fyrir að færi í ritunina“ ekki **að líða** heldur **löngu liðinn!** Gunnlaugur átti að skila fyrsta bindi,

um byggðasögu 1700-1900, fyrir 1. okt. 1999, öðru bindi um atvinnu- hætti og hagsögu 1900-2000 fyrir 1. okt. 2000 og þriðja bindi um félags- og menningarsögu 1900-2000 fyrir 1. okt. 2001. Ég minnst þess að ekki hafa séð jafnstórkostlegan úrdrátt í opinberri fundargerð og þessa bókun Ritnefndarinnar! Aftur á móti voru fastar mánaðargreiðslur til Gunnlaugs væntanlega um það bil að stöðvast.

Hitt, þ.e. að Gunnlaugur ákveði allt í einu þegar samningstíminn er liðinn að skipta fyrsta bindinu í tvennt, án þess að Ritnefndin svo mikið sem æmti, er líka stórmerkilegt. Höfðu almennir nefndarmenn aldrei lesið samninginn sem Akraneskaupstaður gerði við Gunnlaug? Í samningnum er nefnilega skipulagið og skiptingin talin afar nákvæmt upp enda líklega einmitt samin af Gunnlaugi handa Ritnefndinni snemma árs

⁴¹ „Það þýðir ekkert hér um bil við ritun sögunnar. Spjallað við Gunnlaug Haraldsson ritara Sögu Akraness.“ *Skessuhorn* 13. apríl 2011, s. 14.

⁴² Gunnlaugur Haraldsson. „[Meint ritstífla brestur](#)“. Umræðuþráður Akraneskaupstaðar þann 25. febrúar 2005.

1997. (Sennilegt er að formaður Ritnefndarinnar hafði lesið samninginn því hann skrifaði sjálfur undir hann, fyrir hönd bæjarins.)

Það sem Ritnefndin hafði séð af verkinu hæggunna, þegar hér var komið sögu, þ.e. samningstíma var lokið, var: „Sýnishorn af efni í 1. bindi“ (22.11. 2000); 150 s. sýnishorn af 1. bindi (15.2. 2001); 302 s. af 1. bindi (30.5. 2001); 112 s. um lok 18. aldar og 70 s. efnis frá 19.öld, þ.e. efni í 1. bindi (15. 10. 2001). Handhægara er e.t.v. að skoða þetta í **töflunni yfir aðalatriði í fundargerðum**.

Enn einn fundinn heldur Ritnefndin eftir miðjan nóvember 2001. Fundargerðin er merkileg því í henni er að nokkru gerður upp afraksturinn af fjögurra ára vinnu Gunnlaugs. Feitletranir í fundargerð eru mínar.

„1. Gunnlaugur **lagði fram efnisyfirlit að 1. bindi ásamt 598 síðum í handriti** sem nær frá 1700 til 1850.

2. Lagt fram bréf Gunnlaugs, dags. 19. nóvember, um ritun sögunnar. **Í bréfi Gunnlaugs kemur m.a. fram að verkið hafi tafist þar sem langtum meiri tíma hafi tekið að leita uppi heimildir í skjala-söfnum, úrvinnsla gagna og heimilda fór þar af leiðandi seinna af stað og loks að ítarleg heimildaöflun hafi leitt fjölmargt í ljós sem fyrirfram var ekki vitað og kostað töluverða vinnu að vinna úr.**“

Þarna sést upphafshlekkur langrar afsökunarkeðju því svipaðar afsakanir hefur söguritari notað æ síðan.

„**Þá kom fram í bréfi Gunnlaugs að nú sé föstum greiðslum til hans lokið, en árangurstengdar greiðslur ógreiddar. Verði því að taka ákvörðun sem fyrst með hvaða hætti vinnunni verði haldið áfram. Gunnlaugur telur einnig rétt að rita forsöguna, þ.e. frá landnámi til 1700, sem kunni að taka 3 mánuði að skrifa. Í bréfinu kemur fram að um 24-30 mánuði taki að búa annað efni til prentunar.**“

Það er áreiðanlega rétt hjá Gunnlaugi að árangurstengdar greiðslur voru ógreiddar. Nærtækasta skýringin á því er auðvitað að árangurinn, afraksturinn, hafði enginn verið. Hann átti að fá eina milljón fyrir hvert bindi sem hann skilaði á réttum tíma en hafði engu skilað fyrr en á þessum fundi. Núna skilaði hann loksins ókláruðu fyrsta bindi, miðað við samning, tveimur árum of seint. Ég vek athygli á því snjallræði Gunnlaugs að ota „forsögunni“ að nefndinni, þ.e. einhverjum stuttum pistli frá landnámi til 1700. Ritnefndin gleypsti þá beitu í upphafi næstu samningslotu, sem varð til þess að ekki var einu sinni hægt að gefa út þetta svokallaða fyrsta bindi sögunnar því þar með vantaði upphafið framan á það. Hafandi sýnt Ritnefndinni *Sögu Akureyrar*, væntanlega I. bindi, nánast í upphafi verksins (33. fundi) var hann búinn að leggja línurnar fyrir einmitt þetta form.

Gunnlaugur vék svo af fundi en nefndin hélt áfram störfum og bókaði:

„3. Rætt var um stöðu málsins. **Ritnefndin staðfesti skil á 1. bindi verksins sbr. gildandi samning**. Nefndin er sammála um að það efni sem skilað hefur verið sé gott og lofi góðu um heildarverkið. **Nefndin telur mikilvægt að verkinu verði haldið áfram og leggur til við**

bæjarráð að samningur bæjarins við söguritara verði fram- lengdur.“

Gunnlaugur hafði vissulega lagt fram efnisyfirlit yfir 1. bindi og 589 síður í handriti „sem nær frá 1700-1850“. En við þetta er það að athuga að skil voru rúmum tveimur árum á eftir áætlun miðað við samninginn. Ennfremur var 1. bindið skilgreint í samningi sem byggðasaga 1700-1900. Hvernig Ritnefndin gat staðfest að þetta sem Gunnlaugur skilaði væru „skil á 1. bindi verksins sbr. gildandi samning“ er ofar mínum skilningi. Formaður Ritnefndarinnar, bæjarstjórinn, er lögfræðingur að mennt þannig að þetta hlýtur einhvern veginn að hafa verið löglegt og í samræmi við samninginn, er það ekki?

Greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar á þessu tímabili og annar kostnaður

Gunnlaugi voru greidd full mánaðarlaun frá 1. apríl 1997 út september 2001. Að auki fékk hann endurgreiddan kostnað vegna efnisöflunar og ferða. Líklega hefur hann fengið eina árangurstengda greiðslu greidda (jafnvirði einnar milljónar á verðlagi apríl 1997) árið 2001. Alls greiddi Akraneskaupstaður Gunnlaugi 16 milljónir og rétt tæp 700 þúsund króna á árunum 1997-2001. Að auki er bókaður annar kostnaður við ritun sögu Akraness 1998 og 1999, samtals 263.325 kr. Kostnaður vegna nefndarlauna ritnefndar er fyrir árið 2001 33.168 kr. (fyrrir upphæðir nefndarlauna liggja ekki fyrir). Samanlagður kostnaður Akranesbæjar af söguritun í fyrstu atrennu Gunnlaugs var því tæpar 17 milljónir en séu upphæðirnar uppreiknaðar **á núvirði er þessi tala 32 milljónir og rúmlega 670 þúsund krónur. Bróðurparturinn af henni eru laun og endurgreiddur kostnaður til Gunnlaugs.**⁴³

Til samanburðar má nefna að heildarkostnaður Akraneskaupstaðar við ritun sögu bæjarins af hálfu Jóns Böðvarssonar var rétt rúmlega 15 milljónir og 223 þúsund á núvirði, fyrir utan laun ritnefndar. Fyrir þá upphæð fékkst ein bók útgefin, *Akranes. Frá landnámi til 1885*, og ófullgert handrit að næsta bindi (alls áttu þetta að verða þrjú bindi). Kostnaður af vinnu Gunnlaugs Haraldssonar 1997-2001 var tvöfalt meiri. Fyrir þá upphæð fékkst ófullgert handrit að fyrsta bindi af þremur sem um hafði verið samið.

⁴³ Upplýsingar um kostnað og uppreikning hans á núvirði eru fengnar frá Akraneskaupstað 4. maí 2011.

Gunnlaugur Haraldsson ætlar að ... og hyggst nú ...

Saga Sögu Akraness VI

20. maí 2011 kl. 21.24

Í þessari færslu er rakin næsta lota í viðskiptum Akraneskaupstaðar og Gunnlaugs Haraldssonar um sagnaritun. Sú lota stóð í tvö og hálf t. á. Afraksturinn var afar lítill en greiðslurnar háar. Titillinn vísar í bókanir í fundargerðum, sjá t.d. [töflu yfir aðalatriði funda](#).

Fyrsti viðaukasamningurinn

Þann 24. janúar 2002 undirrituðu Gísli Gíslason, bæjarstjóri, f.h. Akraneskaupstaðar, og Gunnlaugur Haraldsson „Viðaukasamning um ritun sögu Akraness“. Í formála Viðaukasamningsins segir að bæjarstjórn Akraness hafi samþykkt á fundi sínum 11. desember 2001 að „ganga til viðræðna við hann um framlengingu verksins.“ Engin slík samþykkt er bókuð á [þessum fundi bæjarstjórnar](#) (929. fundi), einungis að fundargerð ritnefndar hafi verið lögð fram.⁴⁴ Aftur á móti samþykkti bæjarráð þennan viðaukasamning Akraneskaupstaðar og Hjálmars Gunnlaugs Haraldssonar um ritun sögu Akraness á [fundi 20. desember 2001](#) (2687. fundi).⁴⁵ Annað hvort er fundargerð bæjarstjórnar eitthvað einkennilega/ónákvæmt rituð eða þessi inngangsklausa í samningnum er röng.



Í fyrstu grein kemur fram að þetta er „viðauki við upphaflega samninginn. Ákvæði samningsins frá 23. apríl 1997 halda gildi sínu eftir því sem við á.“ Aðallega er samið um aðra skiladaga og meiri laun til Gunnlaugs. Nú skrifar Gunnlaugur undir að II. bindi verði fullsamið og búið til prentunar eigi síðar en 1. mars 2003 og III. bindi eigi síðar en 1. maí 2004. Samið er um sams konar greiðslur, þ.e. rífleg mánaðarlaun framhaldsskólakennara með álagi vegna launatengdra gjalda og veglegan bónus þegar hvoru handriti er skilað (uppreiknaðri einni milljón á verðgildi 1997). (2. gr.)

Loks er samið um að Gunnlaugur fái þriggja mánaða laun að þessu loknu til að „fullsemja“ og ganga frá sögu tímabilsins frá landnámi til 1700 og „fella inn í verkið“. (3.gr.) Þetta er einmitt uppástunga Gunn-

⁴⁴ Á þessum fundi bæjarstjórnar var rætt talsvert um fjármál og sátu þrír sjálfstæðismenn hjá við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarsins en forsvarsmáður þeirra, Gunnar Sigurðsson, lét bóka: „Það er dapurleg staðreynd að nú þegar tekjur Bæjarsjóðs Akraness hafa ekki í annan tíma verið meiri og álögur á bæjarbúa aldrei verið jafnháar, þá er skuldastaðan verri en nokkru sinni áður.“ Einn þremmenninganna, Jón Gunnlaugsson, settist svo í Ritnefnd um sögu Akraness snemma árs 2004.

⁴⁵ Í bæjarráði sátu Guðmundur Páll Jónsson, Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar og Gunnar Sigurðsson. Auk þeirra sátu fundinn bæjarstjórinn Gísli Gíslason og bæjarritarinn Jón Pálmi Pálsson. Sveinn Kristinsson var gamall samherji Gunnlaugs Haraldssonar frá Alþýðubandalagsárunum en nú orðinn samfylkingarmaður, Gunnar Sigurðsson var sjálfstæðismaður og Guðmundur Páll var framsóknarmaður. Guðmundur Páll tók seinna sæti í Ritnefnd um sögu Akraness (í lok ágúst 2004).

Þann 8. janúar 2002 (á 930. fundi) [samþykkti svo bæjarstjórn þessa fundargerð bæjarráðs](#) og hefur þá væntanlega sjálfkrafa lagt blessun sína yfir að ganga til samninga við Gunnlaug Haraldsson.

laugs sjálfs, sjá síðustu færslu, og átti þessi bútur að lenda framan við fyrsta bindið sem ritnefndin hafði samþykkt að væri fullunnið. Gunnlaugi voru þar með tryggðar fastar mánaðargreiðslur í tvö og hálf ár í viðbót, til áframhaldandi ritunar sögu Akraness.

Með þessum samningi tryggði Gunnlaugur sér föst mánaðarlaun líklega frá 1. janúar 2001 til 31. júlí 2004.

Vinna Gunnlaugs og Ritnefnd um sögu Akraness

Vinnubrögð sagnaritans Gunnlaugs eru mjög of hið sama far og meðan hann starfaði eftir fyrsta samningnum. [Sjá töflu yfir aðalatriði fundargerða 2002-2004, skv. þessum samningi.](#)

Í mars 2002 skilaði hann inn 21. kafla sem hafði vantað í 1. bindið, alls 47 blaðsíðum. Það er merkilegt í ljósi þess að Ritnefnd um sögu Akraness [hér eftir nefnd Ritnefndin] hafði staðfest fullnægjandi skil á þessu 1. bindi meir en þremur mánuðum áður og Gunnlaugur hafði fengið greidda áfangagreiðslu fyrir einmitt þetta bindi í árslok 2001. Skýringin er væntanlega sú að Ritnefndin hafði alls ekki lesið yfir 1. bindið og hóf yfirferð yfir það seint á árinu 2002, treindi sér svo verkið vel fram yfir áramótin 2003.

Annars skilar hann fullt af áætlunum, sem eru kallaðar „drög að efnisyfirliti“; „vinnuþlan að efnisskipan“; „endurskoðuð efnisskipan“; „yfirlit um verkstöðu“ og „minnisblað og verkáætlun“. Hið síðastnefnda lagði hann fram þegar ljóst var að hann gæti ekki staðið við þennan viðaukasamning og vildi semja um lengri tíma og meiri laun, við Akraneskaupstað.

Efni sem Gunnlaugur skilaði á þessum samningstíma var, eins og áður sagði, kaflinn sem vantaði í 1. bindi, 250 síður af 2. bindi (í júní 2003 en það bindi átti að vera tilbúið í maí sama ár) og loks 167 síður af 2. bindi (í febrúar 2004).

Gunnlaugur hélt nefndinni vel upplýstri um allt sem hann var að vinna að, hversu mörgum blaðsíðum af heimildum hann hefði safnað og hvað hann hefði hugsað sér að gera næst. Nefndin virðist hafa fallist á þetta án þess að sjá neinn afrakstur en mikið af áætlunum.

Breytingar á Ritnefndinni voru nokkrar á þessum tíma. Eftir bæjarstjórnarkosningar 2002 fer samfylkingarmaðurinn Hrönn Ríkarðsdóttir út og inn kemur sjálfstæðismaðurinn Sigurður Sverrisson. Sæti hans tekur svo sjálfstæðismaðurinn [Jón Gunnlaugsson](#) snemma árs 2004. Þótt vægi Samfylkingarinnar minnkaði í Ritnefndinni og vægi hinnar nátengdu fjölskyldublokkar Gísla, Hrannar og Leós, virtist það ekki skipta neinu sérstöku máli. Ég veit lítil deili á Sigurði Sverrissyni nema hann virðist hafa verið áhugamaður um íþróttir, jafnvel fleiri en knattspyrnu. Jón Gunnlaugsson, sem hefur setið í Ritnefndinni síðan 2004 og er núverandi formaður hennar, hefur unnið fyrir VÍS til fjölda ára. Hann hafði skrifað rit um ÍA í samvinnu við Sigurð Sverrisson og annan mann þegar hér var komið sögu. Það rit kom út í tveimur bindum árin 1984-1986 og heitir *Skagamenn skorðu mörkin. Saga knattspyrnunnar á Akranesi*

(útg. Hörpuútgáfan á Akranesi). Það má sjálfsagt deila um hversu mikið svona rit telur í reynslu í sagnfræðiritun og ég veit ekki hvort Jón Gunnlaugsson hefur nokkra formlega menntun í sagnfræði.

Allt frá 1987 til 2002 var Ritnefndin annars vegar skipuð fjölskyldublokkinni Gísla, Leó og Hrönn og hins vegar tveimur eldri mönnum, jafnvel öldungum. Þegar öldungarnir dóu voru skipaðir aðrir öldungar í staðinn, yfirleitt virtir menn í bæjarfélaginu og taldir búa yfir góðri þekkingu á sinni tíð og jafnvel eitthvað aftur í tímann. Má rekja þetta þannig: Halldór Jørgensson sat í fyrstu ritnefndinni tæpt hálf t. á, þegar hann dó tók Ólafur J. Þórðarson sæti hans. Valdimar Indriðason sat í fyrstu ritnefndinni, þegar hann dó tók Jósef H. Þorgeirsson sæti hans. En nú vikur svo við að þegar Ólafur J. Þórðarson dó, árið 2004, var ekki skipaður öldungur í hans stað heldur framsóknarmaður litlu eldri en hinir nefndarmennirnir, Guðmundur Páll Jónsson. Hann var umsvifamikill í pólitík, fyrir Framsóknarflokkinn, og varð seinna um tíma bæjarstjóri hér í bæ. Guðmundur Páll átti það einmitt sameiginlegt með Jóni Gunnlaugssyni að hafa brennandi áhuga á íþróttum og vera fæddur og uppalinn á Skaganum. Aftur á móti er hann líklega ekkert menntaður í sagnfræði, hefur samvinnuskólapróf frá Bifröst.

Svleiðis að Ritnefndin breyttist úr fjölskylduhópi með minnihluta vísra öldunga í nefnd þar sem flestir áttu það sameiginlegt að hafa mikinn áhuga á íþróttum, ekki hvað síst fótbolta. Þeir Gísli Gíslason og Leó Jóhannesson voru báðir liðtækir íþróttamenn á sínum tíma og afkomendur þeirra og skyldmenni hafa gert það einkar gott í fótboltanum. Leikni í knattspyrnu hefur löngum þótt góð ávísun á frama hér á Skaganum en er kannski ekki sérlega vænleg til að meta gæði sagnaritunar.

Gunnlaugi Haraldssyni tókst áfram jafn vel að heilla nefndarmenn upp úr skónum, sama úr hvaða flokki þeir komu, þótt sjálfur hafi hann ekki verið orðaður við knattspyrnuíðkun mér vitanlega. Hann virðist hafa ómælda persónutöfra þegar kemur að því að selja vinnu sína og þótt hann skilaði litlu sem engu virtist Ritnefndin trúa því að hann væri í alvöru á kafi í vinnu í sagnaritun fyrir Akranesbæ. Ritnefndin lék hlutverk þessara sem valda sinn hrók. Því studdi Ritnefndin Gunnlaug í lok samningstímans að gera nýjan samning svo hann gæti verið áfram á launum frá Akraneskaupstað.

Kostnaður af þessari samningslotu Akraneskaupstaðar við Gunnlaug



Laun Ritnefndarinnar (nefndarmenn fengu greidda hverja fundarsetu nema Gísli Gíslason, bæjarstjóri og formaður nefndarinnar) voru fyrir árin 2001-2004 tæplega 211 þúsund kr. Laun Gunnlaugs og endurgreiddur kostnaður við efnisöflun og ferðir voru tæplega 11 og hálf milljón. Annar kostnaður var rúmlega 592 þúsund. Alls kostaði sagnaritunin 12 milljónir og 278 þúsund krónur á árunum 2001-2004, sem **á núvirði er rétt tæpar 20 milljónir og 174 þúsund krónur.**⁴⁶

⁴⁶ Upplýsingar um kostnað og uppreikning hans á núvirði eru fengnar frá Akraneskaupstað 4. maí 2011.

Ég hef kostnað við ritun Sögu Akraness einungis sundurgreindan eftir árum en ekki eftir samningslotum bæjarins og Gunnlaugs. Af því hann gerði svo „Samkomulag“ við Akraneskaupstað seint í ágúst 2004 (sjá [Hvers virði er saga Akraness er verður hver og einn að gera upp við sig](#)) eru greiðslur frá 1. ágúst til áramóta 2004 taldar með „Viðbótar-samningi“.

Afraksturinn af þessari vinnu var hálfkarað handrit að 2. bindi sögunnar og kafli sem hafði vantað inn í 1. bindið. Ekki var hægt að gefa út 1. bindið því Gunnlaugur hafði sannfært Ritnefndina um að framan á það vantaði forspjall, sem honum hafði auðvitað ekki auðnast að byrja á á samningstímanum.

Í rauninni má segja að rúmar 20 milljónir í viðbót hafi ekki skilað neinu að ráði til útgáfu á Sögu Akraness. **Hið meinta ritverk hafði nú kostað um 50 milljónir, vinnan hafði staðið í sex og hálf ár, enn var ekkert tilbúið til útgáfu og raunar var verkið einungis tæplega hálfnað, miðað við samninginn sem gerður var í upphafi.**

Hvers virði saga Akraness er verður hver og einn að gera upp við sig

Saga Sögu Akraness VII

22. maí 2011 kl. 23.17

Í þessari færslu verður sagt frá þriðju samningslotu Akraneskaupstaðar og Gunnlaugs Haraldssonar um ritun sögu Akraness. Í þeirri lotu tókst Gunnlaugi að láta Akraneskaupstað greiða sér óinnunnar árangurstengdar greiðslur, dreift á 13 mánuði, án þess að skila neinu. Titill færslunnar er tilvitnun í bréf Gísla Gíslasonar bæjarstjóra og formanns ritnefndar um sögu Akraness, „Sagan“, á umræðuþræði Akraneskaupstaðar 1. mars 2005. (Sjá nánari umfjöllun um þessa umræðu neðar í færslunni.)



Þann 26. ágúst 2004 gerðu Akraneskaupstaður og Hjálmar Gunnlaugur Haraldsson með sér „Samkomulag“. Í fyrstu grein þess samkomulags er vísað í „verkáætlun, sem lögð var fram á fundi ritnefndar um sögu Akraness þann 23. ágúst s.l.“ og hún „lögð til grundvallar vinnu við ritun sögu Akraness.“ Þessi verkáætlun var einmitt samín af Gunnlaugi sjálfum (sjá 53. og 54. fundargerð Ritnefndar um sögu Akraness).

Samkomulagið kvað á um að gengið yrði að fullu frá II. bindi (sem hlaut nú að eiga að ná yfir tímabilið 1850-1941 því Ritnefndin breytti tímaskiptingu í síðustu lotu) á tímabilinu ágúst 2004 til janúar 2005; gengið að fullu frá III. bindi (enn gilti samningur um að það dekkjaði 1941-2000) og skrifaðir tveir kaflar framan á I. bindi (landnám til 1850) á tímabilinu janúar 2005-september 2005. (1. gr.)

Það ótrúlega í þessu samkomulagi er að með því fellst Akraneskaupstaður á að **greiða Gunnlaugi árangurstengdu greiðslurnar sem samið var um í upphafi án þess að árangurinn hafi náðst**. Þetta er orðað svona:

„Samkvæmt 4. grein gildandi samnings frá 23. 4. 1997 um ritun sögu Akraness er gert ráð fyrir í 2. tl. að greiða skuli fyrir skil á fullbúnu handriti ákveðnar fjárhæðir. Af þeirri fjárhæð sem greinin kveður á um er ólokið verkþáttum vegna tveggja greiðslna af þremur. Upphafleg samningsfjárhæð var 1,0 mkr. vegna II. bindis og sama fjárhæð vegna III. bindis. Uppreiknuð er fjárhæðin í ágúst 2004 kr. 1.629.461 vegna hvors bindis eða samtals kr. 2.358.922. Samkomulag er um að dreifa umræddum greiðslum á tímabilið frá 1. ágúst 2004 til 30. september 2005 þannig að mánaðarleg greiðsla verður 232.780 og uppfærast [svo] samkvæmt launavísitölu í janúar 2005 með sama hætti og kveðið er á um í gildandi samningi.“ (2. gr.)⁴⁷

⁴⁷ Í ágúst 2004 voru meðaldagvinnulaun framhaldsskólakennara 239.959 kr. (Sjá Fréttarit KOS nr. 32, s. 36.) Gunnlaugur var með aðeins lægri laun en það. Dagvinnulaun framhaldsskólakennara hækkuðu svo um 19 þúsund í febrúar 2005 en ég veit ekki hvort Gunnlaugur naut góðs af því, a.m.k. heldur hann því fram bréfi á umræðuþræði Akraneskaupstaðar, sem hann skrifaði seint í febrúar 2005, að hann sé enn með 232.780 kr. í mánaðarlaun.

Meta á stöðu verksins í janúar 2005 og maí 2005. „... söguritari skuldbindur sig til að gera það sem í hans valdi stendur til að verklok verði á þeim tíma sem áætlað er.“ (2. gr.) Þetta er merkileg klausa í samningi og væri gaman að vita hvort samsvarandi ákvæði eru almennt í verk-takasamningum; Má ætla að byggingarverktaki „skuldbindi sig til að gera það sem í hans valdi stendur“ til að byggja hús fyrir umsaminn tíma og sé síðan fyrirgefið takist honum það ekki? Eða garðsláttufyrirtæki að slá nokkra garða?

„Samkomulag þetta er gert á grundvelli samþykktar ritnefndar um sögu Akraness frá 25. ágúst 2005 og samþykktar bæjarráðs Akraness frá 26. ágúst s.á.“ (2. gr.)⁴⁸ Hér er **meinleg villa í samningnum**: Átt er við samþykktir Ritnefndarinnar og bæjarráðs árið 2004! Mér finnst villan benda til þess að sá sem bjó til samkomulagið (Gísli bæjarstjóri?) hafi unnið í flaustri og velti fyrir mér hvort þessi villa ómerki samkomulagið. Altént er ekkert tvínónað við hlutina: Gísli Gíslason bæjarstjóri og formaður Ritnefndar um sögu Akraness og Gunnlaugur Haraldsson skrifa undir samdægurs, þ.e. 26. ágúst 2004.

Vinna Gunnlaugs á tímabilinu og starf Ritnefndarinnar

Einungis var haldinn einn fundur í Ritnefnd á þessu tímabili, þann 2. mars 2005 (55. fundur). Í fundargerð kemur fram að Gunnlaugur hefur spjallað við einstaka fundarmenn „um stöðu mála“ en annars sem fram fór í svoleiðis spjalli er ekki getið. Hann nefnir hversu „gríðarlegt verk“ heimildasöfnun fyrir þriðja bindið er enda er hann ekki byrjaður að

⁴⁸ Bæjarráð, fundur nr. 2820, 26.8.2004. „1.1. Fundargerð ritnefndar um sögu Akraness frá 23.8.2004 og 25.8. 2004.

Bæjarráð samþykkir tillögu nefndarinnar og felur bæjarstjóra að afgangi málið í samræmi við tillöguna.“ Á næsta fundi bæjarstjórnar, fundi nr. 980, 14.9. 2004, var fundargerð bæjarráðs lögð fram og þessi liður samþykktur.

Bókað var að Þórður Þ. Þórðarson (sem sat í bæjarstjórn fyrir Sjálfstæðisflokkinn) og Gísli bæjarstjóri hefðu tekið til máls um 1. tl. sögu Akraness, en ekki er rakið hvað þeir sögðu.

Fyrirnefndan fund bæjarráðs sátu formaður bæjarráðs Guðmundur Páll Jónsson (framsóknarmaður sem einnig sat í ritnefnd um sögu Akraness), Gunnar Sigurðsson (fyrir Sjálfstæðisflokkinn) og Kristján Sveinsson (varamaður Sveins Kristinssonar, samfylkingarmanns). Bæjarstjórinn Gísli Gíslason (formaður ritnefndar um sögu Akraness) sat einnig fundinn.

Þótt viðstaddir bæjarráðsmenn hafi hver verið úr sínum flokknum áttu þeir það sameiginlegt að vera einlægir unnendur íþróttta, einkum knattspyrnu. Menn skyldu ekki vanmeta svoleiðis tengsl hér á Skaganum, til er dæmi um að hollusta við meistaraflokk ÍA hafi spilt sífjáböndum. Árið 2006 hlaut Gunnar Sigurðsson, sem lengi var formaður Knattspyrnufélags ÍA, æðstu viðurkenningu ÍA, heiðursfélagatitil. Við sömu athöfn hlaut Gísli Gíslason heiðurssilfurmerki ÍA, ásamt Guðmundi Páli Jónssyni. Gísli og Guðmundur Páll höfðu áður hlotið bandalagsmerki ÍA, árið 1996 og Gísli er núverandi formaður aðalstjórnar Knattspyrnufélags ÍA. (Raunar hugsa ég að Guðmundur Páll hafi frekar beitt sér í stuðningi við aðrar íþróttgreinar en fótbolta, innan ÍA en sjálfur sagði hann árið 1999 að aðaláhugamál hans væru „fótbolti og sund“.) Kristján Sveinsson fékk gullmerki knattspyrnufélags ÍA árið 2009.

Sveinn Kristinsson, fjarverandi aðalmaður á þessum bæjarráðsfundi, hefur mér vitanlega ekki verið orðaður við tuðruspark en hann var hins vegar gamall samherji Gunnlaugs Haraldssonar, hugsanlega vinur hans, sjá færsluna Framtakssemi og frumskógarlögmál. Þótt Gunnlaugur hafi eftir að Alþýðubandalagið lagði upp laupana um tíma helgað krafta sína vinstri-grænum (hann sat í stjórn Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs á Vesturlandi 1999-2000, sjá æviágrip hans sem fyrirnefnd færsla tengir í) en Sveinn hinsvegar starfað innan vébanda Akraneslistans og síðar Samfylkingarinnar, virðist ekki hafa borið skugga á vinskapa þeirra Sveins. Má til þessu til marks taka að Sveinn líkti Gunnlaugi við Snorra Sturluson og jafnaði sagnaritun hans að nokkru við byggingu Kólnardómkirkju og Versala fyrir örfáum dögum, sjá „Fjölmenni á útgáfuhátíð vegna Sögu Akraness“ á vef Skessuhornsins 20. maí 2011. (Ég hef ekki enn fengið afrit af ræðu Sveins og byggi því samlíkingu hans við Snorra Sturluson á munnlegri heimild nokkurra viðstaddra. Og kannski ætti einhver að benda Sveini Kristinssyni á að alþýða manna var ekki mjög hress yfir byggingu Versala, á sínum tíma, og afhöfðaði húsráðendur í þeirri höll þegar hún var búin að fá nóg af fjáramálaruglinu.)

skrifa það. Gunnlaugur stingur svo upp á því að „hefja undirbúning að forsögunni og 1. bindi og einnig 2. bindi.“

Þetta er illskiljanlegt eftir orðanna hljóðan í fundargerð. En líklega er átt við að reyna skuli að ganga frá 1. og 2. bindi til útgáfu.

Í þessu sambandi má rifja upp að Gunnlaugur hafði fengið greidda árangurstengda greiðslu fyrir 1. bindi árið 2001 enda staðfesti ritnefndin fullnægjandi skil á því þann 19. nóvember 2001. (Sjá lok yfirlitstöflu yfir fundi fyrstu lotu bæjarins og Gunnlaugs.) Á þeim sama fundi læddi Gunnlaugur hugmyndinni um stutt forspjall framan á 1. bindið að Ritnefndinni. Í næstu lotu bæjarins og Gunnlaugs samþykkti Ritnefndin þessa hugmynd um stutta forsögu og átti Gunnlaugur að ljúka henni fyrir 1. ágúst 2004. Það gerði hann ekki. 1. bindið er nákvæmlega jafn óklárað og áður, eftir föst mánaðarlaun í rúma fimm mánuði á samningi til viðbótar (í marsbyrjun 2005).

Ekkert er bókað um að Gunnlaugur hafi skilað nokkrum sköpuðum hlut svo erfitt er að gera sér grein fyrir hvort eitthvað hafi þokast áleiðis í ritun 2. bindis (sem Gunnlaugur átti að skila fullbúnu 1. október 2000, fékk svo frest með Viðaukasamningnum til 1. mars 2003 og er núna, þegar Samkomulagstíminn er tæplega hálfnaður, að hugsa um að fara að vinna að ritun seinni hluta þess.

Verkið var hvorki metið í janúar né maí 2005 eins og átti að gera samkvæmt Samkomulags-samningnum. Nema það mat hafi farið fram fyrir luktum dyrum og hvergi bókaður um það stafkrókur.



En Ritnefndin lætur sig dreyma ljúfa drauma um bækur og fer á sínum eina fundi að ræða „hugmyndir að broti væntanlegrar útgáfu. Ætla má að samtals yrðu fyrstu tvö bindin um 1100 síður í ritmáli og 100 síður með myndefni.“ Kannski má rekja upphafið að draumum Ritnefndar og bæjarstjórnarmanna um glæsilegt flúrað rit í rókókóbúningi til þessa fundar? Ritnefndin taldi, á þessum fundi, að stefna mætti að „að útgáfu 1. og 2. bindis vorið 2006“. Henni varð ekki að ósk sinni.

Ritnefndin samþykkti síðan að vinna að því „að fullbúa handrit að 1. og 2. bindi (þ.e. frá landnámi og 1700-1850 annars vegar og 1850-1941 hins vegar [lok sviga vantar] og búa þau undir prentun m.v. að þau verði gefin út vorið 2006“ en annað verði látið bíða.⁴⁹

Þennan fund sátu einungis fótboltaáhugamenn/einlægir stuðningsmenn ÍA, því Jósef H. Þorgeirsson var fjarverandi: Gísli Gíslason (formaður

⁴⁹ Orðrétt er þetta svona í fundargerð:

„Varðandi framgang málsins m.v. framangreinda hugmynd söguritara þá mætti stefna að útgáfu 1. og 2. bindis vorið 2006.

Með vísan til framangreinds samþykkir ritnefndin eftirfarandi:

1. Þrátt fyrir að heimildaöflun við þriðja bindi sé orðin allnokkur er talsvert enn eftir. Rétt er að fresta þeim verkþætti meðan öðrum verkefnum er lokið.
2. Unnið verði að fullbúa handrit að 1. og 2. bindi (þ.e. frá landnámi til 1850 annars vegar og 1850-1941 hins vegar og búa þau undir prentun m.v. að þau verði gefin út vorið 2006.
3. Frekari heimildaöflun og ritun 3. bindis bíði ákvörðunar næsta haust.“

nefndarinnar), Guðmundur Páll Jónsson, Jón Gunnlaugsson og Leó Jóhannesson. Einnig mætti sagnaritarinn Gunnlaugur Haraldsson.

Nú tekur við eyða í fundarsetum Ritnefndar um sögu Akraness í rúmt ár. Næsti fundur var ekki haldinn fyrr en 9. október 2006. Nærtækasta skýringin á þessu er að almenningur á Akranesi var farinn að spyrja óþægilegra spurninga og menn veltu fyrir sér hvað dveldi Orminn langa, í sagnaritun. Besta ráðið til að forðast óþægilegar spurningar er að þegja og láta sem ekkert hafi gerst ... stundum er gripið til þeirrar líkingar að menn staðhæfi að bleiki fíllinn sé ekki til þótt hann blasi við öllum. Þykir þessi aðferð einkum einkenna aðstandendur alkóhólista og annarra fíkla. Ég get mér þess til að Ritnefnd um sögu Akraness, bæjarstjórn og bæjarráð hafi, á þessu samningslotutímabili, verið búin að taka að sér aðstandendahlutverk þegar sagnaritun bar á góma og tolldu í hlutverkinu næstu árin. Mig grunar að þessi eini fundur, 2. mars 2005, hafi einungis verið haldinn af því óþægileg umræða var komin upp á umræðuvef Akraneskaupstaðar. Ella hefðu menn kosið að grafa málið í þögn.

Greiðslur Akraneskaupstaðar til Gunnlaugs Haraldssonar í þessari lotu

Ég hef kostnað við ritun Sögu Akraness einungis sundurgreindan eftir árum en ekki eftir samningslotum bæjarins og Gunnlaugs. Af því hann gerði þetta „Samkomulag“ við Akraneskaupstað seint í ágúst 2004 eru greiðslur frá 1. ágúst til áramóta 2004 taldar með „Viðbótarsamningi“, sem gerð var grein fyrir í síðustu færslu.⁵⁰ En fyrir árið **2005** fékk Gunnlaugur greiddar rúmlega 2 milljónir 376 þúsund krónur, Ritnefndin fékk 38.688 kr. fyrir þennan eina fund og annar kostnaður það ár var um 135.000 kr. Samtals voru þetta rúmlega 2 milljónir 550 þúsund krónur sem **á núvirði gera rúmlega 3,9 milljónir**. Þótt haft sé í huga að upphæðin fyrir alla þrettán mánuðina er mun hærri telst þetta fremur vel sloppið, miðað við aðrar samningslotur við Gunnlaug. Þessar greiðslur voru skv. „Samkomulaginu“ þær árangurstengdu greiðslur sem Gunnlaugur hafði auðvitað ekki fengið því árangurinn var enginn. Líklega töldu menn að akkúrat núna myndi hann standa við sitt og sýna árangur. Svo varð ekki og ég get ekki séð að neinn afrakstur hafi orðið af þessu „Samkomulagi“, þ.e.a.s. ég get ekki séð að Gunnlaugur hafi skilað neinu.

⁵⁰ Kostnaður við verkið árið 2004 skiptist þannig: Laun fyrir fundarsetur Ritnefndarmanna: 75.869; Annar kostnaður: 1.495 og greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar: 3.569.187 kr. Samtals eru þetta rúmlega 3 milljónir 646 þúsund sem á núvirði gera rétt rúmlega 5,8 milljónir. Langstærstur hluti upphæðarinnar rann í vasa Gunnlaugs eins og glögggt má sjá. Einhver hluti hennar hefur væntanlega verið endurgreiddur kostnaður vegna ljósritunar, myndatöku á Þjóðskjalasafni og ferða.

Kurr í bæjarbúum

Steingrímur Guðjónsson vakti máls á ritun sögu Akraness á [umræðu-þræði bæjarvefjarins þann 23. febrúar 2005](#). Hann skrifaði m.a.:

En mig langar að skrifa um menningu, Árið 1992 átti Akraneskaupstaður 50 ára afmæli og kom þá út fyrsta bindi í sögu Akranes sem Jón Böðvarsson ritaði, verulega velskrifað og framm sett, en eittvað fór í kergju og var Jón látinn víkja og annar söguritari ráðinn í hans stað.

Í öll þessi ár, síðan að Akraneskaupstaður átti 50 ára afmælið hefur ritnefnd verið starfandi (varla launalaust) og nýr söguritari ráðinn til að taka við af Jóni...en eftir 13 ár...JÁ 13 ár sér ekki enn til annaðs bindis af sögu Akraness. Hefði ekki verið nær að halda samninginn við Jón?

Sem íbúi bæjarins hlýt ég að spyrja hvað nefndin og söguritari hafa þegið í launa síðan 1992?

Og hvenær er von á 2 bindi af Sögu Akraness?

Hefði ekki verið ástæða til að það kæmi út 2002, tíu árum seinna en fyrsta bindið, á 60 ára afmæli kaupstaðarins, enn er ekki komið að nútímasögu í þessum bindum, eða hvað?

Gísli Gíslason bæjarstjóri og formaður Ritnefndarinnar svaraði að bragði (um hádegi þann 23. febrúar 2005):

Varðandi sögu Akraness þá hefur Gunnlaugur Haraldsson verið að vinna við það um nokkurt skeið eins og flestir þekkja. Hann hefur þegar lagt fram talsvert efni - en safnað þeim mun meira af ómetanlegum gögnum og heimildum sem hann nýtir við verkið. heimildavinna hefur tekið mun meiri tíma en áætlað var, en af þeim texta sem Gunnlaugur hefur skilað til ritnefndarinnar þá er ljóst að vönduð heimildavinna mun skila sér í frábæru efni þegar þar að kemur. Ekki ætla ég að fara að rifja hér upp ritferil Jóns Böðvarssonar - en til að fyrirbyggja misskilning þá óskaði hann eftir lausn frá samningi sínum og því var það ekki á hendi bæjarins að halda við þann samning. Þá er að geta þess að Gunnlaugur þiggur laun samkvæmt þeim samningi sem gerður var við hann og með þeim breytingum sem á honum hafa verið gerðar - en ritnefndin sem skipuð er (undirritaður þar undanskilinn) fær nefndarlaun í samræmi við fjölda funda - en þar er um óverulegar fjárhæðir að ræða. Vonir standa til að á þessu ári verði ákveðnum áföngum í verkefninu lokið þannig að unnt verði að koma þeim hluta í umbrot og vonandi prentun í framhaldi af því - en að svo stöddu er ekki hægt að segja meira um það að sinni.

Ég vek athygli á því að Gísli, sem er búinn að eiga viðskipti við Gunnlaug Haraldsson síðan 1997, virðist annað hvort trú á því í alvöru eða telja sér trú um að vinna Gunnlaugs sé einkum fólgin í vandaðri heimildavinnu sem „mun skila sér í frábæru efni þegar þar að kemur“. Gunnlaugur er búinn að vera á fullum launum í hartnær sjö ár þegar Gísli skrifar bréfið og hafðiskilað einu bindi sem honum tókst svo að sannfæra Ritnefndina um að þyrfti að skrifa „forsögu“ framan við svo það bindi var ekki einu sinni tilbúið. Bærinn er langt kominn með að greiða Gunnlaugi allar árangurstengdu greiðslurnar, þ.e.a.s. eina greiðslu fyrir 1. bindi sem Ritnefndin mat árið 2001 að væri fullbúið (en snérist svo hugur með aðstoð sagnaritarans) og hinum tveimur bónusunum var dreift á árin 2004 og 2005, þótt engu væri skilað. Af fundargerðum Ritnefndarinnar að dæma virðist Gísli segja ósatt um starfslok Jóns Böðvarssonar, eins og ég hef rakið í fyrri færslum. Gísli Gíslasyni kunna að þykja sporslur fyrir fundarsetur vera óverulegar en sé haft í huga að Ritnefndin hafði haldið 25 fundi meðan á „samvinnu“ hennar og Gunnlaugs hafði staðið og alla jafna fengu fjórir nefndarmenn greitt fyrir hvern fund þá held ég að venjulegir Skagamenn hefðu ekki fallist að í kostnaði bæjarins af fundarsetum væri um óverulegar fjárhæðir að

ræða.⁵¹

Næstur tekur til máls annar íbúi Skagans, Hringur Sigurðsson, bendir á að Gísli svari alls ekki spurningum Steingríms og hefur reyndar bréf sitt á að benda á einkennilegt tímaskyn bæjarstjórans:

Tímaskyn bæjarstjóra er með eindæmum sérkennilegt. Þannig fjallar hann um 13 ára ritstíflu Gunnlaugs sem "nokkurt skeið". Ekki áralangt eða "alllangt skeið"! Í eðlilegu tímamæli og talmáli Íslendinga teljast 13 ár vægast sagt langur tími. [Þarna ruglast bréfitari eitthvað því Gunnlaugur hafði fengið greitt fyrir verkið í 7 ár, þar á undan hafði Jón Böðvarsson unnið í 9 og hálf t ár, fengið greitt í 4 og hálf t ár.]

Gísli bæjarstjóri svarar í dæmigerðum aðstandendaklisjum, þ.e. efnislega: a) Þetta er ekki satt; b) Auk þess er þetta ekkert skárra hjá öðrum; c) Auk þess er alveg hægt að afsaka þetta. Það er pínlegt að sjá hve hann, formaður Ritnefndarinnar, er óklár á samningstímabilum í þeim samningum við Gunnlaug Haraldsson sem hann hafði sjálfur skrifað undir, sem bæjarstjóri.⁵²

Það myndi æra óstöðugan að rekja efni bréfs sjálfs sagnaritarans, Gunnlaugs Haraldssonar, „Meint ritstífla brestur“, sent inn á þennan umræðuþráð 25. febrúar 2005 kl. 00:54, líklega einkum til að svara Hringi Sigurðssyni sem hafði lagt orð í belg, kannski Steingrími Guðjónssyni líka. Ég hvet lesendur þessarar færslu eindregið til að lesa allt bréfið Gunnlaugs, það segir manni margt um viðhorf hans til eigin verka og viðhorf hans til alþýðu manna, þ.e.a.s. til þorra íbúa Akraness. Ég á sjálfsagt eftir að vitna oft en einu sinni í þetta bréf þótt ég endursegi það ekki núna. Hér læt ég duga að geta aðeins þess sem hann segir um laun sín og kjör því menn gætu misskilið það:

⁵¹ Núna greiðir Akraneskaupstaður almennum nefndarmönnum 9.269 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja. Greiðslur hafa verið með svipuðum hætti gegnum tíðina og geta áhugasamir margfaldað með þessari tölu ef þá lystir. Ofan á þessa nefndarlaun bætast núna 17,35% launatengd gjöld sem bærinn greiðir. Ritnefnd um sögu Akraness hélt 29 fundi meðan hún „starfaði með“ Jóni Böðvarssyni og var, þegar hér var komið sögu, búin að halda 54 fundi alls. Sinn 55. fund hélt hún rúmri viku eftir að þessi umræða kviknaði á vef Akraneskaupstaðar.

⁵² „Ekki kannast ég við það tímatal sem Hringur setur fram í spjalli sínu, en hitt er rétt vafalaust að ritun sagnfræðiegra rita tekur oft langan tíma. Má í því efni horfa til sagnaritunar ýmissa sveitarfélaga. Hvað Akranes varðar þá hefur verk Gunnlaugs dregist og fyrir því eru að sjálfsögðu skýringar af hálfu sagnaritara, sem fjallað hefur verið um í ritnefnd, bæjarráði og bæjarstjórn. Upphaflegur samningur við Gunnlaug var gerður 26. ágúst 1997. Honum átti að ljúka í september árið 2001. Sá samningur var framlengdur til 1. mars 2004, en því miður tókst ekki að ljúka því verki og því var samningnum að nýju breytt til september 2005. Gunnlaugur hafði því upphaflega fjögur ár til verksins. Framlenging samningsins er því 4 ár. Fyrir liggur eitt bindi verksins og hluti annars bindis en á bak við það og fleira liggur gríðarleg gagnaöflun. Ég hef áður svarað beiðnum hér á spjallinu um kostnað af verkinu - en sjálfsagt að taka það að nýju saman. Það hljóta allir að vera sammála um að best sé að skila vönduðu verki í takt við það sem Gunnlaugur er að gera enda mun sú saga standa um ókomin ár. Ritnefndin er jafn óþolinmód og aðrir sem vilja sjá verkið í heild. Gísli Gíslason, bæjarstjóri.“

Bæjarstjórinn og formaður ritnefndar fer þarna víða með rangt mál. Skrifað var undir fyrsta samningin við Gunnlaug þann 23. apríl 1997 og í honum sagði: „Verkið hefst þann 1. apríl 1997 og skal lokið eigi síðar en 30. september 2001.“ (3. gr.) Næsti samningur við Gunnlaug („Viðaukasamningurinn“) var gerður 24. janúar 2002 og lauk 31. júlí 2004. Þriðji samningurinn („Samkomulagið“) var gerður 26. ágúst 2004 og átti að ljúka verkinu 30. september 2005. Gunnlaugur hafði því í upphafi tæp fjögur og hálf t ár til verksins. Ekkert hefur verið bókað um óþolinmæði Ritnefndarinnar frá því Gunnlaugur tók við verkinu en nokkrar slíkar færslur mátti finna í fundargerðum meðan Jón Böðvarsson vann að sagnaritun, auk opinberrar yfirlýsingar sem Ritnefndin sendi frá sér á því tímabili.

Mér hefur ekki tekist að finna eldri greinargerð Gísla Gíslasonar um kostnað af verkinu á spjallþráðum Akraneskaupstaðar, þessa sem hann vísar í.

1) Ég hef unnið að þessum ritstörfum sem verktaki og voru mánaðarlegar greiðslur til mín við upphaf verks miðaðar við föst laun framhaldsskólakennara að viðbætti ákveðinni prósentu til að mæta svonefndum launatengdum gjöldum. Tiltekinn hluti greiðslna eða heildarfjárhæðar (20%) var hins vegar "afkastatengdur" eða skilyrtur afhendingu handrita, - trúlega í því augnamiði að koma í veg fyrir að ég fylltist "ritstíflu" á meðgöngutímanum! Ýmislegt hefur skekkt þessi viðmið á langri vegferð, en nú um stundir nemur mánaðarleg heildarfjárhæð til mín 232.780 kr. og lýkur í september n.k. Alla starfsaðstöðu með tilheyrandi kostnaði hef ég lagt mér til sjálfur að því undanskildu, að fyrir hverja ferð til Reykjavíkur til vinnu á Þjóðskjalasafni/Þjóðarbókhöfðu fékk ég í fyrstu endurgreitt fargjald með Akraborg skv. afláttarprísnum sem þá giltu. Eftir daga þess góða og sártsaknaða farkosts og fara þurfti landleiðina á milli hef ég fengið greiddan akstursstyrk sem nemur 84 km (42 km hvora leið) og endurgreitt veggjald í göngin vegna slíkra ferða.⁵³

Frá upphafi og lengst af þáði Gunnlaugur ágæt mánaðarlaun framhaldsskólakennara með talsverða yfirvinnu + aukasporslu til að vega upp launatengd gjöld. (Sjá 8. neðanmálgrein við færsluna [Leggur ekki nafn sitt við bókartötur sem rumpað er saman á skömmum tíma.](#)) Afkastatengdu greiðslurnar komu ekki í veg fyrir að hann „fylltist "ritstíflu" á meðgöngutímanum" því hann fékk einungis einu sinni greitt fyrir afköst, þá raunar tveimur árum eftir að hann átti að skila því bindi (sjá sömu færslu og fyrr var vísað til). Hinar tvær afkastatengdu greiðslurnar stóðu einmitt undir þeim launum sem hann var á þegar hann skrifaði bréfið. Þeim var dreift á 13 mánuði, eins og kemur fram í upphafi þessarar færslu. Afköstin, þ.e. afhending handrita, urðu samt engin.



Skagamaðurinn Hringur, sem Gunnlaugur svaraði í sínu langa bréfi (það er yfir átta síður útprentað en reyndar er lunginn úr því afrit af einni af mörgum áætlunum eða efnisskipan Gunnlaugs), þakkar strax pent fyrir í bréfinu „[gleðilegt](#)“ 22. febrúar 2005:

„Það er að sönnu gleðilegt að sá sem málið varðar skuli sjá sér fært að hverfa frá önnum sínum við sagnaritun til þess að svara almúganum hér á akra-nes.is. Og það gerir hann vel og skilmerkilega, enda atvinnumaður í skriftum. Hefur a.m.k. verið á kaupi við skriftirnar lengi. Það er og líka ágætt að hann stígur nú niður til pöpsulsins eftir að hafa þegið milljónir úr vösum Skagamanna fyrir verkið.“

Hringur benti síðan á augljósar rökvillur í málatilbúnaði Gunnlaugs, sem hann kallar „nauðvörn“:

Er mér alþýðumanninum stætt á öðru en að segja: Þér var nær! Þú réðst því sjálfur hvort þú skrifaðir undir!

Og svo byrjar Gunnlaugur að telja upp rökin fyrir töfinni. Hann hefur vörn sína á eftirfarandi orðum:

„Heimildaöflun og úrvinnsla þeirra hefur reynst langtum tafsamari og tímafrekari en mig óraði nokkru sinni fyrir, og hafði þó talsverða reynslu að byggja á í þessum efnun...“

En hann óraði fyrir já. Flott. Og er það þá ekki við hann að sakast? Eiga bæjarbúar að greiða fyrir hans eigið vanmat?

⁵³ Akstursstyrkur er yfirleitt miðaður við akstursgjald ríkisstarfsmanna (ákvarðað af Ferðakostnaðarnefnd Fjármálaráðuneytisins) [sem er nú 104 kr. á kílómetra.](#)

Þegar verktaki í byggingariðnaði tekur að sér verk og skilar því ekki á tilsettum tíma koma til dagsektir. Vegna hans eigin vanmats á aðstæðum eða ófyrirséðrar seinkunar. En Gunnlaugur, hvað gerir hann? Fer bara fram á áframhaldandi framfærslu og laun, þrátt fyrir samning um annað!!!

Kostulegt!

Þann 1. mars 2005 skrifaði Steingrímur Guðjónsson aftur á umræðuþráðinn, „[Sagan endalausar sem ekki er gefin út](#)“, og sagði:

Þakka svör frá Gísla bæjarstjóra og söguritara Gunnlaugi Haraldssyni, samkvæmt svörum á að gefa fyrsta bindi út aftur, bók Jóns Böðvarssonar ekki nógu góð, en kostaði um rúmar 9 milljónir miðað við að vera reiknuð út á vísitölu núverðis, en með öllum kostnaði s,s prentun umbrot ofl. og hún var gefin út 1992.

En miðað við að kíkja í ársskýrslur bæjarins á þessum tíma er búið að eyða rúmlega 30 milljónum í skrif Gunnlaugs Haraldssonar og eitt hadrit liggur fyrir að fyrsta bindi (aftur)án prentunarkostnaðar og öllu sem því fylgir, ,s,s fyrsta bók Jóns og fyrsta handrit Gunnlaugs á sömu sögu tæplega 40 milljónir , plús útgáfukostnaður og 2 bindi eftir enn, hljótum við bæjarbúar ekki að fara að krefjast svara frá ritnefnd?

Svo rakti Steingrímur tölulegar upplýsingar sem hann hafði tekið saman úr Ársskýrslum Akraness og endaði bréf sitt:

Með útgáfukostnaði nálgumst við 50 milliúnir á endurútgáfu á fyrsta bindi Sögu Akraness,, hvað er ritnefnd að hugsa?? Búið að endurrita bindi 1, en ekki gefið út.

Er þetta að verða hugsjón, hvað þarf hver bók að kosta til að standa undir sér og hversu margir kaupa?

Gaman væri að einhver úr ritnefnd svaraði.

Gísli Gíslason svaraði Steingrími samdægurs, í bréfinu „Sagan“:

Á stundum flýtur á spjallinu ýmislegt sem þörf er á að leiðrétta því eins og gengur betra að hafa það sem sannara reynist þannig að vitleysan fljóti ekki mann frá manni eins og stundum vill gerast. Undirritaður hefur aldrei sagt eitt eða annað um gæði þess ritverks sem Jón Böðvarsson gaf út, en annað má ætla af orðum Steingríms Guðjónssonar. Í öðru lagi stóð ekki til að gefa út efni frá Gunnlaugi fyrr en heildarmynd er komin á verkið. Varðandi kostnað við verkið frá upphafi er það ekki ritnefndarinnar að svara um efni þeirra samninga sem bæjarstjórn hefur gert, en samningruinn við Jón Böðvarsson var gerður árið 1987 og við Gunnlaug Haraldsson árið 1997. Um fjárhæðir samningsins fer Steingrímur nærri enda hefur því efni verið svarað áður. Hvers virði saga Akraness er verður hver og einn að gera upp við sig.

Steingrímur var væntanlega að vísa til orða Gunnlaugs þegar hann nefndi að bók Jóns Böðvarssonar væri ekki nógu góð. Gunnlaugur sagði m.a. í „Meint ritstífla brestur“:

Í öðru lagi þótti mér að í bók Jóns hefði verið skautað býsna glannalega yfir fjölmarga þætti sögunnar, að því marki sem ég taldi mig þá þekkja til hennar, - einkum á 18. og 19. öld, - heimildanotkun og efnistöð einnig gjörólík því sem ég myndi sjálfur kjósa“ og „... því sérhvert tilvik ræðst miklu fremur af aðgengi og tilurð heimilda svo og þeim kröfum sem gerðar eru um úrvinnslu þeirra. Það er hægur vandi að rumpa saman bókartötri á skömmum tíma með því einu að sankta saman gagnrýnislaust samtíningi úr áður útgefnum ritum eins og ýmsir, hafa látið sér sæma og mörg eru „einnotta“ dæmin um í árlegu jólabókaflóði. Ég legg ekki nafn mitt við slíka iðju.

Það þarf ekkert ofboðslegt hugmyndaflug til að lesa út úr þessu að bók Jóns hafi ekki verið nógu vandlega unnin að mati Gunnlaugs. Gísli hefur líklega hvergi beinlínis tjáð sig um bók Jóns Böðvarssonar en auðvelt er að ráða í hug Gísla til Jóns og hans sagnaritunar, af fundargerðum og fleiru, sem ég hafi áður rakið.

Útúrsnúningar Gísla eru með ólíkindum: Hann getur ekki svarað um kostnaðinn af því hann er formaður ritnefndar og ritnefnd hefur ekkert með peningana að gera; það er bæjarstjórnin sem á að svara og skiptir þá ekki máli að Gísli er sjálfur bæjarstjóri, situr bæjarráðs- og bæjarstjórnarfundi og hafði skrifað undir alla samningana við Gunnlaug til þessa, sem bæjarstjóri! Auk þess ítrekar hann að hann hafi svarað þessu áður (í bréfi sem mér hefur ekki tekist að finna á spjallþræðinum en yrði þakklát ef einhver gæti bent mér á hvar það er finna). Miðað við það sem Gísli sagði um samningstímabil í fyrra bréfi sínu trúi ég því samt vel að hann hafi haft takmarkaða hugmynd um hve miklu var búið að eyða í verkið.

Þann 20. apríl 2005 skrifaði Snorri Ö.K. bréf í hálfkæringi sem ég hirði ekki um að rekja og ári síðar (í maí 2006) sendi Magnús Þór Hafsteinson skilaboð inn á þráðinn en um hans þátt verður fjallað síðar.

Um miðjan desember 2006 skrifaði Ásgeir Helgi Reyk fjörð Gylfason bréfið „[65.000.000 ISK fyrir sögu Akranes](#)“, sem hefði getað orðið upphaf nýs umræðuþráðar. Bréfið er þannig:

Maður les það í fjölmiðlum að á endanum komi saga Akranes til með að kosta 65.000.000 krónur. Maður spyr, af hverju?

Ásgeiri var ekki svarað.

Ja sko mér er alveg sama og mætti sleppa þessu bókaveseni allveg

Saga Sögu Akraness VIII

25. maí 2011 kl. 11.03

Í þessari færslu segir frá ýmsum breytingum sem urðu til þess að sagnaritarinn Gunnlaugur Haraldsson naut lítilla launa frá Akraneskaupstað árið 2006 og varð nánast hornreka í viðskiptum kaupstaðarins það árið. Hann missti sinn aðal verndara og velgjörðamann; Ýmsar hræringar voru í stjórn bæjarins; Meirihluta Ritnefndarinnar skipaði nýtt fólk. Þó tókst sagnaritara og Akraneskaupstað að landa samningi undir árslok 2006. Titill færslunnar er bein tilvitnun í bréf á umræðuvef bæjarins í september 2006.⁵⁴



Væri sagnaritun Gunnlaugs Haraldssonar fyrir Akraneskaupstað líkt við fótbolta þá er fyrri hálfleik nú lokið. Við tekur leikhlé og í seinni hálfleik er búið að skipta út einum lykilmanni en glettilega margir þeirra sömu spila samt áfram fyrir Akranesbæ; sami öflugli liðsmaðurinn er óþreyttur í hinu liðinu, þ.e. sagnaritarinn Gunnlaugur. Ég læt lesendum eftir að meta hver staðan er.

Árið 2005 var ósköp rýrt fyrir Gunnlaug. Hann uppskar einungis rúmlega 2 milljónir 550 þúsund krónur sem á núvirði gera rúmlega 3,9 milljónir. Þetta var þó ekkert í líkingu við árið eftir, 2006, en þá náði Gunnlaugur einungis einum mánaðarlaunum, 625.000 kr. í desember. En svo vænkast hagurinn aftur árið 2007.

Árangurstengdu dreifðu greiðslurnar voru uppunar í lok september 2005. Miðað við framgang máls til þessa hefði það ekki átt að tálma næsta samningi að árangur var enginn, þ.e. engu var skilað. En ekki bólaði á nýjum samningi nærri strax og Ritnefndin hélt ekki einu sinni fundi!

Líklegasta skýringin á hve harðnar í ári fyrir Gunnlaug er að Gísli Gíslason bæjarstjóri og formaður Ritnefndarinnar réði sig til annarra starfa. Þann 27. september 2005 var Gísli ráðinn í starf hafnarstjóra Faxaflóahafna. [Sama dag samþykkti Bæjarstjórn Akraness að ráða Guðmund Pál Jónsson í starf bæjarstjóra](#) frá og með 1. nóvember 2005. [Gísli hafði verið bæjarstjóri á Akranesi í 18 ár](#) og verið formaður Ritnefndar um sögu Akraness allan tímann. Þótt Guðmundur Páll, sem tók við tíma-bundið sem bæjarstjóri, hefði setið í Ritnefndinni frá því líklega í apríl 2004 reyndist hann Gunnlaugi ekki sá verndari og velgjörðarmaður sem Gísli Gíslason hafði lengst af verið.

Vorið 2006 voru bæjarstjórnarkosningar. Pólitískar sviptingar virðast raunar ætíð hafa litlu máli skipt í ritun sögu Akraness, miklu frekar skipta einstakar persónur máli. [Ein af nýju bæjarfulltrúunum var Karen](#)

⁵⁴ Guðmundur Jón Hafsteinsson. 26. september 2006. „já“ undir efnipræðinum „Kúttur Sigurfari“ á umræðu-præði Akraneskaupstaðar.

[Jónsdóttir](#) (fyrir Frjálslynda flokkinn, gekk seinna til liðs við Sjálfstæðisflokkinn) en hún átti eftir að setja mark sitt á sögu Sögu Akraness síðar. Hrönn Ríkarðsdóttir sem hafði setið í Ritnefndinni frá upphafi 1987 til vorsins 2002 (og myndað þar meirihluta-fjölskyldublokk með Leó Jóhannessyni og Gísla Gíslasyni, svo sem fyrr hefur verið greint frá) settist nú í bæjarstjórn og situr þar enn, fyrir Samfylkinguna; Guðmundur Páll Jónsson, sem hafði setið í Ritnefndinni sat áfram í bæjarstjórn; Sveinn Kristinsson, gamall samherji Gunnlaugs Haraldssonar, sat áfram í bæjarstjórn, fyrir Samfylkinguna o.s.fr. [Þessi bæjarstjórn réði Gísla S. Einarsson](#), samfylkingarmann sem hafði skipt yfir í Sjálfstæðisflokkinn, sem bæjarstjóra næstu fjögur árin.

Á [sama bæjarstjórnarfundi](#) og samþykkti að ráða nýjan bæjarstjóra, þann 13. júní 2006, var skipað í nefndir, þ.á.m. ritnefnd um sögu Akraness. Jón Gunnlaugsson (D) varð formaður nefndarinnar og er það enn. Hann settist í Ritnefndina snemma árs 2004. Leó Jóhannesson (S) sat að sjálfsgöðu áfram og situr enn. En hinir þrír voru nýir: Bergþór Ólafsson (D), Magnús Þór Hafsteinsson (F) og Björn Gunnarsson (V). Það varð sem sagt meiriháttar uppstokkun í Ritnefndinni.

Fyrir kosningarnar, þann 8. maí 2006, hafði Magnús Þór Hafsteinsson sent inn stutt bréf á umræðuþráð þann sem fjallað var um síðustu færslu. Bréfið bar yfirskriftina „Hér má svara“ og hljóðar svona:

Ég spyr núverandi bæjarstjóra Framsóknarflokksins [Guðmund Pál Jónsson] um gang þessa máls í pistli á www.heimaskagi.is Vonandi verður ekki fát um svör. Baráttukveðjur, Magnús Þór Hafsteinsson www.magnusthor.is .

Hér vísar Magnús í [eigin pistil á Heimaskaga](#), vefsetri Frjálslynda flokksins, þar sem segir undir lokin:

Vonandi geta einhverjir í ritnefnd upplýst um þetta, enda hlýtur málið að vera á ábyrgð hennar. Ég sendi boltann á núverandi bæjarstjóra Framsóknarflokksins sem á sæti í ritnefnd....

Þegar hann var sjálfur kominn í Ritnefndina vafðist fyrir honum að svara sömu spurningum en ljóst er að hann er „mjög hrifinn af því sem ég hef lesið hingað til“ og telur „tvímælalaust að hér sé afar vandað rit á ferð.“ Og Magnús kemur auga á þá staðreynd að verkið geti ekki orðið „mjög dýrmætt heimildarit“ nema það sé gefið út.⁵⁵

⁵⁵ Magnús Þór Hafsteinsson. 18. september 2006. „Málin eru í farvegi“ á [Heimaskaga](#), vefsetri Frjálslynda flokksins. Undir lok pistilsins segir:

„IV. Saga Akraness:

Um þetta mál get ég ekki sagt svo mikið enda hef ég ekki átt neina aðkomu að því á nokkurn hátt. Öll vinna liggur niðri þar sem peningarnir sem setja átti í þetta eru víst búnir. Ég settist í ritnefndina nú eftir kosningar í vor. Þessa dagana er ég að lesa handritið sem nú liggur fyrir frá höfundi til að fá betri yfirsýn yfir þetta mál. Handritið er mjög efnismikið, fyllir þrjár stórar möppur og telur hundruði blaðsíðna. Ég er mjög hrifinn af því sem ég hef lesið hingað til og tel tvímælalaust að hér sé afar vandað rit á ferð. Það þarf að ljúka þessu verkefni og gefa þetta út. Þetta ritverk mun tvímælalaust verða mjög dýrmætt heimildarit og halda nafni höfundar á lofti um ókomna framtíð. En það gerist ekki nema það verði drifið í að ganga frá því, koma því á prent og í útgáfu.“

Pistill Magnúsar voru svör hans við mörgum spurningum sem birtust á umræðuþræði Akraneskaupstaðar undir efnisþræðinum „[Kúttur Sigurfari](#)“. Steingrímur Guðjónsson, sem minnst var á í fyrri færslu, spurði einmitt hvað liði ritun sögu Akraness um leið og Kúttur Sigurfara bar á góma og síðan bættust fleiri umræðuefni við. Steingrímur ítrekaði spurningu sína um sögu Akraness oftar en einu sinni á umræðuþræðinum en umræðan fór út um víðan völl og fólk virtist hafa mun meiri áhuga á að ræða annað.

Gunnlaugur Haraldsson sagnaritari, sem var væntanlega orðinn óþreyjufullur eftir frekari launum, sendi inn greinargerð um söguritunina og ástæður fyrir drætti verksins, dagsetta 4. október 2006.⁵⁶

Þá er hann þegar búinn að hrífa a.m.k. nýjan einn ritnefndarmann, eins og kemur fram í efnisgreininni hér að ofan. Þessi greinargerð hlýtur að hafa verið vel rökstudd því drifið er í að undirbúa nýjan samning við Gunnlaug og fyrsta skref er auðvitað að kalla Ritnefndina saman. Nýja Ritnefndin hélt sinn fyrsta fund 9. október 2006. (56. fundur. **Sjá töflu yfir fundi Ritnefndar og ritun sögu Akraness á tímabilinu 2005 - nóvember 2006**) og fimm dögum síðar héldu þeir Jón Gunnlaugsson, Gísli S. Einarsson bæjarstjóri og Jóhannes K. Sveinsson, lögmaður Akraneskaupstaðar, fund þar sem þeir ræddu samningsgerð um ritun sögu Akraness. Jóhannesi lögmanni var falið að semja drög að samningi við Gunnlaug Haraldsson.⁵⁷

Rúmum mánuði síðar útskýrði Jóhannes samninginn fyrir Ritnefndinni og Gunnlaugi (57. fundur). Þetta er líklega nýmæli í samningagerð við Gunnlaug, þ.e. að lögfræðingur bæjarins kynni efni hans bæði fyrir Gunnlaugi og ritnefnd.⁵⁸

Þann 30. nóvember 2006 skrifuðu Gísli S. Einarsson bæjarstjóri og Gunnlaugur Haraldsson undir nýjan samning sem hét „SAMNINGUR Saga Akraness“ og **bæjarráð samþykkti samninginn þann 7. desember.**⁵⁹

Í þeim samningi var verkum skipt á tvö ákveðin tímabil. Segja má að þessi samningur hafi seinna verið klofinn af „Samkomulagi“ seint í október 2007 þegar skrúfað hafði verið fyrir peningastreymi til sagnaritara í miðju kafi því engu hafði verið skilað. Um þetta verður fjallað í næstu færslu um sögu Sögu Akraness.

⁵⁶ Þetta kemur fram í „Forsendum“ næsta samnings við Gunnlaug en sá heitir SAMNINGUR Saga Akraness. Þar segir: „Söguritunin hefur dregist eins og rakið er í hinum fyrri samningum og koma þar til ýmis atriði eins og gerð er grein fyrir í greinargerð sagnaritara um málið, dag. þann 4. október 2006.“ Á þessa greinargerð er hvergi minnst í fundargerðum bæjarráðs, bæjarstjórnar eða ritnefndar um sögu Akraness. Ég hef greinargerðina ekki undir höndum.

⁵⁷ Í fundargerðarbók Ritnefndar um sögu Akraness er þessi fundur bókaður sem 57. fundur nefndarinnar. Fundargerðina er hins vegar ekki að finna á vef Akraneskaupstaðar. Engin þeirra þriggja fundargerða sem minnst er á í þessari efnisgrein var lögð fram fyrir bæjarráð. Fundargerðir 56., 58., 59. og 60. fundar voru lagðar fram í kippu á fundi bæjarstjórnar þann 9. janúar 2007. Það er ekki fyrr undir lok árs 2007 sem farið er að leggja fundirgerðir ritnefndar um sögu Akraness fram í bæjarráði. Þetta hálfgerða sleifarlag á fundargerðum Ritnefndar kann að hafa tíðkast frá fyrstu tíð og hefur líklega gert bæjarstjórnarfulltrúum erfiðara um vik að fylgjast með Ritnefndinni og störfum sagnaritarans.

⁵⁸ Mér er ókunnugt um hvort sérstakur lögmaður Akraneskaupstaðar aðstoðaði við gerð fyrri samnings, viðauka og samkomulags við Gunnlaug.

⁵⁹ Í bæjarráði sátu: Karen Jónsdóttir, formaður bæjarráðs, Gunnar Sigurðsson og Sveinn Kristinsson. Þennan fund sátu einnig Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri, og Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari. Á sama fundi bæjarráðs var beiðni Sögufélags Borgarfjarðar um styrk hafnað. Sveinn Kristinsson lagði til að félagið yrði styrkt um 100.000 kr. en tillagan var felld með tveimur atkvæðum hinna bæjarráðsfulltrúanna.

... einvörðungu markmið þessa samnings að framlengja verktíma, skilgreina verklok og kveða á um greiðslur til sagnaritara

Saga Sögu Akraness IX

27. maí 2011 kl. 15.48

Hér segir af því hvernig Gunnlaugi Haraldssyni tókst að ná nýjum samningi við Akraneskaupstað; standa ekki skil á umsömdum verkum; gera þá samkomulag við bæinn um greiðslur fyrir enn víðtækari störf; snúa samningu verksins á hvolf þannig að I. bindið varð að II. bindi og talsvert var þá ósamið af hinu nýja I. bindi og fá 4 milljónir og 767 þúsund krónur kr. fyrir allt þetta. (Ég veit ekki hve há sú upphæð er á núvirði.) Titillinn er bein tilvitnun í „Forsendur“ í samningi Akraneskaupstaðar við Gunnlaug Haraldsson síðla árs 2006.⁶⁰



Þann 30. nóvember 2006 skrifaði Gísli S. Einarsson bæjarstjóri undir samning við Gunnlaug Haraldsson, með fyrirvara um samþykki bæjarráðs. Bæjarráð samþykkti samninginn 7. desember sama ár. Titill þessa nýja samnings var „SAMNINGUR Saga Akraness“.⁶¹

Eins sagði í fyrri færslu aðstoðaði lögfræðingur bæjarins, Jóhannes Karl Sveinsson, við gerð samningsins og útskýrði samninginn bæði fyrir Ritnefndinni og sagnaritara. Það hefði því ekki átt að fara neitt milli mála um hvað samið var.

Í upphafi „SAMNINGS Saga Akraness“ er riftunarákvæði fyrri samnings kippt úr gildi.⁶² E.t.v. hefur Akraneskaupstaður til þessa nýja samnings átt endurkröfurétt á hendur Gunnlaugi Haraldssyni? En nýtt riftunarákvæði er sett í þennan samning undir lokin: „**Takist ekki að ljúka verkinu innan umsaminna tímamarka, er Akraneskaupstað heimilt**

⁶⁰ „Öll ákvæði fyrri samninga og samþykktu ritnefndar um efnistöð, áherslur og heimildaleit skuldu halda gildi sínu og er það einvörðungu markmið þessa samnings að framlengja verktíma, skilgreina verklok og kveða á um greiðslur til sagnaritara.“ Segja má að eini hluti markmiðsins sem náðist hafi verið greiðslurnar.

⁶¹ Hér birtist í fyrsta sinn titillinn að því verki sem kom að hluta út fyrir viku síðan, *Saga Akraness I* og *Saga Akraness II*, hvort bindi með sínum undirtitli. Ég sendi tölvupóst til Jóns Gunnlaugssonar, formanns ritnefndar, Árna Múla Jónssonar bæjarstjóra, Sveins Kristinssonar, forseta bæjarstjórnar, Guðmundar Páls Jónssonar, formanns bæjarráðs og Jón Pálma Pálssonar, bæjarritara, mánudaginn 23. maí 2011 og spurði hvort samið hafi verið við erfingja Ólafs B. Björnssonar um leyfi til að nota þessa titla, sbr. Höfundalög 1972 nr. 73 með áorðnum breytingum, gr. 43, 51 og 52, en hef ekki fengið svar frá neinum þeirra. Líklega heyrir Ritnefndin og saga Akraness enn undir bæjarstjóra, hugsanlega undir bæjarráð einnig, svo til öryggis sendi ég öllum þessum aðilum spurninguna en þeir hafa líklega ekki mátt vera að því að svara mér ennþá.

⁶² Í fyrsta samningnum sagði: „Verkið hefst þann 1. apríl 1997 og skal lokið eigi síðar en 30. september 2001.“ Í þriðju grein þess samnings sagði: „... ef vanefndir teljast verulegar á verktímanum er Akraneskaupstað heimilt að rifta samningi þessum og endurkrefja höfund um þær greiðslur, sem þegar hafa verið inntar af hendi.“ Vanefndir voru gifurlegar en eins og fram hefur komið virtist sagnaritarinn varinn í bak og fyrir, gerði Viðaukasamning og Samkomulag, sem voru viðbætur við upphaflega samninginn, og hélt áfram að fá greitt. Í þessum nýja samningi segir: „Í því [samkomulagi] felst m.a. að hvorugur aðili gerir neinar kröfur á hendur hinum vegna þess tíma sem liðinn er.“ Raunar virðast menn farnir að ruglast í ríminu þegar samningar við Gunnlaug Haraldsson eru raktir því í „Forsendum“ nýja samningsins er villa í dagsetningu „þriðja samningsins“, þ.e. Samkomulagsins frá 26. ágúst 2004 (en þann dag samþykkti bæjarráð það).

að rifta þessum samningi og krefjast endurgreiðslu þess sem greitt hefur verið inn á verkið, eða krefjast efnda á samingum [svo] án þess að frekari greiðslur verði inntar af hendi." (Feitletrun mín.) Mér vitanlega hefur þessu ákvæði ekki verið beitt.

Til frekara öryggis, væntanlega vegna viðskipta bæjarins við Gunnlaugs til þessa, er bætt við ákvæðinu: „Telji söguritari, að vegna óviðráðanlegra ástæðna eða atvika sem varða Akranesbæ sem verkkaupa, hafi stofnast heimild til að framlengja verktíma og/eða greiða eigi hærrí upphæð fyrir verkið en hér greinir, skal tafarlaust gera grein fyrir slíkum kröfum og upplýsa á fundum ritnefndar. Ef slíkur áskilnaður kemur ekki fram án ástæðulauss dráttar fellur allur réttur í þeim efnum niður.“ Líklega hefur Gunnlaugi gengið áfram vel að telja fram ástæður fyrir drætti á skilum því ég get ekki séð að þessu ákvæði hafi heldur verið beitt.

Skv. þessum nýja samningi skyldi Gunnlaugur „ljúka ritun Sögu Akraness frá landnámi til ársins 1941“ og innifalið í því var prófarkalestur, umsjón með tæknilegum atriðum útgáfu og annað sem gerði handrit hæft til útgáfu.

Skiladagar voru:

„Ritun fyrsta bindis Sögu Akraness skal lokið í umsömdu horfi eigi síðar en þann 30. mars 2007 ... tilbúið til prentvinnslu eigi síðar en þann 15. september 2007.“

„Ritun annars bindis Sögu Akraness hefst 1. október 2007 og skal vera ... tilbúið til prentvinnslu eigi síðar en þann 30. júní 2008.“

Í samningum kom fram: „**Að mestu er nú lokið ritun I. bindis Sögu Akraness**, sem tekur til tímabilsins frá landnámi til ársins 1850 og hefur handriti sögunnar frá lokum 17. aldar verið skilað á fyrri stigum“ en „ ... sagnaritari skrifi frá grunni almennan upphafskafla um söguna frá landnámi til loka 17. aldar, þ.m.t. jarðsögu, staðhátta- og örnefnalýsingu ... **skal tekin endanleg ákvörðun um umfang þess kafla eigi síðar en á fundi ritnefndar í desember n.k.**“ (Feitletrun mín).

Á fundi Ritnefndarinnar 12. desember (60. fundur) kemur einungis fram að Gunnlaugur hafi lagt fram drög að efnispáttum 1. bindis en ekki er gerð grein fyrir þeim drögum GH frekar en áður og engin ákvörðun bókuð. Tæpu ári síðar er almenni upphafskaflinn framan við fyrsta bindið farinn að bólgna ískyggilega út: „Kaflar II (Örnefni og búsetu- minjar í landnámi Bresasona, **91 s.**) og III (frá landnámi til loka 13. aldar, **135 s.**) hafa verið afhentir ritnefnd“. (Sjá [töflu yfir fundargerðir Ritnefndarinnar og vinnu Gunnlaugs skv. þeim á frá desember 2006 til desember 2007.](#))

Í samningnum kemur líka fram sú skoðun að annað bindið sé hálfklárað: „Annað bindi ... frá 1851 til ársins 1941. Umríta þarf og endurskoða kafla 18-35 og **ljúka handriti** þannig að heildarsamræmi sé komi á (frá 1901-1941).“ (Feitletrun mín)

Loks kom fram að söguritari skyldi nú einbeita sér að ritun sögunnar þótt hann hefði eitthvað um útlitið að segja: „**Fyrir utan verksvið söguritara er gerð korta og sérfræðilegur yfirllestur á handriti.** Söguritari skal þó hafa verkstjórn með þessum

þáttum, þ.e. skilgreina þarfir, upplýsa ritnefnd og afla tilboða eða undirbúa samninga og fylgja þeim eftir svo sem nauðsyn krefur. **Ekki skal stofnað til kostnaðar eða samningar gerðir nema ritnefnd komi þar að og að bæjaryfirvöld séu upplýst um áætlaðan kostnað og samþykki að greiða hann.**“ (Feitletrun mín.)

Greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar og annar kostnaður Akraneskaupstaðar

„Akraneskaupstaður greiðir söguritara samtals 10.000.000 (með tilteknum verðbótum skv. því sem síðar greinir) fyrir verkið allt til loka, þ.m.t. öll opinber gjöld og kostnaður sem tilheyrir verkefni hans, þ.m.t. launatengd gjöld, efnis- og húsnæðiskostnaður“⁶³ og skal innt af hendi fyrsta virka dag hvers mánaðar á meðan verkinu stendur (í fyrsta sinn 1. desember 2006).“ Akraneskaupstaður mun greiða kostnað við ferðir milli Akraness og Reykjavíkur, „þ.e. kílómetra- og veggjald [hér er átt við gjöld í Hvalfjarðargöngin] samkvæmt reikningi.“

Tíu milljónirnar skyldu greiddar í 16 jöfnum greiðslum, 625.000 á mánuði (auk síðari verðbóta). Greiðslutímabil voru desember 2006- júní 2007 (sjö mánuðir fyrir fyrsta bindið) og október 2007 - júní 2008 (níu mánuðir vegna annars bindis). Greiðslur skyldu hefjast 1. des. 2006 og vera greitt út fyrsta virka dag hvers mánaðar. Föst laun Gunnlaugs hafa því hækkað talsvert frá fyrri grunnsamningi.⁶⁴

Annar kostnaður bæjarins átti að vera vinna ritnefndar, kostnaður vegna umbrots, kortagerðar, myndvinnslu, tæknilegrar úrvinnslu o.þ.h.

Efndir samningsins



Gunnlaugur var á fullum launum frá 1. desember 2006 - 31. júní 2007 eða 7 mánuði. Þá stöðvuðust greiðslurnar. Hann stóð ekki við samninginn, þ.e. skilaði ekki handriti að fyrsta bindinu fyrir 1. apríl og því var enn óskilað í júnílok þegar greiðslum lauk. Ritnefndin var hins vegar ósköp róleg yfir þessu og virtist trúa fram á síðustu stundu að Gunnlaugur skilaði af sér á réttum tíma. Eftir að ljóst er að hann stendur ekki í

⁶³ „Hver greiðsla uppfærir miðað við þróun launavísitölu, með grunnvísitölu í nóvember 2006 (til verðtryggingar í desember)“. Mér finnst þetta óskiljanleg setning og ef einhver getur útskýrt hana fyrir mér væri ég þakklát. En ljóst er að mánaðarlaun Gunnlaugs voru 625.000 kr. allan tímann, þau hækkuðu ekkert á árinu 2007.

⁶⁴ Miðað við að launatengd gjöld séu 20% voru laun Gunnlaugs 520.000 á mánuði. Í desember 2006, þegar Gunnlaugur fékk fyrstu greiðsluna, voru meðal dagvinnulaun framhaldsskólakennara rétt rúmar 288 þúsund á mánuði. Meðalheildarlaun framhaldsskólakennara voru í október-nóvember 2006 rúm 440 þúsund. (Samanburður við desember hentar illa því þá var greidd út desemberuppbót og aðrar greiðslur fyrir ákv. vinnu alla alla haustönnina).

Í júní 2007 höfðu meðaldagvinnulaun framhaldsskólakennara hækkað í rétt rúmar 301 þúsund krónur á mánuði en meðalheildarlaun hækkað hlutfallslega minna því yfirvinna dróst saman. Þau voru í kringum 450 þúsund. Inni í meðaltalstölum um framhaldsskólakennara eru launagreiðslur allra stjórnenda framhaldsskólanna annarra en skólameistara, sem væntanlega hækka þessar tölur nokkuð. Sjá *Fréttarit KOS nr. 31*, s. 34. Útgefandi er Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna.

Af þessu má draga þá ályktun að með nýja samningnum hækki Gunnlaugur talsvert í launum frá fyrri grunnsamningi (1997) því nú fékk hann greitt talsvert meir en framhaldsskólakennarar upp til hópa.

skilum eru einungis bókaðar „Almenn umræða um framgang verksins“ eða „Umræða um framgang verksins“. (Sjá [töflu yfir fundargerðir Ritnefndarinnar og vinnu Gunnlaugs skv. þeim á frá desember 2006 til desember 2007](#).) Fundargerðir Ritnefndarinnar voru aldrei lagðar fram í bæjarráði en hins vegar í bæjarstjórn. Það er sama sleifarlagið og áður í þeim efnum, t.d. eru fundargerðir frá 22. maí og 2. október lagðar fram í bæjarstjórn 9. október og fundargerðin 20. desember 2006 var lögð fram ásamt annarri frá 28. febrúar 2007 á bæjarstjórnarfundi þann 11. mars 2007. Þetta hefur áreiðanlega gert bæjarstjórnarfulltrúum erfitt að fylgjast náið með Ritnefndinni og sagnaritara.

Á sama tíma blæs út „almenni upphafskaflinn um söguna frá landnámi til loka 17. aldur, þ.m.t. jarðsögu, staðhátta- og örnefnalýsing“. Þegar þessi samningur við Gunnlaug var gerður töldu menn að það eina sem vantaði upp á I. bindið væri almennur upphafskafli (sem hafði reyndar vantað nokkuð lengi og var upphaflega hugmynd Gunnlaugs sjálfs, sem hann stakk að Ritnefndinni um leið og [hún mat I. bindið fullunnið, í desember 2001](#)). Þrátt fyrir að í nýja samningnum stæði að „Öll ákvæði fyrri samninga og samþykkt ritnefndar um efnistöð, áherslur og heimildaleit skulu halda gildi sínu“ var þessi almenni inngangskafli orðinn að sjálfstæðu bindi snemma vors 2008, ókláruðu að sjálfsgöðu. Þótt það sjáist kannski ekki gjörlla fyrr en í næstu færslu þá notar Gunnlaugur þetta ár til að snúa verkinu á hvolf þannig að I. bindið verður í rauninni að II. bindi og hann er byrjaður að frumsemja nýtt I. bindi. (Og seinna meir var hið nýja II. bindi stytt til muna o.m.fl. en frá því verður einnig greint síðar.) Þannig að verkið var í rauninni enn fjær því að vera tækt til útgáfu þegar þessum fyrri hluta samningstímans lauk.

Gunnlaugur fékk 625.000 kr. greiddar á mánuði frá desember. 2006 til og með júní 2007. Þegar greiðslur stöðvast grípur hann til þess ráðs að gera viðbótarsamning við Akraneskaupstað þar sem hann selur bænum enn meiri óunna vinnu! Þetta er svokallað „Samkomulag um viðauka við samning á milli aðila um Sögu Akraness frá 30. nóvember 2006.“⁶⁵ Til-lagan kom frá Ritnefndinni til bæjarráðs og [bæjarráð fól bæjarritara „að gera verksamning í samræmi til tillögu ritnefndar sögu Akraness“ þann 18. október 2007](#).⁶⁶

Nú var samið um að Gunnlaugur tæki að sér „verkstjórn með ýmsum þáttum sem lúta að fullnaðarfrágangi á sögu Akraness, bindis I.“ (1. gr.) Átt var við verkstjórn yfir yfirlestri handrits, gerð korta, öllu sem snéri að grafík og myndefni, hönnun, umbroti og prófarkalestri. Önnur atriði sem samið var um voru aðallega:

⁶⁵ Upphaf samkomulagsins, „Forsendur“, er lýsandi fyrir viðskipti Akraneskaupstaðar og Gunnlaugs Haraldssonar til þessa:

„Samkomulag þetta er gert í framhaldi af fyrri samningum aðila frá 23/4 1997, 24/1 2002, 24/8 2008 [á að vera 26/8 2004] og 30/11 2006.

Söguritun á fyrsta bindi hefur dregist í tíma miðað við tímasetningar samnings frá 30/11 2006 og ljóst að tíma-ákvæði við upphaf ritunar bindis II getur ekki hafist fyrr en búið er að ljúka ritun og frágangi bindis nr I.“

Skrifað var undir samkomulagið þann 27. október 2007.

⁶⁶ Í bæjarráði sátu: Karen Jónsdóttir, formaður bæjarráðs, Gunnar Sigurðsson og Guðmundur Páll Jónsson. Á þessum fundi voru einnig Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri og Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari.

„Aðilar eru sammála um að ritun II. bindis verði frestað meðan áður-
nefnd prentvinnsla I. bindis er í gangi ...“ (2.gr.)

„Stefnt er að því að fullnaðarfrágangi við I. bindi verði lokið þann 1.
mars 2008 og það tilbúið til prentunar.“ (4. gr.)

Og rúsínan í pylsuendanum:

**„Telji söguritari að forsendur séu til að byrja vinnu við II. bindi
að hluta eða öllu leyti meðan unnið er að lokafrágangi I. bindis
og innheimta fyrir það þóknun skv. samningi þar um skal það á-
kveðið sameiginlega af söguritara og ritnefndar [svo] um sögu
Akraness.“** (3. gr.) (Feitletrun mín.)



Greiðslur fyrir vinnuna sem kveðið var á um í við-
bótarsamningnum skyldu vera tvenn mánaðarlaun
samanlögð. 33% summunnar voru greidd út 1. nóv.
2007; 33% 1. desember 2007 og eftirstöðvar átti að
greiða þegar I. bindi teldist fullfrágengið til
prentunar.

Þannig tókst Gunnlaugi Haraldssyni að fá full
mánaðarlaun hálf tveggja ára og skert mánaðarlaun í tvo
mánuði að auki án þess að skila meiru en 226 síðum af ófullgerðu hand-
riti (skv. fundargerðum Ritnefndarinnar).

Fyrir árið 2007 fékk sagnaritarinn greiddar 4 milljónir og 767 þúsund
krónur. Annar kostnaður var tæplega 3,2 milljónir og laun ritnefndar,
tæp 277 þúsund; alls rúmar 8 milljónir og 200 þúsund krónur. **Á nú-
virði er þessi upphæð rétt rúmar 11 milljónir og 238 þúsund
krónur.**⁶⁷

⁶⁷ Upplýsingar um kostnað og uppreikning hans á núvirði eru fengnar frá Akraneskaupstað þann 4. maí 2011.

Ljóst er að hér er að verða til glæsilegt rit

Saga Sögu Akraness X

6. júní 2011 kl. 21.39

Hér segir af því hvernig Gunnlaugur Haraldsson fékk 7,8 milljónir greiddar frá Akraneskaupstað árið 2008 (upphæð sem mér gengur illa að koma heim og saman), margkynnti stöðu verksins og sýndi Ritnefndinni glærur en skilaði einungis 4. kafla I. bindis til Ritnefndarinnar. Skv. Gunnlaugi var II. bindið (1700-1850) nánast fullsamið þetta árið en Ritnefndin virðist ekki hafa barið það efni augum árið 2008. Einnig segir hvernig vonin um útgefna bók glæddist hjá Akraneskaupsstað seint á árinu 2007 og vonarneistinn blakti langt fram á haustið 2008. Segir og frá samningum við undirverktaka.

Titill færslunnar er bein tilvitnun í [bókun ritnefndar um sögu Akraness 25. júní 2008](#).

Upprifjun

Síðasta færsla um sögu Sögu Akraness fjallaði um hvernig Akraneskaupstaður gerði nýjan grunnsamning við Gunnlaug Haraldsson (undirritaður þann 30. nóvember 2006) en Gunnlaugur stóðst ekki skil á I. bindi skv. samningi og stöðvuðust því greiðslur til hans í lok júní 2007. Bærinn gerði samt viðaukasamning við Gunnlaug þann 27. október 2007 um að Gunnlaugur tæki að sér aukna vinnu, þ.e.a.s. hefði yfirumsjón með grafískri hönnun, umbroti, vali og söfnun myndefnis o.fl. svo I. bindið (sem hann hafði sem sé ekki staðið við að skila) yrði tilbúið í prentsmiðju. Skv. viðaukasamningnum voru Gunnlaugi tryggð samanlögð tveggja mánaða laun, skipt í þrennt (greidd 1. nóv. og 1. des. 2007 og síðasta greiðslan yrði þegar I. bindi yrði skilað).



Seint á árinu 2007 töldu menn sig sjá að fyrsta bindið færi loks að verða tilbúið. I. bindi náði nú yfir tímann frá landnámi til 1700 og er því væntanlega annað þeirra rita sem tókst að gefa út í maí 2011.

Ritnefndin hafði staðfest skil á I. bindi í nóv. 2001 (en þá náði það frá 1700-1850), hafði fengið 21. kaflann sem vantaði víst inn í þetta bindi í apríl-byrjun 2003, hafði fallist á hugmynd Gunnlaugs um að breyta I. bindinu þannig að skrifaður yrði stuttur forsögukafli um tímabilið landnám til 1700, sem síðan bólgnaði út svo I. bindið varð að sögu landnáms-1700. Í byrjun október 2007 hafði ritnefndin fengið afhenta annan kafla, um örnefni og búsetuminjar í landnámi Bresasona (91 síðu) og þriðja kafla, frá landnámi til loka 13. aldar (135 síður). En enn vantaði fyrsta kaflann, um jarðsögu, og síðasta kaflann, um tímabilið 1300-1700.

Ritnefndin fylltist samt bjartsýni og ráðamenn kaupstaðarins urðu bjartsýnir líka: Sjá t.d. frétt *Skessuhornsins* „[Saga Akraness væntanleg](#)“ frá 9. nóvember 2007. Loksins var kannski bráðum hægt að senda eitthvað í prentsmiðju! Svo það var drifið í gera samninga við undirverktaka.

Samningar um umbrot og myndvinnslu

Akraneskaupstaður og Egill Baldursson gerðu með sér „Samkomulag um gerð hönnun, umbrot og grafíska vinnu vegna sögu Akraness, I. bindis.. [svo]“ og undirrituðu 10. nóvember 2007. Í því samkomulagi kom fram að Egill skyldi útbúa bókina til prentunar í nánu samstarfi við Gunnlaug Haraldsson. Innifalið var hönnun bókar, vinnsla á grafísku efni höfundar, umbrot og gerð skjals (700 s.) til prentsmiðju.

„Umsjónarmaður verkkaupa er Gunnlaugur Haraldsson söguritari og mun hann hafa umsjón með framvindu verksins og staðfesta framvindu þess, m.a. með áritun reikninga til greiðslu.“ (4. gr.)

Heildarþóknun fyrir verkið var 2.486.000 kr. og var allur kostnaður við verkið innifalinn í þeirri upphæð. (2. gr.) Líklega hefur þessi upphæð verið greidd árið 2007.

Sömu aðilar undirrituðu „VIÐBÓTAR SAMKOMULAG“ þann 25. september 2008, „sem helgast af mun meira umfangi og flóknara verki en lagt var til grundvallar upphaflegu samkomulagi á milli aðila“. Þá samþykkti Akraneskaupstaður að „greiða Agli Baldurssyni 700 kr. á mynd, án vsk., vegna myndvinnslu vegna ljósmynda sem verða í bókinni“ og að þóknun fyrir umbrot og gerð pdf-skjala sem send yrðu til prentsmiðju yrðu 3.360 kr. fyrir hverja síðu í bókinni.⁶⁸

Samningur um kortagerð

Þann 1. nóvember 2007 undirrituðu Akraneskaupstaður og *Fixlanda ehf* (Hans H. Hansen) „Samkomulag um gerð korta vegna sögu Akraness“. Í því samkomulagi segir m.a.:

- Fixlanda útbýr kortin í endanlega mynd eftir fyrirsögn GH svo þau verðir tilbúin til prentunar. (1. gr.)
- Fjöldi korta, stærð, frágangur og efnistöð eru ákveðin af höfundi Sögu Akraness (GH) (2.gr.) [...]
- Umsjónarmaður verkkaupa er Gunnlaugur Haraldsson söguritari og mun hann hafa umsjón með framvindu verksins og staðfesta framvindu verksins, m.a. með áritun reikninga. (4. gr.)
- Áætlaður verktími er 1. nóvember 2007 - 31. desember 2007. (5. gr.)

⁶⁸ Á fundi bæjarráðs 11.9. 2008 er bókað:

„22. Samningur við Egil Baldursson vegna Sögu Akraness.

Bæjarráð fellst á samningsupphæðina og vísar fjármögnun til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2008.“Í bæjarráði sátu Karen Jónsdóttir, formaður, Gunnar Sigurðsson og Rún Halldórsdóttir. Þennan fund sátu einnig Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri, og Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari.

- Heildarþóknun fyrir verkið er 3.360.000 kr. án vsk. (3. gr.) en að auki skal Akraneskaupstaður greiða kostnað við viðbótargögn, birtingargjöld vegna grunnkorta fenginna frá Landmælingum Íslands o.fl. sem er áætlað 200.000 kr. (7. gr.)
- Akraneskaupstaður verður eigandi að kortunum og hefur að fullu ráðstöfunarrétt og birtingarrétt á þeim. (8. gr.)

Í fylgiskjölum kemur fram að gert er ráð fyrir vinnu við kort sem tengist umfjöllun allt til ársins 1850.

Óljóst er hvenær þetta var greitt. Varla getur nema brot af þessu verið innifalið í greiðslum 2007 (sé gert ráð fyrir að um 2,5 milljónir hafi farið í að greiða Agli Baldurssyni og annar kostnaður bókfærður það ár var alls 3,2 milljónir). Annar kostnaður árið 2008 var rúmlega 5 milljónir en í þeirri upphæð hljóta einnig að felast greiðslur fyrir prófarkalestur og einhverjar greiðslur til Egils Baldurssonar. Ætli megi ekki ætla að *Fixlanda* ehf hafi fengið greitt árið 2008 og hugsanlega einnig árið 2010, jafnvel 2011.

Pólitískar hræringar í bænum

Á miðju kosningatímabilinu, í maí 2008, gekk Karen Jónsdóttir, fulltrúi óháðra á F-lista, í Sjálfstæðisflokkinn. (Þetta tengist úlfúð sem kom upp þegar flokksbróðir hennar, Magnús Þór Hafsteinsson, var á móti því að Akraneskaupstaður veitti palestínskum ekkjum og börnum þeirra heimili og aðstoð á Akranesi en kemur annars ekki þessari sögu við og verður því ekki rakið nánar.) Við þessi flokksskipti náði Sjálfstæðisflokkurinn hreinum meirihluta í bænum. Fyrir leikendur í sögu Sögu Akraness hafði þetta fremur lítil áhrif, einna helst þessi; Guðmundur Páll Jónsson hvarf úr bæjarráði (en sat áfram í bæjarstjórn), í hans stað kom Rún Halldórsdóttir; Karen var áfram formaður bæjarráðs; Gunnar Sigurðsson var áfram forseti bæjarstjórnar, Sveinn Kristinsson sat áfram í bæjarstjórn (þessir höfðu verið í bæjarstjórn árum saman, sem og Guðmundur Páll, ýmist í meiri-eða minnihluta enda hver í sínum flokknum) o.s.fr.



Þótt kosið væri upp á nýtt í ritnefnd um sögu Akraness voru sömu menn kosnir í hana, nema Jósef H. Þorgeirsson tók sæti Magnúsar Þórs Hafsteinssonar. Eftir lát Jósefs síðla ársins 2008 tók Guðjón Guðmundsson sæti hans. Jósef hafði setið áður í ritnefnd um sögu Akraness en Guðjón kom nýr inn í nefndina.

Framgangur verksins

Þótt Gunnlaugur Haraldsson hefði ekki enn uppfyllt fyrri helming nýja grunnsamningsins frá 30. nóvember 2006, þ.e.a.s hann var ekki búinn að skila fyrsta kaflanum (jarðsöguhlutanum) í fyrsta bindið og ekki heldur síðasta kaflanum (um tímabilið 1300-1700), skv. fundargerðum Ritnefndarinnar, virðast greiðslur vegna loka samningar I. bindis og frágangs II. bindis hafa byrjað að berast árið 2008.⁶⁹ Jarðsögukaflinn í

⁶⁹ Ég sendi fyrirspurn til Ragnheiðar Þórðardóttur, þjónustu- og upplýsingarstjóra Akraneskaupstaðar, í tölvupósti á föstudaginn (5. júní), um hvort vantaði inn í þau gögn sem ég fékk frá Akraneskaupstað þann 4. maí sl., þ.e. hvort gæti verið að vantaði einn samning við Gunnlaug. Ég á nefnilega bágð með að skilja hvernig hann gat fengið greiddar rúmar 7,7 milljónir bæði árið 2008 og 2009, miðað við þau gögn sem ég hef undir

I. bindinu var enn ófrágenginn 2. apríl 2008 og er raunar illmögulegt að skilja annað en hann sé sá 1. kafli sem Ritnefndin fór loks yfir 5. mars 2009. Lokakaflanum í I. bindi, þ.e. efni um 1300-1700, skilaði hann Ritnefndinni 8. desember 2008. (Það bindi átti, skv. viðaukasamkomulaginu að vera tilbúið til prentunar 1. mars 2008.)

Fram eftir árinu 2008 er Gunnlaugur að útlista verkstöðu o.þ.h. fyrir Ritnefndinni og sýna henni hvernig einstakar blaðsíður í I. bindi komi til með að líta út. Til þess notar hann t.d. glærur. Ritnefndin er ákaflega hrifin. **Að vísu skilar hann engu á árinu nema 4. kafla I. bindis (kaflanum um tímabilið 1300-1700)** og að vísu verður fljótlega ljóst að verkið tefst en Ritnefndin er æðrulaus sem fyrr. Bókað er: „Úr því sem komið er geta verklok ekki orðið fyrr en í lok sumars í ár“ þann 2. apríl 2008 og í árslok, þann 12. desember, er bókað: „Verkið hefur tafist vegna annríkis undirverktaka.“ **Sjá töflu unna upp úr fundargerðum Ritnefndarinnar árið 2008.**

Skv. ítarlegu minnisblaði Gunnlaugs um stöðuna, sem hann lagði fram 2. apríl 2008, er II. bindið langt komið og staða einstakra kafla þannig:

- 5. kafli 1701-1800 (390 s.) bíður prentvinnslu
- 6. kafli 1800-1850 (215 s.) bíður prentvinnslu
- 7. kafli Samantekt (4-5 s.) ósamið.

Aldrei kemur fram í fundargerðum Ritnefndarinnar að nefndarmenn hafi fengið þessa kafla annars bindis til yfirlstrar, jafnvel þótt leitað sé fram til ársins 2011. Það er erfitt að meta hvort Ritnefndin lét duga árið 2008 að skoða sýnishorn á glærum (af köflum í I. bindi) eða hvort ritnefndarmenn fóru einhvern tíma yfir II. bindið án þess að um þá iðju væri bókaður stafur. (Í útgáfunni 2011 var II. bindið orðið að tímabilinu 1700-1800 en var árið 2008 hugsað sem 1700-1850). Þessu geta væntanlega bara sagnaritari og Ritnefndarmenn svarað og væri óskandi að þeir gerðu það, t.d. í athugasemd við þessa færslu.

Mögulega hefur „annríki undirverktaka“ í umbroti og prófarkalestri að einhverju leyti stafað af því að kröfur um flottara útlit hafi verið settar fram, sbr. viðaukasamning við Egil Baldursson umbrotsmann, sem rakinn var hér að ofan.

höndum. Í svari Ragnheiðar, sem barst í dag (6. júní), kemur fram að erindinu sé vísað til bæjarritara. Bæjarritari er í sumarfrí til 30. júní.

Ég skrifaði Ragnheiði aftur og benti á [Upplýsingastefnu Akraneskaupstaðar](#) og Upplýsingalög, þar sem kemur fram að Akranesbær hefur að hámarki 20 daga frest til að svara mér. Væntanlega getur einhver flett í gegnum möppuna á skrifstofu bæjarritara fljótlega og svarað þessu erindi og Ragnheiður ætlar víst að reyna að koma því í kring, skv. bréfi nú í eftirmiddag.

Ég verð því sem stendur að túlka gögnin þannig að árið 2008 hafi Gunnlaugur fengið greitt skv. samningi frá 30. nóvember 2006 og viðaukasamningi frá 27. október 2007 þar til annað kemur í ljós. Það stendur að vísu út af u.þ.b. ein og hálf milljón, sem er óskýrð, og náttúrlega óútskýrð 4 milljóna skuld fyrir vinnu árið 2009 ... en þetta skýrist væntanlega allt þegar Akraneskaupstaður hefur tíma til að svara erindi mínu, vonandi í tæka tíð áður en ég klára næstu færslu, um árið 2009. Ég mun að sjálfsögðu leiðrétta þessa færslu séu skýringar á greiðslum til Gunnlaugs aðrar en ég get mér til núna.

Greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar og annar kostnaður Akraneskaupstaðar 2008

Árið 2008 greiddi Akraneskaupstaður Gunnlaugi Haraldssyni tæplega 7,8 milljónir. Annar kostnaður var rúmlega 5 milljónir, laun Ritnefndarinnar tæp 300.000 kr. Alls var kostnaður bæjarins af sögurituninni þetta árið 13 milljónir og rúm 200 þúsund, sem á núvirði eru rétt rúmar 16 milljónir.⁷⁰

Það er dálítið erfitt að sjá hvernig upphæðin til Gunnlaugs skiptist, miðað við mínar upplýsingar. Segjum sem svo að síðari hluti grunnsamningsins („Samningur. *Saga Akraness*“, undirritaður 30. nóv. 2006) hafi byrjað að virka, þ.e. að Gunnlaugur hafi fengið greiðslur fyrir II. bindið í 9 mánuði (upphaflega 625.000 kr. á mánuði en einhverjar verðbætur hljóta að hafa bæst við) væru það 5.225.000 kr. + einhverjar verðbætur. Að auki má ætla að hann hafi fengið síðustu greiðsluna vegna viðaukasamningsins á þeim forsendum að I. bindi hefði verið skilað í desember 2008 (þótt svo virðist sem enn hafi vantað framan á það jarðsögukaflann). Sú upphæð var 412.000 kr. með einhverjum verðbótum. Inni í greiðslum til Gunnlaugs gætu líka verið endurgreiðslur ferðakostnaðar vegna ferða milli Reykjavíkur og Akraness. Að öðru leyti átti framlag Akraneskaupstaðar að takmarkast við útlagðan kostnað „sem sérstaklega er stofnað til og samþykktur á grundvelli ákvæða 1. gr. samningsins“ (3. gr.) en í fyrstu greininni segir: „EKKI skal stofnað til kostnaðar eða samningar gerðir nema ritnefnd komi þar að og að bæjaryfirvöld séu upplýst um áætlaðan kostnað og samþykki að greiða hann.“



Ekkert er bókað í fundargerðum Ritnefndarinnar um neinn aukakostnað nema 2. apríl 2008 en þá hyggst formaður nefndarinnar ræða um ráðningu tveggja prófarkalesara, sem Gunnlaugur Haraldsson leggur til, við bæjaryfirvöld. Gæti greiðsla fyrir prófarkalestur verið skýringin á 2,5 milljónunum sem bæjarráð samþykkti þann 29.5. 2008?⁷¹ Í fljótu bragði sýnist mér það ansi rausnarlega borgaður prófarkalestur en engin önnur skýring fæst á fjárbeiðninni úr fundargerðum Ritnefndarinnar, hvað þá að einhver skýring fylgi samþykkt bæjarráðs. Á fundum bæjarráðs og bæjarstjórnar 2008 er

ekki getið um neinn aukakostnað annan en þann sem nefndur hefur verið í neðanmálgreinum. En þær samanlagt fimm milljónir sem Akranesbær greiddi í annan kostnað árið 2008 hljóta að vera einhverjar greiðslur til *Fixlanda*, til Egils Baldurssonar og til prófarkalesara.

Ég finn ekkert sem skýrir fyrir hvað Gunnlaugur fékk tæpar 7,8 milljónir því ég get ekki séð að hann hafi getað fengið nema kannski vel rúmar 6 milljónir í launagreiðslur (áætluð tala um ágiskaðar verðbætur á 5.225.000 + 412.000 = 5.637.000 kr. frá 2006) og hann hefur þurft að aka ansi oft milli Reykjavíkur og Akraness til að skýra þá einu og hálfu milljón sem virðist bera á milli sem endurgreiddan aksturskostnað.

⁷⁰ Upplýsingar um greiðslur og uppreikning á núvirði eru fengnar frá Akraneskaupstað þann 4. maí 2011. Sama gildir um þá samninga sem nefndir hafa verið til þessa.

⁷¹ Á fundi bæjarráðs 29.5. 2008 er bókað:

„1. Viðræður við Jón Gunnlaugsson, formann sögunefndar Akraness.

Bæjarráð samþykkir að verja viðbótarfjárveitingu að fjárhæð 2,5 millj. króna til sögu Akraness vegna útgáfu I bindis. Formanni sögunefndar og bæjarritara falið að hafa umsjón með útgjöldunum í samræmi við umræður á fundinum. Fjárveitingu vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2008.“

Í bæjarráði sátu Karen Jónsdóttir, formaður, Gunnar Sigurðsson og Rún Halldórsdóttir. Þennan fund sátu einnig Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri, og Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari.

Enn dularfyllra verður málið þegar rúmu 7,7 milljónirnar sem hann fékk árið 2009 eru hafðar í huga. En umfjöllun um söguritun það árið og skyndilegt andóf innan bæjarstjórnar, sem vakti athygli í fjölmiðlum, bíður næstu færslu.

glæsilegasta byggðarit og rit um sögu byggðarlags sem búið hefur verið til

Saga Sögu Akraness XI

9. júní 2011 kl. 18.14

Seint árið 2009 dró blikur á loft og vinsamlegt andrúmsloftið sem hafði umlukið sagnaritarann og Ritnefndina með ljúfu samþykki bæjarráða og bæjarstjórna til þessa varð skyndilega lævi blandið. Verður gerð grein fyrir þessu í færslunni. Þrátt fyrir þetta skyndilega mótlæti náði Gunnlaugur Haraldsson að skrifa undir enn einn samninginn við Akraneskaupstað og hafði hugsanlega 7,7 milljónir upp úr krafsinu þetta árið.

Titill færslunnar er bein tilvitnun í orð Sveins Kristinssonar á bæjarstjórnarfundum þann 13. október 2009

Persónur og leikendur fyrir utan sagnaritarann sjálfan

Þeir sem ekki eru Akranesingar eða Skagamenn átta sig kannski ekki á því að í rauninni hafa aðalpersónur í stjórn bæjarins verið meira og minna þær sömu í aldarfjórðung og þær réðu líklega mestu um samþykkt allra samninganna við Gunnlaug Haraldsson, gera jafnvel enn. Þótt bæjarstjórnir hafi verið myndaðar með mismunandi meiri- og minnihluta í öll þess ár eru aðalpersónurnar í rauninni bara þrjár. Í kringum tvær þær fyrrnefndu má finna nokkrar aukapersónur sem eru ýmist á sviðinu eða baksviðs. Til að auðvelda lesanda að halda þræðinum í þessari færslu hef ég litað nöfn aðalpersónanna, nema þar sem krækt er í misgamlar upplýsingasíður um þær (krækjurnar eru fölbláar).

Aðalkarlarnir **Sveinn**, **Gunnar** og **Guðmundur Páll**

Sveinn Kristinsson fluttist á Skagann um líkt leyti og Gunnlaugur Haraldsson og til að byrja með voru þeir samherjar í Alþýðubandalaginu. 1994 vann Alþýðubandalagið stórsigur í bæjarstjórnarkosningum og í bæjarstjórn settust Guðbjartur Hannesson, **Sveinn** og Ingunn Anna Jónasdóttir.⁷² **Sveinn** hefur setið í bæjarstjórn síðan þá, fyrst fyrir Alþýðubandalagið, svo fyrir Akraneslistann⁷³ og svo Samfylkinguna. Hann hefur oft og mörgum sinnum verið forseti bæjarstjórnar og gegnir því starfi einmitt núna. Sömuleiðis hefur hann frá því laust fyrir aldamót setið í bæjarráði og oft verið formaður þess.

⁷² Eins og allir vita er **Guðbjartur Hannesson** núna velferðarráðherra. **Ingunn Anna Jónasdóttir** er eiginkona Engilberts Guðmundssonar sem bar á góma í færslunni **Framtakssemi og frumskógarlög** máli og systir núverandi ópólitíks ráðsins bæjarstjóra, **Árna Múla Jónassonar**.

Gunnlaugur Haraldsson snérist hins vegar til liðs við vinstri-græna þegar Alþýðubandalagið leið undir lok, var í stjórn Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs á Vesturlandi 1999-2000, var varaformaður þegar hún hugsaði sér til sigurs í bæjarstjórnarkosningum á Akranesi það árið en náði engum manni inn og skipaði 10. sæti U-lista Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs fyrir alþingiskosningarnar vorið 2003. Um frekari pólitísk afrek Gunnlaugs Haraldssonar veit ég ekki.

⁷³ 1998 var Akraneslistinn sameiginlegt framboð Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokks og Kvinnalista. 2002 var Akraneslistinn listi Samfylkingarinnar á Akranesi.

Gunnar Sigurðsson settist fyrst í bæjarstjórn um leið og Sveinn, árið 1994, fyrir Sjálfstæðisflokkinn og hefur setið þar allar götur síðar. Stundum hefur **Gunnar** verið forseti bæjarstjórnar, hefur oftast setið í bæjarráði á sama tíma og **Sveinn** og **Guðmundur Páll** og stundum verið formaður þess.

Guðmundur Páll Jónsson settist einmitt líka í bæjarstjórn árið 1994, fyrir Framsóknarflokkinn. **Guðmundur Páll** hefur einstaka sinnum verið forseti bæjarstjórnar og oft formaður bæjarráðs, er einmitt formaður bæjarráðs núna. Guðmundur Páll sat um tíma í ritnefnd um sögu Akraness og var starfandi bæjarstjóri um tíma.⁷⁴

Frá 1999-2005 sátu félagarnir þrír í bæjarráði. Eftir kosningar 2006 riðlaðist þessi skipan og þeir hafa ekki setið allir í einu í bæjarráði síðan en ævinlega einhver þeirra, stundum tveir félaganna saman, stundum bara einn þeirra.

Það má sjá ljómandi fallega mynd af þessum körlum saman, ásamt Gísla Gíslasyni bæjarstjóra og formanni Ritnefndarinnar í 18 ár (frá upphafi til 2005) og brosmildum bæjarstjóra í Leeds (sem kemur þessari sögu samt ekkert við) við frétt *Morgunblaðsins* 31. október 2005, „Bæjarráðið heimsækir fiskkaupendur“ .

Ritnefndin og orð aðalkarlanna



Ritnefndin hélt aðeins þrjá fundi árið 2009 og virðist hafa látið sér duga eitt minnisblað frá Gunnlaugi Haraldssyni og einn kafla, líkast til 1. kaflann í I. bindið (jarðfræðikaflann) sem vantað hafði mjög lengi. (Sjá **töflu unna úr fundargerðum Ritnefndarinnar árin 2009-2011.**) Í fundargerð 16. júní 2009 segir að Gunnlaugur og nefndin hafi gengið á fund bæjarstjóra [Gísla S. Einarssonar] og orðið hafi fjörugar umræður. Næst ætlaði Ritnefndin að kynna verkið bæjarráði. Fer engum sögum af því hvernig sú kynning var, a.m.k. er ekkert bókað um sagnaritun í **fundargerðum bæjarráðs fyrr en í septemberlok**: „Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra ásamt formanni ritnefndar að ganga til samninga við H. Gunnlaug Haraldsson um að hann skili verkefninu til Akraneskaupstaðar til prentunar.“ Þann fund bæjarráðs sátu Karen Jónsdóttir formaður, **Gunnar Sigurðsson**, varaformaður, Hrönn Ríkharðsdóttir aðalmaður, Gísli S. Einarsson bæjarstjóri o.fl.

Í október barst þessi fundargerð bæjarráðs til bæjarstjórnar og þá tóku til máls um ritun sögu Akraness þeir **Sveinn Kristinsson**, **Guðmundur Páll Jónsson** og bæjarstjórinn Gísli S. Einarsson. Það er athyglisvert að heyra hvað þeir fyrrnefndu, hoknir af reynslu af viðskiptum við sagnaritarann, sögðu, hér skrifað upp eftir **hljóðupptöku af bæjarstjórnarfundinum 13. október 2009, ca. 45-55 mínútu**:

⁷⁴ **Guðmundur Páll** var upphaflega í Bandalagi jafnaðarmanna, skipaði t.d. lista þeirra á Vesturlandi fyrir þingkosningar 1983. Á þeim lista var einnig **Hrönn Ríkharðsdóttir**. Hún gekk svo til liðs við Alþýðuflokkinn og sat væntanlega fyrir hann í ritnefnd um sögu Akraness 1987-2002. Hrönn hefur setið í bæjarstjórn fyrir Samfylkinguna frá 2006 og er núverandi varaformaður bæjarráðs.

Sveinn Kristinsson:

Ég er ánægður með þetta, ég held að nú sé farið að sjá fyrir endann á þessu mikla verki. Þetta hefur tekið langan tíma og kostað mikla peninga að mörgum finnst. Og eflaust hefur þetta kostað mikla peninga. Og ég hef nú kannski ekki verið þolinmóðasti maðurinn í þessu, svo ég segi það bara hreint út hér. Ég er búinn að fylgjast lengi með þessu verki ...ég hef fengið hluta af þessu verki og skoðað þetta vel. Og verði það gefið út í þeirri mynd sem allt horfir að það verði þá getum við Skagamenn verið stoltir af því. Það sem ég hef séð af þessu ... ég held að þetta sé það glæsilegasta byggðarit og rit um sögu byggðarlags sem búið hefur verið til! Það er að svo mörgu leyti öðruvísi heldur en þessi hefðbundnu rit sem í þessum málaflokki hafa verið skrifuð. Margt áhugavert tínt til sem kannski eru ekki beint rosalega mikilvæg söguleg atvik heldur varpa svona ákveðnu ljósi yfir mannlíf, menningu, lífnaðarhætti í kannski einhverju smáu sem skiptir svo miklu máli þegar langt er liðið og getur lýst upp fyrir okkur fortíðina og það líf sem okkar forfeður lifðu. Ég hlakka til að sjá þetta. Ég vona að þetta takist þrátt fyrir kreppu að gera þetta sem fyrst. Fagna þessu.⁷⁵

Guðmundur Páll Jónsson:

Varðandi ritun sögu Akraness þá tek ég undir allt sem kom fram hér hjá síðasta ræðumanni. Og þetta er orðin löng ganga en það sem hefur verið birt okkur bæjarfulltrúum og það ... ég held ég sé ekki að brjóta neinn trúnað ef ég leyfi mér að segja það í þessari umræðu að það skuli koma fram og verður gaman að fá að lesa betur og fara yfir þegar þetta rit kemur út að við ... að söguritari hefur náð að fara í uppruna okkar jafnvel betur en nokkurn tíma áður hefur verið gert. Það að ýmis örnefni hér í nágrenni okkar ... að söguritari hefur áttað sig og rannsakað það þegar að Bresabræður komu. Hann er búinn að finna hvaðan þeir komu! Og örnefni hér ... tókum eins og dæmi eins og Esjuna. Það er komið úr því umhverfi sem þeir komu. Og nánast í þeirri röð og í þeirri eyju sem þeir sjálf-sagt komu frá. Þetta er í rauninni alveg stórmerkilegt! Við höfum velt fyrir okkur miklu. Af hverju nafnið Akranes er dregið og ýmis örnefni sem hér eru. Við fáum jafnvel bara skýringar á því í þessari söguritari ... með hvaða hætti þetta varð til í okkar umhverfi. Og þetta er stórkostlegt! Þannig að þó að þetta hafi tekið langan tíma og þolinmæði og snarpt [svo] orðaskipti átt sér stað þá styð ég eindregið að það sé gengið þannig frá að söguritari skili þessu verki eins og það nú er í prentun og síðan tekur ný bæjarstjórn ákvörðun um framhaldið. Vissulega var fyrr ætlunin að vera með söguna nánast til ... alveg fram að tímanum í dag en það verður ekki hluti af þessum samningi en mjög mikilvægur tími af sögu okkar sem þarna verður gengið frá.⁷⁶

Gísli S. Einarsson bæjarstjóri:

Síðan bara aðeins þetta með ritun sögu Akraness. Það sem hefur staðið í mönnum að það er samningsupphæðin sem verið er að fjalla um. Hún er ... það er býsna erfitt ... og síðan sá tími sem er verið að tala um að skila verkinu á. Ég get tekið undir hvert orð um vöndun verksins. En kostnaðurinn er býsna mikill. Og það er ýmislegt sem hefur farið úr böndum, ekki endilega í höndum söguritara heldur þeirra sem eru að vinna við umbrot og annað slíkt. Það hafa komið fyrir mikil óhöpp sem er verið að sækja eftir að Akraneskaupstaður borgi. Og það eru svona þungu hlutirnir í þessu en ég ætla ekkert að fara nánar í þetta

⁷⁵ **Sveinn Kristinsson** var væntanlega búinn að fylgjast með þessu verki frá 1997 því hann var búinn að sitja í bæjarstjórn og oft í bæjarráði allan tímann sem sagnaritun Gunnlaugs hafði varað. Erfitt er að vita nákvæmlega hversu mikið hann hafði séð af verkinu. Ljóst er af fyrri fundargerðum Ritnefndar að Gunnlaugur hafði kynnt verkið fyrir bæjarstjórn en miðað við fundargerðir Ritnefndarinnar hefur sú kynning væntanlega verið mikið til á glærum og sýnt hvernig einstakar blaðsíður litu út, auk þess sem urmull minnisblaða og yfirlit verksins höfðu líklega ratað til forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs í þessi 12 ár sem sagnaritunin hafði nú varað. Hugsanlega hefur **Sveinn** lesið einhvern hluta verksins en orð hans gætu allt eins bent til þess að hann hafi skoðað einstakar síður á glærum. Ritnefndin hafði í árunna rás fengið smá parta úr verkinu afhenta og af því þetta var pólitískt skipuð nefnd frá upphafi má ætla að nefndarmenn hafi kannski látið þessar parta ganga til sinna flokksbræðra í bæjarstjórn. Hvergi er óþolinmæði Sveins bókuð í fundargerðum (bæjarstjórnar eða bæjarráðs) í öll þessi ár svo hann hefur væntanlega látið hana í ljós annars staðar en á slíkum fundum.

⁷⁶ **Guðmundur Páll Jónsson** hafði setið jafnlangan tíma og **Sveinn** í bæjarstjórn og oft í bæjarráði. **Guðmundur Páll** hafði einnig setið í ritnefnd um sögu Akraness um skeið. **Gunnar Sigurðsson** var forseti bæjarstjórnar en virðist hafa verið fjarverandi á þessum fundi.

mál. En það stendur sem hér er sagt að bæjarstjóra og formanni ritnefndar var falið að ganga til samninga. Og sá samningur hlýtur að koma hér. Eða þá að menn lýsa því að þeir geti ekki gert þetta. En hann hlýtur að koma til afgreiðslu BÆJAR-STJÓRNAR. Það er bara svoliðis.⁷⁷

Á þriðja og síðasta fundi ársins, 26. nóvember 2009, bókaði Ritnefndin: „Nýtt samkomulag hefur verið gert við söguritara um framgang verksins og var hún [svo] kynnt og samþykkt samhljóða.“ (Sjá **töflu unna úr fundargerðum ritnefndar um sögu Akraness á tímabilinu 2009-2011.**) Í sömu fundargerð var bókað að „sú áætlun sem gerð hafi verið og kynnt bæjarráði hafi ekki gengið eftir.“ Svo virðist sem Ritnefnd hefði nú umboð til að semja við Gunnlaug án afskipta bæjarstjórnar og bæjarráðs, öðru vísi verður klausan um hið nýja samkomulag ekki skilin. Það er reyndar alls ekki í samræmi við bókanir bæjarráðs og bæjarstjórnar og ómögulegt að sjá í hvers umboði Ritnefndin hafði skyndilega öðlast þetta samningsgerðarvald.

Bæjarráð fjallar aftur um samningagerð við Gunnlaug Haraldsson þann 27. nóvember 2009 og **par er bókað**: „Tillaga að verkáætlun varðandi ritun Sögu Akranes [svo]. Bæjarstjóra heimilað að undirrita samning í samræmi við minnisblað sem lagt var fram á fundinum.“⁷⁸ Málið er samt aftur tekið upp í bæjarráði þann 3. desember og **par bókað**: „Viðauki við samning um ritun sögu Akraness. Bæjarráð staðfestir samninginn fyrir sitt leyti og vísar til afgreiðslu bæjarstjórnar og endurskoðunar fjárhagsáætlunar 2009.“⁷⁹ **En daginn áður, 2. desember, hafði Gísli S. Einarsson skrifað undir samning við Gunnlaug**, sá hét „Viðauki, Samningur um ritun sögu Akraness.“ með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.

Það er engin skýring auðsæ á því hvers vegna málið fór tvisvar fyrir bæjarráð og var svo vísað til bæjarstjórnar þótt á fyrri fundinum hafi bæjarráð veitt bæjarstjóra heimild til að undirrita samning við Gunnlaug Haraldsson. Líkleg skýring, að mínu mati, er að Gísli S. Einarsson hafi neitað að undirrita samninginn einungis í umboði bæjarráðs (eins og þó hafði tíðkast til þessa) og viljað að bæjarstjórn tæki afstöðu til málsins. Orð hans á bæjarstjórnarfundum í október (sjá hér að ofan) styðja þá skýringu. Og málið fór fyrir bæjarstjórn í desember 2009.

⁷⁷ Þann 30. nóvember 2006 skrifuðu Gísli S. Einarsson bæjarstjóri og Gunnlaugur Haraldsson undir nýjan samning sem hét „SAMNINGUR Saga Akraness“. Þann samning hafði lögmaður bæjarins útbúið, sjá færsluna **Ja sko mér er alveg sama og mætti sleppa þessu bókaveseni allveg**, og Gísli S. skrifaði undir með fyrirvara um samþykki bæjarráðs (sem ekki hafði tíðkast í undirskriftum fyrri samninga). Eftir það var gert „Samkomulag um viðauka við samning á milli aðila um Sögu Akraness frá 30. nóvember 2006.“ sem bæjarritarinn, Jón Pálmi Pálsson, undirritaði fyrir hönd bæjarins þann 27. október 2007 (sjá sömu færslu). Gísli S. Einarsson var pólitískt ráðinn bæjarstjóri, með fulltingi Sjálfstæðisflokksins og Frjálslyndra-óháðra.

⁷⁸ Á þessum fundi var Karen Jónsdóttir formaður bæjarráðs fjarverandi en viðstödd voru: **Gunnar Sigurðsson**, varaformaður, Hrönn Ríkharðsdóttir, aðalmaður, Eydís Aðalbjörnsdóttir, varamaður, Rún Halldórsdóttir, áheyrnarfulltrúi og Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri.

⁷⁹ Á þessum fundi var Karen Jónsdóttir formaður bæjarráðs einnig fjarverandi og viðstödd voru þau sömu og talin voru hér að ofan.

Karen reynist óþægur ljár í þúfu



Karen Jónsdóttir settist í bæjarstjórn fyrir Frjálslynda og óháða vorið 2006 en skipti yfir í Sjálfstæðisflokkinn á miðju kjörtímabilinu. Hún var formaður bæjarráðs allt kjörtímabilið.⁸⁰ Frá stjórnarkosningum 2010 hefur hún verið fulltrúi Sjálfstæðisflokksins. Karen hafði ekki haft áberandi afskipti af pólitík fyrir 2006 og tengist ekki gamla Alþýðubandalaginu, rótgrónum Skagaættum eða knattspyrnuklíkum á Akranesi. Til að byrja með samþykkti hún, eins og hinir í bæjarráði, samninga við Gunnlaug Haraldsson. **Þegar kom að því að gera sjötta samninginn við Gunnlaug (sáu allar viðbætur og samkomulög talin með) neitaði Karen að samþykka og lét bóka á bæjarstjórnarfundum 15.12.2009:**

Í rúm 10 ár hefur núverandi sagnaritari þegið greiðslur frá Akraneskaupstað. Samtals að upphæð 73.337.692.- m.v. uppreiknaða vísitölu, fyrir það eitt að rita sögu Akraneskaupstaðar. Þau tæp 4 ár sem ég hef setið hér sem bæjarfulltrúi þá hafa verið gerðir í það minnsta 3 samningar um verklok.

Í gegnum tíðina hafa bæjarfulltrúar og nefndarmenn í góðri trú samþykkt/keypt þau rök sem sagnaritari hefur lagt á borð fyrir þá í þeirri trú að senn líði að verklokum. Nú er svo komið að ég hef misst alla tiltrú á orðum sagnaritarans og get því ekki greitt atkvæði með nýjum samningi.⁸¹

Verið var að ræða samþykkt bæjarráðs frá 3.12. 2009 um viðauka við samning um ritun sögu Akraness og hafði Karen verið forfölluð á þeim fundi bæjarráðs, sem og fundinum á undan þar sem bæjarráð hafði heimilað bæjarstjóra að ganga til samninga. Ákvörðun bæjarráðs á þessum tveimur fundum var því í höndum **Gunnars Sigurðssonar** varaformanns bæjarráðs, Hrannar Ríkhardsdóttur aðalmanns og Eydísar Aðalbjörnsdóttur varamanns. Líklega voru aðalkarlarnir, Hrönn og hugsanlega fleiri búin að ákveða fyrir fundinn að þessi viðaukasamningur rynni í gegn því bæjarstjóri hafði undirritað hann með fyrirvara þann 2. des., bæjarráð samþykkt undirritaða samninginn þann 3. des. og staða Karenar gegn gömlu klíkunni því gersamlega vonlaus. Það sýnir mikið hugrekki að láta bóka þessa yfirlýsingu, í ljósi stöðu hennar og í ljósi þess að almennt og yfirleitt virðist samþykkt þöggun um sagnaritun Gunnlaugs hafa ríkt nokkur ár á undan, a.m.k. meðal stjórnarmanna bæjarins og Ritnefndarinnar (sem kemur m.a. fram í því að Ritnefndin heldur æ færri fundi og æ minna er bókað í fundargerðir).

Enginn annar tók til máls um þennan lið á fundinum og allir hinir bæjarstjórnarmennirnir greiddu atkvæði með samningsgerðinni við Gunnlaug:

⁸⁰ Árin 2006-2010 var Karen formaður bæjarráðs en eftirtaldir sátu með henni í bæjarráði: 2006-2007 þeir **Gunnar Sigurðsson** og **Sveinn Kristinsson**; 2007-2008 þeir sömu, þ.e. **Gunnar Sigurðsson** og **Sveinn Kristinsson**; 2008-2009 **Gunnar Sigurðsson** og Rún Halldórsdóttir; 2009-2010 **Gunnar Sigurðsson** og Hrönn Ríkhardsdóttir.

Nú sitja í bæjarráði Akraneskaupstaðar: **Guðmundur Páll Jónsson** formaður, Hrönn Ríkarðsdóttir varaformaður og Þróstur Þór Ólafsson aðalmaður, sem kom nýr í bæjarstjórn fyrir Vinstri hreyfinguna - grænt framboð í síðustu bæjarstjórnarkosningum.

⁸¹ Á tveimur stöðum er orðalag í upplesinni bókun Karenar öðruvísi, sbr. 26:35 mínútu o.áfr. í hljóðskrá af fundinum en það er ekkert sem skiptir efnislega máli.

Karen ein greiddi atkvæði á móti.⁸² Fregnir af bókun Karenar rötuðu í fjölmiðla og hafa æ síðan birst nokkuð reglulega fréttir af sögunni dýru.⁸³

Nýr samningur Akraneskaupstaðar og Gunnlaugs Haraldssonar

Þann 2. desember 2009 rituðu Gísli S. Einarsson bæjarstjóri, f.h. Akraneskaupstaðar, og Gunnlaugur Haraldsson undir plagg sem heitir „Viðauki, Samningur um ritun sögu Akraness“. Þar kemur fram að II. bindið dekkar nú einungis öldina 1700-1800.

Í 1. grein segir að Gunnlaugur Haraldsson skuldbindi sig til að „ljúka vinnu við ritun I. og II. bindi [svo] Sögu Akraness. Í því felst auk ritunar sögunnar öll verkumsjón með verkinu og frágangi til prentunar. Skuldbindur hann sig til að afhenda Akraneskaupstað í einu lagi við verklok diskling [svo] með I. og II. bindi sögu Akraneskaupstaðar tilbúnum til prentunar.“

Einnig segir að Akraneskaupstaður greiði „Agli Baldurssyni og Helga Magnússyni fyrir umbrotsvinnu, prófakrælestur [svo] og nafnaskrágerð skv. sérstökum samningi við þá þar um.“ (Ég hef ekki afrit af samningi við Helga Magnússon en í [síðustu færslu](#) var gerð grein fyrir samningi og viðbótarsamningi við Egil Baldursson.)

„Verklök á I. og II. bindi eru 15. júlí 2010 [...]“ (2. gr.)

„Fyrir að ljúka við I. og II. bindi í samræmi við framangreint og við afhendingu disklinga [...] greiðir Akraneskaupstaður Hjálvari Gunnlaugi Haraldssyni kr. 2.250.000,- miðað við launavísitölu í nóvember 2009. gr. [svo]“. Síðar kemur fram að greiðslurnar skuli verðbættar skv. breytingum á vísitölu.

⁸² [Gunnar Sigurðsson](#) var forseti bæjarstjórnar en auk hans og Karenar Jónsdóttur skipuðu þau [Guðmundur Páll Jónsson](#), [Sveinn Kristinsson](#), Hrönn Ríkharðsdóttir, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Rún Halldórsdóttir, Sæmundur Víglundsson og Þórður Þ. Þórðarson bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og sátu þennan fund.

Einungis einu sinni áður hafði samningsgerð Akraneskaupstaðar við Gunnlaug Haraldsson verið mótmælt. Það var í upphafi, á fundi bæjarstjórnar Akraness 22. apríl 1997, en þá greiddi Sigríður Guðmundsdóttir, fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, atkvæði gegn fyrsta samningnum því henni þótti kostnaðurinn of mikill. Öll hin, þau Guðbjartur Hannesson, [Sveinn Kristinsson](#), [Guðmundur Páll Jónsson](#), [Gunnar Sigurðsson](#), Sigríður Gróa Kristjánsdóttir, Pétur Ottesen, Ingvar Ingvarsson og Bryndís Tryggvadóttir, greiddu atkvæði með því að gera fyrsta samninginn við Gunnlaug Haraldsson.

Enginn hefur mótmælt tillögum um samningagerð eða annað sem snertir sagnaritun Gunnlaugs Haraldssonar frá því Karen lét bóka þessi ummæli og studdi ekki sjötta samninginn (annan viðbótarsamning við síðari grunn-samninginn).

⁸³ Sem dæmi um frétt af þessari bókun o.fl. má taka „[Saga Akraness: 75 milljónir en engu skilað](#)“ í DV 22. des. 2009. Þar má líka sjá ljómundi góða mynd af Karen Jónsdóttur.

Orðlaust samkomulag bæjarstjórnenda um að annað hvort þegi menn þunnu hljóði um sagnaritun Gunnlaugs Haraldssonar eða fjalli einungis um hana með hástigs-lýsingarorðum virðist enn í gildi ef marka má nýleg viðbrögð bæjarstjóra og Ritnefndarinnar í síðasta SKESSUHORNI (þann 8. júní). Svona háttalag hefur oft verið kennt við meðvirkni en til eru fleiri kenningar, tengdar viðskiptum og stjórnámálum, sem gætu skýrt þetta. Skemmtilegasta nýyrðið um hástigslýsingarorðanotkun um verk af þessu tagi er „makedóníska heilkennið“.



Svo undarlega vill til að í upphafi þessa samnings kemur fram að Akraneskaupstaður skuldi Gunnlaugi „fyrir vinnu á tímabilinu apríl-september 2009, samtals kr. 4.124.725.“ Þegar hafi bærinn greitt upp í skuldina 1,5 milljón en við þessa undirritun verði greidd 1 milljón og þann 14. janúar 2010 verði afgangurinn greiddur.

Sé gert ráð fyrir að Gunnlaugur hafi árið 2008 fengið greitt eftir „SAMNINGUR Saga Akraness“ frá 30. nóv. 2006 og viðaukasamkomulagi við hann frá 27. október 2007 (sjá færsluna ... [einvörðungu markmið þessa samnings að framlengja verk-tíma, skilgreina verklok og kveða á um greiðslur til sagnaritara](#)) og vel rúmlega það, svo sem giskað var á í síðustu færslu ([Ljóst er að hér er að verða til glæsilegt rit](#)) er engin leið að sjá af fundargerðum bæjarins og Ritnefndar hvernig bærinn stofnaði til þessarar rúmlega fjögurra milljón króna skuldar eða hvaða vinnu Gunnlaugur innti af hendi. Þetta hljóta að vera greiðslur gegn framvísun reikninga, en reikninga fyrir hvað?⁸⁴

Árið 2009 fékk Gunnlaugur greiddar rúmlega 7,7 milljónir frá Akraneskaupstað en ekki nema rúm 550.000 kr. árið 2010 svo reikna má með að allur kostnaður vegna þessa samnings hafi verið bókfærður á árið 2009. Það verður að teljast undarlegt hafi hann fengið þessar rúmu 2,2 milljónir greiddar út við undirritun samningsins í desember-byrjun 2009 úr því þær voru hugsaðar sem árangurstengd greiðsla fyrir skil, í síðasta lagi 15. júlí 2010, svo væntanlega má skýra þessa háu greiðslu til Gunnlaugs árið 2009 af einhverri bókhaldstilhögun bæjarins. Samt má í þessu sambandi einnig benda á að Gunnlaugur stóð ekki í skilum árið 2010, þ.e. hann afhenti ekki handrit af I. og II. bindi tilbúnu í prentsmiðju fyrir miðjan júlí eins og samið var um. (Sjá [töflu unna úr fundargerðum ritnefndar um sögu Akraness á tímabilinu 2009-2011.](#)) Og jafnvel þótt hann hafi fengið greidda þessa dularfullu skuld að fullu og alla samningsupphæðina er meir en ein milljón af þessum rúmu 7,7 milljón sem hann fékk frá bænum óútskýrð.

⁸⁴ Ég sendi fyrirspurn til Ragnheiðar Þórðardóttur, þjónustu- og upplýsingarstjóra Akraneskaupstaðar, í tölvu-pósti föstudaginn 5. júní um hvort vantaði inn í þau gögn sem ég fékk frá Akraneskaupstað þann 4. maí sl., þ.e. hvort gæti verið að vantaði einn samning við Gunnlaug, og/eða hvort þessar upphæðir skýrðust af greiðslu gegn framvísun reikninga. Ég á nefnilega bággt með að skilja hvernig hann gat fengið greiddar rúmar 7,7 milljónir bæði árið 2008 og 2009, miðað við þau gögn sem ég hef undir höndum.

Í svari Ragnheiðar, sem barst 6. júní, kemur fram að erindinu sé vísað til bæjarritara. Bæjarritari er í sumarfrí til 30. júní.

Ég skrifaði Ragnheiði aftur og benti á [Upplýsingastefnu Akraneskaupstaðar](#) og Upplýsingalög, þar sem kemur fram að Akranesbær hefur að hámarki 20 daga frest til að svara mér. Væntanlega getur einhver flett í gegnum möppuna á skrifstofu bæjarritara fljótlega og svarað þessu erindi. Ragnheiður ætlaði að reyna að athuga það, skv. öðru bréfi þann 6. júní.

Ég verð því sem stendur að túlka gögnin þannig að árið 2008 hafi Gunnlaugur fengið greitt skv. samningi frá 30. nóvember 2006 og viðaukasamningi frá 27. október 2007 þar til annað kemur í ljós. Það stendur að vísu út af u.þ.b. ein og hálf milljón, sem er óskýrð árið 2008. Og raunar stóð hann hvorki við samninginn né viðaukasamninginn árið 2008.

Þessi rúmlega 4 milljóna skuld fyrir vinnu árið 2009 er alveg óútskýrð. En þetta skýrist væntanlega allt þegar Akraneskaupstaður hefur tíma til að svara erindi mínu, sem verður í síðasta lagi 23. júní. Ég mun að sjálfsögðu leiðrétta þessa færslu séu skýringar á greiðslum til Gunnlaugs aðrar en ég get mér til núna.

Annar kostnaður 2009 var rúmlega 300.000 (en tæplega 3 milljónir árið 2010 svo greiðslur til Egils Baldurssonar eru væntanlega bókfærðar á árið 2010, hugsanlega einhverjar greiðslur til Helga Magnússonar einnig.) Kostnaður vegna Ritnefndarinnar var rúm 170.000 árið 2009.

Kostnaður Akraneskaupstaðar vegna ritunar Sögu Akraness var alls 8,2 milljónir árið 2009 sem gerir rúmlega 8,9 milljónir á núvirði.⁸⁵

⁸⁵ Upplýsingar um kostnað og uppreikning hans á núvirði eru fengnar frá Akraneskaupstað þann 4. maí 2011. Sama gildir um samninga þá sem minnst hefur verið á til þessa í færsluflokknum [Saga Sögu Akraness](#).

mikið hefði ég fagnað hverjum fimm mínútum sem mér hefðu gefist

Saga Sögu Akraness XII

11. júní 2011 kl. 21.00

Í þessari færslu eru rakin önnur störf, einkum ritstjórn og skrif ýmissa stéttartala sem Gunnlaugur Haraldsson sinnti dyggilega meðan hann átti að vera að skrifa sögu Akraness. Mér þykir líklegt að hann hafi fengið sæmilega greitt fyrir vinnu sína. Um launakjör hans hjá öðrum en Akraneskaupstað veit ég þó ekkert.

Titill færslunnar er bein tilvitnun í langa grein Gunnlaugs Haraldssonar, „Kvittað fyrir fjórðungsdóm“, sem birtist í *Skessuhorninu* 8. júní, s. 34-35. Hann afsakar þar ófeðraðar og rangt feðraðar ljósmyndir í *Sögu Akraness I* með tímaskorti (sjá færsluna [Fjórðungsdómur um 18 marka bók](#)) og öll er málgreinin svona: „**Og víst er það, að mikið hefði ég fagnað hverjum fimm mínútum, sem mér hefðu gefist til viðbótar til að þrautkanna sérhvert þeirra fjölmörgu atriða, sem ég var í vafa um við samningu þessa rits.**“ (s. 34, feitletrun mín.)



Samkvæmt fyrsta samningnum sem Akraneskaupstaður gerði við Hjálmar Gunnlaug Haraldsson skyldi hann „**hafa ritun sögu Akraness að meginverkefni meðan á gildistíma samningsins stendur og mun hann ekki taka að sér verkefni, sem leitt getur til þess að verkefnum samkvæmt þessum samningi verði ekki sinnt.**“ (3.gr., feitletrun mín.) Sá samningur hét SAMNINGUR UM RITUN SÖGU AKRANESS, var undirritaður 23. apríl 1997 og áttu endanleg verklok að vera 30. september 2001. Þá átti Gunnlaugur að hafa skilað þremur bindum sem segðu sögu Akraness frá 1700-2000 og voru aðilar sammála um að öll þrjú bindi verksins væru gefin út í einu lagi árið 2001. (6. gr.)

Í síðari aðalsamningnum við Gunnlaug, SAMNINGUR Saga Akraness, sem var undirritaður 30. nóvember 2006, er engu samsvarandi grein að finna. (Hinir fjórir samningarnir sem hafa verið gerðir við Gunnlaug eru allt viðbótarsamningar af einhverju tagi.) Ég geri mér ekki grein fyrir hvort þessi nýi aðalsamningur 2006 kippti hinum eldri alveg úr sambandi eða hvort einhver ákvæði eldri aðalsamnings giltu áfram.

Gunnlaugur hefur mátt vera hamhleypa til verka ef hann átti að uppfylla það sem hann skrifaði undir í fyrsta aðalsamningnum, sem var sem sagt í gildi til nóvemberloka 2006, þ.e. hafa ritun sögu Akraness sem aðalstarf en ritstýra eða semja um leið eftirtalin rit. Vinnan meðfram að þessum ritum eða verkum sem tíunduð eru hér að neðan hafa líklega átt að vera hjáverk í frístundum. Rétt er að taka fram að Gunnlaugur hefur hlotið góða dóma fyrir stéttartöl sín, ættatöl og viðlíka; hann þykir afar vandvirkur en í einstaka ritdómi er fundið að full mikilli smámunasemi í ættrakningum.

Gunnlaugur hefur til þessa ekki staðið skil á neinum samningi sem Akraneskaupstaður hefur gert við hann og e.t.v er eftirfarandi listi yfir aukavinnuna hans einhver skýring á því. (Þessar upplýsingar eru fengnar úr *Gegni* og fréttum dagblaða. Vel getur verið að Gunnlaugur hafi haft einhver fleiri aukastörf sem ekki er getið opinberlega eða mér hafa yfirsést við samantektina.)

Útgáfu- ár / ár	Verk / vinna	Annað	Greiðslur Akraneskaup- staðar til Gunn- laugs hvert ár fyrir að rita Sögu Akra- ness, ekki uppreiknað á núvirði
1997	A) <i>Tannlæknatal: 1854-1997.</i> B) <i>Viðskipta- og hagfræðingatal 1877-1996 I-III</i>	A) 435 síður. B) 1390 síður, byggt á eldra Viðskipta-og hagfræðingatali	2.604.166 kr.
1998	A) <i>Longætt : niðjatal Richards Long verzlunarstjóra í Reyðarfjarðar-kaupstað, Þórunnar Þorleifsdóttur og Kristínar Þórarinsdóttur I-III.</i> B) <i>Akranes saga og samtíð</i>	A) 1618 síður. Í ritröðinni <i>Austfirskar ættir.</i> B) 5 bls. texti við ljósmyndabók, ljósmyndir Friðþjófs Helgasonar	2.936.626 kr.
1999			3.039.774 kr.
2000	<i>Læknar á Íslandi I-III</i>	1725 síður Byggir á eldri lækna-tölum.	3.331.412 kr.
2001			4.786.900.kr.
2002	A) <i>Guðfræðingatal I-II.</i> B) Gunnlaugur gerist dómkvaddur matsmaður í máli Genis og Þorsteins Jónssonar ættfræðings gegn Íslenskri erfðagreiningu.	A) 1028 síður Á níunda hundrað æviskrár íslenskra presta og erlendra guðfræðinga af íslenskum uppruna er að finna í þessari bók. B) Helgi Þorbergsson, skiptastjóri Genis og samstarfsmaður Gunnlaugs, sagði um verkið „að það væri gífurleg vinna og ljóst að hún tæki mikinn tíma.“ „ <i>Genis krefur íslenska erfðagreiningu um 600 milljónir</i> “, DV, 11. jan. 2002.	3.812.254. kr.

2003	Saga Hafnarfjarðarkirkju (líklega einnig saga Garðakirkju á Álftanesi). Gunnlaugur var ráðinn til starfa af sóknarnefnd Hafnarfjarðarkirkju árið 2003 til að skrifa söguna en hefur engu skilað. Sjá krækju í frétt í næsta dálki.	„Ég tók þetta að mér fyrir fast verð og ég skila mínu fyrir sumarið. Eftir að ég skila af mér handritinu þá er minni vinnu lokið. Þá er þeirra að koma þessu í prent,“ segir Gunnlaugur en hann segist þiggja sex milljónir króna í verk-takagreiðslur vegna verksins.“ (Sjá frétt DV 7. jan. 2011, „Sóknarnefnd leynir launum rithöfundar“.)	4.093.036 kr.
2004			3.569.187 kr.
2005	Lögfræðingatal V 1995-2004.	525 síður	2.376.447 kr.
2006			625.000 kr.
2007	A) Tannlæknatal 1854-2007. B) Æviskrár MA-stúdenta VI. bindi. MA stúdentar 1974-1978.	A) 594 síður (ég reikna með að þetta sé aukin og endurbætt útgáfa sama rits frá 1997) B) 608 síður	4.476.009 kr.
2008	Niðjatal Björgvins Vigfússonar og Stefaníu Stefánsdóttur á Ketilsstöðum í Jökulsárhlíð	80 síður Samantekt efnis: Rúnar Guðmundsson og Gunnlaugur Haraldsson (Líklega bara smábæklingur sem óvíst er nema hafi verið unninn í sjálf-boðavinnu.)	7.775.867 kr.
2009			7.721.287 kr.
2010	Löggiltir endurskoðendur 1, Æviskrár endurskoðenda: 1929-2010.	Bókin er 424 síður og var gefin út í tilefni 75 ára afmælis Félags löggiltra endurskoðenda.	552.710 kr.
2011			1.041.936 kr.

- Alls hefur Akranesbær greitt Gunnlaugi Haraldssyni 53.033.611 kr. á þessum 14 árum.
- Alls er kostnaður bæjarins af verkinu, þ.e. greiðslur til Gunnlaugs, ritnefndarinnar, umbrotsmanna, f. myndvinnslu, prófarkalestur o.fl. 73.451.143 kr. (líklega eru greiðslur til útgáfufyrirtækisins Uppheima ekki nema að hluta inni í þessari tölu).
- Ef heildarkostnaður hvers árs er uppreiknaður á núvirði og árlegur kostnaður síðan lagður saman er sú tala, þ.e. kostnaður Akraneskaupstaðar af sagnaritun Gunnlaugs með öllu, tæpar 105 milljónir króna.

Goðsagnir um glæsileika; „Stórasta“ bók í heimi?

Saga Sögu Akraness XIII

14. júní 2011 kl. 22.32

Frá því árið 2009 hafa þeir gamalreyndu bæjarstjórnarmenn sem fjallað var um í færslunni [glæsilegasta byggðarit og rit um sögu byggðarlags sem búið hefur verið til](#), einn bæjarstjóri (hinn bæjarstjórinn virðist beggja blands þegar hann tjáir sig um verkið) og örfáir fleiri sammælt um að hamra á glæsileika Sögu Akraness og urðu lýsingarnar æ hástemmdari eftir því sem biðtíminn eftir útgáfunni lengdist. Þannig hafa þeir reynt að stinga dúsu í bæjarbúa sem kunna að vera óánægðir með fjáraustur í sagnaritarann og skapa ímynd eða goðsögn, með því að skryða gripinn, ritin sjálf, pelli og purpura. Þessi færsla er aðallega beinar tilvitnanir í tímaröð sem sýna þessa ímyndarþróun og einnig hina afsökunina fyrir fjáraustri og óralöngum meðgöngutíma verksins, sem er hversu mikil fræðimennska og uppgötvanir byggðar á frumheimildum séu í því fólgnar



Upphafið að upphafningunni má rekja til ritnefndar um sögu Akraness, eftir að [vonir manna um útgáfu fyrstu tveggja bindanna vorið 2008](#) brugðust. Gunnlaugur Haraldsson brá nefnilega á það ráð um mitt árið 2008 að sýna Ritnefndinni einstakar blaðsíður (væntanlega á glærum) en ekki einungis minnisblöð um verkstöðu, nýjar vinnuáætlanir eða eitthvað svoliðis gamalt og þreytt (sbr. [töflu unna úr fundargerðum Ritnefndarinnar árið 2008](#)).

Feitletranir í beinum tilvitnunum eru mínar. Nöfn helstu einstaklinga eru auðkennd með litum og feitletrun. Titill færslunnar byggir að hluta á fagnaðarorðum forsetafrúarinnar þegar Íslendingar stóðu sig vel í handbolta um árið. Athugið að **einstaklingarnir sem vitnað er í voru ekki búnir að lesa bækurnar þegar þeir sögðu þetta**; langflestir þeirra hafa væntanlega einungis séð örlítið brot af bindi I eða II, sumir jafnvel einungis nokkrar blaðsíður á glærum. Ritnefndin hefur sennilega lesið eitthvað af textanum á ýmsum stigum á þessum 14 árum en vitaskuld varð töluverð endurnýjun í ritnefndinni sem tímar liðu. Undantekningar eru nýjustu tvenn ummælin, þ.e. yfirlýsingar ritnefndarinnar og bæjarsjórnans í næstnýjasta SKESSUHORNI (miðvikudaginn 8. júní 2011); Ég býst við að báðir aðilar hafi lesið eitthvað af bindunum tveimur þegar þau orð eru skrifuð, jafnvel bæði bindi I og II.

- [GH fór yfir örnefnakort og] er ljóst að þar hefur verið unnin gríðarlega mikil vinna **sem gefur heildarmynd verksins frábært yfirbragð**. Fundarmenn lýstu ánægju með kortin.
(Fundargerð Ritnefndarinnar, 2. apríl 2008.)
- **Ljóst er að hér er að verða til glæsilegt rit** og lýstu nefndarmenn ánægju sinni með það sem fyrir augum [svo] bar.

(Næsta fundargerð Ritnefndarinnar, 25. júní 2008.)

- Sagan er að taka á sig mynd og er **afar glæsileg á að líta**.
(Þarnæsta fundargerð Ritnefndarinnar, 22. september 2008.)

Þá taka við yfirlýsingar bæjarstjórnarmanna og bæjarstjóra:

- Og verði það gefið út í þeirri mynd sem allt horfir að það verði þá getum við Skagamenn verið stoltir af því. Það sem ég hef séð af þessu ... ég held að þetta sé **það glæsilegasta byggðarit og rit um sögu byggðarlags sem búið hefur verið til!**
(**Sveinn Kristinsson** á bæjarstjórnarfundi 13. október 2009.)
- Kostnaðurinn er fjárans nógur en það sem ég hef séð af bókinni er **geysilega falleg vinna**.
(**Gísli S. Einarsson bæjarstjóri** í frétt DV „Saga Akraness: 75 milljónir en engu skilað“, 22. desember 2009.)
- Þetta er **eitt hið glæsilegasta verk sem hefur verið unnið á þessu sviði á landinu** - ég hef orð prófarkalesarans fyrir því sem að var að skila núna öllum yfirlastrinum og hann er búinn að vera ... hefur haft svona verk með höndum fyrir mörg sveitarfélög og hann fullyrti við mig -og hann bað mig ekkert fyrir það - að þetta væri **það glæsilegasta verk sem unnið hefði verið á þennan veg af öllum svei ... fyrir öll sveitarfélög á landinu.**
(**Gísli S. Einarsson bæjarstjóri** á bæjarstjórnarfundi 25. maí 2010.)
- Þetta er mikið verk og vandað og þegar Akurnesingar og aðrir landsmenn munu fá það í hendur munu menn sjá að þar hefur ekki verið kastað til höndunum heldur hygg ég að þarna sé um einhverja og verði um **einhverja glæsilegustu byggðasögu sem rituð hefur verið og gefin út á Íslandi**.
(**Sveinn Kristinsson** á bæjarstjórnarfundi 25. janúar 2011.)
- ... en ég segi um þessa sögu og ég er svo sannfærður um og var sósúm farinn að sannfærast þegar ég sá þegar ég sá verkið á síðustu metrunum að **þetta verk er hværrar krónu virði og ég er næstum því viss um að einhvern tíma á eftir að tala um það hvað það hafi verið ódýrt!**
(**Árni Múli Jónasson bæjarstjóri** í fréttum Ríkissjónvarpsins 20. maí 2011.)
- **Sveinn Kristinsson**, forseti bæjarstjórnar sagði þegar **hann handlæk bækurnar tvær og lofaði um leið, að Þjóðverjar hefðu aldrei byggð Kólnarkirkju ef þeir hefðu vitað hvað það tæki langan tíma og hvað þá að Versalir hefðu þá nokkurn tíma verið byggðir**.
(„Fjölmenni á útgáfuhátíð vegna Sögu Akraness“. *Skessuhornið* 25. maí, s. 16.)

Það helst nokkuð í hendur að því meir sem menn róma glæsileika ritsins því meiri verður líka áherslan á fræðimennsku sagnaritarans, Gunnlaugs Haraldssonar, og einmanalegt starf hins misskilda fræðimanns eða rit-höfundar í tæpan einn og hálfan áratug sem megi skýra með mikilli rannsóknarvinnu, merkmum uppgötvunum og fræðilegri vandvirkni. Í svo-leiðis samhengi beri ekki að horfa í tíma eða peninga. Raunar má rekja

þennan anga umræðunnar allt til ársins 2005 þótt hún verði ekki verulega áberandi fyrr en í vetrarbyrjun 2009.

- Hann [Gunnlaugur Haraldsson] hefur þegar lagt fram talsvert efni - en **safnað þeim mun meira af ómetanlegum gögnum og heimildum** sem hann nýtir við verkið. Heimildavinna hefur tekið mun meiri tíma en áætlað var, en af þeim texta sem Gunnlaugur hefur skilað til ritnefndarinnar þá er ljóst að **vönduð heimildavinna mun skila sér í frábæru efni þegar þar að kemur.** (**Gísli Gíslason bæjarstjóri og formaður ritnefndar um sögu Akraness**, á [spjallþræði Akraneskaupstaðar](#) 23. febrúar 2005.)
- Það hljóta allir að vera sammála um að **best sé að skila vönduðu verki í takt við það sem Gunnlaugur er að gera enda mun sú saga standa um ókomin ár.** (**Gísli Gíslason bæjarstjóri og formaður ritnefndar um sögu Akraness** á [spjallþræði Akraneskaupstaðar](#) 23. febrúar 2005.)
- ... að söguritari hefur náð að fara í uppruna okkar jafnvel betur en nokkurn tíma áður hefur verið gert. Það að ýmis örnefni hér í nágrenni okkar ... að **söguritari hefur áttað sig og rannsakað** það þegar að Bresabræður komu. **Hann er búinn að finna hvaðan þeir komu!** Og örnefni hér ... tókum eins og dæmi eins og Esjuna. Það er komið úr því umhverfi sem þeir komu. Og nánast í þeirri röð og í þeirri eyju sem þeir sjálfsgagt komu frá. **Þetta er í rauninni alveg stórmerki-legt!** Við höfum velt fyrir okkur miklu. Af hverju nafnið Akranes er dregið og ýmis örnefni sem hér eru. Við fáum jafnvel bara skýringar á því í þessari söguritun ... með hvaða hætti þetta varð til í okkar umhverfi. **Og þetta er stórkostlegt!** (**Guðmundur Páll Jónsson** á [bæjarstjórnarfundi 13. október 2009](#).)
- En það er nú eins og það er að hugverk eru oft litin öðrum augum en steinsteypa og járn ... Rithöfundur sem að skrifar ... **hugmyndir manna um kaup rithöfundar eru kannski aðrar en um kaup verkfræðings sem hefur oft ekkert lengri skólagöngu eða býr ekkert almennt yfir meiri þekkingu en rithöfundurinn.** (**Sveinn Kristinsson** á [bæjarstjórnarfundi 25. maí 2010](#).)
- Spurður hvort honum finnst réttlætanlegt að bæjarfélagið greiði hátt í hundrað milljónir fyrir ritun sögu Akraneskaupstaðar segir **Árni Múli [Jónasson bæjars-tjóri]** erfitt að leggja á það mat og bendir á að aðeins eru örfáir mánuðir síðan hann tók við sem bæjarstjóri. „Ég hef ekki grænan grun um hvað er eðlilegt í þessu sambandi. Við viljum bara fara að **koma þessu út og gleðja bæjarbúa. Það sem ég hef séð af þessu verki heillaði mig.** Það er greinilegt að þetta er ekki hrist fram úr erminni,“ segir **Árni Múli.** („[Bókin um Akranes kostar 100 milljónir - 23 ár í vinnslu.](#)“ *Vísir* 22. nóvember 2010.)
- En þó að **ávinningurinn** verði ekki mældur í krónum, vaðmáli og evrum er hann engu að síður **mjög mikill; fyrir menninguna og skemmtunina sem hún veitir og ekki síður fyrir það hvernig svona saga styrkir samkenndina og sjálfsmyndina.** Ég hef t.d. af einhverjum ástæðum aldrei heyrt nokkurn mann tala um **ritunarkostnaðinn af Njálssögu eða Egilssögu eða þá Heims-kringlu.** Ég ætla þó **ekki að gerast svo djarfur að halda því fram að Njála og Egla muni falla í skugga Akranessögu þessarar**, enda veit ég Gunn-

laugur myndi ekki telja það við hæfi, en ég hef fengið örlítinn smjörpuf af innihaldi og útliti þessa verks og treysti mér til að fullyrða að **það er unnið af mikilli fagmennsku og hæfni** að þar liggur afar mikill metnaður að baki, hvort sem litið er til texta eða heimildaöflunar, korta eða ljósmynda. **Allt saman framúrskarandi flott** og það hafa miklu fleiri en ég séð og vottað.

(Ávarp **Árna Múla Jónassonar bæjarstjóra** sem hann flutti þegar hann veitti viðtöku handritum að I og II bindi Sögu Akraness, dagsett 18. janúar 2011.)⁸⁶

- ... en við sáum sem fengum að sjá brot af þessu að **hér var bara komið mjög mikið af merkilegum gögnum sem eru bæði uppfræðandi fyrir okkur og okkar framtíð.**
(**Gunnar Sigurðsson** á bæjarstjórnarfundi 25. janúar 2011.)
- **Þá hafa miklar grunnrannsóknir farið fram** og það munu þeir sem að eignast bókina eða sjá að **handbragð hefur verið vandað bæði varðandi ritun bókarinnar, útlit hennar og þau önnur gögn sem í henni eru.**
(**Sveinn Kristinsson** á bæjarstjórnarfundi 25. janúar 2011.)
- Í viðtali sem þessu verður aðeins tæpt á örlitlu broti af því **gífurlega mikla efni, sem Gunnlaugur hefur dregið saman á rúmlega 1100 blaðsíður í firna-stóru broti** og brátt mun birtast lesendum í tveimur bindum af Sögu Akraness. („Það þýðir ekkert hér um bil við ritun sögunnar. Spjallað við Gunnlaug Haraldsson ritara Sögu Akraness.“ *Skessuhornið* 13. apríl 2011. Þess ber að geta að Gunnlaugur las sjálfur yfir viðtalið, leiðrétti, breytti og bætti áður en það birtist.)
- Þetta **tímamótaverk er ótæmandi brunnur upplýsingar um hvaðeina sem snertir sögu Akraness og varpar skíru ljósi á uppruna fólks í landnámi Bresasona.** Í lýsingu á þróun og uppbyggingu samfélagsins **eru settar fram hugmyndir sem varða sögu landsins alls.** [...] Bindið í heild [II bindi] geymir **yfirgripsmikla og þaulunna lýsingu** á samfélagi bænda og sjómanna á átaka-tímum þegar sjóþorpið Akranes byggðist upp.
(„Saga Akraness kemur út á morgun“. *Skessuhornið* 18. maí 2011. Þessi texti virðist að miklu leyti unninn upp úr auglýsingum útgáfufyrirtækisins Uppheima.)
- Þeir Kristján [Kristjánsson útgefandi] og Gunnlaugur [Haraldsson sagnaritari] kynntu hið nýja ritverk. Ljóst er að **þetta verk er glæsilegt og efnistöð og allur frágangur er til fyrirmyndar.**
(*Fundargerð ritnefndar um sögu Akraness* 18. maí 2011.)
- [Innskot fréttamanns: Og **Árni** segir að það sé **margt í þessu mikla ritverki sem muni koma mörgum á óvart.**] Hér voru landnámsmenn af keltneskum uppruna og örnefni og annað sem þeir skildu eftir sig, ef svo má segja, hérna eru ótrúlega lík ýmsu því sem eru á eyjum á því svæði.
(**Árni Múli Jónasson bæjarstjóri** í fréttum Ríkissjónvarpsins 20. maí 2011.)
- **Árni Múli Jónasson bæjarstjóri** sagði t.d. **lesninguna bæði fróðlega og skemmtilega fyrir fólk á öllum aldri**, ekkert síður unga en gamla. Þetta væri brunnur sem fólk myndi sækja í og ausa úr. „Þennan brunn þarf ekki að byrgja

⁸⁶ Handrit af ávarpi bæjarstjóra er fengið frá Akraneskaupstað þann 4. maí 2011. Vísað er til annarra heimilda jafnóðum í texta færslunnar.

fyrir börnunum, um að gera að lofa þeim að detta ofan í hann, sagði bæjarstjórinn í gamansömum tón um leið og **líkti vinnu höfundarins Gunnlaugs Haraldssonar og þeim sem að honum stóðu [svo] við stórvirki.**" („Fjölmenni á útgáfuhátíð vegna Sögu Akraness". *Skessuhornið* 25. maí 2011, s. 16.)

- **Árni Múli** sagði í samtali við Skessuhorn að hann stæði við það sem hann hefði áður sagt um Sögu Akraness að **ritið væri framúrskarandi gott, fræðilegt og skemmtilegt.** „Ég er mikill áhugamaður um sögu og hef menntun á því sviði og hef skoðað mörg sagnfræðileg verk áþekk Sögu Akraness. Ég tel mig hafa dómgreind, þekkingu og menntun til að geta fullyrt að **Saga Akraness stendur þeim flestum ef ekki öllum framur, bæði hvað varðar efni, texta og framsetningu.** ... **Ég stend við öll þau stóru orð sem ég hef áður haft um þetta glæsilega verk,** að það sé höfundinum og þeim sem að því koma til sóma og samfélaginu okkar til upplýftingar og framdráttar," segir **Árni Múli Jónasson bæjarstjóri.** („Stórfurðuleg atлага að fræðimannsheiðri. **Árni Múli Jónasson bæjarstjóri** um framkomna gagnrýni á sögu Akraness." *Skessuhornið* 8. júní 2011, s. 2.)
- Saga Akraness bindi I-II eftir Gunnlaug Haraldsson, er **stórt og glæsilegt verk sem lengi hefur verið beðið eftir.** ... Vandað var til verksins af fremsta megni. En vegna hins gríðarlega umfangs er þess að vænta að finna megi á því einhverja missmíði. ... **Nefndin lýsir yfir fullu trausti á verðleika höfundar til fræðistarfa** og hvetur bæði hann og bæjaryfirvöld til að halda verki áfram. („Yfirlýsing frá Ritnefnd um Sögu Akraness." *Skessuhornið* 8. júní 2011, s. 2. Sjá má sömu yfirlýsingu í [fundargerð Ritnefndarinnar frá 7. júní 2011](#))



Önnur sjónarmið um verkið og vinnu Gunnlaugs hafa sjaldan verið viðruð opinberlega af Skagamönnum og einungis í undantekningartilvikum af ráðamönnum bæjarins. Þó gerðist almenningur svo djarfur að tjá sig á [spjallþræði Akraneskaupstaðar árið 2005](#), eins og áður hefur verið minnst á. Einnig má benda á þessi orð til mótvægis lofræðunni sem rakin hefur verið:

Mér þykir þetta svo dýrt að tungan á mér er bólgin. Ég fékk þær skýringar frá höfundi að heimildir frá fyrri tímum hafi einfaldlega verið rangar. **Ég get ekki annað en tekið skýringarnar trúanlegar. Við ákváðum að greiða honum áfram í þeirri von að þetta sé lokahnykkurinn.** Ég er viss um að við fáum bókina núna. (**Gísli S. Einarsson bæjarstjóri** í „[Saga Akraness: 75 milljónir en engu skilað](#)". *DV* 22. desember 2009.)

Þetta er búið að vera í gangi í 12 ár og það finnst mér ansi langur tími. **Hann hefur hins vegar ekki skilað af sér því sem honum bar.** Auðvitað hefur höfundurinn fært fram sín rök en **ég er búin að missa alla trú á hans skýringum.** Bókin er orðin ansi dýr og ég vil hætta að borga höfundi laun. **Að halda áfram finnst mér bara bruðl** en auðvitað er það óskandi að þetta væri klárað. Ég efast um að þetta verði einhvern tímann tilbúið til prentunar og því get ég ekki samþykkt að setja meiri peninga í þetta. Mér finnst nóg komið.

(Karen Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í „[Saga Akraness: 75 milljónir en engu skilað](#)“. DV 22. desember 2009.)

Mér finnst tíminn sem þetta hefur tekið vera ótrúlega langur og ekki hægt að afsaka það.

(Stefán Teitsson bæjarbúi á Akranesi í frétt Stöðvar 2, sem krækt í við fréttina „[Nærri 80 milljónir í ritun sögu Akraness](#)“. Vísir 2. janúar 2010.)

Mér finnst þetta dáldið skrýtið - dáldið mikill peningur í eina bók.

(Júlía Björk Elvarsdóttir bæjarbúi á Akranesi í sömu frétt og getið er hér að ofan.)

Verður tilbúið næsta sumar. Ég hef alveg þokkalega samvisku.

Saga Sögu Akraness XIV

17. júní 2011 kl. 22.37

Í fyrri færslum hefur verið rakið í smáatriðum hvernig Akraneskaupstaður gerði tvo grunnsamninga og fjóra viðaukasamninga við Gunnlaug Haraldsson og hann stóð ekki við neinn þeirra. Til að sýna hvernig fagurgali um eigin vinnu en lítill afrakstur setja mark sitt á þau 14 ár sem Akraneskaupstaður hefur haft Gunnlaug Haraldsson í vinnu við sagnaritun verður reynt að rekja einn þráð sagnaritunarinnar, þann sem kallast nú **III. bindi Sögu Akraness. Þriðja bindið er núna sá hluti sögunnar sem á að ná yfir tímabilið 1800-1900** og bæjaryfirvöld, ásamt Kristjáni Kristjánssyni öðrum aðaleiganda útgáfufyrirtækisins Uppheima, virðast óð og uppvæg vilja semja um við Gunnlaug.⁸⁷ Jafnframt verður getið skýringa sagnaritarans á því hvers vegna þetta bindi er ekki fyrir löngu fullskrifað og útgefið. Til glöggvunar á vinnu og skilum Gunnlaugs almennt má benda á **yfirlitstöflur unnar úr fundargerðum ritnefndar um sögu Akraness á árunum 1997-2011.**

Titill færslunnar er óbein tilvitnun í Gunnlaug Haraldsson í „**Saga Akraness: 75 milljónir en engu skilað**“ (DV 22. desember 2009) en finna má nokkurn veginn samsvarandi loforð og yfirlýsingar um skort á eftirsjá og samviskubiti Gunnlaugs í fleiru sem eftir honum er haft.



Af því fljótlega verður ljóst að sagnaritun Gunnlaugs og samskipti við ritnefnd um sögu Akraness (og bæjaryfirvöld) eru þvæla, þ.e.a.s. að upphaflegum áætlunum er breytt, þeim jafnvel snúið á haus, ótal vinnuþlogg og minnisblöð og verkáætlanir eru lagðar fram svo skv. fundargerðum virðist sagnaritarinn á kafi í mjög skipulagðri vinnu en þó er litlu sem engu skilað og undir lokin er brugðið upp Potemkin-tjöldum í glærulíki (sýnishornum af blaðsíðum en hvorki Ritnefndin né bæjaryfirvöld virðast hafa lesið textann almennilega) þá er ekki auðvelt að greiða úr þessari flækju svo úr verði skiljanlegt samhengi. Ég fer þá leið að reyna að fylgja því sem nú kallast **III. bindi** eftir og nær yfir tímabilið 1801-1900. Í færslunni er þetta tímabil (sem fyrst var allt hluti I. bindis, seinna varð tímabilið frá 1850 hluti II. bindis og nú er öll nítjándi öldin í fyrirhuguðu III. bindi), umfjöllun um það og áætlaðir skiladagar litað og feitletrað svo auðveldara sé að henda reiður á þessu. Sömuleiðis eru afsakanir höfundar þegar hann skilar ekki efni auðkenndar lit og feitletrun.

Í fyrsta samningnum sem gerður var við Gunnlaug (1997) átti hann að skrifa þrjú bindi um sögu Akraness: **Fyrsta bindi um byggðasögu**

⁸⁷ Sjá 80. fund Ritnefndar um sögu Akraness 18. maí 2011; 81. fund sömu nefndar 7. júní 2011; lið 5 í fundargerð bæjarráðs 26. maí 2011; lið 1 í fundargerð bæjarráðs 9. júní 2011 og frétt RÚV 4. júní 2011, „Undirbúa útgáfu þriðja bindisins“.

1700-1900, annað bindi um atvinnuhætti og hagsögu 1900-2000 og hið þriðja um félags- og menningarsögu 1900-2000. **Fyrsta bindi skyldi skila eigi síðar en 1. október 1999**; öðru bindi eigi síðar en 1. október 2000 og þriðja bindi eigi síðar en 1. október 2001. (Sjá Saga Sögu Akraness V, **Leggur ekki nafn sitt við bókartötur sem rumpað er saman á skömmum tíma**. Hér eftir verður vísað í einstakar færslur með skammstöfuninni SSA og tölusetningu færslunnar.)

Mjög snemma, strax haustið 1998, kemur fram í máli sagnaritarans að „**heimildaöflun hafi verið tímafreakari en í upphafi mátti ætla**“ (36. fundur, nóv. 1998). Um mitt **árið 2000** er stefnt að því að leggja fram handrit þáverandi fyrsta bindis á haustdögum eða í vetrarbyrjun þess árs og er haft eftir Gunnlaugi að hann hafi byrjað að skrifa það í janúar og sé **nú að skrifa 5. kaflann, „þ.e. um 19. öldina**, þar sem meginefnið fjallar um þróun atvinnulífs og sögu byggðarinnar.“ Strax þá var hann ári á eftir áætlun með verkið, skv. samningi. (38. fundur, júní 2000.)

Haustið 2001 er bókað að „Innan nokkurra vikna“ liggi **drög að handriti til 1850** fyrir og Gunnlaugur hafi **skilað 70 síðum af efni frá 19. öld**. (42. fundur, október 2001.) Mánuði síðar lagði hann fram **598 síður í handriti sem nær frá 1700 til 1850** en jafnframt bréf þar sem „**kemur m.a. fram að verkið hafi tafist þar sem langtum meiri tíma hafi tekið að leita uppi heimildir í skjalasöfnum, úrvinnsla gagna og heimilda fór þar af leiðandi seinna af stað og loks að ítarleg heimildaöflun hafi leitt fjölmargt í ljós sem fyrirfram var ekki vitað og kostað töluverða vinnu að vinna úr.**“ Á sama fundi **staðfesti ritnefndin skil á 1. bindi verksins sbr. gildandi samning og mátti því ætla að ritun sögu Akraness árin 1700-1900 væri lokið árið 2001**. (Raunar kom svo fram tæpu hálfu ári síðar að einn kafla hafði nú vantað inn í bindið og er merkilegt að ritnefndin skuli ekki hafa tekið eftir því þegar hún staðfesti skilin. Og svo kemur fram að í rauninni var þessu bindi ekki lokið og síðasti hluti þess, 1850-1900 var færður inn í annað bindi.)

Vorið 2002 hafði Akraneskaupstaður gert viðaukasamning við Gunnlaug svo hann var áfram á fullum launum. (Sjá **SSA VI**.) Gert var ráð fyrir að vinnu við sagnaritunina **lyki 1. ágúst 2004**. Gunnlaugur lagði fram vinnuáætlun og drög að efnisyfirliti **annars bindis þar sem nú er því skipt í tvö tímabil, 1851-1900 og 1900 - 1941**. (44. fundur, mars 2002) „Góður gangur er í ritun 2. bindis“ segir í fundargerð. Í **október 2002** segir í fundargerð að **komið sé efni á 400 síður í þetta annað bindi**.

Í **nóvember 2002** kemur fram að Gunnlaugur sé að vinna efni til ársins 1941 og „stefnir að því að sá þáttur verði tilbúinn í apríl eða maí“ [væntanlega vorið 2003]. (47. fundur.) Seinna í nóvember sama ár segist hann vera að vinna að þáttum varðandi verslun o.fl. Af fundargerðum er ljóst að **hann hefur skilað einhverju efni** því einstakir kaflar eru ræddir á þessum fundum í nóvember, **að því er virðist um sögu 19. aldar**.

Snemma árs **2003** „kvað [Gunnlaugur] **styttast í að 2. bindi liti dagsins ljós** [...] **í meginatriðum er búið að skrifa alla aðalkaflana til 1941**.“ (49. fundur.) Í júní kemur fram að nefndarmönnum hafi verið sent fyrir fundinn um **250 síður af upphafi annars bindis, tímabilsins 1851-1900** og einungis vanti nokkra kafla í það. En ljóst er að 2. bindið verði ekki tilbúið í maí heldur í sumarlok. (50 fundur). Í **október** segir Gunnlaugur að **fyrir liggi samtals 853 síður sem fjalli**

um tímabilið 1851-1941. Einnig er bókað að Gunnlaugur ætli að **ljúka 2. bindinu í desembermánuði** og einhenda sér svo í 3. bindið (1942-2000 í byrjun næsta árs. (51. fundur).

Í **febrúar 2004** segir að „ætlunin var að ljúka ritun II. bindis í desember en það hefur af **ýmsum ástæðum ekki tekist að fullu.**“ Lagðar voru fram 167 síður um sögu verzlunar á Akranesi, væntanlega frá 1850 og vel fram yfir næstu aldamót. (52. fundur)

Í **ágúst 2004** kemur fram í máli Gunnlaugs að **vegna heimildaöflunar í þriðja bindi hafi hann ekki getað klárað annað bindið**. Heimildaöflun í þriðja bindi er ólokið, ritun þess ekki hafin en aftur á móti er Gunnlaugur búinn að safna efni í „á annað hundrað möppur með afritum og ljósritum heimilda sem hann leggur til grundvallar sögurituninni“. Þessi möpputalning hófst haustið 2000, þá voru það 40 eða 70 möppur, ólæsilegt í fundargerð 39. fundar hvort er, og hefur verið leiðarstef í fregnum af sagnaritun Gunnlaugs síðan.⁸⁸ Gunnlaugur reiknaði með að ganga endanlega frá öðru bindi í síðasta lagi í janúar 2005. (54. fundur.)

Í **mars 2005** segir að Gunnlaugur **hafi undanfarið verið að afla heimilda í þriðja bindi „en það er að hans sögn gríðarlegt verk** og því verður ekki byrjað á því að skrifa það bindi saman fyrr en síðar.“ Hann leggur sjálfur til að nú verði lögð áhersla á að klára 1. [landnám til 1850] og 2. bindi [1850-1941] og bókað er: „mætti stefna að útgáfu 1. og 2. bindis vorið 2006“. (55. fundur.)

Snemma vors **2008** var I. bindið orðið að **II. bindi** (sjá **SSA IX** og **SSA X**) og skyldi nú ná yfir tímabilið 1700-1850. II. bindið varð sjálfkrafa að **III. bindi (1850-1941)** en bæði þessi nýttölusettu II. og III. bindi voru sett á ís uns sagnaritara tækist að ljúka hinu nýja I. bindi. Í „Ítarlegu minnisblaði“ Gunnlaugs í apríl 2008 kemur fram að „Kafli 5 Átjándi öldin (1701-1800 (390 bls.) - bíður prentvinnslu [...] **Kafli 6 Nítjándi öldin 1801-1850 (213 bls.) - bíður prentvinnslu**“. (68. fundur.)

Í viðaukasamningi sem Akraneskaupstaður og Gunnlaugur Haraldsson undirrituðu þann 2. desember 2009 „hafa [aðilar] orðið sammála um að

⁸⁸ Möppur og pappírmagn ber oftár á góma í fundargerðum en hér eru gefin tvö dæmi sem sýna stolt sagnaritarans af þessari söfnun:

Heimildaöflun og úrvinnsla þeirra hefur reynst langtum tafsamari og tímafreakari en mig óraði nokkru sinni fyrir, og hafði þó talsverða reynslu að byggja á í þessum efnum. Hér er í fyrsta lagi um að ræða skjalleg gögn af öllum hugsanlegum toga sem einkum eru varðveitt í skjalasöfnum í Reykjavík og á Akranesi (t.d. gjörðabækur hreppstjóra, sveitarstjórnar, einstakra nefnda, félagasamtaka og fyrirtækja, sýslumanna og sýslunefnda, amtmanns, landshöfðingja og fleiri embætta stjórnarsýslunnar, bréfabækur, bréfadagbækur, bréf og hverskyns gjörningar sömu aðila og einstaklinga, jarðaskjöl, dagbækur, örnefnalýsingar, o.s.fv., o.s.frv.). Í annan stað allt prentað og útgefið efni (bækur, skýrslur, dagblöð, tímarit o.s.frv.) þar sem Akraness er í einhverju getið, - og í þriðja lagi munnlegar heimildir og frásagnir núlifandi manna. Allar þær frumheimildir sem ég hef getað leitað uppi í skjalasöfnum, s.s. Þjóðskjalasafni, hef ég látið ljósrita til að vinna úr í starfstöð minni. Það heimildasafn telur nú um 100 bréfabindi eða tugþúsundir blaðsíðna og mun síðar varðveitast í Héraðsskjalasafni Akraness og verða aðgengilegur gagnabanki þeim sem síðar kynnu að vilja grúska í afmörkuðum viðfangsefnum.

Gunnlaugur Haraldsson. 25. febrúar 2005. „**Meint ritstífla brestur**“ á spjallþræði Akraneskaupstaðar.

[Um starfstöð sagnaritarans í Gufunesi]: Auk fjölda fræðirita er þarna til dæmis hátt í 200 bréfabindi með ljósritum skjala sem tengjast sögu Akraness, um 500 síður í hverju bréfabindi. Þessi gögn hefur söguritari leitað uppi í skjalasöfnum, þælt í gegnum þau, afritað og slegið inn í tölvu, sumt stafrétt en gert útdrátt úr öðrum, og jafnvel þýtt gömul embættisskjöl úr dönsku.

„Það þýðir ekkert hér um bil við ritun sögunnar. Spjallað við Gunnlaug Haraldsson ritara Sögu Akraness“. *Skessuhorn* 13. apríl 2011, s. 14. Viðtalið tók Þórhallur Ásmundsson blaðamaður.

tímabilið 1801-1850 verði ekki í II. bindi." (1. gr.) Það tókst svo að koma því II. bindi nú í maí 2011; það fjallaði um átjándu öld eingöngu.

Svo **III. bindið (1800-1900) hefur skv. framansögðu verið tilbúið frá 2001**, þegar ritnefnd um sögu Akraness staðfesti skil á því. **Samt var það ekki tilbúið** því áfram ber þetta tímabil hvað eftir annað á góma í fundargerðum Ritnefndarinnar, allt frá því að Ritnefndin uppgötvaði hálfu ári síðar að í það vantaði víst einn kafla. Síðar virðast sagnaritari, Ritnefndin og útgefandi Sögu Akraness ýmist hafa uppgötvað að ritun um þetta tímabil sé lokið eða ekki lokið.

Er ritun þriðja bindis lokið?



„Meginhlutar I. og II. bindis liggja fyrir í handriti (tölvu), samanlagt um 1500 bls. (A4-brot). Þó er ósaminn fyrsti kafli I. bindis, og allmarga kafla í seinni hluta II. bindis (tímabilið 1901-1941) þarf ég auðsjáanlega að umsemja og auka við á ýmsa lund vegna fjölmargra viðbótargagna sem komið hafa upp í hendur mínar á síðustu misserum við heimildaöflun og -úrvinnslu vegna III. bindis (tímabilið 1942-2000). Sú vinna hefur reynt margfalt tafsamari og umfangsmeiri en ég hafði gert mér í hugarlund og sprengt utan af sér öll uppsett tímaplön. Við slíkt er erfitt að ráða!" (Gunnlaugur Haraldsson.

„Meint ritstífla brestur". Spjallþráður Akraneskaupstaðar **25. febrúar 2005.**)

„Þá segist Gunnlaugur **búinn að skrifa þriðja bindið**. Fjórða bindið, sem nái frá aldamótunum 1900, sé hálfskrifað fram til 1941." („**Nærri 80 milljónir í ritun sögu Akraness**" *Vísir* **2. janúar 2010.**)

„Gunnlaugur segir að hann sé **búinn að rita sögu Akraness til ársins 1942** en þá stöðvaðist ritunin." („**Höfundur Sögu Akraness: Kýs að svara ekki gagnrýni. Ritun til ársins 1942 er lokið**". *DV* **4. júní 2011.**)

„Kristján Kristjánsson, annar aðaleigandi Uppheima, vill koma á framfæri: „Gunnlaugur Haraldsson þjóðháttufræðingur hefur unnið að ritun sögu Akraness síðan 1997. Þar áður fékkst Jón Böðvarsson við verkefnið - frá árinu 1987, og eitt bindi var gefið út. Eins og lesa má um í fundargerðum ritnefndar á vef Akraneskaupstaðar liggur fyrir, samkvæmt upplýsingum frá Gunnlaugi Haraldssyni m.a., að **þriðja bindið er nú þegar skrifað** og söfnun efnis í það fjórða vel á veg komið." („**Bókin um Akranes kostar 100 milljónir - 23 ár í vinnslu**", *Vísir* 22. nóv. **2010**, orð Kristjáns eru uppfærsla dagsett **23. nóvember.**)

Eða er ritun þriðja bindis ekki lokið? Hvenær má þá áætla ritunarlok og útgáfu?

„...**fyrir liggur að „færa til nútíðamáls" handrit mitt að III. bindi (1801-1900)** sem safnað hefur ryki í 6-7 ár." (Gunnlaugur Haraldsson. „Kvittað fyrir fjórðungsdóm". *Skessuhorn* **8. júní 2011**, s. 35.)

„Jón Gunnlaugsson, formaður ritnefndar, segir að **búið sé að skrifa handrit bókarinnar að stórum hluta** og **það geti verið tilbúið eftir**

tæpt ár og jafnvel fyrr." („Undirbúa útgáfu þriðja bindisins" RÚV 4. júní 2011.)

„Samkvæmt Kristjáni Kristjánssyni útgefanda ... gerir hann sér **vonir um að þriðja bindið verði gefið út á næstu tveimur árum.**" („Saga Akraness kom loksins út í gær" DV 20. maí 2011)

„Bæði Sveinn [Kristinsson] og Jón [Gunnlaugsson] formaður ritnefndar sögðust hafa fullan hug á því að **þriðja bókin af Sögu Akraness myndi koma út fljótlega** og sögurituninni yrði síðan lokið með fjórðu bókinni **áður en langt um líður.**" („Fjölmenni á útgáfuhátíð vegna Sögu Akraness", *Skessuhorn* 20. maí 2011.)⁸⁹

Það fer sem sagt meir en tvennum sögum af því hvort III. bindi er tilbúið, næstum tilbúið eða bráðum kannski næstum tilbúið. Það er sennilega bráðum næstum jafn tilbúið og I. bindið var árið 2001!

Hróður sagnaritunar Akraneskaupstaðar hefur ekki bara borist um allt land heldur einnig út fyrir landsteinana. Það er kannski fróðlegt að sjá spá þeirra sem búa í hæfilegri fjarlægð frá Akranesi um útgáfu þriðja bindisins:

„Tanken var frá början att Gunnlaugur Haraldsson skulle skriva två band till. Men frågan är om han nu har fått upp farten, eller om kommunen tänker om innan den ger även det uppdraget till Gunnlaugur Haraldsson med ett tänkt slutdatum ungefär år 2033." („De har skrivit på Akranes historia - i 23 år". *Islandsbloggen. Nyheter och nedslag från ett avlägset grannland*, 21. desember 2010.)⁹⁰

Í næstu færslu verður fjallað um ágætan samning sem útgáfufyrirtækið Uppheimar náði við Akraneskaupstað, rakinn kostnaður bæjarins af sagnarituninni árin 2010 og 2011 og greint frá fráteknu fé í áframhaldandi sagnaritun næstu tvö árin. Loks verður fjallað um enn eina goðsögnina sem tengist þessu sagnaritunarævintýri síðara, þ.e. þá að Gunnlaugur Haraldsson sé fræðimaður, í venjulegasta nútímaskilningi þess orðs. Þessi færsla ætti að verða lokafærsla í rakningu sagnaritunar Akraness (fyrir utan yfirlitsfærslu þar sem helstu atriði verða tekin saman og reynt að skýra hvernig í ósköpunum þetta gat gerst).

⁸⁹ Ef einhver skyldi lesa alla fréttina sem krækt er í er rétt að leiðrétta eftirfarandi: „Jón Gunnlaugsson formaður ritnefndar Sögu Akraness rakti í stuttu máli aðdraganda útgáfunnar sem er langur og spannar tímamann frá 1997, þar sem alls 12 menn hafa setið í ritnefndinni og þar af þrír fallið frá á þeim tíma." Tveir af tólf ritnefndarmönnum frá 1997 hafa fallið frá, þeir Ólafur J. Þórðarson (d. 2004) og Jósef H. Þorgeirsson (d. 2008). Ritnefndin hefur ekki minnst annarra á þessu tímabili í sínum fundargerðum og mér vitanlega eru hin öll á lífi. Tveir þeirra sem sátu í ritnefnd frá 1987 eru látnir, þeir Halldór Jörgensson (d. 1988) og Valdimar Indriðason (d. 1995).

⁹⁰ Tvær aðrar færslur eru um ritun Sögu Akraness á þessu bloggi: „23 ár efter beslutet - nu finns Akranes historia" frá 23. janúar 2011 og „Efter 24 års väntan - Akranes historia halvfärdig" frá 21. maí 2011.

Svo er að svara Ritnefndinni, bæjarstjóranum og sagnaritaranum í einni færslu. (Þeim lá heldur illt orð til bloggynju í næstnýjasta *Skessuhorni*. En ég er afar þakklát bæjarstjóranum fyrir að staðfesta rækilega þær kenningar sem ég hef smám saman verið að máta við viðskipti sagnaritara og Akraneskaupstaðar og gagnast einna best til að skýra þessi viðskipti eða botna í þeim.)

Nýjar hugmyndir sem varða sögu þjóðarinnar allrar

Saga Sögu Akraness XV

21. júní 2011 kl. 23.37

Hér segir af samningi forlagsins Uppheima við Akraneskaupstað, greiðslum til Gunnlaugs Haraldssonar árin 2009, 2010 og fé sem þegar hefur verið ákveðið að veita í frekari sagnaritun. Einnig er þælt í af hverju ráðamenn bæjarins halda að Gunnlaugur Haraldsson sé fræðimaður. Niðurstaðan er að það sé enn ein goðsögnin sem leikur um þessa löngu sagnaritun, kostaða af útsvari okkar bæjarbúa. Sé eitthvert sannleikskorn í þeirri goðsögn má e.t.v. flokka Gunnlaug Haraldsson með alþýðufræðimönnum. Fyrirsögnin er óbein tilvitnun í auglýsingar, fréttatilkynningu og orð Gunnlaugs Haraldssonar, sjá neðanmálgrein nr. 10.

Þann 18. janúar 2011 skrifuðu Árni Múli Jónasson bærarstjóri (f.h. Akraneskaupstaðar) og Þorleifur Örnólfsson framkvæmdastjóri (f.h. Uppheima efh) undir samning um útgáfu á tveimur bindum af Sögu Akraness eftir Gunnlaug Haraldsson.⁹¹ (Gunnlaugur [afhenti handritin samdægurs](#) og þau voru loks [gefin út 19. maí 2011.](#)) Svo virðist sem a.m.k. þremur aðilum hafi gefist kostur á að bjóða í verkið en Uppheimar hreppu hnossið.⁹²

[Uppheimar](#) eru bókaforlag sem stofnað var á Akranesi og annar aðaleigandi þess er Kristján Kristjánsson, búsettur hér í bæ. Strax [í febrúar 2007 hafði Kristján mætt á fund Ritnefndarinnar](#) og kynnt hugmyndir sínar um útgáfu bóka Gunnlaugs en það árið héldu menn einmitt að nú væri þetta alveg að hafast. (Sjá [Saga Sögu Akraness X](#). Hér eftir verða einstakar færslur sem vísað er í skammstafaðar SSA og tölusetning.) En auðvitað gekk það ekki eftir. Kristján ætti að vera vel kunnugur Gunnlaugi Haraldssyni, ef marka má orð Gunnlaugs. Kristján var héraðsskjalavörður Héraðsskjalasafns Akraness árin 2000-2005 og Gunnlaugur hefur einmitt gert mikið úr því hve duglegur hann hefur verið að afla frumheimilda af skjalasöfnum. Meðan Gunnlaugur bjó enn á Skaganum

⁹¹ [Bærarstjórn samþykkti samninginn](#) einróma 26. janúar 2011.

⁹² [Á bærarstjórnarfundum 25. maí 2010](#) sagði Gísli S. Einarsson bærarstjóri: „...og að öðru leyti er þetta nánast tilbúið að öllu leyti. Það er búið að gera kröfur um pappírsgæði og prentgæði og allt það sem þessu viðkemur og ég veit ekki hvort ég gæti gert nægilega vel grein fyrir þessu annað heldur en það að það eru hugmyndir uppi um á hvern hátt megi fá verulega upp í kostnað við útgáfuna og það byggist auðvitað á því hvernig væntanlega verður boðið í verkið. Það eru þrír ... þrjár prentsmiðjur sem að geta gert þetta hér á landi ... það eru svipað margir aðilar sem geta hannað útgáfuna og síðan er velt upp þeim möguleika sem kannski yrði kostnaðarsamastur fyrir Akraneskaupstað að þetta verk yrði sett í þann búning að sem flestir bæjarbúar gætu eignast það en það þýðir töluverðan kostnað væntanlega fyrir Akraneskaupstað.

En að öðru leyti þá er það tilboð sem er vænlegast ... það fjallar þá um það eða að hugmyndin er sú að er sú að Akraneskaupstaður fái tiltekinn fjölda eintaka og síðan verði ákveðinn hluti af fjölda ... af sölu fjölda eintaka sem að gengur til Akraneskaupstaðar.“ (Skrifað eftir hljóðupptöku sem fylgir fundargerð á vef Akraneskaupstaðar.)

(hann flutti héðan árið 2003 og hefur síðan búið í Reykjavík) hafa þeir kannski talið sig kollega í rithöfundastétt.⁹³



Í samningi Akraneskaupstaðar og Uppheima kemur fram að bindin tvö eru afhent fullbúin til prentunar að undanskilinni kápu. „Innifalið í því er litgreining og stilling á myndefni fyrir prentun, umbrot og prófarkalestur og er staðfesting frá prentsmiðju um nauðsynleg prentgæði verkanna áskilin.“ (2. gr.) Gefa skyldi út 800 eintök af hvoru bindi (4. gr.). Akraneskaupstaður greiddi duglega með verkinu, rétt rúmar 7,8 milljónir, með virðisaukaskatti. Í þeirri upphæð fólst tveggja milljón króna beinn styrkur vegna útgáfu bókarinnar, kostnaður af hönnun kápu, auglýsingar- og kynningarkostnaður og að bærinn skuldbatt sig að kaupa 236 eintök af hvoru bindi. (5. gr.)⁹⁴

Í fylgiskjali með samningnum kemur fram að Prentsmiðjan Oddi hafði gert Uppheimum tilboð sem hljóðaði upp á tæplega 8,5 milljónir án virðisaukaskatts fyrir að prenta þessi 800 eintök af hvorri bók í fjórlit á 150 gr. pappír með harðri kápu og saumaðri í kjöl.

Skv. [upplýsingum Hagstofunnar](#) bjuggu 6.600 manns á Akranesi á fyrsta ársfjórðungi 2011. Uppheimar þurfa ekki að selja mörg eintök til að koma út á sléttu og er ekki ólíklegt að forlagið hafi jafnvel eygt hagnaðarvon. A.m.k. virðist útgefandanum Kristjáni Kristjánssyni mjög í mun að semja sem fyrst um útgáfu þriðja bindisins og hefur til þess stuðning ritnefndar um sögu Akraness og bæjarráðs, s.s. rakið var í síðustu færslu (sjá [SSA XIV](#)). Hvers vegna svo mjög liggur á er óljóst því líklega liggja sölutölur ekki að fullu fyrir (það er rétt rúmur mánuður síðan bækurnar komu út) og enginn ritdómur um verkið hefur birst í fjölmiðlum, hvað þá í ritrýndu tímariti.

Í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árin 2012 og 2013 er gert ráð fyrir 4,2 milljónum króna hvort ár í ritun sögu Akraness. Þessar fjárhæðir eru ekki sundurgreindar. Í ljósi sögunnar sem ég hef rakið undanfarið er ljóst að þær milljónir hrökkva skammt til að greiða sagnaritara og útgáfufyrirtækinu Uppheimum fyrir þriðja bindið af *Sögu Akraness*.⁹⁵

⁹³ 12. október 1996 kom löng grein í helgarblaði *Dagblaðsins Vísis-DV* um sex rithöfunda sem þá voru búsettir á Akranesi. Þetta voru þeir Hannes Sigfússon, Gyrðir Elíasson, Kristín Steinsdóttir, Kristján Kristjánsson, Guðrún Eiríksdóttir og Gunnlaugur Haraldsson (en þá var *Akraneskirkja 1896-1996* eftir Gunnlaug nýkomin út). Sjá „[Sex rithöfundar búsettir á Akranesi: þar sem andinn kemur yfir menn](#)“. Óneitanlega er Gunnlaugur talinn upp í góðum félagsskap þarna en aftur á móti kemur hann ekkert við sögu í greininni því hann var fjarverandi þegar viðtölin við rithöfundana voru tekin.

⁹⁴ Í fylgiskjali 1 með samningnum kemur fram að senda á kynningarbækling í fjölpósti til allra fyrirtækja og heimila í póstnúmerum 300, 3001, 301 og 311 og markpóst til 2500 aðila. Einnig verði keypt opnauglýsing vegna útgáfu og heilsíða vegna forsölu í *Póstinum* (vikulegu dagskrár- og auglýsingablaði sem dreift er á Akranesi og víðar). Loks skyldi kaupa tvær heilsíður í *Skessuhorni* (vikublaði sem dreift er um Vesturland). Í auglýsinga- og kynningarkostnað greiddi Akraneskaupstaður 700.000 kr.

Afrit af þessum samningi er fengið frá Akraneskaupstað þann 4. maí 2011.

⁹⁵ Upplýsingar um fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar 2012 og 2013 eru fengnar frá Akraneskaupstað 4. maí 2011.

Greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar og kostnaður Akraneskaupstaðar

Akraneskaupstaður greiddi Gunnlaugi Haraldssyni tæpar 15,5 milljónir árin 2008 og 2009. Þessi háa fjárhæð gengur alls ekki upp miðað við síðasta samning bæjarins við Gunnlaug. (Sjá seinni hluta [SSA X](#) og [SSA XI](#).)⁹⁶

Árið 2010 fékk Gunnlaugur einungis rúmlega 550.000 kr. greiddar frá Akraneskaupstað og var búinn að fá rétt rúma milljón árið 2011 þegar Akraneskaupstaður veitti mér nú í maíbyrjun þær upplýsingar sem ég hef notað til þessa. Kostnaður bæjarins af Ritnefndinni var rúmar 200.000 kr. árið 2010 og kominn upp í 64.000 kr. í maíbyrjun 2011. Annar kostnaður bæjarins vegna söguritunar var tæpar þrjár milljónir árið 2010 og kominn í rétt rúmar 5,8 milljónir í maíbyrjun 2011. Þá var auðvitað eftir að greiða þessar tæpu 5 milljónir fyrir eintökin sem keypt voru af Uppheimum því það átti ekki að gera fyrr en við afhendingu, væntanlega 19. maí þegar bindin komu út. **Alls var kostnaður Akranesbæjar af sagnaritun árið 2010 og fyrstu fjóra mánuðina 2011 því rúmar 10,7 milljónir, á núvirði tæpar 10,8 milljónir.**

Er Gunnlaugur Haraldsson fræðimaður?

Áður hefur verið gerð grein fyrir tveimur goðsögnum sem umlykja hina dýru og seinunnu sagnaritun Gunnlaugs Haraldssonar, þ.e. að verkið sé glæsilegast verka (sjá [SSA XIII](#)) og að höfundur hafi verið á kafi í merkilegri rannsóknarvinnu frumgagna allan þennan tíma (sjá fyrrnefnda [SSA XIII](#) og [SSA XII](#)) Enn ein kenningin sem haldið er á lofti meðal bæjarstjórnarmanna er að Gunnlaugur Haraldsson sé fræðimaður, eiginlega svo mikill fræðimaður að það sé aðför að heiðri hans að benda á hve hluti I. bindisins er hroðalega illa unninn (sjá [Fjórðungsdóm um 18 marka bók](#)). Er þetta satt eða er þetta bara enn ein goðsögnin sem ritun sögu Akraness er sveipuð?

Ég hygg að í munni margra sé greint milli tvenns konar fræðimanna: Fræðimanna sem undirgangast kröfur akademískra útgefenda (skrifa greinar í ritrýnd tímarit; skrifa bækur sem eru ritrýndar af lærðum kollegum) og hrærast þannig í fræðimannasamfélagi. Á hinn bóginn eru alþýðufræðingar eða alþýðufræðimenn, sem skrifa greinar, bækur o.þ.h. fyrir alþýðu manna eða safna og miðla fróðleik af einhverju tagi.

⁹⁶ [Ragnheiði Þórðardóttur](#) þjónustu og upplýsingarstjóra Akraneskaupstaðar, tókst að svara fyrirspurn minni í dag, 24. júní, og benti jafnframt á að ég hefði spurst fyrir þann 5. júní en ekki 3. júní (eins og mig minnti sjálfa). Kann ég henni bestu þakkir fyrir leiðréttingu á þessari dagsetningu. Ég hafði í ítrekun spurninga minna einfaldað þær eins og kostur var, ef það mætti léttu Akraneskaupstað vinnuna við að finna svörin. Í svari Ragnheiðar í dag (sem hún sendir bæjarstjóranum og fjármálastjóra bæjarins afrit af) segir:

„Svar við a) er nei. Ekki hafa verið gerðir fleiri samningar við Gunnlaug Haraldsson. Svar við b) er já. Greiðslur til Gunnlaugs Haraldssonar árin 2008 og 2009 voru gegn framvísun reikninga.“

Þá er það sem sagt pappírlega komið á hreint og kann ég Akraneskaupstað náttúrliga bestu þakkir fyrir að hafa það af að finna þessar upplýsingar á einungis 18 dögum. Hvers vegna bærinn var að borga honum Gunnlaugi 15,5 milljónir gegn framvísun reikninga árin 2008-9 er afar óskiljanlegt. Reikninga fyrir hvaða vinnu? Reyndar held ég að hluti þessarar upphæðar sé greiðsla skuldar þeirrar er getið er í samningnum sem Akraneskaupstaður og Gunnlaugur undirrituðu 2. desember 2009. Bendir svarið því til þess að forsvarsmenn Akraneskaupstaðar nú (meðan bæjarritari er í sumarleyfi) viti ekki einu sinni nákvæmlega af hverju Gunnlaugi var greitt svo mikið fé. Líklega þýðir ekkert að spurja þetta fólk hvort það viti fyrir hvað reikningarnar voru.

Gunnlaugur Haraldsson er ekkert sérlega skólagenginn maður. Hann hefur gráðu í þjóðháttufræði sem samsvarar íslenskri BA gráðu (lægstu háskólagráðu) og eins árs háskólanám í fornleifafraði á meistarastigi (sjá [SSA IV](#)). Það er því hæpið að kalla hann lærdómsmann eða vísindamann á grundvelli menntunar.

Gunnlaugur Haraldsson hefur ekki skrifað eina einustu grein í ritrýnt tímarit né hafa birst dómar um verk hans í slíkum ritum.⁹⁷

Flest rita Gunnlaugs eru annars eðlis en sagnfræðileg; þau eru langflest stéttartöl eða ættartöl af einhverju tagi. Þegar hann var ráðinn til að skrifa sögu Akraness, 1997, hafði hann einungis samið eina bók, *Akrneskirkja 1896-1996 ásamt ágripi af sögu Garða og Garðakirkju á Akranesi* (hér tel ég 5 bls. texta í ljósmyndabók um Akranes ekki til bókar-skrifa), lítilsháttar fengist við greinaskrif, í sjómann dagsblað, héraðsrit o.þ.h. og svo ritstýrt ættfræði- og stéttartölum, sem fyrr var minnst á. Bók Gunnlaugs um Akraneskirkju er að stórum hluta upptalning og smávegis kynning á prestum, sóknarnefndum og starfsfólki auk byggingarsögu og sögu muna kirkjunnar og hefur væntanlega verið ætluð fremur þröngum lesendahópi. Útgefandi var Akraneskirkja og bókin kom út í ágúst 1996.⁹⁸ Ég fann bara [einn ritdóm um sögu Akraneskirkju](#), í *Morgunblaðinu* í september 1996, og ekki er hægt að finna neinn ritdóm um hana í ritrýndu tímariti, raunar ekki einu sinni í *Kirkjuritinu*. Morgunblaðsdómurinn er afar jákvæður enda dæmir gagnrýndandinn, Sigurjón Björnsson, yfirleitt mjög jákvætt.

Þrátt fyrir þennan skort á athygli eða ritdómum um sögu kirkjunnar og skort á öðrum sagnfræðiverkum (utan nokkurra greina eða ritstjórnar stéttaratala og ættartala, sem fyrr var nefnt og mætti kannski kalla

⁹⁷ Þessi staðhæfing byggir annars vegar á þeim verkum sem eru skráð á Gunnlaug Haraldsson í [Gegni](#), hins vegar á [æviágripi DV í tilefni af fimmtugsafmæli hans](#) þar sem fram koma helstu störf og rit og æviágripi hans í MA-stúdentar 1973, s. 495-497 í *Æviskrám MA stúdenta V*, útg. 1994, í hans eigin ritstjórn. Í tveimur síðartöldu heimildunum er sú villa að Gunnlaugur segist hafa setið í ritnefnd um sögu Akraness frá sept. 1987 til júní 1991 en hið rétta er að hann veik úr Ritnefndinni í júní 1990 og Leó Jóhannesson tók sæti hans.

⁹⁸ Hvers vegna ritnefnd sóknarnefndar Akraneskirkju ákvað að ráða sannfærðan og harðskeyttan Alþýðubandalagsmann, sem var ekki kunnur af neinum sagnfræðiskrifum, til verksins er nokkur ráðgáta. Sjálfur segir Gunnlaugur Haraldsson í formála þessarar bókar: „Á vordögum 1995 fór ritnefndin þess á leit við mig að ég ritaði sögu kirkjunnar. Til þess vandasama verks gekk ég þó með hálfum huga, enda alls ófróður um íslenska kirkjusögu, svo og almennt safnaðarstarf á vegum Akraneskirkju fyrr og síðar.“ (s. 7.) Í ritnefnd sóknarnefndarinnar sátu þrír menn, þ.á.m. Þjóðbjörn Hannesson, formaður sóknarnefndar.

Eftir því sem ég best veit fylgdi Þjóðbjörn framsóknarflokknum að málum en hann er reyndar bróðir Guðbjarts Hannessonar, núverandi velferðarráðherra en þáverandi bæjarstjórnarmanns á Akranesi, fyrir Alþýðubandalagið. Á [lista Alþýðubandalagsins fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 1994](#) má sjá myndir af nokkrum persónum sem áður hafa verið nefndar í rakningu sögu *Sögu Akraness*, t.a.m. Guðbjarti Hannessyni, Sveini Kristinssyni, núverandi forseta bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar, Ingunni Önnu Jónasdóttur, systur Árna Múla Jónassonar núverandi bæjarstjóra og eiginkonu Engilberts Guðmundssonar sem varði Gunnlaug dyggilega snemma á níunda áratug síðustu aldar (sjá [SSA II](#)), Guðrúnu Geirsdóttur, sem varð svo formaður Menn-ingarmála- og safnanefndar bæjarins, auk náttúrliga Gunnlaugs sjálfs.

Eins og kom fram í færslunni [SSA IV](#) uppgötvaðist einhvers konar bókhaldsóriða eða fjármálaóriða í rekstri Byggðasafnsins við yfirferð reikninga safnsins frá janúar til október.

Gunnlaugur Haraldsson fór í launalaust leyfi til að skrifa sögu Akraneskirkju í maí árið 1995 og sagði lausu starfi sínu sem forstöðumaður Byggðasafnsins með bréfi sem lagt var fram á sama fundi og bréfið frá endurskoðendunum var tekið fyrir, líklega þann 5. desember 1995.

Það er áhugavert að skoða tengsl fólksins sem kemur við sögu í þessari neðanmálgrein en skv. frétt sem krækt er í [úr SSA IV](#) var ráðning Gunnlaugs sem sagnaritara kirkjunnar og uppsögn hans algerlega ótengd þessari miklu fjármálaóriðu á Byggðasafninu árið 1995.

alþýðusagnfræði) héldu ónafngreindir bæjarstjórnarmenn því fram þegar Gunnlaugur var ráðinn til að skrifa sögu Akraness að hann hefði „**til dæmis skrifað sögu Akraneskirkju og farist það afburðavel úr hendi**“ (feititletrun mín).

Gunnlaugur hefur verið iðinn við ritstjórn stéttartala, ættartala o.þ.h. áfram, meðfram því að skrifa **ekki** sögu Akraness, a.m.k. skila engu tæku til prentunar á tímabilinu febrúar 1997 til janúar 2011, þegar hann skilaði loks handritum að þeim tveimur bindum SÖGU AKRANESS sem gefin voru út 19. maí síðastliðinn. (Sjá yfirlit yfir hjáverk Gunnlaugs í [SSA XII.](#))

Þrátt fyrir litla menntun og engin akademísk skrif hefur goðsögnin um hinn mikla fræðimann vaxið og dafnað, a.m.k. meðal bæjarstjórnarmanna. Sagnaritarinn sjálfur hefur einnig gefið þessu undir fótinn með sífelldum yfirlýsingum um sína miklu vísindalegu rannsóknarvinnu sem áður hefur verið vitnað til og einnig með því að virðast sjálfur telja sig í hópi fræðimanna.⁹⁹

Nú hefur loksins litið dagsins ljós verk eftir Gunnlaug sem hann og bæjarstjórnarmenn telja mjög fræðilegt verk. Samkvæmt auglýsingum, fréttatilkyningu og orðum sagnaritarans sjálfs **eru þar settar fram nýjar hugmyndir sem varða sögu þjóðarinnar allrar.**¹⁰⁰ Má því telja fullvíst að óskað verði eftir að það verk verði gagnrýnt í ritrýndu tímariti, t.d. *Sögu: tímariti Sögufélags*, og verður spennandi að sjá þá dóma því enginn sagnfræðingur hefur tekið verkið út á vegum bæjarins og því mjög á huldu ennþá hversu miklu lukku margauglýst sagnfræðilegt gildi verksins veki meðal sérfræðinga.

Það ætti að vera alveg ljóst af framansögðu að Gunnlaugur Haraldsson hefur ekki enn uppfyllt nein skilyrði til þess að kallast fræðimaður í akademískum skilningi. Það er goðsögn að hann sé slíkur fræðimaður.

⁹⁹ „Að síðustu áleit ég þann verk tíma sem mér var ætlaður allt of knappan miðað við þær kröfur sem ég taldi að gera bæri til þessarar söguritunar, þ.e. rúm fjögur ár. Taldi raunhæfara að miða við 8-10 ár og studdist í því efni við ráðleggingar nokkurra kunningja minna í fræðimannastétt sem tekist hafa á við hliðstæð viðfangsefni, - og sömuleiðis vitnisburð úr formálum margra útgefna rita um byggða- og héraðssögu.“ Gunnlaugur Haraldsson. 25. febrúar 2005. „[Meint ritstífla brestur](#)“ á spjallþræði Akraneskaupstaðar.

Má allt eins skilja orð Gunnlaugs sem svo að hann telji sig sjálfan í fræðimannastétt, eigi þar a.m.k. nokkra kunningja sem ráðleggja honum. Ég veit náttúrlega ekki hverjir þeir eru; Er hann að tala um Jón Þ. Þór? Guðjón Friðriksson? Jón Hjaltason?

Nefna má að Gunnlaugur sýndi Ritnefndinni snemma *Sögu Akureyrar* eftir Jón Hjaltason (líklega I. bindið) sem hugsanlega fyrirmynd að eigin sagnaritun. Þarna er ólíkum saman að jafna því þótt það tæki Jón Hjaltason 17 ár að skrifa sögu Akureyrar (sem er reyndar ólíkt stærri bær en Akranes og hefur verið svo um aldir og gæti jafnvel hafa gerst þar meira) þá komu út fimm bindi á þessu tímabili, að jafnaði á þriggja ára fresti, auk þess sem Jón flutti fjölda fyrirlestra tengda efninu á Akureyri og víðar, skrifaði margar greinar og hagaði sér almennt eins og góðum fræðimanni sæmdi. Bækurnar urðu vinsælar, eitt bindið var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna og gott ef útgáfan stóð ekki undir sér. Jón Hjaltason er cand.mag í sagnfræði.

¹⁰⁰ „Nýjar hugmyndir sem varða sögu þjóðarinnar allrar eru settar fram í lýsingu á þróun og uppbyggingu samfélagsins“ (opnuauglýsing í *Póstinum* 20. apríl 2011);

„Í lýsingu á þróun og uppbyggingu samfélagsins eru settar fram hugmyndir sem varða sögu landsins alls“ („Saga Akraness kemur út á morgun“. *Skessuhorn* 18. maí 2011, s. 4);

„Ég hef grun um, er þess reyndar fullviss, að sjávarútvegurinn gegndi miklu þýðingarmeira hlutverki í hagkerfi landsmanna á miðöldum en menn hafa almennt talið hingað til, þ.e. allt frá landnámstíð.“ („Það þýðir ekkert hér um bil við ritun sögunnar. Spjallað við Gunnlaug Haraldsson ritara Sögu Akraness.“ *Skessuhorn* 13. apríl 2011, s. 15.)



Vissulega má kalla Gunnlaug Haraldsson alþýðufræðimann. En slíkir fræðimenn leggja oftast nokkurt kapp á að koma fróðleik sínum til skila. Ég nefni sem dæmi um fræga alþýðufræðimenn þá Þórð Tómasson í Skógum og Árna Óla. Óumdeildur alþýðufræðimaður hér á Akranesi var Ólafur B. Björnsson, höfundur bókanna *Saga Akraness I* (útg. 1957) og *Saga Akraness II* (útg. 1959), auk þess sem Ólafur gaf út tímaritið *Akranes* í fjölda ára.

Gunnlaugur hefur ekki skrifað eina grein í *Árbók Akurnesinga*, ársrit sem Uppheimar hafa gefið út frá árinu 2001 í ritstjórn Kristjáns Kristjánssonar; Ég man ekki til þess að hafa séð nokkra grein eftir Gunnlaug um eitthvað sem snertir annað en hans eigin erfiðu sagnaritun í *Skessuhorni*; Gunnlaugur hefur ekki flutt neinn opinn fyrirlestur fyrir bæjarbúa um eitthvað sem snertir sögu Akraness; Hann hefur ekki flutt neinn útlarpsþátt um eitthvað sagnavert af Akranesi svo ég viti til: Í stuttu máli sagt hefur Gunnlaugur alls ekki miðlað bæjarbúum neinu af sínum fróðleik um sögu Akraness í þessi 14 ár sem hann hefur þegið laun fyrir að skrifa þá sögu.

Raunar má finna dæmi þess að Gunnlaugur hafi þvert á móti reynt að koma í veg fyrir að aðrir gætu nýtt gögn í eigu Akraneskaupstaðar til að auka þekkingu bæjarbúa á eigin sögu. Þar er ég einkum með í huga örnefnakort, sem þrír góðir og gegnir Skagamenn merktu inn á fyrir nokkrum árum og afhentu Gunnlaugi. Á þessu korti voru t.d. merkt öll sker í kringum Akranes. Landmælingar Íslands (sem eru til húsa á Akranesi) og Akraneskaupstaður gerðu með sér samstarfssamning um söfnun og skráningu örnefna árið 2009. Fengnar voru örnefnalýsingar sem til voru hjá Árnastofnun og „óskað var eftir örnefnum frá Sögu Akraness en ekki fékkst aðgangur að gögnunum.“ Landmælingar Íslands gripu þá einfaldlega til þess ráðs að leita aftur til þessara ágætu Skagamanna og þeir teiknuðu öll örnefnin aftur inn á kort, fyrir stofnunina. Því hafa bæjarbúar og aðrir haft aðgang að þessari þekkingu um bæinn og umhverfi hans um nokkurt skeið þrátt fyrir að sagnaritari bæjarins hafi reynt að koma í veg fyrir slíkt.¹⁰¹

Gunnlaugur Haraldsson hefur sem sagt ekkert gert til að auka áhuga bæjarbúa á eigin sögu eða fræða þá eða aðra um einstaka þætti sögunnar og hefur reynt að koma í veg fyrir að aðrir gætu frætt íbúa Akraness um umhverfi sitt.

¹⁰¹ „Örnefnaskráning. Sumarvinna 2010“, glæra 15. Landmælingar Íslands. Útprintun dags. 9.6. 2010.

Landmælingar Íslands ákváðu að fyrsta verkefni í nýju örnefnatóli 2009 yrði örnefnaskráning á Akranesi. Á sömu glæru kemur fram að heimildamenn sem gáfu vinnu sína [í annað sinn] voru Ásmundur Ólafsson, Bragi Magnússon og Þórður Árnason.

Þessi örnefni má skoða á [Velkomin til Akraness](http://Velkomin%20til%20Akraness) (visitakranes.is) og á [Kortasjá Landmælinga Íslands](#) (ath. að það þarf að þysja út kortið til að örnefni sjáist) en merkilegt nokk eru fá örnefni merkt inn á kortið af Akranesi á [heimasíðu Akraneskaupstaðar](#).

Í sambandi við fastheldni Gunnlaugs á gögn í eigu Akraneskaupstaðar sem hann hefur komist yfir má einnig nefna að ekki hefur hann skilað handriti Jóns Böðvarssonar af sögu Akraness 1885-1941 enn á Héraðsskjalasafnið. Þetta handrit afhenti Gísli Gíslason, þáverandi bæjarstjóri og formaður ritnefndar um sögu Akraness, Gunnlaugi í febrúar 1997. Það væri óneitanlega gaman að geta skoðað handrit Jóns Böðvarssonar, hafi maður áhuga á sögu bæjarins, og ótrúlegt hve Gunnlaugur liggur á því í mörg ár í ljósi þess að honum þótti þetta um þá bók Jóns sem kom út: „Í öðru lagi þótti mér að í bók Jóns hefði verið skautað býsna glannalega yfir fjölmarga þætti sögunnar, að því marki sem ég taldi mig þá þekkja til hennar, - einkum á 18. og 19. öld, - heimildanotkun og efnistöð einnig gjörólík því sem ég myndi sjálfur kjósa.“ (Gunnlaugur Haraldsson. 25. febrúar 2005. „[Meint ritstífla brestur](#)“ á spjallþræði Akraneskaupstaðar.) Svo tæplega er handrit Jóns Böðvarssonar af öðru bindinu um sögu Akraness það mikils virði fyrir Gunnlaug Haraldsson að hann þurfi að „hafa það í láni“ miklu lengur en í 14 ár!

Sagan öll?

29. júní 2011 kl. 23.35

Hér eru dregnar saman helstu niðurstöður um sagnaritun á vegum Akraneskaupstaðar frá 1987. Kaupstaðurinn hefur á tæpum 24 árum greitt sem svarar 125 milljónum á núvirði fyrir að láta tvísemja þann hluta sögunnar sem gerist einkum í Hvalfjarðarsveit, þ.e. um tímabilið frá landnámi til 1800.¹⁰²



Lengst af voru hér á Akranesi nokkur tómthús og verbúðir og heldur fámennt, t.d. bjuggu samtals 67 manns á Skaganum seint á 18. öld og voru allir búendur leiguliðar Ólafs Stephensen á Innra-Hólmi.¹⁰³

Það segir sig náttúrliga sjálft að ekki er hægt að ætlast til að miklum sögum fari af slíkum stað. Enda hafa sagnaritarar bæjarins gripið til þess að skrifa um „Akranes hið forna“, þ.e. meint landnám Ketils og Þormóðs Bresasona, ásamt Skilmannahreppi Bekans. Þá má leita í fornþókmenntir, sögu Skál-

holtsstóls og biskupa þar og fjalla um mikilmenni í Innri-Akraneshreppi, sem og frægan smáglæpamann úr Ytri-Akraneshreppi til að ná upp einhverjum sögudampi. Eitthvað fleira úr nágrenninu má tína til, s.s. þjóðsögur. Aftur á móti er spurning hvort þetta sé það merkilegt fyrir okkur Skagamenn, sem borgum brúsann, að þurfi að tvísegja, jafnvel þrísegja ef talinn er með sá fróðleikur sem birtist í *Sögu Akraness I* og *II* eftir Ólaf B. Björnsson, útg. 1956 og 1959 á kostnað höfundar.

Eftir þessi 23 ár og 125 milljónir hafa íbúar í Hvalfjarðarsveit sem sagt eignast viðamikla úttekt á sinni sögu. Við greiðendurnir eigum nokkra smábúta innan um, um fólk sem tengdist Görðum (raunar aðallega afkomendur þess fólks utan Akraness, jafnvel í öðrum landsfjórðungum) og eitthvað svolítið um kotin sem á Skipaskaga var að finna (aðallega samt um eigendur þeirra utan Skagans, jafnvel í öðrum landsfjórðungum), stutta jarðsögu svæðisins sem finna má víða annars staðar (jarðsagan kringum Akrafjall hefur ekki breyst nýlega) og fróðleik um nokkur örnefni í kaupstaðnum (sem raunar má einnig finna annars staðar).

Titill færslunnar vísar til þess að þetta er lokafærsla í *Sögu Sögu Akraness* - í bili.

Af hverju ætli Akraneskaupstaður hafi í tæp 24 ár verið svona rausnarlegur í söguritun nágrennasveitarfélaganna? Því verður

¹⁰² Byggt á „Saga Akraness, samantekt 1987-2011“, plaggi fengnu frá Akraneskaupstað 4. maí 2011, að viðbættum þeim tæpum fimm milljónum sem Akraneskaupstaður greiddi væntanlega Uppheimum ehf. við fyrir 236 eintök af hvoru bindi af *Sögu Akraness* um það leyti sem bækurnar komu út, 19. maí 2011, skv. samningi Akraneskaupstaðar við Uppheima ehf. Sjá *SSA XV*.

¹⁰³ Sjá tilvitnun í fyrirlestur Hallgríms Jónssonar í „Frá Akranesi“. *Ísafold* 27. mars 1889 og *SSA I*. Væri óskandi að Hallgrímur hefði aldrei flutt fyrirlesturinn „Lífið í Skaganum síðastliðin 100 ár“ (þótt hann næði að safna með honum 30 kr. í byggingu barnaskólahúss sem bráðvantaði) því síðan virðist sagnariturum mjög í mun að reka slyðruorðið af Skaganum; koma Akranesi á Íslandssögukortið, ef svo má segja, og þarf að seilast ansi langt til þess.

reynt að svara í þessari færslu og draga fram aðalatriðin í þeirri rándýru sorgarsögu. Vísað er í ítarlegri færslu um einstök atriði í [Sögu Sögu Akraness](#) með skammstöfuninni SSA og tölusetningu. Jafnframt vek ég athygli á því að færsluflokkurinn [Sagu Sögu Akraness](#) er einungis saminn af áhuga á þeirri sögu; Ég tengist einstaklingum sem um hefur verið rætt ekki nokkurn skapaðan hlut.¹⁰⁴

Árið 1987 bjuggu rúmlega 5.400 manns á Akranesi og hafði bærinn vaxið mjög hratt á nokkrum áratugum. Í apríl það ár samþykkti bæjarstjórn að fela þáverandi bæjarstjóra að semja við einhvern um að skrifa sögu Akraness. Miða átti við þrjú bindi, hvert um 300 síður og skyldi gefa þau út á 50 ára afmæli Akraneskaupstaðar, 1. janúar 1992. Bæjarstjórinn réð Jón Böðvarsson cand. mag til verksins síðsumars 1987 og ritnefnd var skipuð. Jón Böðvarsson var þekktur fræðimaður, jafnt á sviði íslensku sem sagnfræði, ættaður úr Innri-Akraneshreppi og hafði dvalist þar hvert sumar sem barn og unglingur. Auk þess var hann reyndur leiðsögumaður og má ætla að hann hafi þekkt þetta svæði, „Akranes hið forna“, eins og lófann á sér. Launagreiðslur sem samið var um við Jón benda til að sagnaritunin hafi verið hugsuð sem hlutastarf og greiðslur áttu á vera árangurstengdar ([SSA II](#)).

Ritnefnd virtist í allra fyrstu þokkalega jákvæð í garð Jóns en snemma varð ljóst að það var lítið lið í ritnefndarmönnum, t.d. var Gunnlaugi Haraldssyni um megn að taka saman skrá um heimildir um sögu Akraness sem til voru á Byggðasafninu en var þó forstöðumaður Byggðasafnsins. Ritnefndin fór fljótlega að ráðskast með Jón og komst snemma á þá skoðun að verkið, ritun sögu Akraness væri **sitt verk** en ekki hans án þess að hafa hugsað sér að lyfta litlaputta í efnisöflun. Þetta gerðist frekar hratt og við lestur fundargerða veltir maður því fyrir sér hver hefði loft allt lævi blandið. Af fundargerðunum að dæma skín talsverð vanþekking ritnefndarmanna á efninu í gegnum ráðsmennsku þeirra. Ótrúlega nán tengsl voru milli yngra fólksins í ritnefndinni sem myndaði meirihluta frá miðju sumri 1990 án þess að bænum, hvað þá bæjarstjóranum sem var jafnframt formaður Ritnefndarinnar fyrstu átta árin, fyndist neitt athugavert við það ([SSA III](#) og [Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness frá upphafi til starfsloka Jóns Böðvarssonar sagnaritara, þ.e. 1987-1997](#)). Sjá einnig um hugmyndafræði lítils hóps Íslendinga sem lærði í háskólanum í Lundi í Svíþjóð, seint í [SSA I](#)).



¹⁰⁴ Má segja að ég þekki svolítið einn úr ritnefndinni og þann eiganda Uppheima sem býr á Akranesi því ég var um skeið samkennari þeirra. Sagnaritarana Jón Böðvarsson og Gunnlaug Haraldsson þekki ég ekki, ekki heldur formann Ritnefndarinnar frá 2006, Jón Gunnlaugsson. Sumum öðrum persónum, t.d. þeim sem setið hafa í einn og hálfan áratug í bæjarstjórn, er ég nægilega málkunnug til að heilsa á götu. Tveir sem við sögu koma voru nemendur mínir fyrir langa löngu. Ég hef einu sinni tekið í höndina á Árna Múla Jónassyni, nýja bæjarstjóranum, þegar ég var kynnt fyrir honum fyrir tilviljun en man ekkert eftir honum úr íslenskudeild HÍ þótt við höfum væntanlega verið samtíða þar fyrir óralöngu. Sem sagt: Ég stend alveg utan við sagnaritunarævintýri bæjarins og er því mjög fegin. Nema að því leytinu að ásamt öðrum Skagamönnum borga ég af því brúsann. Mér hefur þótt saga Sögu Akraness einkar áhugaverð þær vikur sem ég hef eytt í að setja mig inn í hana, ekki hvað síst seinni og stærsti hluti hennar. Nú er kominn tími á bloggsumarleyfi en eftir það hyggst ég koma þessum færslum fyrir í einu pdf-skjali sem hlaða má niður. Væri því ágætt að fá ábendingar og leiðréttingar fyrir haustið.

Til að byrja með vann Jón Böðvarsson af kappi en þegar kom að skilum efnis varð dráttur á verkinu og drógust skilin æ meir sem tímar liðu. Raunar þurfti hann að margskrifa efnið sem hann þó skilaði því ritnefndin var ævinlega óánægð með það og kann það að hafa valdið einhverju um dráttinn. Einungis tókst að koma út einu bindi af sögunni 1992 og það náði frá landnámi til 1885. Jón skilaði handriti að öðru bindinu þegar gerður var við hann starfslokasamningur snemma árs 1997. Það bindi nær frá 1885-1942 og hefur verið í vörslu Gunnlaugs Haraldssonar frá því Gísli Gíslason afhenti honum það í febrúar 1997. Jón virðist ekkert hafa fengið greitt eftir árið 1991 og hefur að líkindum fengið greidda 2/3 af þeirri upphæð sem samið var um í upphafi (og mér sýnist að hann hafi einmitt unnið 2/3 af verkinu). Kostnaður Akraneskaupstaður af þessari sagnaritun, að meðtöldum útgáfukostnaði bókarinnar sem kom út, er rúmlega 15 milljónir, uppreiknað á núvirði. Textinn í bók Jóns er lipurlega skrifaður en umbúnaður útgáfunnar afar fátæklegur. ([SSA III](#)).

Svo virðist sem Gísli Gíslason bæjarstjóri hafi ráðið Gunnlaug Haraldsson, sem þá var atvinnulaus ([SSA IV](#) og nmgr. 8 við [SSA XV](#)), sem sagnaritara áður en starfslokasamningur við Jón Böðvarsson var gerður. Gunnlaugur átti að skrifa þrjú bindi sem næðu yfir 1700-2000. Starfið var ekki auglýst og engin augsjáanleg skýring er á því að Gunnlaug Haraldsson var ráðinn, hafandi hvorki menntun í sagnfræði né reynslu af fræðilegum skrifum ([SSA XV](#)). Möguleg skýring er að með ráðningunni hafi Alþýðubandalagsmenn í bæjarstjórn og víðar gert sínum manni greiða ([SSA V](#)). Önnur möguleg skýring er að á meðan Gunnlaugur sat sjálfur í Ritnefndinni (1987-1990) hafi honum tekist að sannfæra nefndarmenn um að hann væri snillingur.

Í upphafi virtist Gunnlaugur vinna af kappi. Hann gaf fögur fyrirheit, þ.e. lagði fram lista, minnisatriði, verkáætlanir og eigin „hugleiðingar“ um vinnu sína (Sjá [Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness 1997-2011](#)). Hann skilaði meira að segja þó nokkru af texta í upphafi, að vísu löngu á eftir áætlun. Þegar samningstíma lauk taldi Ritnefndin að fyrsta bindi af þeim þremur sem hann átti að skila væri fullunnið en hafði reyndar rangt fyrir sér í því ([SSA V](#)). Þá var gerður viðbótarsamningur við Gunnlaug um nýja skiladaga og átti verkinu að ljúka 2004. Hann skilaði heldur ekki af sér í lok þess samningstíma ([SSA VI](#)). Næst tókst honum að fá Akraneskaupstað til að semja um að greiða út árangurstengdu/afraksturstengdu greiðslurnar sem samið var um í upphafi, jafnað niður á rúmt ár, þótt árangurinn/afraksturinn væri enn enginn ([SSA VII](#)). Í rauninni er þarflaust að rekja þessi viðskipti nánar enda eru þau rakin í einstökum færslum í [Sögu Sögu Akraness](#). **Alls gerðu Akraneskaupstaður og Gunnlaugur Haraldsson með sér tvo grunnsamninga og fjóra viðbótarsamninga. Gunnlaugur stóð aldrei í skilum þótt ævinlega hafi verið kveðið á um ákveðna skilafresti.** Árin 2008 og 2009 var hann svo farinn að fá veglegar greiðslur gegn framvísun reikninga (sjá nmgr. 6 við [SSA XV](#)). Mér er ókunnugt um fyrir hvað þeir reikningar voru.

Frá upphafi var Gunnlaugur á ágætum launum við sagnaritunina enda skyldi hann hafa hana að aðalstarfi, skv. fyrri grunnsamningi (fyrsta samningnum) sem væntanlega gilti allt til 2006. Því fór fjarri að hann stæði við að hafa ritun sögu Akraness að aðalstarfi en e.t.v. hefur Ritnefndin aldrei tekið eftir því ([SSA XII](#)). **Í báðum grunnsamningum við**

Gunnlaug Haraldsson voru riftunarákvæði og ákvæði um endurgreiðslukröfu Akraneskaupstaðar stæði sagnaritari ekki skil á verkum skv. tímasetningum í samningunum (SSA V og SSA IX). Þessum ákvæðum var aldrei beitt.

Þegar viðskipti Gunnlaugs við Akraneskaupstað og vinnulag hans er skoðað (sjá [Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness 1997-2011](#)) vekur það auðvitað furðu að maðurinn skuli ekki fyrir löngu hafa verið leystur frá störfum, krafinn um endurgreiðslu þess fjár sem ekki hafði verið unnið fyrir, starfið auglýst og reynt að ráða hæfan mann í verkið. Og af hverju sögðu bæjarbúar ekki neitt?

Ég held að skýringarnar séu eitthvað á þessa leið:

Gunnlaugur Haraldsson virðist hafa talsvert háar hugmyndir um eigið ágæti.¹⁰⁵ Hann hefur ekki hið minnsta samviskubit yfir að hafa þegið ágætis laun og greiðslur frá Akraneskaupstað í 14 ár án þess að skila neinu sem tækt var í prentsmiðju fyrr en í janúar 2011. Sjálfur segir hann að þetta sé vegna þess hversu vel hann vandi sín verk.¹⁰⁶ Þetta finnst mér sýna meira kaldlyndi en venjulegu fólki er tamt; flestir myndu nú skammast sín að þiggja slíkar fjárhæðir án þess að skila afrakstri.



Sömuleiðis hikar hann ekki við að kenna öðrum um drátt á skilum, þ.e. firrir sjálfan sig allri ábyrgð á „hinu langa hlé 2005-2006“.¹⁰⁷

Þessi tröllatrú Gunnlaugs á eigin verðleika og fagurgali um framtíðaráform sem ekki stóðust¹⁰⁸ virðist hafa villt

¹⁰⁵ Sjá t.d. margítvitnað bréf Gunnlaugs Haraldssonar á spjallþræði Akraneskaupstaðar, 23. febrúar 2005, „[Meint ritstífla brestur](#)“, viðtalið „Það þýðir ekkert hér um bil við ritun sögunnar“ í *Skessuhorni* 13. apríl 2011, s. 14-15 og grein Gunnlaugs „[Kvittað fyrir fjórðungsdóm](#)“, dags. 5. júní 2011, birtist í *Skessuhorni* 8. júní 2011 s. 34-35.

Einnig má af formála *Sögu Akraness I* ráða að Gunnlaugur telur sig hafa unnið merka heimildarannsókn og komist að niðurstöðum sem enginn annar hafði uppgötvað áður: „Af heimilda- og tilvísanaskrár má ráða, að víða hefur verið leitað fanga, enda byggir ritið að verulegu leyti á minni eigin rannsókn og túlkun frumheimilda. Mín sýn á heimildasnaud tímabil í sögu byggðarinnar og tilgátur þar að lútandi t.d. um landnámið, þróun elstu byggðar og mikilvægi sjósóknar í því samhengi, hafa sömuleiðis kallað á víðtæka efnisleit til stuðnings þeim hugmyndum. Þá hef ég markvisst reynt að kempa öll helstu skjala-sögn, þ.á.m. stjórnsluembætta landsins á fyrri öldum, og afritað hvaðeina, sem komið hefur í hendur varðandi sögu Akraness.“ Gunnlaugur Haraldsson. 2011. Formáli að *Sögu Akraness I*, s. 10.

¹⁰⁶ Sjá t.d. „[Saga Akraness: 75 milljónir en engu skilað](#)“ í *DV* 22. desember 2009 og fyrrnefnt viðtal í *Skessuhorni*. Einnig bergmála þessar staðhæfingar í orðum bæjarstjórnarmanna, sjá síðari hluta *SSA XIII*.

¹⁰⁷ „Vegna þessa verklags [að gefa verkið út sem eina heild við verklok en það hefur sem kunnugt er ekki tekist] hlutu óhjákvæmilega ýmsir þeir sem á lengdar stóðu að fyllast óþolinmæði og jafnvel efasemdum um að ég lyki verkinu nokkru sinni. Ekki bætti úr skák það langa verkhlé sem varð 2005-2006.“ „Það þýðir ekkert hér um bil við ritun sögunnar. Spjallað við Gunnlaug Haraldsson ritara *Sögu Akraness*.“ *Skessuhorn* 13. apríl 2011, s. 14.

Sama kemur fram í formála Gunnlaugs að *Sögu Akraness I* (enda er þetta svokallaða viðtal í *Skessuhorni* að talsvert stórum hluta formálinn að fyrsta bindinu): „Ekki bætti úr skák það langa verkhlé, sem varð 2005 til 2006, þar sem hverfa þurfti frá hálfkörüðu lokabindi verksins.“ *Saga Akraness I*, s. 9.

Gunnlaugi láist að geta þess að verkhléð var einmitt vegna þess að hann hafði ekki staðið skil á verkum skv. þeim þremur samningum sem Akraneskaupstaður hafði gert við hann.

¹⁰⁸ Sjá má glögggt muninn á því sem Gunnlaugur segist vera að vinna og því sem hann skilar með því að skoða [Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness 1997-2011](#).

Ritnefndinni sýn frá upphafi. Af aðdáunarverðri tungulipurð tókst Gunnlaugi hvað eftir annað að afsaka eða skýra hvers vegna hann skilaði ekki á tilsettum tíma. (Oftast er afsökunin tímafrek leit í frumheimildum, sjá t.d. yfirlit í [SSA XIV](#).) Ritnefndin varð sem það í höndum sagnaritara, a.m.k. spurðu nefndarmenn engra óþægilegra spurninga og voru ekki með neitt vesen þótt verk drægist úr hömlu heldur beitti nefndin sér þæg og góð hvað eftir annað fyrir að frekari samningar væru gerðir þegar greiðslur til sagnaritara stöðvuðust og gerir raunar enn. Ritnefndin var það blinduð af töfrum sagnaritarans að hún virtist ekki einu sinni taka eftir því að það vantaði kafla inn í eina „fullgerða“ handritið sem hún hefur staðfest skil á skv. fundargerðum.¹⁰⁹

Gunnlaugur kom sér ekki bara upp þaðum sem voru dugleg að gera það sem fyrir þau var lagt, s.s. styðja að viðbótarsamningar væru gerðir um meira fé og leggja eftirlitshlutverk sitt svo til alveg á hilluna, heldur einnig voldugum verndara frá upphafi, bæjarstjóranum sjálfum, sem vildi svo heppilega til að var einmitt formaður Ritnefndarinnar. Bæjars-tjórinn mælti með því að gerðir væru samningar við Gunnlaug og skrifaði svo sjálfur undir þá. (Gísli Gíslason skrifaði undir fyrsta grunn-samninginn og tvo viðbótarsamninga.)

Verkið var aldrei unnið fyrir opnum tjöldum: Fundargerðir Ritnefndarinnar bárust seint og illa, ýmist til bæjarráðs eða bæjarstjórnar; fjárveitingar og nýir samningar voru samþykkt svo lítið bar á. Væntanlega hafa einhverjir vitað hvernig í málum lá en þeir voru óvirkir áhorfendur, stóðu hjá og töldu hugsanlega ekki í sínum verkahring að skerast í leikinn. Þegar almenningur gerðist svo djarfur að fara að spyrja út í alla þessa peninga og hvað liði ritun sögu Akraness gekk verndarinn, Gísli Gíslason, fram fyrir skjöldu og varði sinn umbjóðanda, Gunnlaug Haraldsson.¹¹⁰

Þannig gekk þetta til síðla árs 2005. Þá varð sá uggvænlegi atburður að Gunnlaugur sagnaritari sá á bak sínum verndara til annarra starfa. Jafnframt varð töluverð nýliðun í stjórn bæjarins ([SSA VIII](#)). En Gunnlaugur náði aftur fótfestu og nýr grunnsamningur var gerður, í þetta sinn útbúinn og útskýrður af lögmanni Akraneskaupstaðar ([SSA IX](#)). Það kom þó fyrir lítið, áfram skilaði sagnaritarinn engu sem tækt væri til útgáfu og komst upp með það.

Í rauninni dugir um framhaldið að vísa í einstakar færslur um gang sögu Sögu Akraness eða **Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness 1997-2011** til að sjá að áfram var ekki staðið við samning og viðbótarsamninga. Gunnlaugur virðist stjórnsamur maður, svo mjög að Ritnefndin kom ekki með neinar yfirlýsingar í dúr við þær sem hún sendi frá sér þegar Jón Böðvarsson reyndi að starfa með henni, né bókaði neitt í líkingu við það sem þá var bókað um drátt á skilum. Eftir því sem sagnaritun Gunnlaugs spannaði fleiri ár varð æ erfiðara að hafa yfirsýn yfir verkið. Að auki breytti Gunnlaugur áætlunum og ruglaði kannski Ritnefndina þannig í ríminu. Eftir að hann náði aftur góðu tangarhaldi á Ritnefndinni og bæjarstjórnarmönnum 2006 var t.d.

¹⁰⁹ Sjá t.d. [SSA XIV](#) þar sem sorgarsaga núverandi útgefins III. bindis er rakin og **Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness 1997-2011**.

¹¹⁰ Sjá [SSA VII](#) og bréf Gísla Gíslasonar á spjallþræði Akraneskaupstaðar í febrúar 2005.

samið við hann um aukið vinnuframlag þótt hann hefði alls ekki skilað því sem hann var frá upphafi ráðinn til að vinna.¹¹¹

Þegar rennur loks upp fyrir þeim bæjarstjórnarmönnum sem bera hvað mesta ábyrgð á fjáraustri í sagnaritarann allan tímann frá 1997 að þeir hafa verið gabbaðir grípa þeir til þess fyrirséða ráðs að mæra sagnaritarann. Þá blómstra nýjar goðsagnir, sem bætast við þá að Gunnlaugur sé fræðimaður, nefnilega að verkið sé svo ofurvandlega unnið að ekki sé skrítið að vinnslutíminn hafi verið svona ógnarlangur. Yfirlýsingar helstu bæjarstjórnarmanna virðast gefnar að handritunum ólesnum. Sjálfur hafði sagnaritarinn gripið til þess ráðs að klæða verk sitt í óskaplega íburðarmikinn búning; hann breytti sinni hernaðarlist og hóf að sýna einstakar síður í tilvonandi verki, t.d. á glærum, glæsilegar og litskrúðugar. Bæjarstjórnarmenn eygðu von til að afsaka fjárausturinn úr sjóðum bæjarins í verk þar sem afraksturinn var sorglega lítil (SSA XI og SSA XIII) með því að útmála glæsileika verksins. Haldið var áfram að greiða Gunnlaugi myndarlega, gegn framvísun reikninga þegar allir viðbótarsamningar voru útrunnir (SSA XV, nmgr. 6).

Þegar handritum fyrri tveggja bindanna var loks skilað eftir 14 ára starf sagnaritarans voru gerðar kröfur um prentgæði sem alla jafna hafa einungis tíðkast í prentun listaverkabóka (SSA XV og **Fjórðungsdómur um 18 marka bók**). Enn á eftir að meta hvort stóryrtar yfirlýsingar í auglýsingum standist, t.d. að í þessum bókum sé að finna nýjar hugmyndir sem varði Íslandssöguna alla. Lausleg athugun mín á hluta fyrra bindisins bendir til þess að heldur hafi verið kastað höndum til verksins þótt prentunin sé dýr (**Fjórðungsdómur um 18 marka bók** og **Körlunum svarað**).



Þótt þeir bæjarstjórnarmenn sem setið höfðu alla sagnaritunartíð Gunnlaugs (SSA IX) hafi vitað hvernig nýir og nýir samningar voru undirritaðir og greiðslur ekki skornar við nögl í meir en áratug en litlu sem engu skilað gildi það ekki um bæjarbúa. Eins og kemur fram í mörgum færslum í *Sögu Sögu Akraness* fór þetta að mestu fram bak við tjöldin og fundargerðir ritnefndar um sögu Akraness rötuðu seint og illa á vef Akraneskaupstaðar. Svo er enn. Þessum fundargerðum var gjarna safnað saman og þær lagðar fyrir bæjarráð eða bæjarstjórn nokkrar saman í kippu. Nýir bæjarstjórnarmenn áttu þess vegna kannski líka erfitt með að átta sig á hvernig verkið hefði gengið fyrir sig. Til að flækja málin var og er staða ritnefndar um sögu Akraness afskaplega óljós í stjórnsýslu bæjarins.

Þeir einu úr hópi bæjarstjórnarmanna sem hafa andæft samningagerð við Gunnlaug Haraldsson opinberlega eru: Sigríður Guðmundsdóttir, sem greiddi atkvæði gegn fyrsta samningum (SSA IV, nmgr. 9) og Karen Jónsdóttir, sem neitaði að semja meir við manninn eftir að hafa áttað sig á vinnubrögðum hans og hversu mikið fé bærinn hafði greitt honum, árið 2009 (SSA XI). Af orðum og gerðum Gísla S. Einarssonar bæjarskjóra má ráða að hann hafi séð í gegnum Gunnlaug en ekki verið í að-

¹¹¹ Sjá SSA IX og „Að því búnu og lokinni nauðsynlegri umritun og uppfærslu á ýmsum þáttum ritsins var mér falin umsjón með prentvinnslu þess, þ.e. hönnun, umbroti, kortagerð, ljósmyndun, vinnslu myndrita, myndaritstjórn, prófarkalestri og öðrum verkþáttum, svo að afhenda mætti ritið fullfrágengið í hendur útgefanda.“ Gunnlaugur Haraldsson. 2011. Formáli að *Sögu Akraness I*, s. 9.

stöðu til að neita að gera frekari samninga við hann ([SSA XI](#)). Mögulegir persónutöfrar og tungulipurð Gunnlaugs Haraldssonar hafa sem sagt ekki hrifið alla.

Á hvað minnir *Saga Sögu Akraness*?

Fyrsti hlutinn er sorgleg meðferð nokkurra oflátunga í ritnefnd á fræðimanni. Síðari og lengri hlutinn er dæmi um hvernig einum manni tekst að gera bæjarstjórnendur að sínum strengjabrúðum. Sú saga minnir óneitanlega á meintar stórstjórnur útrásarinnar sem skutust eins og súpernovur upp á fjármálahimininn fyrir hrunið. Menn kepptust við að mæra þá sem mestu fjármálasnillinga heimsins en svo kom í ljós að aldreif var nein innistæða fyrir því lofi þótt umgjörðin væri vissulega stórkostleg þegar best lét. *Saga Sögu Akraness* minnir líka á „Nýju fötin keisarans“, sem er ágæt dæmisaga um meðvirkni. Og ákveðnar kenningar, oft tengdar viðskiptum og hruni stórfyrirtækja, falla eins og flís við rass að þessari sögu sagnaritunar Akraneskaupstaðar.

Og hvað gerist svo?

Ég spái því að ráðamenn Akraneskaupstaðar haldi að sér höndum um sinn og skrifi svo undir nýjan samning við Gunnlaug Haraldsson með haustinu. Ef þeir þurfa að velja milli þess að játa stórfelld mistök, þ.e. að hafa látið blekkjast árum saman, annars vegar, og hins vegar að reyna að halda haus og lofa verk sagnaritarans enn meir og enn hærri raustu hygg ég að þeir velji seinni kostinn. Því hver vill standa uppi sem flón? Og ég spái því að okkar tiltölulega nýráðni bæjarstjóri, Árni Múli Jónasson, gerist hinn nýi verndari Gunnlaugs Haraldssonar enda hefur hann þegar sýnt tilburði til þess. Gangi kenningar fullkomlega upp fær Gunnlaugur Haraldsson líklega duglega launahækkun í næsta samningi við Akraneskaupstað og verður falin enn meiri ábyrgð á ritun *Sögu Akraness*.

Fjórðungsdómur um 18 marka bók

1. júní 2011 kl. 11.24

Það er ekki áhlaupsverk að lesa *Sögu Akraness* eftir Gunnlaug Haraldsson. Hvort bindi er gríðarlega þungt, hið fyrra er 18 merkur enda prentað á 150 gramma glanspappír. Stærðin er u.þ.b. 25 sinnum 35 cm. Af þessu má ráða að einungis aflraunamenn lesa bókina í fangi sér, flestir þurfa sæmilega stöndugt borð við lesturinn. Ég las um fjórðung *Sögu Akraness I. bindi. Frá landnáms tíð til 1700* og gafst þá upp. Þessi umfjöllun er því ekki hefðbundinn ritdómur um verkið (bindin tvö) enda er ég ekki sagnfræðingur (það er höfundurinn reyndar ekki heldur) og treysti mér ekki til að meta nema afmarkaða þætti. Mætti því kalla færsluna fjórðungsdóm því hún byggir á lesnum fjórðungi og flettingum I. bindis; ég hætti við að opna seinna bindið.

Helstu niðurstöður mínar eru að meðferð heimilda er mjög ábótavant, myndir eru oft rangt merktar eða notaðar í heimildaleysi, umfjöllun um landnámsmenn eru studdar vægast sagt hæpnum rökum og niðurstaðan er, að mínu mati, tært bull.

Afar fallegar ljósmyndir prýða kápur beggja bókanna og í þeim er fjöldi gullfallegra ljósmynda sem Friðþjófur Helgason hefur tekið. Þess er hins vegar ekki getið í myndaskrá hvenær myndirnar voru teknar eins og venja er. Sömuleiðis eru kort Hans H. Hansen mjög vönduð og vel gerð. Mörg þeirra eru „myndkort“, þ.e.a.s. örnefni og fleira eru merkt inn á gríðarlega stórar loftmyndir (sem yfirleitt þekja heila opnu). Þetta er verulega glæsilegt en erfitt er að lesa dökkt letur á dökku grunni (dökkgrænum, dökkbrúnum, jafnvel næstum svörtu bergstáli Akrafjalls, sjá t.d. kortið á s. 151 og myndkortið á síðum 104-105). Á stöku stað hefur þess verið gætt að nota hvítt letur á dökku grunnana. Almennu eru kortin sem Hans hefur gert mjög skýr og gott að átta sig á þeim. Ég held samt að myndkortin séu einungis fyrir mjög staðkunnugt fólk eða fólk sem hefur brennandi áhuga á öllum kennileitum umhverfisins allt í kringum Akrafjall því vitaskuld tekur maður ekki með sér 18 marka bók í labbitúr eða fjallgöngu. Væri mun handhægara fyrir þá sem vilja kynnast umhverfinu öðru vísi en úr bók liggjandi á eldhúsborðinu að út-búa sín eigin myndkort úr [Kortasjá Landmælinga](#). Reyndar er langt frá því hver þúfa merkt á þau kort en t.d. eru skerin kringum Akranes og örnefni í Akrafjalli jafn vel merkt og í bók Gunnlaugs og þónokkuð af öðrum örnefnum líka.



Þrátt fyrir þessi fallegu og vönduðu kort og ljósmyndir Friðþjófs er **heildaryfirbragð þessa fyrsta bindis ekki fallegt** og geri ég nánari grein fyrir því síðar. Kannski er best fyrir lesendur að smella á litlu myndina hér til hliðar og sjá uppspunna eftirlíkingu af dæmigerðri síðu í bók Gunnlaugs, vilji þeir sjá **sundurgerðina og smekklausan íburðinn**. (Á hinn uppspunnu síðu má sjá dýrlingamynd af vefnum, eina myndanna sem Gunnlaugur stal af HURSTWIC en ég hef aftur á móti fullt leyfi til að nota einmitt í þessum tilgangi og gullfallegra ljósmynd, tekna af Atla Harðarsyni sem gaf mér

leyfi til að nota hana. Nærbuxnafjólubláu innskotsgreininna samdi ég sjálf upp úr HVERSU NOREGR BYGGÐIST, sömu efnisgrein og Gunnlaugur telur ótvírætt sanna konunglegan uppruna Bresasona.)

Hönnun SÖGU AKRANESS I og II var í höndum Gunnlaugs Haraldssonar og Egils Baldurssonar. Fyrir umsjón mynda og umbrots er skráður Gunnlaugur Haraldsson.

Venjulega er það svo þegar fjallað er um bækur að fyrst er fjallað um textann, síðar annað, s.s. myndir, uppsetningu, meðferð heimilda, prófarkalestur o.þ.h. Fjórðungsdómurinn minn snýr nánast öfugt við þetta. Prófarkalestur er með ágætum.

Meðferð heimilda er mjög ábótavant

Í II hluta *Sögu Akraness I*, „Frá landnámi til loka þrettánda aldar“, er mjög víða vitnað beint í *Íslensk fornrit*, ýmist innan gæsalappa eða í inndregnum klausum. Hvergi er notuð sama stafsetning og í heimildum heldur eru allar tilvitnanir með nútímastafsetningu og greinarmerkja-setningu breytt. Fáeinar stikkprufur leiddu í ljós villu í beinni tilvitnun: Í tilvitnun í Sturlubók *Landnámu* á s. 174 bætir Gunnlaugur Kjarrá inn í textann um Kalman svo beina tilvitnunin verður þannig: „En síðan nam hann land fyrir vestan Hvítá á milli Kjarrár og Fljóta“ í stað „En síðan nam hann land fyrir vestan Hvítá á milli ok Fljóta“ (ÍF I, s. 81). Allt annar maður, Hrosskell „nam Hvítársíðu milli Kjarrár ok Fljóta“ segir í ÍF I, s. 83. Og raunar birtist sú beina tilvitnun á móti í opnunni, s. 175. Svona villur, þ.e. **að geta ekki vitnað beint í rit orðrétt og stafrétt og ruglast á blaðsíðum og persónum, eru alvarlegur galli á fræðilegum skrifum.**

Í heimildaskrá er getið hins fræga fyrirlestrar Hallgríms Jónssonar, sem hann flutti 13. janúar 1889, enda vitnar sagnaritari í hann í formála. En skráningin er svona: „Hallgrímur Jónsson. 1977: „Lífið í Skaganum síðastliðin 100 ár.“ *Borgfirzk blanda I. Sagnir og fróðleikur úr Mýra- og Borgarjarðarsýslum*. Akran., s. 9-34.“ Eftir allar yfirlýsingar sagnaritara um þá feikilegu vinnu sem hann hefur lagt í öflun frumheilda er afar undarlegt að hann noti ekki handrit Hallgríms Jónssonar sem heimild (það er reyndar geymt á Héraðsskjalasafni bæjarins) heldur prentaða útgáfu í *Borgfirzkri blöndu!*



Í lestri kaflans „Frá landnámi til loka þrettánda aldar“ varð ég ápreifanlega vör við notkun yfirlitsritsins *Íslensks söguatlass I*. Ég veit að þetta er ágætis bók, krakkarnir í fjölbraut nota hana mikið, en er þetta tæk aðalheimild í fræðilegum texta?

Í heimildaskrá yfir óprentaðar heimildir eru taldar upp fjórar **Vefsíður** [svo]. Ein þeirra er <http://www.wikipedia.org> og er hvað eftir annað vísað í <http://www.wikipedia.org> úr texta bókarinnar og myndaskrá. Nú ekki svo að ég hafi neitt á móti *Wikipediu* og finnst í sjálfu sér óþarfi að banna framhaldsskólanemendum að nota undirsíður af því vefsetri sem heimildir í sínum heimildaritgerðum.

En í fyrsta lagi er er *Wikipedia* ekki ein vefsíða (ekki frekar en Bókasafn Akraness telst ein heimild). Í öðru lagi heitir vefsetrið *Wikipedia* og ber að vitna í titil þess (alveg eins og venjan er að vitna í titil ritsafns en ekki heimilisfang bókasafnsins þar sem það ritsafn er geymt). **Þessi skráning í heimildaskrá er því algerlega galin. Enn galnari eru tilvísanir í neðanmálgreinum**, t.d. á s. 167 þar sem segir „Í þessum kafla er einkum stuðst við eftirtaldir heimildir: Almgren, Bertil, 1967;[...] www.wikipedia.org; Þorvaldur Thoroddsen, 2003(1), s. 25-28.“ Vísað er rétt í ritin en í hvaða síðu eða síður á *Wikipediu* er sagnaritari að vísa?

[Myndin sýnir Sólfkonunginn, Lúðvík XIV. Frakklandskonung, sem reisti Versali.]

Venjan er sú þegar vísað er í vefsíður eða vefsetur að láta þess getið hvenær gögnin voru skoðuð. Það er hvergi gert í tilvísunum Gunnlaugs til heimilda úr texta og í myndaskrá.

Í heimildaskrá yfir óprentaðar heimildir er einnig að finna **Heimildir í förum höfundar**. Ein þeirra er Þorsteinn Jónsson: Hús og býli á Akranesi (óársett handrit). Þetta kom Þorsteini Jónssyni nokkuð á óvart enda **hefur hann aldrei veitt Gunnlaugi Haraldssyni leyfi til að ljósrita handrit sitt**.

Myndir, myndastuldur, ónákvæm skráning mynda og myndaval

Myndir á Vefnum eru ekki almenningseign fremur en í bókum. Nokkurn veginn sömu reglur gilda um hvort tveggja. Raunar eru til myndir og myndasöfn á Vefnum þar sem menn hafa afsalað sér höfundarétti og þær eru til ókeypis afnota (stundum kallað „public domain“ eða „creative commons“ aðgangur.)

- Ég reikna með að mynd 259, sem er einfalt kort yfir Bretlandseyjar, á ensku nema álímdur miði, sleppi sem almenningseign en tilvísunin í myndaskrá er jafnvitlaus og úr textanum, þ.e. „Suðureyjar (The Hebrides). <http://www.wikipedia.org>.” [Réttu slóðin er <http://en.wikipedia.org/wiki/Hebrides>, síðan heitir „Hebrides“ og er á *Wikipedia*.]
- Mynd 365 er skráð í myndaskrá „Tveir prestar. <http://www.propheties.it>.” Ég fann ekki málverkið sem myndin er klippt úr á þeirri síðu en slóðin vísar á *Propheties On Line. The largest library about Nostradamus for free*.
- Ekki er nokkur leið að rekja mynd 262, skráð „Víkningar. <http://www.icelandcoaches>.”
- Jafnerfitt yrði fyrir þann sem tekur skráningu Gunnlaugs bókstaflega að finna Lewis taflmennina frægu, „266. Lewis chessmen frá 12. öld. The British Museum, London. <http://www.wikipedia.org>.”
- Svo ekki sé talað um mynd 328 „Frá Borgarfirði. <http://www.mbl.is>.”
- Aftur á móti var ekkert mál að finna mynd 268 af heilögum Finan á <http://www.financlan.net>, sem er vefsetur Finan fjölskyldunnar í Bandaríkjunum, *Finan family history* en hún er óvenjulegt val á heimild um heilagan Finan.

Gunnlaugur hefur **stolið myndum af vefnum**, a.m.k. myndum nr. 277, 278, 283, 288, 326 og 329 af vefsetri *Hurstwic* (sem eru víkingasamtök í Bandaríkjunum -leiðrétt 4. júní 2011). Sumar eru í eigu Dover Publications sem veittu *Hurstwic* leyfi til að birta þær. Aðrar eru í eigu

Hurstwic. Ég þar þetta undir umsjónarmann vefsetursins (William R. Short prófessor), sem er kunningi minn, og var hann ekki þar hrifinn af þessu ráðslagi sagnaritarans.

Inni í örnefnakaflanum mikla er auðvitað fjallað um Akranes. Þar er falleg myndaopna, s. 88-89. Sumar myndirnar eru eignaðar Árna Böðvarssyni en aðrar eru **höfundalausar**, einungis vísað til Ljósmyndasafns Akraness um þær. Það tók mig um fimm mínútur að finna höfundana á vef Ljósmyndasafnsins: Mynd 147 er tekin af Magnúsi Ólafssyni; 148 tekin af Haraldi Böðvarssyni, 149 og 150 teknar af Árna Böðvarssyni (sú síðari ein af best þekktu myndum hans, handlituð). Það er undarlegt að hafa svo eina mynd svarthvíta (nr. 152, eignuð Árna) þegar hinar myndirnar eru í sepia-tónum (þ.e. brún-hvítar), utan þeirrar frægu handlituðu, og eyðileggur heildarsvip opnunnar. Á næstu síðu er svo nýleg ljósmynd 153, líklega Friðþjófs Helgasonar, en hún hefur fallið niður í myndaskrá. Höfundarlausu myndina á sömu síðu, nr. 154, tók Ólafur Frímann Jónsson.

Litlu framar er mynd 134 **eignuð Auði Sæmundsdóttur en er tekin af Þorsteini Jósepssyni**. Og mynd 133, eignuð Árna Böðvarssyni og sögð af Ljósmyndasafninu **er ekki til á því safni enda sést greinilega á henni að hún er skönnuð úr dagblaði** því speglað prentið skín alls staðar í gegn.

Þessi dæmi ættu að sýna að **valt er að treysta myndaskrá Gunnlaugs**, jafnvel þótt um gamlar myndir af Akranesi sé að ræða.



Almennt má segja að lítið sem ekkert hafi verið unnið með þessar gömlu myndir, þær eru margar yfirlýstar og óskýrar og hefði vel mátt gera töluvert við þær. Myndirnar eru líka grófkornóttar og læðist að manni sá grunur að þær hafi verið sóttar af vef Ljósmyndasafns Akraness í stað þess að skanna frummyndirnar í sæmilega hárrí upplausn sem hentaði prenti á slíkan gæðapappír.

Aðrar gamlar ljósmyndir eru fengnar héðan og þáðan, t.d. frá Daniel Bruun. Það er undarlegt að sjá mynd af henni Svanfríði Jónasdóttur vinnukonu í Lundarbreyku í Bárðardal skreyta umfjöllun um „Vistarbandið“ í III hluta „Tímabilið 1300-1700“. Myndin var tekin 1897, tölsett 376 í bók Gunnlaugs. Og illa er farið með góða mynd Daniels Bruun, líklega tekna 1896, þegar útklipptur bútur úr henni með þrjónandi stúlkubarni og eldri konu birtist með myndatextanum „Lítið magn barst af sjóvettlingum og sokkum í verslun útgerðarinnar“ á 17. öld. (Mynd 545 í bók Gunnlaugs.) Þær eru samt þrýðilega klæddar, stöllur, gott ef ekki með sirzsvuntur og stúlkun á dönskum kjól innanundir. Ég hef oft rekið mig á hugmyndir unglunga um að til sé óskilgreindur tími, „í gamla daga“ sem náí frá landnámi fram undir 1980. En mér kemur á óvart að sagnaritara finnist ekkert athugavert við að skreyta umfjöllun sína með meir en 200 árum yngri ljósmyndum.

Þegar þetta blandast svo allt saman í einn kokteil: Litskrúðugar myndir af vefnum, ljósmyndir Friðþjófs og kort Hans, gamlar ljósmyndir héðan og þaðan, ljósmyndir úr handritum og teikningar að auki er yfirbragðið einkar sundurlaust. Þegar ofan á bætast mismunandi letur og rammagreinar í pastellitum verður sundurgerðin æpandi. Ég vísa aftur í [uppspunna sýnishornasíðu sem gefur góða mynd af yfirbragðinu](#). [Myndin að ofan til vinstri sýnir teikningu Thackeray af Sólkonungnum og klæðum hans.]

Örnefnaupptalning, hnýtt í fyrri sagnaritara og beinn ritstuldur

I. hluti bókarinnar ber yfirskriftina „Örnefni og búsetuminjar í landi Bresasona“. Ég reyndi að lesa hann. Gunnlaugur hefur haft aðgang að mun betri gögnum en Jón Böðvarsson á sínum tíma, t.d. skráum um fornleifar og minjastaði sem unnar voru eftir 1997, auk þess sem hann hefur að eigin sögn gengið þvers og kruss meira eða minna um allt landnámið; beitt sömu aðferð og Lundarstúdentum þótti vænlegust til árangurs í svæðisrannsóknum 1976-78 og væntanlega með sama hugarfari (sjá síðasta hluta færslunnar [Á Skaganum „hafa aldrei búið neinir fyrirtaksmenn hvorki í orði né verki“](#) og tilheyrandi neðanmálgreinar).

Þetta skilar sér í *Sögu Akraness I* því svo úir og grúir af örnefnaupptalningu að lesandi eins og ég (sem hef reyndar áhuga á örnefnum en vil gjarna sjá áfram skóginn fyrir trjánnum) gefst fljótlega upp á að reyna að lesa textann heldur grípur niður í hann á stöku stað, af síminnkandi áhuga. Sem dæmi má nefna að í kaflanum *Vestur af bæ* (sem er undirkaflí 1.1. Katanes, sem er undirkaflí 1. Frá Kalmansá til Kúldalsár, sem er undirkaflí I Örnefni og búsetuminjar í landnámi Bresason) eru **talin upp 34 skáletruð örnefni í texta sem er innan við tveir dálkar að lengd** (á hverri blaðsíðu eru þrír textadálkar). Fleiri örnefni í Kataneslandi eru talin upp í öðrum undirköflum.

Ó-örnefnafróður lesandi veltir því fyrir sér hver sé munurinn á *Björgvinsstykki*, „tveggja dagsláttu spildu á hæðardragi á mörkum Leynis og *Gamlatúns*“ (vísað er í: „Þessa spildu gaf Jón Ólafsson bóndi einhverju sinni Björgvini bróður sínum“) og *Björgvinslandi* en um það segir: „Milli Smáholta og Skollholts, rétt austan við Klafastaðamerkin, er 25 dagsláttu landspilda, sem gefin var úr jörðinni, svonefnt *Björgvinsland*.“ Gæti kannski hjálpað lesanda að á *Björgvinsstykki* „stóð hesthús, *Beggakofi*, byggt um 1930 en nú fallið. Upp af Björgvinsstykki og austast í Leyni, en vestan gamla túngarðsins, er votlent stykki, *Fífustykki*, sem ávallt var hvítt af fífu, áður en það var gert að túni.“ (s. 17.) Er áhugavert að vita að hesthúsið Beggakofi stóð á Björgvinsstykki í Katastaðalandi um hríð og einu sinni var stykki hvítt af fífu kallað Fífustykki og er enn kallað svo þótt orðið sé grænt tún? Er þetta ekki ekki texti sem á betur heima í örnefnaskráar-bæklingi en í *Sögu Akraness*?

[Fyrir ókunnuga lesendur færslunnar: Núverandi eigandi Katanes- og Klafastaðajarða er Faxaflóahafnir sf, sem leigja ýmsum stóriðjufyrirtækjum landið. Þessi örnefni eru sem sagt í nágrenni Norðuráls og Járblendiverksmiðjunnar.]

Aðrir örnefnakaflar eru svipaðir, þ.e.a.s. engu smáatriði sleppt og afraksturinn er upptalning sem myndi æra óstöðugan, nema náttúrliga bóndann á bænum reikna ég með. Hér hefði verulega þurft á ritstjórn að halda, sem hefði getað stuðlað að áherslu á aðalatriði og kannski raðað restinni í neðanmálsgreinar, töflur eða viðauka.

Í formála nefnir Gunnlaugur að hann notist við svonefndar rammagreinar sem annars vegar geymi ítarefni og hins vegar tímasettar frásagnir af stökum viðburðum. Þessar rammagreinar er að finna víða í bókinni. Þær eiga það sameiginlegt að vera í flestar í pastellitum, þ.e. eru ljósfjólubláar, myntugrænar, fölbláar, ferskjubleikar og dökkkrjómagular, með skáletruðum texta.

Á fyrstu síðu er einmitt ein ljósfjólublá rammagrein sem ber yfirskriftina „Tilurð Akrafjalls og Eiðisvatns“. Þetta er bein tilvitnun í *Svæðisskipulag sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar 1992-2012*, s. 10 (frásögn Halldórs Kristjánssonar á Heynesi). Sama þjóðsaga er í bók Jóns Böðvarssonar, s. 82. Þar endursagði Jón hana sjálfur og með fullri virðingu fyrir Halldóri Kristjánssyni á Heynesi og svæðisskipulaginu er sagan betur sögð í útgáfu Jóns, þar sem hún endar „En skessurnar verða að sitja til tröllaragnarökkurs í bát sínum sem heitir Reynisskip.“

Margar fleiri rammagreinar í *Sögu Akraness I* er einnig að finna í bók Jóns Böðvarssonar, efnislega en ekki endilega orðréttar. Beri maður þær saman sést oft talsverður munur milli skrásetjarans Gunnlaugs og sagnamannsins Jóns. Í ritdómum um bók Jóns Böðvarssonar var honum einmitt hrósað sérstaklega fyrir rammagreinar, „**Talsvert er um sérstakar frásagnir í innfelldum römmum, sem gefa frásögninni líf og lit**“; „...sérstök ástæða er til að nefna ramma og spássíugreinar, sem notaðar eru til að skýra einstök atriði í meginmáli. Hygg ég að mörgum lesanda muni þykja fengur að þessu efni, þótt sjálfum hafi mér alltaf leiðst slíkur framsetningarmáti.“ Rammagreinar Jóns Böðvarssonar voru ljósgráar enda ekki splæst í þann íburð sem einkennir bók Gunnlaugs en standa fyllilega fyrir sínu lesi menn texta á annað borð. Og **það var óvitlaust af Gunnlaugi að herma þessa hugmynd eftir.**



Stundum eyðir Gunnlaugur óþarfa púðri í að hnýta í forvera sinn, Jón Böðvarsson, í örnefnakaflanum og víðar. Má sem dæmi taka tilvísun við litla pastelfjólubláa innskotsgrein sem segir frá reimleikum í Leyni, s. 72:

Skv. frásögn Sigurbjarna Guðnasonar frá Gerði (f. 1935) í apríl 2007. - Í Jón Böðvarsson 1992, s. 84, segir eftirfarandi: „Draugar voru á Langanesi inn við Leyni.“ Ekki er vísað til heimildar né raktar sögur af draugagangi. Enginn staðkunnugur, sem höfundur (GH) hefur spurt um þetta örnefni, hefur heyrt þess getið.

Í ljósi þess að Langisandur er næsta „vík“ við Leyni er svo sem ekkert óhugsandi að örnefnið Langanes hafi verið til og átt við hluta Sólmundarhöfða eða skerin þar á milli, en hafi verið horfið í gleymiskunnar dá þegar Gunnlaugur ræddi við staðkunnuga fyrir fjórum árum. [Myndin til vinstri er af Sólkonungnum.]

Annað dæmi í umfjöllun um örnefni í landi Gerðis [Gunnlaugur gefur samheitið Þorgrímsgerði í fyrirsögn] þar sem segir í bók Gunnlaugs, s.47 og 50:

Tilgáta er um að Gerði hafi upphaflega heitið Bresagerði, en óljós sögn er um að svo heiti „rúst í Gerðislandi í mýrarflóa miðja vegu milli fjöru og fjalls út við Másstaðamerki“.

Tilvísun við þessa málsgrein hljóðar þannig: „Jón Böðvarsson, 1992, s. 25, 43 og 67, með tilvísun í Bjarna Jónsson, bónda í Gerði (d. 1958). Tilgáta þessi verður að teljast afar hæpin enda byggir hún á veikum grunni. Sigurbjarni Guðnason (f. 1935), fæddur og uppalinn í Gerði, kannast ekki við þetta örnefni á jörðinni, hvorki á þessum stað né öðrum, skv. viðtali við höfund 2007.“

Ég veit ekki hvort það er viljandi að hafa fæðingarár Sigurbjarna en dánarár Bjarna í þessari tilvísun. Bjarni var afi Jóns Böðvarssonar, var bóndi í Gerði mestalla sína ævi og fæddist 1874.

Fyrsta dæmið um hvernig Gunnlaugur kastar eigu sinni á verk annarra fann ég í örnefnahluta I. bindisins. **Þar er um beinan ritstuld að ræða.** Á opnu s. 93-94 er „Tölvugert myndkort eða tilgátumynd af [...] Skipaskaga og hluta Garðalands. Bræddur er saman uppdráttur Ólafs Jónssonar búfræðings og Knuds Zimsen verkfræðings frá 1. janúar 1901 við loftmynd frá 2002 [...] nafngreind eru öll íveruhús, sem þá voru í byggð, og þekkt örnefni staðsett.“ Myndkort 6 er sagt vera unnið af Hans H. Hansen landfræðingi og kortagerðarmanni eftir forsögn Gunnlaugs Haraldssonar. En það var Þorsteinn Jónsson sem merkti hvert einasta hús inn á kortið. Bæði má finna þetta kort með númeruðum húsum og meðfylgjandi lista yfir þau, ásamt upplýsingum um hvert og eitt, í fyrstu tveimur greinum Þorsteins Jónssonar sem bera yfirskriftina „Þættir úr sögu Akraness. Heimildaöflun til sögu Akraness“ í blaðinu *Umfangi* sem var gefið út á Akranesi árið 1978 og svo hefur þetta sama kort, með merkingum Þorsteins Jónssonar, verið geymt á Byggðasafninu (sem Gunnlaugur veitti forstöðu á árunum 1979-95). Líklega er þessar upplýsingar einnig að finna í óársettu handriti Þorsteins Jónssonar, Hús og býli á Akranesi, sem Gunnlaugur hefur komist yfir á dularfullan hátt, eins og fyrr var nefnt. **Þorsteinn Jónsson staðfesti að hann hefði ekki verið spurður leyfis fyrir að nota verk sitt, þ.e. nöfn húsanna á kortinu og hugsanlega líka einhver örnefni** (hann safnaði hvoru tveggju árið 1978).

Fleira verður ekki sagt um smásmugulega upptalningu Gunnlaugs á örnefnum sem bændur og aðrir staðkunnugir fræddu hann um, óþarfa skítkast í Jón Böðvarsson og ritþjófnað. Aftur á móti sé ég í hendi mér að textinn og kortin gætu nýst prýðilega sem grunnur fyrir aðra sem vilja gera göngukort eða örnefnakort af einstökum hlutum þessa svæðis kringum Akrafjall. Það er hins vegar spurning um hversu mikið erindi svona framsettur fróðleikur á í *Sögu Akraness*, sem væntanlega á að höfða til íbúa á Akranesi fyrst og fremst.

Konunglegur og suðureyskur uppruni hinna einu sönnu kristnu landnámsmanna Akraness, hugmyndastuldur og þvælingur heimilda

Það sem ég taldi mig hafa eitthvert vit á fyrirfram var II. hluti *Sögu Akraness I* sem heitir „Frá landnámi til loka þrettándu aldar“. En af því sagnaritara er svo í mun að sanna ágæti, ættgöfgi, frumkvæði og suðureyskan uppruna Bresasona reyndist texti hans stundum ansi þvælinn.

Um textann almennt má segja svipað og örnefnakaflann, þ.e. stíllinn er stirður og vitnað er í heimildir hægri vinstri (sem lítur ágætlega út þangað til maður áttar sig á að **aðalheimildir eru Íslenskur sögu-atlas I og <http://www.wikipedia.org>, auk ýmissa binda Íslenzkra fornrita, endurstafsettra**). Oft er erfitt að átta sig á hvernig Gunnlaugur hefur hrært saman umfjöllun úr ýmsum áttum en þetta dæmi á s. 68 held ég að sé alveg örugglega aðallega eftir hann og sýni stíl hans þrýðilega, með skyldubundinni fótnótu sparslað í:

Enn um sinn verða þó tilgátur um landnám og elstu byggð í einstökum héruðum landsins einungis smíðaðar úr tiltækum efniviði. Verður því með engu móti tekið undir þá staðhæfingu, sem oft er viðruð, að Íslendingar þekki sögu sína „tiltölulega vel allt frá upphafi.“⁸ Nær er að ætla, að því marki verði seint náð, þar sem engar vísindalegar aðferðir hafa reynst færar um að greina með vissu þau forsögulegu fyrirbæri, sem leiddu til landnáms Íslands, þar með talið hvaða fólk og frá hvaða löndum það lagði upp í þá för.

Af því Gunnlaugur Haraldsson hefur svo lítið álit á fyrri söguþekkingu lesenda sinna byrjar hann á algerum byrjunarreit, viðrar gamlar heimildir sem nefna Thule, fjallar um íraska munka auk þess að gera samviskusamlega og smásmugulega grein fyrir landvinningum norrænna á Bretlandseyjum og upphafi víkingaferða. Fræðslan er sumstaðar svo algerlega á byrjendastigi að fullorðnum lesanda fallast hendur, t.d. „Keltar voru indóevrópskur þjóðastofn upprunninn í Mið-Evrópu, þar sem þeir voru mjög áberandi og áhrifamiklir fram yfir Krists burð.“ (s. 167.) Alþýðukona eins og ég veltir því fyrir sér hvort Keltar skeri sig úr að þessu leyti: Eru flestir þjóðarstofnar í Evrópu ekki af indóevrópskum uppruna? Oftar er getið undantekninganna finnsk-úgrískra þjóða og Baska ef indóevrópskt upplag ber á góma.

Gunnlaugur tekur upp hugmynd Jóns Böðvarssonar o.fl. og hefur atburðaannál aftan við einstaka hluta sögunnar. Í „Atburðaannaál frá landnámstíð til 1300“ á s. 267 sést nokkurn veginn hvað fyrir honum vakir:

820/50 Norskur maður, Bersi Helgason, leggst í víking eða flytur vestur um haf. Hann sest að á eyjunni Ljóðhúsum í Suðureyjum og kvænist gelískri konu. Meðal barna þeirra eru Þormóður og Ketill, sem einnig kvænast gelískum konum. [...]

880/890 Ketill og Þormóður Bresasynir bregða búi á Ljóðhúsum vegna landþrengsla og innanlandsófriðar og ákveða að freista landnáms á Íslandi. Þeir nema sameiginlega land á Akranesi og skipta með sér landnáminu vestan Urriðaár og Kalmansár. Þormóður byggir sér bæ sunnan Akrafjalls og nefnir Hólm, en Ketill vestan fjalls og nefnir Holt eða Garða. Skyldfólki og fylgdarliði þeirra er úthlutað jarðnæði. [...]

Aukið aðstreymi fólks og vaxandi eftirspurn eftir jarðnæði. Skipting landnáma og myndun stórjarða hefst. Bresasynir úthluta jörðum næst landnámssetrum sínum og síðan norðan og austan fjalls. Meðal nýbýlinga eru suðureyskir menn, Bekan, Kalman, Kjaran og Katan.

Fyrst er að gera þá Ketil og Þormóð að einhverju leyti merkilega eða sæmilega ættaða. Gunnlaugur rökstyður konunglegan uppruna þeirra með tilvitnun í orðsifjar, sem ýmist benda til að Bresí sé af gelískum rótum runnið eða sé tvímynd af norræna orðinu Bersi „en svo er faðir þeirra nefndur í fornum sagnabætti um upphaf byggðar í Noregi.“ (s. 183.) Gunnlaugur vísar þarna í stuttan þátt í FORNALDAR-SÖGUM NORÐURLANDA, „Frá niðjum Fornjóts“ sem er upphafið á *Hversu Noregr byggðist*. Þar segir: „Jötunbjörn inn gamli var faðir Raums konungs, föður Hrossbjarnar, föður Orms skeljamola, föður Knattar, föður þeira Þórólfs háлма ok Ketils raums. Synir Þórólfs váru þeir Helgi, faðir Bersa, föður Þormóðs, föður Þórlaugar, móður Tungu-Odds“ o.s.fr. Af því sagnaritarinn tekur þessa klausu sem sannleika er ekki úr vegi að geta þess að í sömu efnisgrein kemur fram að í þessu slekti sem tengdist Raumi konungi var Eysteinn konungur illráði sem „setti Innþrændum hund sinn fyrir konung, er Saurr hét“. **Mætti ekki draga einhverja ályktun um konunglegan uppruna búrtíka Bresasona af sömu efnisgrein?**

Fornaldarsögur Norðurlanda hafa hingað til ekki þótt áreiðanlegar heimildir en Gunnlaugur heldur ótrauður sínu striki og vitnar einnig í Guðbrand Vigfússon sem staðfestir að Bresasynir „voru komnir af Jötna-Birni, og í forneskju ættaðir úr Raumsdal og kemur þar saman ætt þeirra og Ingimundar gamla, svo að menn sjá af þessu, hvernig skilja á það, þegar menn eru kallaðir írskir og þvíumlíkt, að þeir eru Norðmenn, sem eru bornir og barnfæddir á Írlandi.“ Guðbrandur Vigfússon var barn síns tíma og trúði því að Íslendingasögurnar og önnur forn fræði væru heilagur sannleikur. Textinn sem þessi klausa er úr heitir „Um tímatal í íslendingasögum í fornöld“ og birtist í *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju* árið 1856. Satt best að segja er ótækt að nota Guðbrand Vigfússon sem heimild í rökstuðningi fyrir konunglegum norrænum uppruna Bresasona! (Raunar hugsa ég að Gunnlaugur Haraldsson hafi ekki hugmynd um hver Guðbrandur Vigfússon var eða hvenær hann skrifaði þetta. Nákvæmlega þessa tilvitnun er nefnilega að finna í *Sögu Akraness I* eftir Ólaf B. Björnsson, útg. 1957, s. 16. Gunnlaugur hefur áður seilst til orða Guðbrands um að Bresasynir hafi verið „bornir og barnfæddir á Írlandi“ í stuttu textunum sem hann skrifaði í tvær ljósmyndabækur um Akranes og komu út 1987 og 1998. Textinn um þá bornu og barnfæddu á Írlandi gengur svo aftur á upplýsingasíðu bæjarins enda forsenda *Írskra daga*.)



Þótt allir sem eitthvað þekkja til íslenskra forn-
bókmennta viti að **Fornaldarsögur Norðurlanda**
séu almennt taldar lygisögur og að Guðbrandur
Vigfússon var barn síns tíma og trúði því að
fornbókmenntir okkar væru heilagur sannleikur
notar Gunnlaugur þetta bull m.a. til að kasta
rýrð á Jón Böðvarsson í neðanmálgrein: „Megi
eitthvað marka þessi ættartengsl, stenst vart þessi
umsögn: „Niðurstöður af framanskráðu eru: Upp-
runi Bresasona er ókunnur og ættsmáir hafa þeir
talist.“ Jón Böðvarsson, 1992, s. 93.“ Gunnlaugur

getur þess ekki að skömmu síðar bætir Jón við: „Hvorki má af ofan-skráðu né heimildafátækt þá ályktun draga að Bresasynir hafi verið litlir bógar.“ (s. 94 í bók Jóns.)

[Til tilbreytingar er hér til vinstri birt mynd af Lúðvík XVI. Frakklands-konungi, sem tók við búi í Versölum af afa sínum. Það fór illa fyrir honum.]

Sem sagt: Með tilvísun til *Fornaldarsagna Norðurlanda* og túlkunar Guðbrands Vigfússonar eru Þormóður og Ketill Bresasynir af konunglegum norrænum ættum. En þá er að gera þá suðureyska einnig og komast framhjá tengingunni við Írland (sem var innifalin í rökum Guðbrands Vigfússonar fyrir konunglega ætterninu).

Þetta gerir Gunnlaugur með því að vitna í kenningar Hermanns Pálssonar og Helga Guðmundssonar um samsvaranir milli örnefna í Ljóðhúsum (Lewis) á Suðureyjum og örnefna hér á suðvesturhorninu. Hermann Pálsson benti á þessa samsvörun 1955 og Helgi Guðmundsson hefur margítrekað hana. (Svo minnir mig að Guðbrandur gamli Vigfússon hafi eitthvað orðað hana líka en ég er ekki viss.) Magne Oftedal birti kort yfir norræn örnefni í Ljóðhúsum í tímaritsgrein 1954. Þótt Gunnlaugur vitni í Hermann og Helga gætir hann þess að nefna ekki **grundvöll kenninga þeirra, sem byggir á samsvarandi röð örnefna.**

Rúsínan í pylsuendanum er kortið á s. 173 þar sem sýndar eru samsvaranir norrænna örnefna á Ljóðhúsum og örnefna á svæðinu frá Melasveit til Leirvogssár í Mosfellssveit. Gunnlaugur vakti sérstaka athygli á kortinu í opnuviðtali í *Skessuhorninu* ekki alls fyrir löngu og mátti nánast af því viðtali skilja að Gunnlaugur hefði sjálfur uppgötvað þessar samsvaranir; þannig virðist hann hafa kynnt efnið fyrir bæjarstjórnarmönnum hér á Akranesi ef marka má orð Guðmundar Páls Jónssonar á bæjarstjórnarfundi. (Þau orð eru rakin í [Sögu Sögu Akraness XI](#) en einnig má [hlusta á bæjarstjórnarfund 13. október 2009](#), umræðuna á 45.-55. mínútu hljóðupptökunar.)

Kortið er mynd 268 og um hana segir í Mynda- og myndritaskrá, s. 567: „Ljóðhús í Suðureyjum og Akranes - Kjalarnes (örnefnakort). Gunnlaugur Haraldsson / Hans H. Hansen. Heimild: Oftedal, Magne, 1954.“ Gunnlaugur nefnir ekki einu orði að svona kort, sem sýndi samsvörun örnefna á Lewis og á svæðinu frá Melasveit suður í Mosfellssveit (e.t.v. hafa þó örlítið færri örnefni verið merkt inn á það og örugglega ekki örnefni á sömu stöðum og Gunnlaugur merkir á sitt kort) hékk uppi á Landafundasýningu í Þjóðmenningarhúsinu frá árinu 2000 fram yfir mitt ár 2002. Það kort var unnið af Gísli Sigurðssyni íslenskufræðingi og sýndi hina áhugaverðu örnefnaröð sem finna má bæði á Lewis og aðallega í Kjós og Kjalarnesi. Ég man ekki nægilega vel eftir því korti (sem ætla má að flestir skólakrakkar og margir fullorðnir á Skaganum hafi barið augum á sínum tíma) til að staðhæfa að eftirlíking Gunnlaugs sé ritþjófnaður. En **ótvíráður hugmyndastuldur er þetta** úr því Gísli er að engu getið í sambandi við kortið.

Fræðimenn sem hafa fjallað um þessa örnefnasamsvörun hafa vakið athygli á að **örnefnin eru í sömu röð** (í u.þ.b. 20 km loftlínu) frá Melum og yfir Kjalarnes og Kjós, annars vegar, og hins vegar í Ljóðhúsum, og talið hugsanlegt að þetta tengist Helga Þjólan, landnámsmanni á Kjalarnesi, sem var sonur Ketils flatnefs en sæmilega öruggt er

talið að Ketill hafi dvalið á Suðureyjum (ýmist herma heimildir að hann hafi ríkt þar í umboði Haralds hárfagra eða hann hafi flúið til Suðureyja undan ofríki Haralds hárfagra, óvíst er hins vegar hvort Helgi bjólan bjó sjálfur einhvern tíma á Suðureyjum). Skv. þessari **hugsanlegu kenningu sem varðar örnefni á Kjalarnesi og í Kjós er einungis „Akranes“ inni því kenningin byggir á samsvarandi röð örnefnanna en ekki hinum algengu örnefnum sjálfum** (þau finnast víða, t.d. á Hjaltlandi, í Skotlandi og í Noregi). Kort Gunnlaugs sýnir því ekki nokkurn skapaðan hlut sem ekki var löngu vitað um og merking algengu örnefnanna inn á landnám Bresasona er í engu samræmi við örnefnakenningu Hermanns Pálssonar og Helga Guðmundssonar því þau eru ekki í samsvörunarröðinni sem er grundvöllur kenningarinnar, fyrir utan þetta eina örnefni, „Akranes“. **Að draga þá ályktun af þessu korti að Bresasynir hafi verið frá Ljóðhúsum er algert rugl, eiginlega samsvarandi því og að draga þá ályktun af örnefnunum „Subway“ og „Kentucky Fried“ í Mosfellsbæ að íbúar þar séu komnir af amerískum landnemum.**



Mögulegan annan hugmyndastuld má finna á s. 211, í þetta sinn frá sjálfri mér.

Sumrin 2003-2004 vann ég vef sem heitir *Fornar sögur og fólkíð í landinu. Daglegt líf á Þjóðveldisöld*. Einn undirkafla vefjarins fjallar um verðgildi, sem löngum hefur vafist fyrir nemendum mínum og þess vegna ákvað ég að sýna verðgildi þessa tíma á myndrænan hátt, sjá [undirsíðu af „Verðlag“](#). Mér datt fyrst í hug hve merkilegt það væri að Gunnlaugur Haraldsson hefði fengið akkúrat sömu hugmynd, sem sjá má á mynd 305, „Kúgildi. Gunnlaugur Haraldsson/Egill Baldursson“ segir í myndaskrá. Á myndinni er: Kýr (ljósmýnd) = 6 ær (ljósmýnd) = 20 kubbar (brúnleit teikning, sem á líklega að tákna 120 álnir vöruvæðmáls) = síldarbeinsmynstur (bláleit teikning sem á að sýna 240 fiska í stafla en það er ekki augljóst). Svo áttaði ég mig á því að [þetta er sama kýrin og á myndinni sem ég nota á annarri síðu](#), þar hreinsaða og svarthvíta en Gunnlaugur og Egill hafa ekki haft fyrir neinni myndvinnslu. Hér til hliðar er upphaflega myndin, sú sem er fremst í myndrænu dæmi Gunnlaugs. Kindurnar eru líka teknar af vefnum, [kanski úr frétt Sunnlenska fréttablaðsins](#) en ég átta mig ekki á hvaðan hræðilega ljótu teikningarnar eru ættaðar. Ég man sjálf ekki hvaðan myndin af kúnni kemur.

Þannig að sé þetta ekki stuldur þá hefur **Gunnlaugur Haraldsson óvart fengið sömu hugmynd og ég um myndræna útskýringu verðgildis á Þjóðveldisöld** og síðan **fyrir tilviljun valið nákvæmlega sömu myndina til að tákna kúgildi.**

Eftir að hafa tileinkað sér hugmyndir Hermanns Pálssonar og Helga Guðmundssonar og kastað eigu sinni á kortahugmynd Gísla Sigurðssonar og rangtúlkað hvort tveggja setur Gunnlaugur nú allt sitt traust á Hauksbók LANDNÁMU til þess að geta teiknað upp mynd af niðjum Ketils Bresasonar (s. 188, myntugræn ættartafla, nánast sama tafla og er í bók Jóns Böðvarssonar s. 95 og eflaust víðar) þar sem Eðna Ketilsdóttir og sonur hennar Ásólfur alskik fá inni. Á hinn bóginn segist Gunnlaugur ekki trúa Hauksbók um Eðnu og Ásólf enda viðtekin skoðun fræðimanna:

„Allt mun þetta vera tilbúningur Hauks“ (s. 188). Samt er haldið í Eðnu og Ásólf og slegið úr og í:

Hafa þær [eiginkonur Bresasona] þó að líkindum verið gelískar, eins og Hauksbók gefur vísbendingu um með nöfnum þriggja barna Bresasona, þ.e. KJÖLVARAR Þorðmóðsdóttur, EÐNU (ír. EITHNE eða ETHNE) og GUFA [svo] (ír. GUBA, GUBÁN) Ketilsbarna. (s. 184.)

Sturlubók getur Eðnu ekki og sýnir það, hversu Haukur var fróðari öðrum Landnámuhöfundum um gelíska landnema. (s. 188.)

Eðna Ketilsdóttir var eins og fyrr segir gift kona á Írlandi áður en faðir hennar ákvað að flytjast búferlum til Íslands, og varð honum því ekki samferða. Eiginmaður hennar var sagður írskur að kyni [...] en þeirra hjóna er hvergi getið í öðrum miðaldaritum en í Hauksbók. Flest bendir til þess, að tilvist þeirra beggja sé lærdur samsetningur Hauks. (s. 188.)

Þetta vesen með tilvist Eðnu Ketilsdóttur og hennar sonar, Ásólf, kemur ekki í veg fyrir að Ásólfur alskik fái veglega umfjöllun og er texti um hann myndskreyttur með glansmynd af írskum munkinum Aidan, fyrsta ábóta á Lindisfarne (d. 651). Á sömu síðu er glansmynd af dökkleitum heilögum Finan sem tók við af Aidan á Lindisfarne en myndatextinn fjallar að stórum hluta um Jörund Ketilsson hinn kristna. Á síðu 255 er **Ásólfur orðinn fyrsti íslenski dýrlingurinn**:

Jafn líklegt er [og að Jörundur hafi gerst einsetumaður og munkur], að Ásólfur alskik systursonur hans hafi gert tilraun til hins sama á Innra-Hólmi svo framarlega sem hann hafi verið annað en þjóðsagnapersóna. Verður hann að teljast fyrsti innlendi dýrlingurinn, en helgi hans mun hafa horfið smám saman þegar upp kom helgi biskupanna Þorláks Þórhallssonar og Jóns Ögmundssonar. [Í lok málgreinarinnar vísar Gunnlaugur í Björn Þorsteinsson, 1980, s. 109, sem sjálf sagt hefur haldið þessu fram í ÍSLENZKRI MIÐALDASÖGU.]

Nú er svo komið rökfærslu að Bresasynir eru af norsku konungakyni, samt örugglega fæddir og uppaldir í Suðureyjum, örugglega kvæntir gelískum konum og út af öðrum er kominn fyrsti íslenski dýrlingurinn. Næsta skref er að gera þá að aðalmönnunum á svæðinu og losna við þá Began og Kalman, sem fengu skika úr landnámi þeirra. Kalman er ekki svo mikið vandamál því hann flutti hvort eð er annað og Gunnlaugur gerir sér lítinn mat úr honum. Aftur á móti verður Began stærra vandamál og næstu tilvitnanir eru líka gott dæmi um óhóflegar endurtekningar í bókinni.

Í fyrsta lagi **mætti stroka Began út, halda því fram að hann hefði aldrei verið til:**

Hennar [jarðarinnar Bekansstaða] getur í Landnámabók sem bústaðar Bekans og er nálgægt miðju þess landsvæðis, sem sagnaritarar 13. aldar áætluðu að hann hefði fengið til umráða úr landnámi Ketils Bresasonar, fyrir norðan Berjadalsá. Þótt fullvíst megi telja að sú frásögn sé hreinn tilbúningur þarf ekki að efast um að bæjarnafnið sjálft er ævafornt og líklega frá öndverðri landnámstíð [...]. (s. 127).

Á hinn bóginn er **Began írskt nafn** og styrkir gelíska uppruna Bresasona (því miður ekki suðureyska þótt sagnaritari gefi það í skyn). **Þetta verður Began til lífs:**

Þá eru í Sturlubók og Hauksbók nær samhljóða frásagnir af BEKAN nokkrum „er nam land inn frá Berjadalsá til Aurriðaár og bjó á Bekansstöðum í landnámi Ketils“ (vísað í ÍSLENZK FORNRIT I, s. 67). Sturlubók nafngreindir hann raunar BEIGAN, en réttari nafnmyndin er eflaust BEKAN (á írsku BECCÁN). Þótt uppruna Bekans sé ekki getið leikur naumast vafi á, að hann var annað hvort írskur eða suðureyskur. Athyglisvert er samt, að þessa skuli ekki getið í Hauksbók, jafn augljóslega sem höfundur hennar lagði sig fram um að tilgreina uppruna allra vestrænna manna. (s. 174.)

Fyrst nauðsynlegt er að halda í Bekan er rétt að hamra enn einu sinni á gelískum rótum hans en **gera hann að nokkurs konar undir-landnámsmanni**, gefa jafnframt til öryggis í skyn að kannski hafi hann samt ekki verið til:

Þess er fyrr getið, að skv. Sturlubók og Hauksbók „nam“ BEKAN allt land í landnámi Ketils frá Berjadalsá að Urriðaá og bjó á Bekansstöðum. [...] Engin gerð Landnámabókar getur um uppruna Bekans, en tvímælalaust er mannsnafnið af írskum eða gelískum rótum Mannsnafnið BECCÁN var algengt á Írlandi til forna. Ekki verður vefengt að einhver Bekan eða Beccán hafi verið meðal þeirra manna, sem þáðu jarðnæði af Katli. Sá maður tók sér væntanlega snemma bólfestu þar sem síðar hét á Bekansstöðum. Hins vegar er afar ósennilegt, að sá maður hafi verið nafngreindur í frumgerð Landnámu. Bekan getur því varla hafa talist landnámsmaður í eiginlegri merkingu þess orðs, þar sem hann helgaði sér ekki land með sama rétti og þeir menn sem höfundar Frum-Landnámu leituðust við að skrásetja. Um Bekan gátu hafa geymst munnmæli fram á 13. öld eða nafn hans staðið í rituðum ábúendaskráum [svo]. Líklega höfðu sagnaritarar þó eingöngu bæjarnafnið Bekansstaði við að styðjast þegar rekja þurfti landnámssögu Skilmannahrepps. Frásögnina af „landnámi“ Bekans ber því að skoða sem dæmigerða örnefnaskýringu og lærðan tilbúning sagnaritara. Með því að eigna Bekani allt land milli Berjadalsár og Urriðaár (Djúpár) fékkst einfaldlega prýðileg skýring á „landnámi“ þess hluta Skilmannahrepps. (s. 187)

Ég reikna með að hinar fornu rituðu ábúendaskrár frá því um 1200 eða fyrr hljóti að vera í vörslu sagnaritara því ég hef aldrei heyrt um tilvist þeirra áður. Líklega gleðja þessar upplýsingar fræðimenn sem hingað til hafa staðið á því fastar en fótunum að einungis **örfá íslensk rit séu þekkt fyrir 1200 og ekkert þeirra er ábúendaskrá** (þótt auðvitað sé mögulegt að telja ÍSLENDINGABÓK Ara fróða eða LANDNÁMU sem vísi að ábúendaskrá - en miðað við umfjöllun Gunnlaugs til þessa er hann væntanlega að meina önnur rit, óuppgötvuð af öðrum).

Annað í kaflanum um landnám og íbúa svæðisins fram undir 1300 er nokkuð í sama dúr, sífelldar endurtekningar, slegið úr og í, til skiptis tekið mark á Hauksbók, Sturlubók eða Melabók *Landnámu* eftir því hvað hentar sagnararitara hverju sinni o.s.fr. Á endanum er hann búinn að færa landnám Bresasona aftur til 880-90 í stað 900 (með **afar hæpnum rökum og algeru skilningsleysi á hvernig tími líður í Íslendingasögunum**, þær eru nefnilega ekki sagðar eins og ársrit eða annáll), hefur látið Ketil setjast að í Holti, sem seinna hét Jörundarholt eða í Görðum (með tilvísun í Melabók og þess að setningabútur hafi fallið niður í Sturlubók, Hauksbók ekki talin með hér því það myndi rústa tilgátunni) og **gert þá bræður Bresasyni bæði kristna og kirkjurækna**:

Mjög líklega reistu hinir kristnu frumbyggjar Ketill og Jörundur sér kirkju eða lítið guðshús í námunda við landnámsbæinn og hlutu þar jafnvel sjálfir leg um síðir. (s. 221.)

Bresasynir reisa kirkjur á landnámssetrum sínum og helga þær heilögum Kólumkilla (St. Columba), einum dáðasta dýrlingi á Suðureyjum. (s. 267.)

Við þetta síðasttalda mætti gera þá athugasemd að bæði Hauksbók og Sturlubók *Landnámu* telja upp sex landnámsmenn sem voru þegar skírðir við komuna til landsins, þeirra á meðal Jörund Ketilsson. Konum bregður lítt fyrir í sagnaritun Gunnlaugs en er ómögulegt að ímynda sér að hin meinta gelíska mamma Jörundar hafi kannski kristnað hann?

Engar heimildir eru fyrir því að Bresasynir hafi verið kristnir og náttúrliga ekki heldur fyrir því að þeir hafi látið reisa kirkjur.

Skv. Sturlubók *Landnámu* var kirkjan á Innra-Hómi (bæ Þormóðs) reist eftir dauða Ásólfss alskik og er ómögulegt að vita hversu löngu seinna það var. (ÍF I, s. 64.) Skv. Hauksbók var kirkjan reist af Halldóri, syni Illuga rauða, eftir lát Ásólfss, og helguð Kolumkilla. Engar öruggar heimildir eru um kirkju í Görðum fyrr en um 1200. Sú kirkja var helguð Lárentíusi og Sebastian.

Hér hefur því sagnaritari bæjarins spunnið ótrúlegan þráð úr allra handa heimildum og gert þá áður lítt þekktu Bresasyni að glæsimennum mestum! Þeir eru orðnir af norsku konungakyni, fæddir og uppvaxnir í Ljóðhúsum á Suðureyjum, meiriháttar landnámsmenn í fjórðungnum, kristnir kirkjubbyggjendur og annar er meira að segja afi fyrsta íslenska dýrlingsins! Það munar um minna!

Nú er ekki svo að ég hafi neitt á móti sögulegum skáldskap - en ég kann betur við að hann sé þokkalega læsilegur.

Er ekki úr vegi að birta í blálokin lungann úr [nýjustu fundargerð ritnefndar um sögu Akraness](#), frá 18. maí sl.:

Þeir Kristján og Gunnlaugur kynntu hið nýja ritverk. Ljóst er að þetta verk er glæsilegt og efnistöð og allur frágangur er til fyrirmyndar. Eftirfarandi samþykkt var gerð.

Ritnefnd fer þess á leit við bæjarráð Akraness að gengið veriði til samninga við söguritara um að búa til prentunar fyrirliggjandi handrit sett að þriðja bindi Sögu Akraness. Þ.e. tímabilið 1801 - 1900. Nefndin telur nauðsynlegt að taka þessa ákvörðun fljótt í ljósi aðstæðna höfundar og væntingar þeirra sem keypt hafa fyrstu bindin.

Má og upplýsa lesendur þessarar færslu um að [bæjarráð tók strax jákvætt í erindið](#), þann 26.5. 2011 (sjá 5. lið fundargerðar sem krækt er í).

Körlunum svarað

24. júní 2011 kl. 19.35

Í þessari færslu verður brugðist við ásökunum og harmi nokkurra karla vegna [Fjórðungsdóms um 18 marka bók](#) (hér eftir kallaður Fjórðungsdómur); [Útdráttur úr honum birtist í Skessuhorni 1. júní sl.](#) en lengri útgáfan á þessu bloggi.¹¹² Ég reikna með að allir séu karlarnir net-tengdir og því óþarft að leggja *Skessuhorn* undir svör mín. Myndin hér að neðan er teiknuð af Bjarna Þór Bjarnasyni og birtist í sama *Skessuhorni*, s. 6. Hún er birt með leyfi Bjarna Þórs og ritstjóra *Skessuhorns*. Smelltu á myndina til að sjá stærri útgáfu.

Að sjálfsögðu byrja ég á að svara bæjarstjóranum sjálfum, sem tjáir sig undir fyrirsögninni „Stórfurðuleg atлага að fræðimannsheiðri. Árni Múli Jónasson bæjarstjóri um framkomna gagnrýni á sögu Akraness“. (s.2) Greinin byrjar svona:

„Mér finnst þetta vera furðulegur sparðatíningur og algerlega tilefnislaus atлага að fræðimannsheiðri höfundar Sögu Akraness. Með þessari ómaklegu gagnrýni eru í raun einnig settir undir sama hatt þeir sem höfðu það hlutverk að fylgjast með ritun sögunnar, þ.e. þeir sem setið hafa í ritnefnd um söguna og fleiri sem unnið hafa með höfundinum,“ segir Árni Múli Jónasson bæjarstjóri ...



Það er misskilningur Árna Múla að Fjórðungsdómurinn sé sparðatíningur. Þvert á móti er í honum að finna **mjög alvarlegar ásakanir um grundvallarmistök í heimildanotkun.** Þau eru t.d. að vitna rangt í heimildir (þ.e. ekki stafrétt og jafnvel ekki orðrétt), að misskilja og mistúlka heimildir, að stela myndum og öðrum fróðleik, að vísa rangt til heimilda (einkum mynda) og að enginn greinarmunur er gerður á hvað séu

tækar heimildir í sagnfræðirit og hvað ekki (sem sést t.d. í notkun „<http://www.wikipedia.org>“ og *Íslensks söguatlass* sem fullgildra heimilda).

Það er líka misskilningur hjá Árna Múla að um fræðimannsheiður sé að tefla. (Sjá [síðari hluta færslu XV í Sögu Sögu Akraness](#). Hér eftir verður vísað til einstakra færslu með skammstöfuninni SSA og tölusetningu.) Sá fræðimannsheiður hlotnast Gunnlaugi Haraldssyni ekki fyrr en þessi bindi verða metin ásættanlegur sagnfræðitexti af fræðimönnum í sagnfræði.

Ég er alveg sammála Árna Múla um ábyrgð Ritnefndarinnar. En mér finnst ekki að draga eigi prófarkalesara, kortagerðarmann, ljósmyndara,

¹¹² Greinar karlanna er allar að finna í *Skessuhorni* 8. júní 2011 og er einungis vísað til blaðsíðutala í þessari færslu.

umbrotsmann eða umsjónarmann myndvinnslu til ábyrgðar fyrir fúskinu sem ég benti á, nema þá kannski helst að sá síðasttaldi hafi ekki unnið almennilega upp gamlar myndir af Skaganum og umbrotsmaður hafi ekki góðan smekk. Það eru smáatriði. Í Fjórðungsdóminum mínum kemur einmitt fram hrós fyrir glæsileg kort Hans H. Hansen, fallegar ljósmyndir teknar af Friðþjófi Helgasyni og ágætan prófarkalestur. Svoleiðis að ég held að þarna hafi bæjarstjórinn kannski eitthvað misskilið eða mislesið.

Fjórðungsdómurinn var náttúrlega alls ekki tilefnislaus færsla eins og Árni Múli lætur liggja að. Ég var þegar talsvert komin á veg með að skrifa færsluflokkinn **Sögu Sögu Akraness** þegar ég kíkti í bækurnar hans Gunnlaugs. Og ég kíkti ekki á þessar bækur fyrr en ég áttaði mig á því með lestri fundargerða að Árni Múli, formaður Ritnefndarinnar, forseti bæjarstjórnar og formaður bæjarráðs ætluðu að hunsu algerlega bréf sem ég sendi þeim viku áður.¹¹³ Ferill sagnaritara og sagnaritunar, ótrúlegt lof um þetta „stórvirki“, þar sem Árni Múli Jónasson bæjarstjóri nefndi *Njálu* og *Eglu* til hliðsjónar handritunum að verkum Gunnlaugs og Sveinn Kristinsson forseti bæjarstjórnar nefndi Versali og Kölnardómkirkju þegar þessi verk voru útgefin (sjá **SSA XIII**), og alger hunsun á þeirri ósk að bíða dóms sagnfræðinga var tilefni þess að ég fékk *Sögu Akraness I* og *Sögu Akraness II* lánaðar til að líta á gripina. Ég opnaði þær ekki með jákvæðum hug en mig grunaði samt aldrei að það sem ég sæi væri jafnhörmulegt og raun bar vitni.



Enn einn misskilningur Árna Múla er að ég hafi leitað með logandi ljósi að villum. Þess gerðist engin þörf því þær eru svo margar og augljósar. Auk þess þótti mér bindi í svo leiðinlegt að ég gafst fljótlega upp á að reyna að lesa það, eins og ég nefndi einmitt í **Fjórðungsdómnum** og datt ekki í hug að eyða tíma mínum að óþörfu. Ég geri nefnilega þá kröfu til texta að hann sé sæmilega stílaður en ekki samhengis-

¹¹³ Mánudaginn 23. maí 2011 sendi ég bréf í tölvupósti til allra helstu karlanna í bæjarapparátinu sem höndlað hafa samningagerð við Gunnlaug og samþykkt fé honum til handa einhvern tímamót síðustu fjórtán árin, þ.e. Árna Múla Jónassonar, bæjarstjóra Akraneskaupstaðar, Jóns Gunnlaugssonar, formanns ritnefndar um sögu Akraness, Sveins Kristinssonar, forseta bæjarstjórnar, Guðmundar Páls Jónssonar, formanns bæjarráðs og Jóns Pálma Pálssonar, bæjarritara. Í bréfinu fór ég fram á að frekari samningsgerð við Gunnlaug Haraldsson yrði frestað uns *Saga Akraness I* og *II* hefði verið ritdæmd í fræðilegu tímariti. Ég benti á að í ljósi hins langa tíma sagnaritunar til þessa lægi tæplega mikið á að gera nýjan samning. Einnig benti ég á að flestir íbúar Akraness væru líklega búnir að fá sig fullsadda af kostnaði við vinnuna til þessa.

Þessu bréfi svaraði bæjarstjórinn Árni Múli Jónasson undir eins og sagði að erindi mitt yrði „að sjálfsgöðu tekið til umfjöllunar með viðeigandi hætti hjá Akraneskaupstað.“ Þá ég hváði útskýrði hann í öðru bréfi: „Með viðeigandi hætti þýðir hér að erindið fari til kynningar og umfjöllunar hjá viðeigandi nefndum og ráðum, þ.e. miðað við efni þess og verkaskiptingu nefnda og ráða hjá kaupstaðnum. Í þessu tilviki reikna ég helst með að erindið fari til bæjarráðs og/eða Akranesstofu til umfjöllunar.“ Svör Árna Múla eru frá 23. maí 2011.

Lesendum til upplýsingar þá fer Akranesstofa með stjórn menningar- og safnamála, markaðs- og kynningarmála og verkefna á sviði ferðapjónustu. Ritnefndin heyrir ekki undir hana því skv. skipuriti Akraneskaupstaðar heyrir Ritnefndin ekki undir neinn sérstakan aðila og hefur aldrei fengið erindisbréf. Í árána rás hefur hún stundum verið sérstakt verkefni bæjarstjórnar sjálfs, oftast heyrt að einhverju leyti undir bæjarráð og einstaka sinnum þurft að lúta vilja bæjarstjórnar. Ég veit ekki hvaðan bæjarstjórinn fékk þá flugu í höfuðið að bréf um ritun sögu Akraness hefði eitthvað með Akranesstofu að gera en honum er að því leyttinu vorkunn að þessi Ritnefnd er náttúrulega frá síðustu öld og varð útundan þegar stjórnssýsla bæjarins var einfölduð 2009. Þess vegna er Ritnefndin meira eða minna sjálfráð, eftirlitslaus og lítið tengd stjórnssýslu bæjarins nema þegar hún þarf að fara fram á auknið fé handa sagnaritaranum.

Af fundargerð bæjarráðs varð svo strax ljóst að ekki yrði minnsta mark tekið á bréfi mínu. Sama sást í fundargerð ritnefndar um sögu Akraness þegar sú fundargerð rataði loks á vefinn, raunar óvenju snemma (en það hefur verið talsvert algengt að fundargerðir Ritnefndar rati ekki á Vefinn fyrr en nokkrum vikum, jafnvel mánuðum, eftir að fundir eru haldnir í þeirri nefnd).

laus rökleysa og hef lítinn áhuga á litskrúðugum glanspappír einum saman. (Hefði ég aðallega áhuga á því síðarnefnda læsi ég auðvitað frekar *Söguna alla*, *Skakka turninn*, og *Hús og híbýli* og væri ekkert að sökkva mér ofan í bækur til að lesa góðan texta.)

Árni Múli er menntaður lögfræðingur. Honum ætti því að vera kunnugt um höfundalög og stafrænan höfundarétt. Það vekur furðu mína að **hann kalli það sparðatíning að finna að því að efni sé stolið og gefið út undir merkjum Akraneskaupstaðar**. Árni Múli er líka með BA próf í íslensku. Þess vegna er ég einnig mjög hissa á að **honum finnist allt í lagi að vitna ekki stafrétt í heimildir og taka „<http://www.wikipedia.org>“ gilda sem heimild**. Sömu leiðis reikna ég með að hann hafi næga undirstöðu til að meta hvernig er farið með heimildir varðandi Bresasýni og kenningar þeirra Hermanns Pálssonar og Helga Guðmundssonar. **Er maður með BA próf í íslensku virkilega að halda því fram að efnistöð Gunnlaugs hvað þetta varðar séu góð og gild?** Í grein *Skessuhorns* kemur fram að Árni Múli hafi menntun í sögu og ég giska því á að sagnfræði sé aukagrein hans til BA prófs. Finnst honum, í ljósi þeirrar menntunar, allt í lagi að nota *Íslenskan Söguatlas* sem heimild hvað eftir annað? Og að rangfeðra myndir? Og taka upplýsingar frá öðrum (sjá svar mitt við langloku Gunnlaugs Haraldssonar hér að neðan) um áteiknuð hús á kort frá 1901 án þess að geta þess sérstaklega?

Ég er í rauninni ennþá meira hissa en Árni Múli Jónasson bæjars-tjóri sjálfur: Hvernig getur menntaður maður haldið því fram að þessi vinnubrögð séu bara allt í lagi? Er kannski allt í lagi að stela svo lengi sem enginn kærir? Sú meðferð heimilda sem ég lýsti í **Fjórðungs-dómnum** væri ekki tekin gild í heimildaritgerð á fyrsta ári í framhalds-skóla.

Í rauninni er ekki hægt að svara Árna Múla meir en þetta því hann hefur svo upp svipaða lofrollu og lýst var í **SSA XIII**. Honum finnst ég líklega heldur vond kona að skrifa svona „niðurrifskænnda og tilefnislausu gagnrýni“, eins og hann kallar Fjórðungsdóminn, um bækurnar Gunnlaugs og bæjarsins, í stað þess að taka þátt í hælélújakórnum. Á eftir lofrollunni birtist ævintýraleg draumsýn bæjarstjórans um hlutverk þessa framúrskarandi góða, fræðilega og skemmtilega rits, að hans mati. Af því ekki eru allir lesendur bloggsins míns áskrifendur *Skessuhorns* læt ég draumsýnina um mátt og megin *Sögu Akraness I* og *II* fylgja:

Þetta flotta og skemmtilega verk gefur okkur Skagamönnum og þeim sem búa hér í nágrenni við okkur fullt af tækifærum til að styrkja menninguna, söguþekkinguna, ræturnar og sjálfsmyndina hjá okkur öllum, ekki síst hjá unga fólkinu, og verða okkur til ánægju og skemmtunar með ýmsum hætti. Í þessu felast líka margvíslegir möguleikar til að gera bæinn okkar áhugaverðari og eftirsóknarverðari sem búsetukost og til að draga til okkar innlenda og erlenda ferðamenn. Það er undir okkur sjálfum komið að nýta þessi tækifæri og ef okkur tekst það vel mun ekki verða deilt um þann kostnað sem sögurituninni fylgdi.

„**Yfirlýsingu frá Ritnefnd um Sögu Akraness**“ (s. 2 í fyrrnefndu *Skessuhorni*) er að finna á Vefnum. Í yfirlýsingunni kemur m.a. fram að nefndin fagni öllum vinsamlegum ábendingum og uppbyggilegri gagnrýni

en að nefndin „harmar hins vegar þau stóryrði sem viðhöfð voru um höfundinn og verk hans í blaðagrein í Skessuhorni þann 1. júní 2011 og vísar til föðurhúsa“. Inn á milli er skotið: „Hafa skal það sem sannara reynist.“



Ég tek undir orð sr. Ara, alveg eins og Ritnefndin, en bendi á að öll er málgreinin svona: „**En hvatki er missagt er í fræðum þessum, þá er skylt at hafa þat heldr, er sannara reynist.**“¹¹⁴ Ættu þessi orð að vera Ritnefndinni hvatning til að fá óháðan velmenntan sagnfræðing til að taka út bindi I og II af *Sögu Akraness* áður en gengið verður til frekara samninga við Gunnlaug Haraldsson því sjálf hefur nefndin alls ekki axlað eftirlitshlutverk sitt og eru nefndarmenn illa í stakk búnir til að meta hvað missagt kann að vera í *Sögu Akraness*.¹¹⁵ Ég ráðlegg Ritnefndinni vinsamlega og í uppbyggilegum blíðlegum tóni að fara yfir **yfirlitstöflur unnar úr fundargerðum ritnefndar um sögu Akraness á árunum 1997-2011**, skoða hverju sagnaritari hefur skilað, bera saman við það sem sagnaritari hefur sagst vera búinn að vinna og skoða sína eigin vinnu: Ritnefndin ætti sem sagt að líta í eigin barm og hætta að haga sér eins og meðvirkur aðstandandi. **Hennar hlutverk er eftirlit með verkinu en ekki að beita sér aðallega fyrir að auknu fé úr sjóðum bæjarins sé veitt til upphalds Gunnlaugi Haraldssyni.**¹¹⁶

Einnig er ritnefndinni góðfúslega bent á að fá að skoða handritið að þriðja bindinu vel og þiggja ráðgjöf sérfróðra í mati á því áður en hún lætur hvarfla að sér að ganga til frekari samninga við Gunnlaug. Loks bendi ég á að þessi yfirlýsing Ritnefndarinnar kostaði rúmar 64.000 krónur, sem fólk eins og ég borgar með útsvarinu sínu. Mér finnst því fé illa varið.¹¹⁷

Gunnlaugur Haraldsson, höfundur þeirrar *Sögu Akraness* I og II sem **Fjórðungsdómurinn** fjallar um skrifar ægilega langa grein (eina og hálfu opnu) sem heitir „**Kvittað fyrir fjórðungsdóm**“, s. 34-35 í *Skessu-*

¹¹⁴ Ari fróði Þorgilsson. Formáli að *Íslendingasögu*. Tekið úr útgáfu Guðna Jónssonar, *Íslendingasögur I*, Íslendingasagnaútgáfan 1978, s. 1.

¹¹⁵ Í ritnefnd um sögu Akraness sitja þrjú Sjálfstæðismenn: Jón Gunnlaugsson, formaður nefndarinnar og umdæmisstjóri VÍS á Akranesi, Guðjón Guðmundsson framkvæmdarstjóri Dvalarheimilisins Höfða og Bergþór Ólason fjármálastjóri Loftorku í Borgarnesi; fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar-græns framboðs er Björn Gunnarsson, svæfingalæknir á HVE og loks situr Leó Jóhannesson framhaldsskólakennari fyrir Samfylkinguna. Flestir þeirra hafa setið mörg ár í Ritnefndinni, Leó á metið en hann hefur setið í ritnefnd um sögu Akraness síðan 1990. Hann er jafnframt sá eini nefndarmanna sem hefur einhverja menntun í sögu, samsvarandi íslenskri BA gráðu í faginu. Í fundargerðum ritnefndar kemur hvergi fram að nefndin hafi kallað sagnfræðing til ráðuneytis. (Gunnlaugur Haraldsson virðist hafa fengið sagnfræðing til að lesa yfir hluta handrits af I. bindinu (í október 2007). Óljóst er á hvaða stigi það handrit var. Einnig þakkar Gunnlaugur tveimur sagnfræðingum veitta aðstoð í formála að fyrsta bindinu. Annar þeirra var jafnframt prófarkalesari verksins.)

¹¹⁶ Sé verið að hugsa um framfærslu eingöngu er það væntanlega Reykjavíkurborg sem ber ábyrgð á framfærslu Gunnlaugs Haraldssonar því þar hefur hann verið búsettur frá 2003.

¹¹⁷ Hver óbreyttur nefndarmaður fær greiddar 9.269 kr. fyrir fundarsetu og formaður nefndarinnar fær 17.509 kr. fyrir fundarsetuna. Ofan á þessar greiðslur bætast við 17,35% launatengd gjöld sem Akraneskaupstaður greiðir. Mér finnst að fé Akraneskaupstaðar hefði mátt verja betur en í að semja þessa yfirlýsingu. Þetta var 81. fundur ritnefndar um sögu Akraness. Mér finnst einnig að verja mætti fé okkar útsvarsgreiðenda betur en að reka þessa fimm manna nefnd, sem ekki sinnir neinu eftirlitshlutverki heldur minnir meir á klappstýrur, í meir en áratug (raunar allt frá árinu 1997 þegar Gunnlaugur Haraldsson tók við sem sagnaritari; áratuginn á undan var ritnefndin meir í hlutverki nöldurskjóða).

horni. [**Viðbót 27. júní:** Ég tók eftir því núna áðan að langhundur Gunnlaugs er kominn á vef SKESSUHORNS, dagsettur 20. júní, og kræki hér með í hann, svo menn geti lesið um „rætni og meinbægni“ blogg-ynju í þessum „fáu línunum“ sem hann kveðst hafa hripað. Venjulega gerir SKESSUHORN þá kröfu að menn skrifi í hæsta lagi eina og hálfu síðu, með 12 p. lettri á A-4 síðu, í aðsenda grein en sagnaritarinn hefur fengið undanþágu.] Mun ég reyna að tína út aðalatriðin í máli Gunnlaugs og svara þeim.

Það er ljóst að Gunnlaugur kann engin skil á höfundarétti mynda á Vefnum. Sömuleiðis virðist hann ekki gera sér neina grein fyrir reglum um tilvísanir í efni á Vefnum né vera fær um að meta heimildagildi slíks efnis. Hann skrifar:

Taldi ég fullnægjandi að greina tryggilega frá uppruna þeirra [mynda af Vefnum] með vísan til vefsíðna, t.d. með <http://www.valhs.org> í *Mynda og myndritaskrá* (sjá s. 567-568), á sama hátt og ég vísaði í veftexta í fáein skipti. (s. 34.)

Í **Fjórðungsdómnum** eru nefnd nægilega mörg dæmi sem sýna að Gunnlaugur vísar alls ekki á fullnægjandi hátt til mynda og jafnframt gerð nokkur grein fyrir höfundarétti stafræns efnis á Vefnum. Ég reikna með að „vefextinn“ sem Gunnlaugur nefnir sé heimildin „<http://www.wikipedia.org>“ því aðrar vefheimildir sá ég ekki vísað í úr texta, í þeim hluta I. bindisins sem ég skoðaði.

Um ófeðraðar og rangfeðraðar myndir segir Gunnlaugur: „Myndirnar tala sínu máli, svo að mér þótti óþarfi að rekja myndefnið eitthvað frekar en gert er í myndatexta.“ Síðan talar hann um óvissu í höfundum gamalla mynda og telur rök fyrir því að ljósmynd sem hann eignaði Auði Sæmundsdóttur en er tekin af Þorsteini Jósepssyni vera að myndin sé

eignuð Árna Böðvarssyni í grein um Auði Sæmundsdóttur í *Árbók Akurnesinga* 2006, s. 122¹¹⁸ Jafnframt nefnir Gunnlaugur sína sígildu afsökun, tímaskort.¹¹⁹

Til að spara Gunnlaugi dýrmætar mínútur bendi ég vingjarnlega á **það er allt rangt** sem hann rekur um mynd 133, sem hann segist hafa fengið af Ljósmyndasafni Akraness en **er þar ekki**; Hún er **ekki tekin af Árna Böðvarssyni** eins og Gunnlaugur segir í myndaskrá heldur Hansínu Guðmundsdóttur; **Myndatexti við þá mynd er heldur ekki réttur** því húsið sem sést á myndinni er Skagabraut 40 en ekki Suðurgata 40 eins og segir í bók Gunnlaugs.¹²⁰

¹¹⁸ Vissulega er skemmtileg grein eftir Auði Sæmundsdóttur í þessari *Árbók Akurnesinga*, „Dagur í lífi sveitakonu“. Og undir ljósmyndinni af kúnum á Jaðarsbakka stendur Á.B. Hins vegar gæti sú merking allt eins verið ritstjórans, Kristjáns Kristjánssonar, sem hefur kannski fundist þessi mynd eiga vel við efni greinarinnar. Hvað sem því líður tel ég nú öllu traustara að byggja á upplýsingum Ljósmyndasafns Akraness og afsökun / skýring Gunnlaugs er afar langsótt, svo ekki sé meira sagt.

¹¹⁹ Gunnlaugur skrifar: „Hugsanlega hefðu mér nægt 20 mínútur til viðbótar við að sannreyna uppruna þeirra fjögurra mynda sem Harpa tiltekur í grein sinni. Á það reyndi hins vegar aldrei. Og víst er um það, að mikið hefði ég fagnað hverjum fimm mínútum, sem mér hefðu gefist til viðbótar til að þrautkanna sérhvert þeirra fjölmörgu atriða, sem ég var í vafa um við samningu þessa rits.“ (s. 34). **Í ljósi þess að það tók Gunnlaug Haraldsson 14 ár að koma saman handritum að fyrri tveimur bindunum um sögu Akraness er þessi yfirlýsing auðvitað sprenglægleg.**

¹²⁰ Sjá „Úr myndasafni Helga Dan“. *Árbók Akurnesinga* 1. árg. 2001, s. 160. Ritstjóri Kristján Kristjánsson. Þessar upplýsingar koma líka fram í Ásmundur Ólafsson. 2006. „Nú er bjart um Skipaskaga - skín á nes og vör“

Um kort sem ég minnst á í Fjórðungsdómnum hefur Gunnlaugur langt mál en aðalatriðin eru væntanlega:

Við þá kortagerð [vinnukort ýmis sem Gunnlaugur segist hafa unnið á árunum 1999-2004] lagði ég m.a. til grundvallar áðurnefndan uppdrátt Ólafs og Knuds og *endurgerð* hans sem ég vann á fyrsta starfsári mínu við Byggðasafnið í Görðum (1979-1980) með því að nafngreina og merkja inn öll íbúðarhús, sem voru í byggð 1901. Þessi endurgerði uppdráttur hefur síðan hangið uppi í sýningarsal safnsins, en *ekki uppdráttur Þorsteins Jónssonar*, eins og Harpa staðhæfir. Við vinnslu þessa uppdráttar leitaði ég fyrir mér í ýmsum heimildum. Þar trónaði efst hliðstæð endurgerð, sem Ólafur B. Björnsson vann 1958 og birti í tímariti sínu *Akranesi*, XVII. árg., 2. hefti, apríl-júní 1958 (s. 102-103). Af öðrum heimildum get ég nefnt vérlitað og óársett handrit Þorsteins Jónssonar, *Hús og býli á Akranesi*, sem hann tók trúlega saman 1978 [...] Til glöggvunar jók ég einnig við nokkrum eldri bæja- og verbúðaheitum, t.d. Vestra- og Syðra-Sandgerðis (sem lögðust af vegna landbrots á 18. öld), Hestbúð og Leirárbúð. (s. 34)

Gunnlaugur hefur eitthvað mislesið [Fjórðungsdóminn](#) því ég staðhæfði ekki að uppdráttur Þorsteins Jónssonar hengi uppi á Byggðasafninu, einungis að uppdrátturinn væri á Byggðasafninu og hafði fyrir því orð Jóns Allanssonar, forstöðumanns Byggðasafnsins og arftaka Gunnlaugs í því starfi.

Ég skoðaði trélitaða kortið hans Gunnlaugs uppi á Byggðasafni þann 17. júní (af því ég var stödd þar hvort sem var af öðru tilefni), skrapp svo á bókasafnið og bar saman kortið í *Sögu Akraness I* við kortið í *Hús og býli á Akranesi* og kortið hans Ólafs B. Björnssonar. Niðurstaðan er sú að trélitaða kortið á Byggðasafninu sem sýna á byggðina árið 1901 virðist byggt á uppdrætti Þorsteins Jónssonar af Akranesi 1898 en kortið í *Sögu Akraness I* er byggt á korti Ólafs B. Björnssonar af Akranesi 1901.¹²¹

Ég bið því Gunnlaug Haraldsson afsökunar á því að hafa haldið því fram að hann hefði stolið upplýsingum frá Þorsteini Jónssyni. Hið rétta er að hann stal þessum upplýsingum frá Ólafi B. Björnssyni því Ólafur er að engu getið í myndaskrá og þetta hefti *Akraness* með korti Ólafs B. Björnssonar er ekki einu sinni að finna í heimildaskrá *Sögu Akraness I*. Svo bendi ég á að inn á kortið í bókinni hefur Gunnlaugur einnig bætt húsinu Bræðratungu, sem var ekki byggt fyrr en 1905.¹²²

Örnefni við Akranes - Gönguferð með sjónum". *Lionsklúbbur Akraness 40 ára*, s. 12. Síðarnefndu heimildina er að finna í heimildaskrá *Sögu Akraness I*. bindi en þá fyrrnefndu ekki.

Lesendur sem ekki hafa skoðað *Sögu Akraness I* hefðu kannski gaman af að kíkja á [Ljósmynd Hansínu Guðmundsdóttur í Ljósmyndasafni Akraness](#), sem tekin er nokkrum mínútum síðar en myndin sem birtist í bók Gunnlaugs (en á myndinni í Ljósmyndasafninu eru konurnar tvær fremst á myndinni í bókinni komnar niður á Langasand). Ég ráðlegg Gunnlaugi (vingjarnlega) að fara nú rækilega yfir skráningu gamalla mynda af Akranesi, í þessu bindi og þeim sem hann hyggst skrifa einhvern tíma í framtíðinni, sem og annað efni. Eiginlega er það svo að um leið og maður fer að skoða efnið eitthvað nánar (í þessu tilviki hluta I. bindis) kemur í ljós urmull af villum til viðbótar þeim sem sjást glögg við fyrstu sýn.

¹²¹ Þetta sést greinilega séu borin saman bæjarheitin Brekkukot og Brekkubær; Þorsteinn hefur Brekkukot norðar en Brekkubæ, sama sést á korti því sem Gunnlaugur segist hafa gert og hangir uppi á Byggðasafninu, en Ólafur B. Björnsson snýr þessu öfugt, þ.e. Brekkubær er nyrðra húsið og sama sést á korti Gunnlaugs í *Sögu Akraness I*.

¹²² Á yfirliti sem skýrir tölusetningar á trélitaða kortinu á Byggðasafninu er svo merkt „89 Háabær I“ og „90 Háabær II (Bræðratunga)“. Þorsteinn Jónsson segir í fjölríttinu *Hús og býli á Akranesi*: „1905 byggir Eyjólfur timburhús á gamla Háabæjarstæðinu og nefnir hann Bræðratungu.“ Ártal og blaðsíðatal vantar. Ólafur B.

Svoleiðis að þegar allt kemur til alls er myndkort Gunnlaugs Haraldssonar nr. 6 sem á að sýna Skipaskaga og hluta Garðalands árið 1901 byggt á korti Ólafs B. Björnssonar án þess að geta hans að neinu og splæst þar í nokkrum húsum frá 18. öld án þess þau séu sérstaklega auðkennd frá öðrum húsum á kortinu og a.m.k. einu húsi sem var ekki byggt fyrr en 1905. Hversu marktækt er svona kort fyrir þá sem vilja leita sér upplýsinga síðarmeir? Á hinn bóginn lítur kortið sjálfst gullfallega út sem er Hans H. Hansen að þakka.

Gunnlaugi Haraldssyni finnst leitt að ég skuli „ekki hafa húmor“ fyrir efnistöfum hans, t.d. rökum sóttum í *Fornaldarsögur Norðurlanda* og Guðbrand Vigfússon:

Því kryddi fannst mér ómögulegt að að sneiða hjá, enda þarf vart „sæmilega fróðan mann“ til að sjá hversu vonlítið það er í byrjun 21. aldar að fá vissu fyrir fæðingarstað og uppruna Bresasona. (s. 35)

Það er alveg rétt hjá Gunnlaugi að ég kom ekki auga á húmorinn í þessu enda brúkar hann einmitt þessi rök til að kasta rýrð á fræðimanninn Jón Böðvarsson (sjá [Fjórðungsdóminn](#)) sem mér fannst einstaklega ófyndið. **Af því önnur meginuppgötvun sú sem Gunnlaugur Haraldsson þykist hafa gert er einmitt uppruni Bresasona hvarflaði ekki að mér að líta bæri á þá uppgötvun sem brandara.** (Sjá t.d. [orð Guðmundar Páls Jónssonar í SSA XI](#) og auglýsingar Uppheima um I. bindi *Sögu Akraness*.) Er þá hin meginuppgötvunin, þessi um miklu meiri fiskneyslu Íslendinga á landnámsöld til þrettánda aldar en fræðimenn hafa almennt talið sem varpa ku nýju ljósi á sögu allrar þjóðarinnar (sjá [SSA XV](#)), líka brandari? Er *Saga Akraness I* þá fyrst og fremst duglega myndskreytt brandarabók á glanspappír?

Gunnlaugur segir ásakanir mínar um hugmyndastuld og vera léttvægar (að vísu skautar hann snyrtilega fram hjá líklegum svoleiðis stuldi frá sjálfri mér). Í rökum hans má lesa að Gunnlaugur er afar einangraður maður, eiginlega svo vorkunn er að:

Vafalaust hefði mátt bæta fleirum í þann hóp fræðimanna, sem fjallað hafa um þetta efni [samsvörun örnefnaraðar á Lewis og Kjalarnesi og Kjós], þótt ég þekki ekki til þeirra rannsókna. Er þá meðtalin sú Landafundasýning sem Harpa nefnir. Um hana hafði ég hvorki vitneskju né sá á sínum tíma. Mér er því óskiljanlegt hvernig ég átti að vitna til þess korts Gísla Sigurðssonar prófessors, sem prýddi sýninguna. Yfir slíkri skyggnigáfu bý ég hreint ekki. Hins vegar dreg ég ekki í efa, að það kort var vel unnið og áreiðanlega að einhverju marki byggt á rannsóknum Magne Oftedal. (s. 35)

Ég hélt satt að segja að þúsund ára afmæli Vínlandslandsfundar hefði ekki farið fram hjá nokkrum manni, slík var umræðan árið 2000. Stór

Björnsson merkir þetta hús (væntanlega torfbæ) sem Há bæ II á sitt kort en Gunnlaugur hefur auðkennt Há bæ II sem íbúðarhús en ekki „torfhús“ (hann kallar torfbæi „torfhús“ í skýringum við litatákn) á trélitada kortið sitt á Byggðasafninu og er ómögulegt að vita hvort eða hvað hann hefur fyrir sér í því. Í þessu sambandi mætti einnig ræða aldur íbúðar á Hóli II, öðru nafni Hjarðarhóli, miðað við upplýsingar Ólafs B. Björnssonar í „Hversu Akranes byggðist. 5. kafli. Vorhugur og vélaöld gengur í garð“. *Akranes* 1959 1. hefti (jan.-mars), s. 50 en ég læt hér staðar numið í ókeypis yfirferð yfir kort Gunnlaugs Haraldssonar.

Þáttur í hátíðahöldum vegna þessa afmælis var Landafundasýningin í Þjóðminjahúsinu. Hún fékk svo að standa næstu tvö árin.¹²³



Hörmuleg meðferð heimilda, sem getið er í [Fjórdungsdomnum](#), telur Gunnlaugur að eigi við að hann hafi „bersýnilega, fyrir misgáning“ bætt inn orði í beina tilvitnun í *Íslensk fornrit*. Ég tek undir með honum að vonandi sé svoliðis ónákvæmni ekki „beinlínis dæmigerð fyrir heimildameðferð“ hans en um það veit ég ekki því ég fletti einungis upp þremur tilvitnunum í *Íslenskum fornritum*. Það er hörmulegra finnst mér að geta eina einustu beina tilvitnun í *Íslensk fornrit* stafrétt eftir en það er mýgrútur af slíkum dæmum. Það er algerlega óafsakanlegt enda kýs Gunnlaugur að nefna þetta ekki í sínum langhundi. Sömuleiðis svarar hann því ekki hvers vegna hann vitnar ekki í frumheimild fyrir tilvitnun í fyrirlestur Hallgríms Jónssonar heldur í *Borgfirska blöndu*.

Í lok hinnar löngu greinar Gunnlaugs kemur svo á daginn að við erum hjartanlega sammála um eitt atriði. Gunnlaugur skrifar:

Ég tek heilshugar undir þessa ráðleggingu Hörpu [um að Akraneskaupstaður fá sæmilega fróðan mann til að taka út þessi tvö bindi Gunnlaugs og meta vinnubrögð hans áður en frekari samningar verði gerðir við hann], því eigi dómar hennar við rök að styðjast má það sannarlega vera áhyggjuefni og hættuspil fyrir ritnefnd og bæjarstjórn að fela mér að búa meira af samsetningi mínum til prentunar. [...] Því sýnist mér hyggilegt, að áður en í það verk verður ráðist [að semja um þriðja bindið] leggi „sæmilega fróður maður“ mat á það, sem út er gefið og ekki verður afturkallað. (s. 35)

Ég fagna þessari niðurstöðu Gunnlaugs enda er um langþráð tækifæri hans til að geta kallað sig fræðimann að tefla. Nú treysti ég því að Gunnlaugur sannfæri Ritnefndina og bæjarráð, sem hvor tveggju hafa ævinlega reynst honum til þjónustu reiðubúin, um að fá óháðan fræðimann í þetta mat, þ.e.a.s. sagnfræðing sem er hvorki tengdur þeim flokksforkólfum, ættum né nefndum sem hingað til hafa skipað hirð sagnaritans, ausið í hann fé og mært hann meir en mestu smjaðrarar í hópi hirðskálda kunnu við í sínu konungalofi forðum tíð.

¹²³ Eiginlega minnir þessi einangrun Gunnlaugs mig mest á Múmínþabba í vitanum! Gunnlaugur hefur sjálfur lýst hversu einmanalegt og einangrað starf hins mikla sagnaritara er og það að hafa ekki orðið var við Landafundasýninguna er bara angi af þeirri mýtu: „mega þeir [sagnaritarar] sæta því hlutskipti að sitja einmana og aflokaðir við iðju sína og eru oftast nær einir til frásagnar um það tímafresta puð sem liggur að baki þeim texta sem um síðir mætir lesendanum.“ Gunnlaugur Haraldsson. 25. febrúar 2005. „[Meint ritstífla brestur](#)“ á spjallþræði Akraneskaupstaðar.

Til að spara Gunnlaugi örlítinn tíma í að setja sig inn í kenningar fleiri fræðimanna bendi ég honum góðfúslega á ritið *From Starafjall to Starling Hill. An investigation of the formation and development of Old Norse place-names in Orkney* sem unnið er upp úr doktorsritgerð Berit Sandnes frá 2003 og gefið út af Scottish Place-Name Society 2010. Þar kemur fram að örnefnin Akranes (Aikerness) Garð og Garða (Garth, Garith o.fl.), Kvíar (Quoys, Curqoy, Fealquoy o.fl.) Mela (The Mello), Bakka (Croo Back) og mörg fleiri, meira að segja tvo hólma (Aikerness Holmies) má einnig finna á litlu svæði á Vesturey í Orkneyjum (Évie héraðinu á Westray). Væri kannski hægt að teikna kort af þeim líka, þó ekki væri nema til að undirstrika brandarann um uppruna Bresasona. Myndir af svæðinu má sjá [hér](#). Sömu örnefni finnast víðar á Bretlandseyjum og náttúrlega í Noregi, Færeyjum og víðar um Norðurlönd.

Jafnframt skora ég á Gunnlaug Haraldsson að afhenda slíkum óháðum fræðimanni handritið að þriðja bindinu (sem hann segir tilbúið) til yfirlestrar, mats og ráðgjafar áður áður en hann svo mikið sem ljáir máls á því að skrifa undir samning um útgáfu þess bindis við Akraneskaupstað.

Nú skaltu rökstyðja eða biðjast afsökunar!

20. júlí 2011 kl. 20.47

Ég er orðin þreytt á að sitja undir órökstuddum blammeringum Árna Múla Jónassonar bæjarstjóra Akraneskaupstaðar og finnst engan veginn við hæfi hvað hann segir í nafni síns embættis! Þessi grein mín birtist í *Skessuhorni* í dag:

Árni Múli Jónasson bæjarstjóri: Bentu á þruglið eða biðstu afsökunar!

Í *Skessuhorni* 13. júlí sl. fjallar Árni Múli Jónasson bæjarstjóri Akraneskaupstaðar um ritdóm Páls Baldvins Baldvinssonar um *Sögu Akraness*. Orðrétt er þar haft eftir bæjarstjóranum: „Mér sýnist Páll af einhverjum óútskýrðum ástæðum hafa ákveðið að éta gagnrýnislaust upp þruglið sem bloggari einn hér í kaupstaðnum hefur staðið fyrir linnulítið undanfarnar vikur.“

Ég geri ráð fyrir að umræddur bloggari sé ég sjálf því ég hef rakið sögu sagnaritunar um Akranes, aðallega frá 1956 til dagsins í dag, í 15 tölusetnum bloggfærslum og byggt á rituðum heimildum sem flestar eru opinber gögn Akraneskaupstaðar. Einnig hef ég skrifað yfirlitsfærslu yfir sagnaritunina 1987-2011, skrifað eina færslu um hluta *Sögu Akraness I* eftir Gunnlaug Haraldsson og eina færslu til að svara hörðum viðbrögðum við þeirri færslu, þ.á.m. orðum Árna Múla Jónassonar bæjarstjóra sem voru algerlega órökstudd. Þessar 18 færslur í færsluflokknum *Saga Sögu Akraness* birtust frá apríllokum til júníloka nú í ár.

Fundargerðir ritnefndar, bæjarstjórnar og bæjarráðs eru vissulega oft illa orðaðar og má stundum finna í þeim mál- og stafsetningarvillur en mér finnst nokkuð langt gengið að kalla þær þrugl. Sama gildir um aðrar beinar tilvitnanir í færsluflokknum *Saga Sögu Akraness* á harpa.blogg.is, t.d. í bæjarstjórnarmenn og Árna Múla sjálfan. Ég reikna með að Árni Múli bæjarstjóri eigi við færsluflokkinn í heild úr því hann talar um „þruglið ... linnulítið undanfarnar vikur.“

Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar getur ekki verið þekktur fyrir að fara með fleipur og vega að mannorði mínu.

Þess vegna á Árni Múli Jónasson bæjarstjóri að rökstyðja með dæmum að bloggfærslur mínar séu þrugl. Geti hann ekki gert það ætti hann að biðja mig afsökunar á orðum sínum á síðum *Skessuhorns*, sem er miðillinn sem hann hefur sjálfur kosið að tjá sig í.

Þegar þessu pdf-skjali er lokið, 4. ágúst 2011, hafði engin afsökunarbeiðni sést frá bæjarstjóranum.

Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness frá upphafi til starfsloka Jóns Böðvarssonar sagnaritara (skammstafað JB)

Tímabilið 14. 10. 1987 - 23. 2. 1997

Skammstafanir ritnefndarmanna: **GG**= Gísli Gíslason bæjarstjóri; **GH** = Gunnlaugur Haraldsson; **HR**= Hrönn Ríkarðsdóttir; **HJ**= Halldór Jörgensson; **VI** = Valdimar Indriðason, **ÓJP**= Ólafur J. Þórðarson; **LJ** = Leó Jóhannesson; **JHP**= Jósef H. Þorgeirsson

Dags., nr. fundar og fundar menn	Hvað er tilbúið?	Skilað	Áform	Annað
14.10. 1987 1 GG, GH, HR, HJ, VI, + JB			GH lagði til að í tengslum v. ritun verði kerfisbundið safnað skjölum og komið upp skjalasafni. Fundarmenn sammála.	Farið yfir samning Jóns Böðvarssonar og Akraneskaupstaðar 31. ágúst 1987. JB gerði grein fyrir hugmyndum sínum. Umræður um efnistöð og umfang.
16.11. 1987 2 GG, GH, HJ, VI + JB			Útbúa lista yfir félög fyrr og nú á Akranesi og senda til þeirra sem gefa getið upplýsingar. GH útbúi lista yfir þau skriflegu gögn sem til eru á Byggðasafninu.	JB falið að „útbúa grein“ fyrir dagblöð til að kynna vinnuna.
7.12. 1987 3 GG, GH, HR, HJ, VI + JB	JB hefur kannað fjölda prófritgerða KHÍ og HÍ (um 70 stk.) sem fjalla um Akranes. JB hefur rætt við Þorvald Bragason um infrarauða loftmynd af Akranesi, sem sýni ummerki sem ekki sjást á yfirborðinu.			GH hefur ekki náð að útbúa lista yfir heimildir. Sp. að hann og JB vinni verkið sameiginlega síðar. Farið yfir drög að spurningalista til félaga og samtaka. Farið yfir drög að viðtali [?]
10.5. 1988 4 GG, GH, HR, ÓJP + JB			JB gerir grein f. vinnuáætlun: Fyrst gagnasöfnun f. atvinnu- og menningarsögu 1600-1800.	Halldórs Jörgenssonar sem lést um sumarið minnst. Sæti hans tekur Ólafur J. Þórðarson. Ekki hefur tekist að senda út upplýsingalista til félaga í bænum og ljóst að JB verður að taka það að sér. Rætt um skjöl á Byggðasafninu. GH minnir á skjöl í eigu Ólafs B. Björnssonar - um þau viti VI.

10.10. 1988 5 GG, ÓJÞ, VI + JB	JB gerir grein fyrir gagnaöflun.			Gagnaöflun gengur betur en áætlað var og því ræddar breytingar á „niðurröðun verkáfangi“.
23.6. 1989 6 GG, GH, HR, ÓJÞ, VI + JB	JB gerir grein fyrir gagnaöflun sem hann telur vera komna vel á veg.	JB sýnir myndir teknar með infrarauðum geislum, af Görðum Rein og Gaðskaga. LMÍ annaðist myndatöku, Þorvaldur Bragason átti drjúgan þátt í henni, Landsbanki Íslands styrkti verkið. [Engin viðbrögð nefndarmanna bókuð.]		Rætt um breytt fyrirkomulag á vinnutilhögun sbr. 2. gr. samnings um ritun sögu Akraness. Umræður um efnistöð í ritun: „Sýndist mönnum sitt hvað í því efni ...“
23.8. 1990 7 GG, ÓJÞ, VI, LJ + JB	JB gerir grein fyrir gagnaöflun og telur lokið að afla gagna til 1900.		Á næsta fundi verði lagður fram atburðaannáll frá landnámi til 1885.	Nefndin er sammála um að ganga út frá eftirfarandi skiptingu: 1. bindi: Landnám - 1885 2. bindi: 1885-1941 3. bindi: frá 1941 Rætt um útgáfutilhögun.
30.10. 1990 8 GG, ÓJÞ, VI, LJ + JB		Lagður fram atburðaannáll frá 1178-1885 og getið heimilda úr fornritum.	Rætt um gerð ornefnakorts. JB fær vinnukort frá LMÍ. Verður hugað að síðar. ÞB hjá LMÍ mun aðstoða. Rætt um nauðsyn þess að gera kort þar sem fram kæmi nafn + staðs. jarða og bæja á Akranesi á fyrri tíð. Næsti fundur í des. „... en Jón mun þá eiga að vera búinn að senda nefndarmönnum fyrstu kaflana til yfirlstrar.“	Nefndin var sammála um eftirfarandi framhald vinnu við verkefni sitt : JB falið að hefja ritun 1. bindis sem eigi að vera lokið mars 1991; 1. bindi útg. jan. 1992; Ritun 2. bindis hefjist 1991; 2. bindi útg. 1992.
20.8. 1991 9 GG, VI, HR, LJ + JB. Auk þess Bragi Þórðarson, útgefandi, hluta fundar.	JB: Í bókinni yrðu um 10 kaflar, hver 15-30 síður, dæmi: 1. Lýsing á svæðinu (15 s.) (Landfr.l., jarðfr.l. umfjöllun og umfjöllun um ornefni). 2. Landnáma [svo í f.gr. - væntanlega átt við landnám] (25 s.) 3. Sturlungaöldin (25 s.) 6. Stephensenar (30-40 s.) 9. Landbúnaður (10 s.)	Óljóst: „Jón sagðist myndu afhenda 60 bls. 1. sept. Þá eru 90 bls. komnar í hendur nefndarmanna.“ [Ekkert hefur verið bókað áður um skil.]	Saga Akraness á að vera komin út 20. janúar 1992 og handriti þarf að skila í síðasta lagi 15. okt. 1991. „Jón vill ennfremur fá að vita hvaða myndefni megi láta ljósmynda á Þjóðskjalasafni. Hver ljósmynd kostar um 3000.- krónur. Nefndin er einhuga um að ekkert verði ljósmyndað fyrr en efni og innihald liggi fyrir [...] Nægilegt sé að ljósrita myndefni og var Jón beðinn að ljósrita hugsanlegt myndefni svo nefndin viti til hvers þarf að taka afstöðu.“	Umræður um efni og innihald: VI: Hlutur forna heimilda of viðamikill; á að fjalla um sögu Akraness sem landnámsbæjar eða Akranes sem bæ? LJ vill fá að vita um kaflaskiptingu og hve margar blaðsíður verði í hverjum kafla. Rætt við Bragi Þórðarson um útgáfumál. Nefndin ítrekar áherslu um að vinnu verði hraðað sem mest.

11.9. 1991 10 GG, ÓJÞ, VI, LJ, HR + JB		GG afhenti fundarmönnum gögn sem voru að koma frá JB. [Ekkert bókað um hver þau gögn voru.] JB afhenti GG fjölda ljósrita af myndum sem eiga að fara í bókina.	GG ætlar að láta ljósrita efnið (ljósritaðar myndir JB) fyrir nefndarmenn.	Rætt um útgáfumál og GG og VI falið að búa undir afgreiðslu.
16.9 1991 11 GG, ÓJÞ, VI, HR, LJ		Farið yfir mynd-efni í 1. bindi. Ákv. að „takmarka myndefni úr gömlum fundagerðar-bókum og af gömlu [svo] skjölum. Rætt um texta 1. bindis almennt. “ [Er þá búið að skila texta 1. bindis?]		GG lagði til að Leó og Hrönn yrðu tenglar nefndarinnar við höfundinn sem var samþykkt.
15.10 1991 12 GG, ÓJÞ, VI, HR, LJ				„Rætt um efni og útgáfumál 1. bindis. Enn vantar heildasýn yfir verkið. [?] Fleira ekki gert.“
18.11. 1991 13 GG, ÓJÞ, VI, LJ + JB	JB gerði grein fyrir stöðu mála.	JB hefur sent drög að handriti [?].	Ákv. að Jón myndi bæta við köflum um útgerð Brynjólfs biskups og skiptingu Akraneshrepps og ljúka vinnu við handritið fyrir jól. [Skv. samningi Akraneskaupstaðar við Jón Böðvarsson átti fyrsta bindið einungis að ná til 1602 en Ritnefndin bætti 283 árum við það á fundi þann 23. ágúst 1990, að því er virðist var það einhliða ákvörðun Ritnefndarinnar.]	Nefndinni finnst verkið ganga of hægt. Útg.dagur í janúar stenst ekki. Nefndinni finnst nauðsynlegt að hafa kafla um útgerð Brynjólfs biskups í 1. bindi og um skiptingu Akraneshrepps. Nauðsynlegt er að stytta ýmsa kafla verulega og lagfæra aðra kafla. Formanni falið að fylgja málinu eftir.
8.1. 1992 14 GG, ÓJÞ, VI		[Handriti að fyrsta bindi hefur greinilega verið skilað.]		Rætt um framlagt handrit I. bindis að Sögu Akraness. Ákveðið að halda næsta fund þegar nefndarmenn hafa yfirfarið handritið.
21.1, 1992 15 GG, VI, HR, LJ + JB				Rætt um handrit 1. bindis. Nefndarmenn komu á framfæri athugasemdum sem Jón mun skoða fyrir næsta fund. Umræður um efni og efnistöð í 1. bindi.

7.2. 1992 16 GG, ÓJÞ, VI, HR, LJ + JB		[Endurbættu handriti þar sem farið var að óskum nefndar hefur greinilega verið skilað.]	Næsti fundur ákv. eftir 3 vikur og nefndarmenn eiga að fá handrit viku fyrr.	Rætt um endurbættan hluta handrits þar sem ath.s. síðasta fundar höfðu verið teknar til greina. Farið yfir kaflaskiptingu fyrsta hluta [fyrri hluta?] I. bindis. Nefndin gerir aths. við seinni hluta I. bindis og „Jón mun taka þær til greina við endurskoðun þessa hluta handrits.“
13.3. 1992 17 GG, ÓJÞ, VI, LJ + JB			Jón mun senda síðustu 35 síður handritsins næsta mánudag.	„ Kaflann um Lögmannsættina má stytta og kveða skýrar að orði um ýmis atriði svo sem um Akranes á upplýsingaöld, Guðnýju Bökkvarsdóttur o.fl. “ Ákv. að setja handritið og hafa fyrstu próförk tilbúna föstudaginn 3. apríl. Rætt um útgáfumál.
27.8. 1992 18 GG, ÓJÞ, VI, LJ, HR + JB	JB sagði frá stöðu 1. bindis: Hluti kominn úr prentsmiðju tilbúinn til uppsetningar og frágangs af hendi höfundar.		Páll V. Bjarnason les próförk. GG mun skrifa formála að bókinni fyrir hönd nefndarinnar. Samningsdrög við Prentverk Akraness.: 1. bindi komi út 20. nóv. 1992 2. bindi komið í prentsmiðju 24. apr. 1993 og komi út 1. okt. 1993, 3. bindi skilað í pr.smiðju 1. maí 1994 og gefið út 1. okt. 1994. JB leggur til að leitað verði tilboða í hönnun á kápu og kili og er nefndin samþykk því.	Nefndin og söguritari mynduð í gamla safnahúsinu í Görðum. Nefndarmenn gerðu athugasemdir við uppsetningu og innihald. Leó lagði fram minnisblöð með athugasemdum. Nefndarmenn voru sammála um að nafn verksins yrði AKRANES og að undirtitill yrði í samræmi við innihald hvers bindis. GG lagði fram drög að útgáfusamningi við Prentverk Akraness. [VI sat hjá ... átti sennilega hluta í Pr. Akraness.]
15.9 1992 19 GG, ÓJÞ, VI, HR		Drög að formála lögð fram [eftir GG?]		Umræður um tilboð í hönnun kápu og kjalar.
17.9. 1992 20 GG, ÓJÞ, VI, LJ, HR		GG lagði fram hugm. Magnúsar H. Ólafssonar um kápu og kjöl á Sögu Akraness. Nefndin var sammála um að ganga til samninga við Magnús um verkið.		Ath. að Jón Bökkvarsson var fjarverandi á fundinum og einnig á fundinum tveimur dögum áður. Hann hefur því ekki haft neitt að segja um útlit þessa fyrsta bindi.

<p>9.10. 1992 21 GG, ÓJÞ, VI, LJ, HR + JB + Magnús H. Ólafsson hluta fundar</p>	<p>Magnús sagði frá hugmyndum sínum um hönnun kápu og kjalar.</p> <p>JB greindi frá hugm. sínum um efni II. bindis (fræðslumál, verslun, sjávarútveg o.fl.). Umræður um þessi mál.</p>	<p>Heimildaskrá er tilbúin.</p>	<p>Nafnaskrá + myndaskrá koma eftir helgi. Tilvísana-skrá eftir næstu viku. JB: Nokkrar rammagreinar, myndatexta og spássíu-greinar vantar.</p> <p>JB telur að búa þurfi til bráðabirgðakort með örnefnum og leita athugasemda ... vinna síðan heildarkort. Bendir á að deilur séu um ýmis örnefni og viðbúið að aths. verði gerðar við örnefnakafla I. bindis.</p>	<p>Bókin er komin í síðupróf-örk, allir nefndarmenn vel sátir en athugasemdir koma fram um einstakar rammagreinar o.þ.h.</p> <p>Nefndin samþykkti að handritið færi í prentun „með þeim athugasemdum sem gerðar voru“.</p> <p>GG spurði um örnefnakort.</p>
<p>15.7. 1993 22 GG, ÓJÞ, VI, LJ, HR</p>	<p>Bréf frá JB, dags. 5.7.:</p> <p>Leggur til að meginhluti handrits verði lagður til nefndarinnar í sept. og okt.; tillaga að loka-gerð texta og myndefni f. áramót; Skoðanaskipti um efni og efnistöð verði í jan.-apríl 1994 og síðan prentað.</p>			<p>GG og VI segja frá fundi með JB þann 18. júní sl. Jón átti að skila efni til lestrar í byrjun júlí [hefur hvergi verið bókað?] „og er þá orðinn verulegur dráttur af hendi Jóns á skilum efnis.“</p> <p>Afhenda átti handrit til prentunar í apríl sl.</p> <p>„Sögunefndin lýsir yfir mikill óánægju með framgang verksins hjá söguritara og felur formanni að gera bæjarráði grein fyrir stöðu mála. ... ritnefndin leggur til að söguritara verði skrifað og það skilyrði sett að kaflaskiptingu 2. bindis og fyrsta hluta efnis verði skilað til nefndarinnar fyrir 10. september n.k. Ritnefndin getur ekki fallist á það sjónarmið söguritara að útgáfu 2. bindis verði seinkað.“ [Hugsanlega var þessi yfirlýsing Ritnefndarinnar gerð opinber.]</p>
<p>6.5 1994 23 GG, VI, LJ, HR + JB</p>		<p>[Hvaða efni hefur verið skilað úr því talað er um viðbótarefni?]</p>	<p>Ákv. að söguritari sendi nefndinni efni innan þriggja vikna. Berist viðbótarefni [?] ekki innan þess tíma er ljóst að endurskoða þarf ráðningu söguritara.</p>	<p>„Saga vinnu við 2. bindi: Formaðurinn lýsti óánægju nefndarmanna með þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið. Aðrir nefndarmenn tóku undir orð formanns.“</p> <p>[Gísli Gíslason bæjarstjóri hefur verið formaður nefndarinnar frá upphafi.]</p>

<p>6.6. 1994 24 GG, VI, LJ + JB</p>		<p>Lagður fram kaflinn „Úr þorpi í bæ“ (hluti 1920-1938); hafnargerð, rafvæðing, félagsmál, heilbrigðismál o.fl. en vantar nokkuð af efni í þessa kafla.</p>	<p>Söguritari mun senda innan tveggja vikna endurskoðaðan kafla frá 1900-1930. Þá verður komin meginuppistaða 2. bindis.</p>	<p>Rætt um efnistöð og framsetningu einstakra kafla.</p>
<p>9.11. 1994 25 GG, ÓJÞ, VI, LJ, HR</p>		<p>Söguritari hefur á liðnum vikum sent tæpar 70 s. í 2. bindi.</p>		<p>Ljóst að bókin verður ekki gefin út á þessu ári.</p> <p>Söguritari mun ekki ljúka við gerð 2. og 3. bindis sögunnar eins og um hefur verið samið.</p> <p>GG falið að gera bæjarráði grein fyrir stöðunni og óska eftir heimild til að gera breytingar á samningi við ritun sögunnar.</p> <p>Bréf formanns menningar- og safnanefndar dags. 9.11 varðandi söfnun ýmissa heimilda í tengslum við ritun sögu Akraness. Nefndin tekur undir áskorun menningar- og safnanefndar. [Formaður menningar- og safnanefndar er væntanlega Guðrún Geirsdóttir, fyrir Alþýðubandalagið.]</p>
<p>5.9. 1995 26 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR + JB</p>		<p>Handrit að öðru bindi liggur fyrir fundinum. Bréf söguritara til nefndarmanna dags. 21. júlí sl. [Efni bréfsins ekki bókað.]</p>	<p>Nefndin og söguritari eru sammála um að handritið sé ekki tilbúið til útgáfu og vinna þurfi talsvert í einstökum atriðum.</p> <p>Ákv. að söguritari vinni að breytingum og endurbótum m.a. á inngangi bókarinnar.</p> <p>Ákv. að hittast fljótlega og ræða um einstaka kafla.</p>	<p>Valdimars Indriðasonar minnst, sem lést fyrr á árinu.</p> <p>Rætt um stöðu mála og handritið. Nefndarmenn lýstu skoðun sinni á handritinu og einstökum atriðum. Söguritari greindi frá sinni hlið mála.</p>
<p>14.9. 1995 27 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR</p>				<p>Farið fyrir hluta 2. bindis Sögu Akraness. Lagðar voru fram athugasemdir um einstök atriði og mun Leó ganga frá samantekt þeirra.</p>

<p>4.9. 1996 28 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR + JB</p>			<p>Ákv. að stefna að útgáfu bókarinnar í nóvember. Handrit í þarf að vera tilbúið í heild í október. Ákv. að JB láti safna myndum í bindið.</p>	<p>Farið var yfir ýmis atriði varðandi fyrirleggjandi handrit [þetta sem lá fyrir ári áður?] og gerðar ýmsar athugasemdir við það.</p> <p>Rætt um útgáfu.</p>
<p>10.11. 1996 29 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR</p>			<p>Sþ. að fela GG að ræða við söguritara „á grundvelli umræðanna á fundinum.“ Næst fundað „þegar þær viðræður hafa átt sér stað.“</p>	<p>Söguritari hefur ekki skilað fullbúnu handriti</p> <p>Ekki verður af útgáfu 2. bindis á þessu ári.</p> <p>„Ítarleg umræða varð meðal nefndarmanna um stöðu mála og kom enn fram almenn óánægja með framgang mála.“</p>
<p>23.2.1997 30 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR</p>				<p>GG gerir grein fyrir „stöðu mála gagnvart Jóni Böðvarssyni og að honum hafi verið send samningsdrög um starfslok.“ Á fundinn mætti Gunnlaugur Haraldsson ...</p> <p>Sjá nánar um þennan fund í Töflu yfir fundi Ritnefndar frá 1997-2011.</p>

Upplýsingar úr fundargerðum Ritnefndar um Sögu Akraness frá líklegri ráðningu Gunnlaugs Haraldssonar sagnaritara (skammst. GH) til loka fyrsta samnings Gunnlaugs og Akraneskaupstaðar.

Tímabilið 23. 2. 1997 - 19. 11. 2001

Skammstafanir ritnefndarmanna:

GG = Gísli Gíslason bæjarstjóri (formaður nefndarinnar); **ÓJP** = Ólafur J. Þórðarson; **JHP** = Józef H. Þorgeirsson; **LJ** = Leó Jóhannesson; **HR** = Hrönn Ríkharðsdóttir.

Dags. nr. fundar og fundarmenn	Hvað er tilbúið? (Orð GH, nema annað sé tekið fram.)	Skilað	Áform	Annað
23.2.1997 30 GG, ÓJP, JHP, LJ, HR + GH	GH lagði fram yfirlit yfir umfang og tíma 18 sögurita sveitarfélaga. Drög að efnisskrá fyrir 3 bindi af Sögu Akraness.		Rætt hefur verið við GH um að halda áfram vinnu við ritun Sögu Akraness.	GG tilkynnir að Jóni Böðvarssyni hafi verið send samningsdrög um starfslok. Farið fyrir drög að verkáætlun og rætt um útgáfu.
4.5 1997 31 GG, JHP, LJ + GH			Hittast reglulega meðan á heim.öflun stendur. GH leggi fram áætlun um skjöl og myndefni sem þarf að afla. GH leggi fram skrá yfir helstu heimildir sem þarf.	„Formaður [GG] hefur aflað söguritara ýmissa gagna frá Jóni Böðvarssyni, þ.m.t. drög að handriti 2. bindis.“
25.8. 1997 32 GG, ÓJP, JHP, LJ, HR + GH	GH hefur skoðað talsvert af gögnum sem nauðsynlegt er að ljósrita.		GH. mun útbúa heimildaskrá. GH telur nauðsynlegt að setja örnefni upp á gott kort og ljósmynda. Ákv. að GH leggi fram drög að verkáætlun næstu missera á næsta fundi.	
27.9.1997 33 GG, ÓJP, LJ, HR + GH	GH hefur rætt við Þorvald Bragason hjá LMÍ um kort fyrir örnefni.	Lagður fram listi yfir óprentaðar heimildir og skjöl á Héraðs-skjalasafninu og Þjóðskjalasafninu. Listi yfir 83 einstaklinga sem þarf að ræða við.		GH sýnir útgáfur á Sögu Akureyrar sem gæti hentað sem fyrirmynd. [Væntanlega er átt við <i>Sögu Akureyrar I. bindi</i> , eftir Jón Hjalton, sem hefst á tæplega 14 síðna kafla um tímabilið frá landnámi til 1786, útg. 1990.]

15.11.1997 34 GG, ÓJÞ, JÞH, LJ, HR + GH		„Hugleiðingar“ [greinargerð?] GH um vinnu sína: Söfnun skjal- legra heimilda; Söfnun munn- legra heimilda; Skráning ör- nefna og sögu- minja. Samantekt GH um vinnutil- högun í því s.nefnda.	GH áformar að ljúka heimildasöfnun á skjalasöfnum sept- okt 1998.	Ritnefnd samþykkir tillögu GH um örnefnarit sem hluta og verkefni nefndarinnar. Sam- þykkt að miða við Akranes hið forna [?]. Síðar verði óskað samstarfs við oddvita ná- grannasveitarfélaga.
9.5.1998 35 GG, JHÞ, ÓJÞ + GH		Minnisatriði sem GH hefur tekið saman varðandi vinnu sína og vinnu framundan við öflun gagna. Áhersla á gögn frá 1650 til aldamóta [1700?].		Rætt um viðtöl og munnlegar heimildir. Rætt um örnefnasöfnun og framsetningu þess fróðleiks
7.11.1998 36 GG, JHÞ, LJ, HR + GH	GH fór yfir vinnu síðustu mánaða (yfirferð sýslu- skjala, amtskjala og bréfabóka Brynjólfs biskups)		Heimildaöflun fyrir tímabilið ljúki með vori og ritun ein- stakra kafla hefjist.	GH segir að heimildaöflun hafi verið tímafrekari en ætlað var í upphafi. Þó þarf slíkt ekki að raska tímarammanum sem settur var verkinu.
13.10 1999 37 GG, JHÞ, LJ + GH	Búið að vinna drjúgt úr söfnuðum gögnum en ýmsu ólokið enn. GH „gerði grein fyrir þeirri að- ferðafræði sem hann viðhefur.“	Drög að efnis- yfirliti 1. bindis. [Skila átti 1. bindi fyrir 1.10. 1999, skv. samningi.]	GH gerir ráð fyrir að drög að 1. bindi verði tjlbúin næsta sumar. Áhersla á að ritun gangi eins hratt og hægt er.	
8.6 2000 38 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR + GH	Í janúar hóf GH að rita 1. bindi og er nú að rita 5. kafla (um 19. öld). Hefur samhliða safnað heimildum í 2. (síðara) bindið.		Handrit að 1. bindi verður lagt fram á haustdögum eða í vetrarbyrjun.	Verkið er ári á eftir áætlun , skv. tímaáætlun, en stefnt að því að vinna upp þann tíma.
22.11 2000 39 GG, ÓJÞ, JHÞ, HR + GH	GH hefur safnað gögnum í fyrir 40/70 (ólæsilegt í fg.) möppur. GH metur að komið sé um 70% af fyrsta bindi.	GH lagði fram efnisyfirlit úr bréfabókum (sýslumanna og sveitarfélaga). GH lagði fram sýnishorn af efni í 1. bindi. GH lagði fram „tillögu að framsetningu á því sem gert verður“. [Skila átti 2. bindi fyrir 1.10. 2000, skv. samningi.]	1. bindi ætti að vera lokið á fyrstu vikum næsta árs. Síðan verður aflað gagna í seinni bindi og þau rituð.	„Nefndarmenn lýstu almennt yfir jákvæðu viðhorfi til þeirrar framsetningar á efni sem Gunnlaugur kynnti.“ Aths. um að nauðsynlegt væri að ljúka vinnu við 1. bindi sem fyrst og hefja vinnu við 2. og 3. bindi.

15.2.2001 40 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR + GH	Gróf drög að 1. bindi - 800 síður.	150 s. sýnis-horn	Form.+ GH tali við LMÍ um kort.	[Þessi fundargerð og allar nýrri liggja frammi á vef Akraneskaupstaðar. Fundarnúmer krækir í fundargerðir á vefnum hér eftir.]
30.5.2001 41 GG, LJ, ÓJÞ + GH		302 s. (áður sent) af 1. bindi	Ákveðnum markmiðum væri æskilegt að ná fyrir næsta fund. „Gunnlaugur mun halda að nefndarmönnum upplýsingum eftir því sem efni standa til.“	Samn. við LMÍ um korta-gerð liggur fyrir.
15.10.2001 42 GG, JHÞ, ÓJÞ, LJ	Efni v. 19. aldar (5-600 s.) verði skipt í 2 bindi, miðað við 1850.	112 s. lok 18. aldar 70 s. efni frá 19. öld [Skila átti 3. bindi fyrir 1.10. 2001, skv. samningi.]	„Innan nokkurra vikna“ liggja drög að handriti til 1850 fyrir.	„Sá tími, sem gert var ráð fyrir að færi í ritunina, er að líða og var m.a. rætt um ýmislegt því tengt.“
19.11.2001 43 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, HR + GH	Í bréfi GH kemur fram að um 24-30 mánuði taki að búa annað efni til prentunar. [Væntanlega er átt við alla söguna sem eftir er enda var GH búinn að safna miklum heimildum í þau bindi, að sögn.]	Efnisyfirlit 1. bindis 598 s. frá 1700 - 1850	GH riti forsögu frá landnámi til 1700, sem kunnir að taka 3 mánuði að skrifa (að sögn GH).	Ritnefndin staðfestir skil á 1. bindi verksins, sbr. gildandi samningi. Í bréfi GH kemur fram að „nú sé föstum greiðslum til hans lokið, en árangurstengdar greiðslur ógreiddar. Verði því að taka ákvörðun sem fyrst með hvaða hætti vinnunni verði haldið áfram.“ Ritn. leggur til v. bæjarráð að samningur verði fram- lengdur.

Upplýsingar úr fundargerðum ritnefndar um Sögu Akraness eftir „Viðaukasamning um ritun sögu Akraness“ við Gunnlaug Haraldsson.

Tímabilið 6.3. 2002 - 23.8. 2004

Skammstafanir ritnefndarmanna: **GG** = Gísli Gíslason bæjarstjóri (formaður nefndarinnar); **ÓJP** = Ólafur J. Þórðarson; **JHP** = Jósef H. Þorgeirsson; **LJ** = Leó Jóhannesson; **HR** = Hrönn Ríkarðsdóttir; **SS** = Sigurður Sverrisson; **JG** = Jón Gunnlaugsson; **GPJ** = Guðmundur Páll Jónsson.

Dags. nr. fundar og fundarmenn	Hvað er tilbúið? (Orð GH, nema annað sé tekið fram.)	Skilað	Áform	Annað
6.3. 2002 44 GG, ÓJP, JHP, LJ, HR + GH	„Góður gangur er í ritun 2. bindis“ (væntanlega haft eftir Gunnlaugi).	21. kafli 1. bindis (47 s.) sem hafði vantað. [Ath. að ritnefndin hafði staðfest skil á 1. bindi verksins, sbr. gildandi samningi, í nóv. 2001 og Gunnlaugur fengið greitt fyrir það!] Drög að efnisyfirliti 2. bindis, 1851-1900 og 1900-1941.	2. bindi fjalli um 1851-1941, 3. bindi frá 1942. Ljúka 2. bindi á seinni hluta ársins.(GH)	Viðaukasamningur sem felur í sér starfslok 1. ág. 2004. [Skila á fullbúnu handriti af 2. bindi fyrir 1. mars 2003 og 3. bindi eigi síðar en 1. maí 2004. Þriggja mánaða laun taka þá við fyrir að skrifa inngangskafla, sem nær yfir landnám til 1700, að 1. bindi.]
14.10. 2002 45 GG, ÓJP, JHP, LJ, SS + GH	Komið efni á 400 s. (líklega í 2. bindi).	Vinnuþáttur að efnisskipan 2. bindis (1851-1941).	Vinnufundur laugard. 26.okt. um fyrstu 150 síður verksins. [Átt er við 1. bindið sem ritnefndin staðfesti skil á fyrir tæpu ári.]	Hrönn Ríkarðsdóttir hefur yfirgefið ritnefndina í kjölfar bæjarstjórnarkosninga. Sigurður Sverrisson, Sjálfstæðisflokki, kemur inn.
26.10. 2002 46 GG, ÓJP, JHP, LJ, SS + GH	GH greinir frá vinnu við kort og segir frá „verkefnum sem hann vinnur nú að í ritun sögunnar“.		Ákv. að taka næsta skammt fyrir á næsta fundi. Nefndarmenn eru ánægðir með efnið en e.t.v. megi stytta suma kafla eitthvað	6 fyrstu kaflar 1. bindis yfirfarnir (1700-1706) Gögn frá Þjsk.s. aðeins afhent á geisladiskum (GH) [Hver mynd, þ.e. opna eða bls. í skjali, hefur kostað 1000 kr. síðan en fyrir skömmu hóf Þjskj.safnið að leyfa mönnum að ljósmynda sjálfir skjöl.] Kemur fram er að enn er samningur við LMÍ í gildi um kortagerð.
16.11. 2002 47 GG, ÓJP, LJ + GH			Ákv. að ljúka yfirferð á efni 19. aldar næst. GH stefnir á að efni til 1941 verði tilb. apríl/maí [2003?] Forspjall frá landnámi verði skrifað eftir að 2. og 3. bindi eru tilbúin, frá maí 2004.	Farið yfir handrit 1. bindis (1706-1800) - farið yfir „nokkra þætti efnisins“.

30.11. 2002 48 GG, LJ +GH	GH segr frá „stöðu mála“ í vinnu við efni e. 1900			Farið yfir „þá kafla sem þegar hafa verið lagðir fram“. [Nefndin er enn að fara yfir 1. bindið sem hún mat fullnúið í ári áður. Gunnlaugur hefur ekki skilað öðru.]
10.2. 2003 49 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, SS + GH	GH segir að stýttist í að 2. bindi verði afhent. Búinn að skrifa alla aðalkafla til 1941. Mun koma einstökum köflum til nefndarmanna í næsta mánuði.	Endurskoðuð efnisskipan fyrir 2. bindi.	Þarf að stytta og endurræða 1. bindi. Farið yfir umræður um 1. bindi.	Ákveðið að halda næsta fund um miðjan mars.
2.6. 2003 50 (rangl.tls.49) GG, JHÞ, LJ + GH)	GH segir að kafla sem vanti inn á milli í upphaf 2. bindis sé búið að skrifa í meginatriðum; Kafla frá 1900-1941 sé búið að skrifa í meginatriðum. Lagt fram bréf GH „þar sem farið er yfir nokkur atriði varðandi gang mála.“ [Engin fylgiskjöl eru í fundagerðarbók Ritnefndar, utan eitt efnisyfirlit, óvíst frá hvaða tíma.]	Fyrir fundinn voru sendar 250 s. af upphafi 2. bindis [1851-1900, bindið allt á að dekkja 1851-1941].	Verkið (2. bindi, 1851-1941) verði tilbúið í lok sumars. Gunnlaugur mun senda út einstaka kafla jafn-óðum og þeir eru tilbúnir.	„Gunnlaugur greindi frá því að ljúka þurfi ritun alls efnisins í heild en fara síðan yfir verkið í heild og samræma hluti.“ 2. bindi átti að vera tilbúið í maí en ljóst er að það verður ekki tilbúið fyrr en í lok sumars.
1.10. 2003 51 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ + GH	Verkstaða 2. bindis [yfirlit]: 853 s. tilbúnar af efni um 1851-1941. Flestir aðalkaflar eru nánast tilbúnir. Vantar „fréttapistla“, þarf að stytta suma kafla.	Yfirlit yfir verkstöðu	GH ætlar að ljúka 2. bindi í desembermánuði. GH mun byrja á 3. bindi (1942-2000) í ársbyrjun 2004.	„Yfirlitið sýnir að fyrir liggur þokkalega heilleg samantekt flestra aðalkafla II. bindis þótt lokafrágang vanti víða ...“ [Skv. þessu hefur Ritnefndin ekki séð efnið sjálf, einungis efnisyfirlit eða ámóta.]
9.2. 2004 52 GG, ÓJÞ, JHÞ, LJ, JG + GH	GH fór yfir gang mála. „Ætlunin var að ljúka ritun II. bindis í desember en það hefur af ýmsum ástæðum ekki tekist að fullu.“	167 s. um sögu verzlunar á Akranesi frá seinni til hluta 19. aldar fram á fyrri hluta 20. aldar.	GH hyggst nú hefja söfnun gagna í 3. bindi. Handrit að 3. bindi verði tilbúið í árslok. Mun senda formanni það efni sem komið er, í tölvutæku formi.	Tókst ekki að ljúka 2. bindi. í des. Rætt um tímasetningu o.fl. [Jón Gunnlaugsson, Sjálfstæðisflokkur, kemur nýr í ritnefnd.]

<p>23.8. 2004 53 GG, JHþ, LJ, JG, GPJ + GH</p>	<p>GH: Ekki unnist tími til að klára kafla í 2. bindi. Heimildaöflun 3. bindis ólokið og ritun ekki hafin. Hefur safnað á annað hundrað möppum með afritum og ljósritum heimilda.</p>	<p>Minnisblað og verkáætlun til september 2005.</p>	<p>Tillögur GH:</p> <p>Ágúst 2004-janúar 2005: Lokafrágangur 2. bindis + klára heimildaöflun f. 3. bindi.</p> <p>Janúar 2005 - september 2005: Ritun 3. bindis og ritun 1. og 2. kafla 1. bindis (frá landnámi til 1700)</p> <p>[Nú eru tæp þrjú ár liðin frá því ritnefndin staðfesti fullnægjandi skil á 1. bindi skv. samningi. Skv. viðaukasamningi átti að skila þessari forsögu fyrir 1. ágúst 2004.]</p>	<p>2. bindi er enn ólokið. Ritun 3. bindis er ekki hafin. Rædd sú tillaga að dreifa þeim greiðslum sem eftir eru samkvæmt gildandi samningi á ágúst 2004-september 2005. [Skv. gildandi samningi voru engar greiðslur ógreiddar nema árangurstengdar greiðslur sem greiða átti við skil handrits að 2. bindi, 1. mars 2003, og handrits að 3. bindi, 1. maí 2004.]</p> <p>Nefndin er sammála um að fjalla frekar um málið á næsta fundi.</p> <p>[Ólafur J. Þórðarson lést fyrr á árinu. Í hans stað kemur Guðmundur Páll Jónsson í ritnefndina.]</p>
<p>25.8.2004 54 GG, JHþ, LJ, JG, GPJ</p>				<p>Drög GH að verkáætlun og tillaga hans um greiðslur rætt. Sp. að leggja til að bæjarráð hagi greiðslum í samræmi við þá verkáætlun. Málið verði endurskoðað í jan. 2005</p>

Upplýsingar úr fundargerðum ritnefndar um Sögu Akraness um störf Gunnlaugs Haraldssonar sagnaritara (skammst. GH).

Tímabilið 2005 - nóvember 2006

Skammstafanir ritnefndarmanna: **GG** = Gísli Gíslason bæjarstjóri (formaður nefndarinnar til síðla árs 2005); **LJ** = Leó Jóhannesson; **JG** = Jón Gunnlaugsson (formaður nefndarinnar frá 2006); **GPJ** = Guðmundur Páll Jónsson; **MÞH** = Magnús Þór Hafsteinsson; **BG** = Björn Gunnarsson; **BÓ** = Bergþór Ólason.

Dagsnr.fundar og fundarmenn	Hvað er tilbúið? (Orð GH, nema annað sé tekið fram.)	Skilað	Áform	Annað
2.3. 2005 55 GG, LJ, JG, GPJ + GH	GH. hefur aflað heimilda í 3. bindi en skrif geta ekki hafist fyrr en síðar.		Tillaga GH: Hefja undirbúning að forsögunni og 1. bindi og 2. bindi. Ritn. samþykki: Fullbúa 1.bindi (landnám - 1850) og 2.b (1850-1900) og búa undir prentun vorið 2005. Fresta heimildaöflun og ritun 3. bindis til næsta hausts [væntanlega hausts 2005].	Rætt um brot og útgáfu. Fyrstu 2 bindin yrðu um 100 s. í ritmáli og 100 síður með myndefni. Stefnt að útgáfu 1. og 2. bindis vorið 2006.
Eyða í eitt og hálf ár				
9.10.2006 56 JG, LJ, MÞH, BÓ, BG Ath. breyt. á ritnefnd.			Nefndin sammála um að saga Akraness verði tilbúin með áherslu á fyrstu 2 bindin.	Nefndin hvetur bæjar-yfirvöld til að leita eftir samningi við höfundinn. [Gunnlaugur sendi „greinargerð sagnaritara um málið“ dags. 4. okt. 2006, óvíst hvert en líklega dreif Jón Gunnlaugsson, formaður Ritnefndarinnar, í að kalla saman fund af tilefni þess bréfs.]
14.10. 2006 57 - vantar á netið JG, Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri, Jóhannes K. Sveinsson, lögmaður bæjarins				„... fundur um samningsgerð um ritun sögu Akraness“. Fela Jóhannesi Karli Sveinssyni að semja drög að samningi við GH til kynningar fyrir ritnefndina.
20.11. 2006 58 JG, MÞH, BG + GH + Jóhannes Karl Sveinsson.				Farið yfir drög að nýjum verksamningi við GH og skýrði Jóhannes fyrir nefndinni efnisinnihald samningsins. Rætt við Gunnlaug um samningsdrögin „vítt og breitt og gerðar athugasemdir við ýmsa þætti.“

Upplýsingar úr fundargerðum ritnefndar um Sögu Akraness eftir annan aðal-samning við Gunnlaug Haraldssonar sagnaritara (skammst. GH) og viðbótar-samning við aðalsamninginn.

Tímabilið 12.12. 2006 - 20.12. 2007

Skammstafanir ritnefndarmanna: **JG** = Jón Gunnlaugsson, formaður nefndarinnar; **MPH** = Magnús Þór Hafsteinsson; **BG** = Björn Gunnarsson; **BÓ** = Bergþór Ólason, **LJ** = Leó Jóhannesson

Dags. nr.fundar og fundarmenn	Hvað er tilbúið? (Orð GH, nema annað sé tekið fram.)	Skilað	Áform	Annað
12.12.2006 59 JG, MPH, BG, BÓ, LJ				Farið yfir nýjan samning um ritun Sögu Akraness.
20.12.2006 60 JG, MPH, BG, BÓ, LJ + GH		GH leggur fram verkáætlun v. I. bindis (landnám til 1700) frá des. 2006-júní 2007		Fylgt úthlutaðri dagskrá [nýmæli?]. Rætt um örnefnalýsingar, jarðsögu og sögu landsins, s.s. drög að efnispáttum fyrri hluta I. bindis, frá landnámi – 1700. Rætt um verktaka sem kann myndskreytingu, kortagerð o.fl. Rætt hvernig hugsanlega yrði staðið að útgáfu.
6.2. 2007 61 JG, BG, LJ + GH + Kristján Kristjánsson útgefandi			Kristján kynnti hugmyndir sínar um útgáfu sögunnar. Rætt um kortagerð o.fl. v. útgáfu	„Verkið er í eðlilegum farvegi.“ Engar ákvarðanir teknar.
17.4.2007 62 JG, MPH, BG, BÓ, LJ + GH	Búið að skrifa texta fram á sautjándu öld	GH lagði fram uppkast af vinnu um örnefni á svæðinu.	Fara þarf í gerð korta og örnefnagrunn. Fundarmenn fara yfir texta um örnefni fyrir næsta fund. Áætlað að texti verksins verði endanlegur í grófu formi innan mánaðar.	„Almenn umræða um framgang verksins“. [Handriti I. bindis átti skv. samningi að skila 30. mars. Ritnefndin virðist ekki hafa sérstakar áhyggjur af drætti á skilum. Raunar staðfesti Ritnefndin fyrst fullnægjandi skil á I. bindi verksins 19.11 2001. Þá dekkaði I. bindið 1700-1850. Einn kaflann vantaði og var hann afhentur 6.3. 2002. Ritnefndin eyddi svo árinu 2002 og fram á árið 2003 að fara yfir þetta fyrsta bindi og virtist hafa lokið því.]

22.5.2007 63 JG, MÞH, BG, BÓ, LJ + GH	Textagerð er á lokastigi.	GH dreifði minnisblaði með yfirliti um stöðu verksins.	Rætt um kortagerð, ljósmyndun o.fl. Ritnefndin fær kafla III afhentan fyrir næsta fund. Næsti fundur verði haldinn í byrjun júlí.	„Umræða um framgang verksins“. [1. bindi á að vera tilbúið til prentvinnslu fyrir 15. september.]
2.10.2007 64 JG, MÞH, BG, BÓ, LJ + GH + Jón Pálmi Pálsson bæjarritari í byrjun fundar	GH gerði grein fyrir kortunum sem fyrirhuguð eru í verkinu.	Kaflar II (Örnefni og búsetuminjar í landnámi Bresasona, 91 s.) og III (frá landnámi til loka 13. aldar, 135 s.) hafa verið afhentir ritnefnd.	Nefndarmenn fá í hendur kafla um 18. og 19. öld í vikunni. Nefndin sammála um að funda innan fárra daga.	Jón Pálmi gerðir grein fyrir tilboði í gerð korta fyrir verkið. Nefndin mælir með því að gerður verði samningur um kortagerðina. Leitað verði samninga um umbrotsvinnu.
6.11.2007 65 JG, MÞH, LJ + Jón Pálmi Pálsson bæjarritari				Drög að samkomlagi, viðauka við fyrri samning, við GH þar sem honum er falin verkstjórn með fullnaðarfrágangi á 1. bindi (yfirllestur, gerð korta, mynda, hönnun, umbrot o.fl.) Nefndin mælir með því að samkomulagið verði samþykkt. Drög að samkomulagi við umbrotsmann sem nefndin mælir einnig með að verði samþykkt.
20.12.2007 66 JG, MÞH, LJ, BG + GH	Hafin er vinna við kortagerð og umbrot. GH gerði grein fyrir vinnu og útliti korta og örnefnamynda.			Gengið hefur verið frá samkomulagi við GH um verkstjórn við frágang verksins. Einnig samningum um kortagerð og umbrot. JG, MÞH og GH upp-lýstu bæjarráð um gang verksins og horfur í framhaldi þess fyrr um daginn.

Upplýsingar úr fundargerðum ritnefndar um Sögu Akraness

Tímabilið 23.2. 2008 - 8.12. 2008

Skammstafanir ritnefndarmanna:

JG = Jón Gunnlaugsson, formaður nefndarinnar; **MPH** = Magnús Þór Hafsteinsson; **BG** = Björn Gunnarsson; **BÓ** = Bergþór Ólason, **LJ** = Leó Jóhannesson; **JHP** = Jósef Þorgeirsson; **GuG** = Guðjón Guðmundsson.

Dags. nr.fundar og fundarmenn	Hvað er tilbúið? (Orð GH, nema annað sé tekið fram.)	Skilað	Áform	Annað
28.2. 2008 67 JG, MPH, LJ, BG + GH + Bragi Þórðarson, Gísli Sigurðs- son, Bjarn- fríður Leós- dóttir, Ás- mundur Ólafsson.	GH fór yfir stöðu verksins, sérstaklega hvað varðar örnefni.	Farið yfir landa- kort og rædd örnefni og rifjuð upp „einstök atriði“.		„Mikið gagn var af fund- inum og gestum þökk að aðstoð.“
2.4. 2008 68 JG, MPH, LJ, BG + GH	GH lagði fram ítarlegt minnisblað um stöðuna. þarf að skipta í tvö bindi og yrðu helstu verkþættir: 1. bindi: 1. Jarðsagan (15 s.) ófrá- gengið 2. (115 s.) í spaltapróförk 3. Landsnámstíð til loka 13. aldar í vinnslu 4.1300-1700 (215 s.) í vinnslu 2. bindi: 5. 1701-1800 (390 s.) bíður prentvinnslu 6. 1800-1850 (215 s.) bíður pr.v. 7. Samantekt (4-5 s.) ósamið. Kortagerð á lokastigi. Vinna við prentvinnslu, myndefni og grafíska hönnun hafin. Prófarkalestur hafinn en ráða þarf prófarka- lesara.[?]	GH fór yfir ör- nefnakort og „er ljóst að þar hefur verið unnin gríðarlega mikil vinna sem gefur heildarmynd verksins frábært yfirbragð. Fundarmenn lýstu ánægju með kortin.“		Formaður mun ræða um ráðningu tveggja próf- arkalesara, sem GH leggur til, við bæjaryfir- völd. Ætla má að I. bindi geti orðið um 260 síður og II. bindi um 315 s. Að auki yrðu myndefni, ramma- greinar, skrár, efnisyfirlit o.fl. Úr því sem komið er geta verklök ekki orðið fyrr en í lok sumars í ár.

25.6. 2008 69 JG, JHþ, LJ, BG, BÓ + GH Jósef H. Þorgeirsson hefur tekið sæti MþH		GH sýndi nefndinni einstakar blaðsíður og hvernig þær munu líta út.		„Ljóst er að hér er að verða til glæsilegt rit og lýstu nefndarmenn ánægju sinni með það sem fyrir augum [svo] bar.“
22.9. 2008 70 JG, LJ, BG, BÓ + GH	„Verið er að brjóta inn [svo] 4. kafla.“ Gert hefur verið vinnuþlagg fyrir sept-nón og gert ráð fyrir að 4. kafla sé lokið þá. 5.- 6. kafli ætti að taka mánuð hvor. Verkið spannar tímabilið frá landnámsöld til 1850 í tveimur bindum.	GH. sýndi með glærum hvernig verkið lítur út , þ.e. 2. og 3. kafli verksins (sem eru 250 s.- væntanlega er átt við I. bindi.)	Verklok gætu verið í janúar-mánuði 2009.	„Sagan er að taka á sig mynd og er afar glæsileg á að líta.“
8.12. 2008 71 (JG, LJ, BG, BÓ, GuG + GH) Guðjón Guðmundsson tók sæti Jósefs H. Þorgeirssonar að honum látnum.	GH kynnti stöðu verksins. Verið er að prófarkalesa 5. kafla.	GH fór yfir 4. kafla. Nefndin fékk 4. kafla til yfirlastrar (væntanlega efni um tímabilið 1300-1700 sem tilheyrir I. bindi).	Formanni falið að kanna möguleika á fjárstuðningi frá sjóðum eða aðilum.	Verkið hefur tafist vegna annríkis undirverktaka [þeirra sem sinna prófarkalestri og umbroti]. Rætt um hvort hægt sé að sækja um fjárhagsstuðning við verkið úr einstökum sjóðum eða frá aðilum.

Upplýsingar úr fundargerðum ritnefndar um Sögu Akraness

Tímabilið 5.3. 2009 - 18.5. 2011

Skammstafanir ritnefndarmanna:

JG = Jón Gunnlaugsson, formaður nefndarinnar; **BG** = Björn Gunnarsson; **BÓ** = Bergþór Ólason, **LJ** = Leó Jóhannesson; **GuG** = Guðjón Guðmundsson.

Dags. nr.fundar og fundarmenn	Hvað er tilbúið? (Orð GH, nema annað sé tekið fram.)	Skilað	Áform	Annað
5.3. 2009 72 JG, LJ, BG, BÓ, GuG + GH	GH lagði fram verks-töðu vegna 2. bindis (1701-1850)	Farið var yfir 1. kaflann (jarð-fræðikaflann í I. bindi? Eða 1. kafla II. bindis?) og „leist nefndarmönnum vel á það sem fyrir augum [svo] bar		„Ljóst er að verkinu miðar frekar hægt og eru orsakir þess margvíslegar“. Umræður um stöðu verksins. Umræður um væntanlega útgáfu.
16.6. 2009 73 JG, LJ, BG, BÓ, GuG + GH	„GH fór yfir stöðu verksins og hefur verkum miðað nokkuð frá síðasta fundi [svo].“	GH leggur fram minnisblað um einstaka kafla og hver verks-taða þeirra er.	Nefndin mun á næstu dögum kynna bæjarráði stöðu verksins og áætlun um lok þess.	GH og nefndin gengu á bæjarstjóra þar sem GH kynnti stöðu verksins „og urðu miklar umræður um það“.
26.11. 2009 74 JG, LJ, BG, GuG	Formaður (JG) greindi frá stöðu verksins; „[...] biðstaða hafi varað undanfarið og sú áætlun sem gerð hafi verið og kynnt bæjar-ráði hafi ekki gengið eftir.“ Frá síðasta fundi hafa 150 s. verið hannaðar og umbrotnar.			„Nýtt samkomulag hefur verið gert við söguritara um framgang verksins og var hún [svo] kynnt og samþykkt sam-hljóða.“
7.4. 2010 75 JG, LJ, BÓ + GH	GH: Lokið er að skrifa texta bókarinnar [II. bindis?] og nú unnið „við að hreinsa til“ [?]. Á eftir að vinna mynda- og myndrita-skrá, staða- og mannanafnaskrá. Á eftir að brjóta um ca. 100 s. Á eftir að lesa nokkuð af prófórk.	Lögð fram verkáætlun þar sem kemur fram að verkið verði afhent Rit-nefndinni full-búið [í prent-smiðju] þann 15. júlí 2010.	Rætt um undir-búning að útgáfu. Hugsanlegur kostnaður og möguleikar í útgáfu hafa verið kannaðir. Málið verði skoðað frekar á næsta fundi.	Vegna fráfalls Jóns Böðvarssonar vill rit-nefnd „minnast hans með þakklæti fyrir ánægjulegt samstarf og vel unnin störf við ritun sögu Akraness og fram-lag hans til varðveislu á sagnaarfnum.“

4.8. 2010 76 JG, LJ, BÓ, GuG			JG og BÓ falið að „vinna hugmyndir“ um útgáfumál fyrir næsta fund.	Rætt um hugmyndir varðandi útgáfu sögunnar.
23.9. 2010 77 JG, LJ, BÓ, BG, GuG			„Formanni (JG) falið að taka næstu skref.“	Farið yfir hugm. um útgáfu. JG og BÓ gera grein fyrir viðræðum við hugsanlega útgáfuaðila. „Málin rædd vítt og breytt [svo].“
14.10. 2010 78 JG, GuG, BG + GH + Kristján Kristjánsson útgefandi	GH: Eftir er að ganga frá ca. 30 s. í I. bindi og 15 s. í II. bindi (aðallega kirkjukafli). Eftir að brjóta um atburðaannál, heimildaskrá o.fl. skrár. Eftir er prófarkalestur á mannanafnaskrá og „hreinlestur“ á II. bindi. Búið að brjóta um 509 s. af I. bindi (áætl. 560 s.) og 405 s. af II. bindi (áætl. 440 s.)		Formanni (JG) falið að „fylgja eftir ýmsum hugmyndum“ [væntanlega um útgáfu] og ganga frá til lögu til bæjarráðs.	Viðræður við Kristján Kristjánsson „útgefanda í Uppsólum ehf“ [svo]. Rætt almennt um útgáfu og komu fram „ýmsar gagnlegar hugmyndir“.
17.1. 2011 79 JG, LJ, BG, BÓ, GuG + GH + Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari	GH „fór yfir stöðu verksins sem nú er á lokastigi.“			Farið yfir samning varðandi útgáfu sögu Akraness, tvö fyrstu bindi . Jón Pálmi kynnti samninginn fyrir nefndinni. [Væntanlega er þetta samningur Akraneskaupstaðar við útgáfufyrirtækið Uppheima ehf.] Ákveðið er að afhenda við formlega athöfn tvö fyrstu bindi til prentunar og verður sú athöfn þriðjudaginn 18/1 2010 kl. 17.

<p>18.5. 2011 80 JG, LJ, BG, BÓ, GuG + GH + Kristján Krist- jánsson út- gefandi</p>	<p>Þeir Kristján og Gunnlaugur kynntu hið nýja ritverk.</p>		<p>Samþykkt að Ritnefndin biðji bæjarráð að ganga til samn- inga við GH um að búa handrit III. bindis (1801-1900) til prentunar.</p>	<p>„Ljóst er að þetta verk er glæsilegt og efnistöð og allur frágangur er til fyrir- myndar.“</p> <p>Ritnefndin telur nauðsyn- legt að semja sem fyrst við GH „í ljósi aðstæðna höfundar og væntingar [svo] þeirra sem keypt hafa fyrstu bindin.“</p>
<p>7.6. 2011 81 JG, LJ, BG, BÓ, GuG + Árni Múli bæjarstjóri + Sveinn Kr. forseti bæjar- stjórnar</p>				<p>Rætt um útgáfu þeirra tveggja binda sem komin eru út og þeirri gagnrýni sem birtist í grein í Skessuhorni 1. júní sl.</p> <p>Samin yfirlýsing þar sem Ritnefndin hvarfar gagn- rýnina og „lýsir yfir fullu trausti á verðleika höfundar til fræðistarfa og hvetur bæði hann og bæjaryfirvöld til að halda verki áfram.“</p>